HÁSKÓLI ÍSLANDS

EDDA
CENTER OF EXCELLENCE

# Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotaþola og málsmeðferð

Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir

EDDA - öndvegissetur
Unnið í samvinnu við innanríkisráðuneytið

Október 2013

*Hér verður skýrt frá niðurstöðum rannsóknar á einkennum og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins sem unnin var við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið. Rannsóknin er unnin í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála í innanríkisráðuneytinu á árunum 2010 og 2011 með þátttöku fræðimanna og fulltrúa stofnana og félagasamtaka sem koma að meðferð kynferðisbrota. Þar kom fram skýr vilji, innan sem utan réttarkerfisins, til að rannsaka frekar einkenni nauðgunarmála, sem og meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu.*

*Rannsóknin tók til tveggja þátta: Í fyrsta lagi að greina helstu einkenni þeirra nauðgunarmála sem berast lögreglu til rannsóknar. Í öðru lagi að kanna afgreiðslu málanna hjá lögreglu og ríkissaksóknara með tilliti til einkenna þeirra, þ.e. annarsvegar þau mál sem lögregla hætti að rannsaka eða vísaði til ríkissaksóknara, og hinsvegar þau mál sem ríkissaksóknari felldi niður eða leiddu til ákæru. Í þágu rannsóknarinnar veitti Persónuvernd ríkissaksóknara og öllum lögregluembættum landsins heimild til miðlunar á upplýsingum um nauðgunarmál sem tilkynnt voru til lögreglunnar á árunum 2008 og 2009 (nr. 2012/675).*

*Rannsóknin er unnin af Hildi Fjólu Antonsdóttur, mann- og kynjafræðingi, og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, lögfræðingi. Þeim til aðstoðar var Maríanna Þórðardóttir, mastersnemi í lýðheilsuvísindum.*

*Rannsakendur nutu aðstoðar eftirtalinna ráðgjafa við undirbúning rannsóknarinnar og eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð og góð ráð. Ráðgjafar rannsakenda voru Róbert Spanó, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, dr. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur og einn höfunda Skýrslu Nauðgunarmálanefndar (1989), Annadís G. Rúdólfsdóttir, doktor í félagssálfræði og rannsakandi hjá EDDU – öndvegissetri við Háskóla Íslands, Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Maj-Britt Martinussen, saksóknari og aðalrannsakandi Voldtægt der anmeldes (2009) og Liz Kelly, prófessor og forstöðumaður Woman Abuse Studies Unit við London Metropolitan University. Rannsakendur hafa einnig notið aðstoðar sérfræðinga hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við gerð greiningarramma og við tölfræðilega úrvinnslu.*

*Rannsakendur þakka embætti ríkissaksóknara, lögregluembættum landsins og ríkislögreglustjóra fyrir veitta aðstoð og þá sérstaklega Sigríði Friðjónsdóttur, ríkissaksóknara, Jennýju Heiðu Björnsdóttur, skrifstofustjóra hjá ríkissaksóknara, Sólrúnu Guðmundsdóttur, ritara hjá embætti ríkissaksóknara, Sigríði Hjaltested, aðstoðarsaksóknara hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, og Guðbjörgu S. Bergsdóttur, félagsfræðingi hjá mannauðs- og tölfræðideild embættis ríkislögreglustjóra.*

*Rannsóknin var styrkt af Norræna sakfræðiráðinu, Mannréttindasjóði innanríkisráðuneytisins og innanríkisráðherra.*

# Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að svara eftirfarandi spurningum: 1) Hvað einkennir þau nauðgunarmál sem berast lögreglu til rannsóknar? 2) Hvað einkennir annarsvegar þau nauðgunarmál sem lögregla vísar til ríkissaksóknara eða hættir að rannsaka, og hinsvegar þau mál sem leiða til ákæru eða eru felld niður hjá ríkissaksóknara? Til grundvallar rannsókninni lágu málsgögn allra mála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009.

Helstu niðurstöður um einkenni málanna voru þær að brotaþolar voru iðulega ungar konur og í um 40% mála ungar stúlkur undir 18 ára, sem eru börn að lögum. Rúmlega helmingur sakborninga voru ungir karlar á aldrinum 18-29 ára. Brotaþolar og sakborningar voru í langflestum tilfellum íslensk en þó var hlutfall erlendra gerenda nokkuð hátt. Aðilar þekktust lítið eða ekkert í tæplega helmingi málanna en í um helmingi málanna var um kunningja-, vina- eða fjölskyldutengsl að ræða.

Í langflestum málanna var einhver aðdragandi að brotinu, til að mynda þannig að aðilar hófu samskipti inni á heimilum eða á skemmtistöðum. Brotavettvangur var oftast heimili málsaðila og þá oftast heimili gerenda. Brotastund var oftast eftir miðnætti og um helgar og brotin áttu sér oftast stað á milli kl. 00.00 og 09.00. Mikill meirihluti málanna var jafnframt áfengistengdur.

Í tæplega 40% málanna beittu gerendur líkamlegu afli, þó mismiklu, til að ná fram vilja sínum. Í um fjórðungi málanna misnotuðu gerendur sér rænuleysi brotaþola og því var ekki um eiginlega líkamlega valdbeitingu að ræða. Í um fimmtungi málanna einkenndist valdbeitingin þó helst af aðstöðumun aðila. Viðbrögð eða mótspyrna brotaþola einkenndust oft af því að þær mótmæltu gerendum. Þegar gerendur virtu mótmæli þeirra að vettugi þá einkenndust viðbrögð brotaþola af hræðslu og/eða áfalli og þær sýndu í kjölfarið enga líkamlega mótspyrnu. Í nokkrum hluta mála streittust brotaþolar á móti og í nokkrum málum viðhöfðu brotaþolar virka líkamlega mótspyrnu. Í hluta mála gátu brotaþolar engum vörnum komið við sökum ölvunar eða rænuleysis. Brotaþolar gengust undir læknisskoðun í kjölfar brotsins í um helmingi mála. Algengustu líkamlegu áverkar á brotaþolum voru yfirborðsáverkar en alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru hinsvegar afar sjaldgæfir.

Tæplega helmingur brotaþola leitaði til lögreglunnar innan sólarhrings, eða í 45% mála, og 10% til viðbótar leituðu til lögreglu innan þriggja daga en önnur mál bárust síðar. Afstaða sakborninga til sakarefnis var langoftast sú að neita sök, ýmist þannig að sakborningar neituðu alfarið sök eða könnuðust við að hafa haft samfarir við ætlaðan brotaþola en kváðu það hafa verið með samþykki hennar. Aðeins fjórir sakborningar játuðu sök. Heildarsakfellingarhlutfall var 21% af þeim 102 málum þar sem rannsókn lögreglu var ekki hætt af formlegum ástæðum.

Helstu niðurstöður um hvað einkennir þau nauðgunarmál sem lögregla vísar til ríkissaksóknara eða hættir að rannsaka voru eftirfarandi: í þeim málum þar sem efnislegar ástæður lágu að baki ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn lutu rökin oftast að því að engin vitni hafi verið að kærðu broti; ásetningur sakbornings þótti ósannaður; sakborningur bar við að brotaþoli hefði samþykkt að hafa við hann samræði; sönnunargögn þóttu ekki nægileg; orð væri á móti orði; og að framburður vitna styddu ekki frásögn brotaþola.

Til að kanna hvaða aðrir þættir hefðu áhrif á afgreiðslu lögreglu voru framkvæmd marktektapróf. Markækur munur var á afgreiðslu lögreglu á eftirfarandi þáttum: Málum sem bárust lögregluembættunum á landsbyggðinni var oftar vísað til ríkissaksóknara en málum sem bárust lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu ($p<0.05$); málum þar sem brotið hafði átt sér stað á milli kl. 18.00 og 03.00 var oftar vísað til ríkissaksóknara en málum en þar sem brotið hafði átt sér stað á milli kl. 03.00 og 18.00 ($p<0.05$); málum þar sem sakborningar voru handteknir var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara ($p<0.01$); sem og málum þar sem vitnafjöldi var að meðaltali 5,3, en meðalfjöldi vitna í málum þar sem lögregla hætti rannsókn var 2,1 vitni ($p<0.001$); lögregla vísaði málum oftar til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni ($p<0.01$); einnig var málum oftar vísað til ríkissaksóknara þar sem brotaþoli skýrði frá því að hún hefði streist á móti sakborningi eða veitt sakborningi virka líkamlega mótspyrnu ($p<0.05$); munur var jafnframt á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur hafði veitt brotaþola sýnilega áverka samkvæmt læknisvottorði eða ekki, og þá hve mikla ($p<0.05$, reiknað með Yates-leiðréttingu þar sem væntigildi eru undir 5 í einum flokki); og meðalaldursmunur á milli aðila var átta ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara en þrjú ár í málum þar sem lögregla hætti rannsókn ($p<0.05$).

Kannað var hvað einkenndi þau mál sem leiddu til ákæru eða voru felld niður hjá ríkissaksóknara. Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu mála var margþættur en eftirfarandi röksemdir voru oftast nefndar: Oftast var vísað til þess í rökstuðningi að sakborningur hefði neitað sök og borið við samþykki brotaþola; að engin vitni væru að brotinu sem gætu borið um atvik máls; eða að ekki væru fyrir hendi næg sönnunargögn sem gætu stutt framburð brotaþola. Til að kanna hvaða aðrir þættir hefðu áhrif á afgreiðslu ríkissaksóknara voru framkvæmd marktektapróf.

Marktækur munur var á afgreiðslu ríkissaksóknara á eftirfarandi þáttum: Oftar var ákært í málum sem tilkynnt voru lögreglu samdægurs en í málum sem höfðu verið tilkynnt síðar ($p<0.05$); oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur hafði verið handtekinn ($p<0.05$); þá var oftar gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli hafði gengist undir réttarlæknisfræðilega skoðun ($p<0.05$) og í málum þar sem brotaþoli hafði leitað til sálfræðings í kjölfar brotsins ($p<0.001$); oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur sagðist hafa fengið sáðfall við verknaðinn ($p<0.05$); meðaldagafjöldi sem leið frá því að mál barst lögreglu þar til sakborningur var yfirheyrður var átta dagar í málum þar sem ákæra var gefin út en 34 dagar í málum sem felld voru niður ($p<0.01$);

meðalaldur sakborninga í málum sem felld voru niður var 25,9 ár en 32,9 ár í málum sem leiddu til ákæru ($p<0.005$); einnig var oftar gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur átti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða ($p<0.001$, notað var Fisher Exact Test þar sem væntitíðni var undir 5) og/eða átti við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða ($p<0.001$); og mál þar sem brotaþoli var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar brotið var framið voru oftar felld niður ($p<0.005$).

Niðurstöður rannsóknarinnar voru jafnframt bornar saman við niðurstöður rannsóknar Hildigunnar Ólafsdóttur (1989), sem kannaði einkenni og meðferð mála sem bárust Rannsóknarlögreglu ríkisins á árunum 1977-1983, til að kanna hvort að einkenni og meðferð málanna hefðu breyst á milli tímabila.

# Efnisyfirlit


INNGANGUR ..... 1
Fyrri rannsóknir og úttektir ..... 2
Gagnasafn ..... 6
Aðferðafræði ..... 7
Málsnúmer, kóðun mála og SPSS færslur ..... 8
Tölfræðiúrvinnsla ..... 9
EINKENNI MÁLANNA ..... 11
Fjöldi nauðgunarmála á árunum 2008 og 2009 ..... 11
Kærumál og tilkynnt brot ..... 13
Hvenær bárust lögreglu flestar tilkynningar og kærur um nauðgun? ..... 14
Hvenær voru brotin framin? ..... 14
Hver tilkynnti eða kærði brotið? ..... 15
Aðdragandi brots og brotavettvangur ..... 17
Áfengisneysla og önnur vímuefnaneysla ..... 19
Sakborningar ..... 22
Aldur sakborninga ..... 24
Hjúskaparstaða sakborninga ..... 25
Atvinnustaða sakborninga ..... 25
Geðræn og félagsleg vandamál sakborninga ..... 25
Brotaferill sakborninga ..... 26
Brotaþolar ..... 27
Aldur brotaþola ..... 27
Hjúskaparstaða brotaþola ..... 28
Atvinnustaða brotaþola ..... 28
Geðræn og félagsleg vandamál brotaþola ..... 29
Kynferðisofbeldi, vændi og mansal ..... 29
Verknaðaraðferð ..... 30
Viðbrögð og mótspyrna ..... 33
Aldur aðila, verknaðaraðferð og viðbrögð/mótspyrna ..... 36
Tengsl aðila, verknaðaraðferð og viðbrögð/mótspyrna ..... 37
Afstaða sakborninga til sakarefnis ..... 38
Lengd brots ..... 39
Réttarlæknisfræðileg skoðun ..... 40
Ungur aldur brotaþola ..... 42
Fleiri en einn sakborningur ..... 45
Áhrif kláms ..... 46

MÁLSMEÐFERÐ ........ 48
Rannsókn málanna ........ 50
Meðferð mála hjá lögreglu ........ 56
Samanburður á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum málanna ........ 58
Málsmeðferðartími hjá lögreglu ........ 68
Málsmeðferð hjá ríkissaksóknara ........ 70
Samanburður á málsmeðferð hjá ríkissaksóknara eftir einkennum mála ........ 71
Málsmeðferðartími hjá ákæruvaldi ........ 82
Málsmeðferð hjá dómstólum ........ 83
SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM ........ 86
Hvað hefur breyst á síðustu 30 árum? ........ 91
Breytingar á einkennum málanna ........ 95
Samanburður á þáttum sem höfðu áhrif á framgang mála þá og nú ........ 98
Samantekt um helstu breytingar á síðustu 30 árum ........ 101
HEIMILDIR ........ 104

**VIÐAUKAR:**

A) Greiningarrammi

B) Samantekt á helstu niðurstöðum. Afhent innanríkisráðherra í apríl 2013.

# Töflur

Tafla 1: Fjöldi skráðra nauðgunarmála hjá lögreglu á hverja 100.000 íbúa ........ 11
Tafla 2: Fjöldi skráðra nauðgunarmála hjá lögreglu á Norðurlöndunum á árunum 2003–2010 miðað við 100.000 íbúa ........ 12
Tafla 3: Fjöldi brota flokkuð eftir vikudögum ........ 14
Tafla 4: Fjöldi brota flokkaður eftir tíma sólarhrings ........ 15
Tafla 5: Hver tilkynnti/ kærði brotið? ........ 15
Tafla 6: Tími frá broti til tilkynningar/kæru ........ 16
Tafla 7: Undanfari brots og tengsl brotaþola og sakbornings ........ 17
Tafla 8: Brotavettvangur ........ 18
Tafla 9: Neysla sakborninga og brotaþola ........ 19
Tafla 10: Áhrif áfengis- og vímuefna, og/eða geðlyfja á verknaðarstundu ........ 20
Tafla 11: Áhrif áfengis, vímuefna eða geðlyfja á brotaþola og sakbornings ........ 21
Tafla 12: Aldur sakborninga þegar brot var framið ........ 24
Tafla 13: Brotaferill sakborninga ........ 26
Tafla 14: Aldur brotaþola þegar brot var framið ........ 27
Tafla 15: Í hverju fólst valdbeitingin samkvæmt brotaþola? ........ 31
Tafla 16: Viðbrögð, mótspyrna brotaþola ........ 33
Tafla 17: Viðbrögð brotaþola við verknaðaraðferð sakborninga ........ 34
Tafla 18: Verknaðaraðferð sakborninga eftir aldri brotaþola ........ 36
Tafla 19: Viðbrögð/mótspyrna brotaþola eftir aldurshópum ........ 36
Tafla 20: Verknaðaraðferð sakborninga eftir tengslum við brotaþola ........ 37
Tafla 21: Viðbrögð brotaþola eftir tengslum við sakborninga ........ 38
Tafla 22: Hve lengi stóð brotið yfir ........ 39
Tafla 23: Líkamlegir áverkar samkvæmt læknisvottorði ........ 41
Tafla 24: Andlegt ástand brotaþola við komu á Neyðarmóttöku ........ 42
Tafla 25: Hvar fór skýrslutaka af brotaþolum undir 18 ára fram? ........ 44
Tafla 26: Helstu gögn sem lágu fyrir í málunum ........ 50
Tafla 27: Tími á milli þess að tilkynning barst og sakborningur var yfirheyrður ........ 54
Tafla 28: Ástæður þess að rannsókn var hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu ........ 57
Tafla 29: Aðrar ástæður fyrir því að rannsókn mála var hætt hjá lögreglu ........ 58
Tafla 30: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum sakborninga ........ 59
Tafla 31: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir þjóðerni sakborninga ........ 59
Tafla 32: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum brotaþola ........ 61
Tafla 33: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum málanna ........ 62
Tafla 34: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir meðalaldursmuni sakbornings og brotaþola ........ 63
Tafla 35: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvar málið var tilkynnt ........ 64
Tafla 36: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvenær brotið var framið ........ 64
Tafla 37: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir viðbrögðum brotaþola ........ 65
Tafla 38: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir magni áverka á brotaþola skv. læknisvottorði ........ 66
Tafla 39: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir áverkum á brotaþola og meðalaldri í hópum ........ 66
Tafla 40: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvort sakborningur var handtekinn eða ekki ........ 67
Tafla 41: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir meðalfjölda vitna sem lögregla tók af skýrslu ........ 67
Tafla 42: Málsmeðferðartími hjá lögreglu frá því að mál barst lögreglu þar til rannsókn þess var lokið (fjöldi daga) ........ 68
Tafla 43: Málsmeðferðartími hjá lögreglu frá því að mál var kært þar til rannsókn þess var lokið (fjöldi daga) . 69
Tafla 44: Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu máls ........ 70
Tafla 45: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum sakborninga ........ 72
Tafla 46: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur misnotaði áfengi/önnur vímuefni eða ekki ........ 73
Tafla 47: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur átti við geðræn vandamál að stríða eða ekki (tekur einnig til mála þar sem lágu fyrir vísbendingar um geðræn/félagsleg vandamál) ........ 73
Tafla 48: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum brotaþola ........ 74

Tafla 49: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis/annarra vímuefna þegar brotið var framið ..... 75
Tafla 50: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum brotanna ..... 75
Tafla 51: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvenær málið barst lögreglu ..... 77
Tafla 52: Tími frá broti þar til mál var tilkynnt til lögreglu (mál sem vísað var til ríkissaksóknara) ..... 77
Tafla 53: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall eða ekki ..... 78
Tafla 54: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun eða ekki ..... 79
Tafla 55: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli leitaði til sálfræðings/geðlæknis í kjölfar brotsins ..... 80
Tafla 56: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort að sakborningur var handtekinn eða ekki ..... 80
Tafla 57: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir meðaltíma á milli þess að mál var tilkynnt og skýrsla var tekin af sakborningi ..... 81
Tafla 58: Málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknara (fjöldi daga) ..... 82
Tafla 59: Dæmdar miskabætur hjá héraðsdómi og Hæstarétti vegna nauðgana ..... 84
Tafla 60: Tími frá því að ákæra var gefin út þar til dómur féll í héraði ..... 84
Tafla 61: Tími frá því að dómur féll í héraðsdómi og þar til dómur féll í hæstarétti ..... 85
Tafla 62: Tímalengd frá kæru til lokadóms ..... 85

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er skýrt frá niðurstöðum rannsóknar um einkenni og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins sem unnin var við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið. Rannsóknin er unnin í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála í innanríkisráðuneytinu á árunum 2010 og 2011 með þátttöku fræðimanna og fulltrúa stofnana og félagasamtaka sem koma að meðferð kynferðisbrota. Þar kom fram skýr vilji, innan sem utan réttarkerfisins, til að rannsaka frekar einkenni nauðgunarmála og meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Til grundvallar rannsókninni eru allar tilkynntar nauðganir sem bárust lögreglunni á landsvísu á árunum 2008 og 2009 og heimfærðar voru undir ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.[1] Markmið rannsóknarinnar var að svara eftirfarandi spurningum: 1) Hvað einkennir þau nauðgunarmál sem berast lögreglu til rannsóknar? 2) Hvað einkennir annarsvegar þau nauðgunarmál sem lögregla vísar til ríkissaksóknara eða hættir að rannsaka, og hinsvegar þau mál sem leiða til ákæru eða eru felld niður hjá ríkissaksóknara? Hér skal þó tekið fram að í rannsókninni er ekki lagt mat á gæði lögreglurannsókna eða sönnunarmat saksóknara.

Í upphafi er gerð grein fyrir fyrri rannsóknum og úttektum sem gerðar hafa verið hérlendis og því næst þeirri aðferðafræði sem liggur til grundvallar rannsókninni. Gerð er grein fyrir þeim niðurstöðum sem lúta að einkennum málanna, þ.e. fjölda tilkynntra nauðungarmála á rannsóknartímabilinu, hvenær málin voru tilkynnt og/eða kærð, um verknaðarstund og brotavettvang, aðdraganda brota, áfengisneyslu og annarri vímuefnaneysla brotaþola og sakborninga, auk annarra þátta. Jafnframt er gerð grein fyrir helstu einkennum gerenda og brotaþola, s.s. aldri þeirra, þjóðerni, hjúskaparstöðu og öðrum þáttum. Fjallað er um verknaðaraðferðir gerenda, viðbrögð brotaþola og tengsl aðila, sem og um áverka á brotaþola samkvæmt læknisvottorðum.

Að því loknu er fjallað um þær niðurstöður rannsóknarinnar sem lúta að meðferð málanna innan réttarkerfisins. Fyrst er gerð grein fyrir málsmeðferð á öllum þremur stigum réttarkerfisins og málalokum. Því næst er fjallað um rannsókn málanna, málalok hjá lögreglu, og hvað einkenndi annarsvegar þau mál sem lögregla hætti að rannsaka og hinsvegar einkenni þeirra mála sem vísað var til ríkissaksóknara. Jafnframt er fjallað um málsmeðferðartíma hjá lögreglu. Næst er fjallað um málsmeðferð hjá ríkissaksóknara, hvað einkenndi þau mál sem felld voru niður og fjallað um einkenni

[1] 194. gr. hgl. nr. 19/1940 hljóðar svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.“

þeirra mála sem leiddu til ákæru. Einnig er skýrt frá málsmeðferðartíma hjá ríkissaksóknara. Að lokum er fjallað um málsmeðferð hjá dómstólum, bæði hjá héraðsdómstólum og í Hæstarétti, sem og málsmeðferðartíma.

Til grundvallar niðurstöðum liggja fyrst og fremst frásagnir brotaþola í lögregluskýrslum af atvikum mála og því er ekki notast við orðalagið „meint brot“ eða „kærð brot“ í allri umfjöllun heldur er notast við orðið „brot“. Einnig skal tekið fram að hér á eftir er vísað til brotaþola í kvenkyni og sakborninga í karlkyni af þeirri ástæðu að nánast allir brotaþolar í málunum eru konur eða stúlkur, nema í þremur tilvikum, og sakborningar voru karlar eða drengir í öllum tilvikum nema einu.

Rétt er að minna á að ekki eru öll brot tilkynnt til lögreglu en hér er eingöngu fjallað um einkenni nauðgana eins og þau birtast í lögregluskýrslum og öðrum gögnum við rannsókn nauðungarmála hjá lögreglu. Varast ber að álykta að þessar niðurstöður eigi við um allar nauðganir hér á landi.

## Fyrri rannsóknir og úttektir

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd á umfangi ofbeldis gegn konum á aldrinum 18–80 ára á Íslandi sýna að um fjórðungur kvenna á Íslandi, eða um 24–28 þúsund konur, hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þar á meðal hafa 13% kvenna orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar, eða um 12–16 þúsund konur (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds 2010). Talið er að lítill hluti brotaþola leiti til lögreglu vegna nauðgana og annars kynferðisofbeldis og hefur réttarkerfið sætt gagnrýni fyrir að hlutfallslega fá mál enda með dómi. Þannig má sjá að aðeins 9,6% mála sem Stígamót höfðu til meðferðar árið 2012 vegna kynferðisofbeldis leiddu til kæru hjá lögreglu. Uppgefnar ástæður skjólstæðinga Stígamóta fyrir því að leggja ekki fram kæru voru að mörg málanna voru fyrnd eða að þolendur upplifðu svo mikla skömm og sektarkennd að þeir treystu sér ekki til að leita til lögreglu. Aðrar ástæður sem gefnar voru til að mynda þær að fólk treysti sér ekki í skýrslutöku og hafði ekki trú á að það næði fram rétti sínum fyrir dómstólum (Stígamót, 2012). Rétt er að geta þess að tölur Stígamóta taka til ólíkra kynferðisbrota, en ekki eingöngu nauðgana.

Einungis ein íslensk rannsókn liggur fyrir um einkenni nauðgunarmála sem berast lögreglu. Rannsóknin var hluti af störfum nefndar dómsmálaráðuneytisins sem skipuð var 1984 og var falið að kanna hvernig rannsóknum og meðferð nauðgunarmála væri háttað og jafnframt að gera tillögur um úrbætur í þeim efnum. Rannsóknin tók til nauðgunarmála sem þáverandi rannsóknarlögregla (Rannsóknarlögregla ríkissins (RLR)) hafði til rannsóknar á tímabilinu 1. júlí 1977 til ársloka 1983. Skýrsla nauðgunarmálanefndar kom út árið 1989 og gerir hún meðal annars grein fyrir því hvað

einkenndi annarsvegar þau mál sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara eða hætti að rannsaka, og hinsvegar þau mál sem leiddu til ákæru eða voru felld niður hjá ríkissaksóknara (Hildigunnur Ólafsdóttir 1989). Ýmsir annmarkar eru á því að bera niðurstöður þeirrar rannsóknar sem hér er til umfjöllunar við niðurstöður í Skýrslu nauðgunarmálanefndar en í lok þessarar skýrslu er þó reynt að varpa ljósi á nokkra þá þætti sem einkenndu málin og meðferð þeirra á þessum ólíkum tímabilum. Aðrar sambærilegar rannsóknir hafa ekki verið unnar á Íslandi.

Um aðrar rannsóknir sem taka til einkenna nauðgunarmála má benda á nýlega rannsókn Agnesar Gísladóttur o. fl. (2012) um komutíðni og breytt einkenni kynferðisofbeldismála hjá Neyðarmóttökunni á milli árabilanna 1998–2002 og 2003–2007. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að á 10 ára tímabili voru 1153 komur skráðar hjá Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þolendur leituðu oftast þangað vegna alvarlegra kynferðisbrota (samræðis eða annarra kynferðismaka) eða í 72% mála. Komutíðni á Neyðarmóttöku á ársgrundvelli vegna alls kynferðisofbeldis jókst úr 12,5 í 16,9 komur á hverjar 10.000 konur á aldrinum 13–49 ára ($p<0.01$) á milli tímabila og jafnframt jókst komutíðni vegna alvarlegs kynferðisofbeldis á meðal ungra kvenna á aldrinum 18–25 ára ($p<0.01$). Fram kemur í rannsókninni að komum fjölgaði vegna hópnauðgana á milli tímabila úr 13,9% í 18,9% ($p=0.05$). Einnig fjölgaði málum þar sem brotaþolar höfðu verið ofurölvi þegar brotið var gegn þeim ($p<0.01$) og einnig málum þar sem brotaþolar höfðu neytt ólöglegra vímuefna áður en brotið var gegn þeim ($p<0.05$).

Hvað varðar úttektir og mat á rannsókn og saksókn í nauðgunarmálum innan réttarkerfisins má benda á að ríkissaksóknari hefur á undanförnum árum tvívegis kannað meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins. Árið 2001 skipaði ríkissaksóknari starfshóp til að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn. Ári síðar skilaði starfshópurinn skýrslu sem meðal annars gerði grein fyrir einkennum málanna, þ.e. nokkrum þáttum sem einkenndu kærendur, kærðu og tengsl þeirra á milli, auk brotavettvangs og hvenær brotið átti sér stað. Málin sem lágu til grundvallar samantektinni voru kærð nauðgunarmál sem voru fullrannsökuð og bárust ríkissaksóknara frá 1. júlí 1997 til ársloka 2001, en voru felld niður við embættið. Eitt helsta markmiðið með vinnu hópsins var að leggja mat á það hvort samhengi væri á milli fjölda niðurfelldra mála og rannsóknar- og saksóknargæða og gerði starfshópurinn nokkrar tillögur til úrbóta og lagði jafnframt til nýjar verklagsreglur um rannsókn nauðgunarmála. Starfshópurinn setti fram allnokkrar athugasemdir við lögreglurannsókn málanna[2] en gerði ekki athugasemdir við sönnunarmat saksóknara í þeim málum

---

[2] Athugasemdir starfshóps ríkissaksóknara lutu t.a.m. að því að of fá mál hafi verið rannsökuð af krafti og samfellt; að meiri hraði hafi verið á rannsókn mála sem kærð voru í beinu framhaldi af atviki en við rannsókn þeirra sem kærð voru síðar; að oft hafi verið misbrestur á að málum þar sem lögregla hafði haft afskipti vegna gruns um kynferðisbrot hafi verið fylgt eftir; að í einstaka máli hafi rannsókn verið hætt eftir að kæra hafði verið afturkölluð, þrátt fyrir að vísbendingar hafi verið um að brot hafi verið framið; að munur hafi verið á vinnubrögðum á milli lögregluembætta, sem að hluta til skýrðust af reynsluleysi og skorti á sérhæfingu í

sem felld höfðu verið niður. Starfshópurinn lagði jafnframt til að málsmeðferðartími hjá bæði lögreglu og ríkissaksóknara yrði styttur (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi, 2002).

Árið 2006, í framhaldi af ofangreindri úttekt, skipaði ríkissaksóknari starfshóp til að kanna meðferð nauðgunarmála á árunum 2002 til og með 2006. Nefndin skilaði skýrslu um störf sín árið 2007 þar sem hnykkt var á nokkrum atriðum sem fram höfðu komið í fyrri skýrslu. Var niðurstaðan sú að lögreglurannsókn mála fullnægði almennt þeim viðmiðum sem sett voru um góða rannsóknar- og saksóknarhætti. Þó voru gerðar nokkrar athugasemdir við rannsókn þeirra mála sem voru yfirfarin og starfshópurinn taldi ekki útilokað að í einstaka tilvikum hefði niðurstaða máls getað orðið önnur ef betur hefði verið haldið á málum við rannsókn (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi, 2007:3). Athugasemdir tóku til þess að ekki væri alltaf fylgt fyrirmælum um að handtaka kærða og færa tafarlaust til skýrslutöku og þá voru nefnd dæmi um að kærðu, sem höfðu verið handteknir í beinu framhaldi af tilkynntu broti, hefðu ekki sætt ekki líkamsrannsókn. Í fyrri skýrslu starfshóps, frá 2002, hafði verið lagt til að við upphaf rannsóknar nauðgunarmáls drægju lögreglustjóri/löglærður fulltrúi og rannsóknarlögreglumaður/yfirmaður lögreglu sem annast rannsóknina, í sameiningu upp áætlun um hvernig rannsókn skuli hagað, en málin báru þess ekki merki að farið hefði verið eftir þessum tilmælum. Athugasemdir voru jafnframt gerðar við ómarkvissa skýrslutöku af þroskaheftum brotaþolum/kærðum í tveimur málum. Hvað varðar saksókn mála gerði starfshópurinn nokkrar athugasemdir. Nokkur dæmi voru um að mál væru ranglega skráð í málaskrá, að sjaldan væru gerðar athugasemdir við rannsókn mála sem höfðu verið felld niður þótt ástæða þætti til og sjaldan krafist skýringa á því hvers vegna rannsókn hefði dregist úr hófi. Taldi starfshópurinn að þróun væri í þá átt að ákært væri í vafatilvikum en sýknudómum virðist hafa fjölgað hlutfallslega. Tillögur starfshópsins lutu m.a. að því að málsmeðferðartími hjá lögreglu yrði styttur þannig að hann yrði ekki lengri en 45 dagar og að málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknara yrði ekki lengri en 30 dagar. Einnig voru lagðar til nokkrar breytingar á verklagsreglum um rannsókn nauðgunarmála með hliðsjón af breytingum sem höfðu verið gerðar á lögum og reglugerðum (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi, 2007).

Hvað varðar aðrar rannsóknir á nauðgunarmálum og meðferð þeirra innan réttarkerfisins, má til að mynda nefna rannsókn Ragnheiðar Bragadóttur á þróun refsinga fyrir nauðganir í Hæstarétti, sem leiddi í ljós að dæmdar refsingar í Hæstarétti fyrir brot á 194. gr. hgl. (nauðgunarákvæðinu)

---

embættum þar sem málafjöldi var lítill; jafnframt voru dæmi um að skýrslutökur af kærðum og vitnum hafi verið ómarkvissar; að í mörgum málum hafði lítil eða engin rannsókn farið fram á vettvangi; dæmi um að læknisfræðileg vottorð og sýni hafi verið sótt seint og jafnvel ekki; jafnframt var talið að skýrslugerð og skráning upplýsinga hafi í mörgum tilfellum verið ábótavant.

þyngdust að meðaltali um eitt og hálft ár frá tímabilinu 1992–2003 til 2003–2008, eða úr tveggja ára fangelsisvist að meðaltali í þriggja á hálfs árs fangelsisvist (Ragnheiður Bragadóttir 2009a).

Rannsóknir á viðhorfum almennings til refsinga hafa sýnt að almenningur telur refsingar of vægar og þá sérstaklega fyrir kynferðisbrot. Nýleg rannsókn á viðhorfum almennings til refsinga fyrir nauðganir, þar sem svarendur fengu blaðsíðulanga lýsingu á broti, leiddi í ljós að svarendur vanmátu dæmdar refsingar fyrir nauðganir í meira mæli en þeir gerðu í öðrum sakamálum. Að mati höfunda rannsóknarinnar endurspeglar þetta bil á milli dæmdra refsinga fyrir nauðganir og þess sem almenningur telur að séu dæmdar refsingar fyrir nauðganir „umræðuna í samfélaginu sem iðulega málar þá mynd að dómstólar séu of vægir í kynferðisbrotamálum" (Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason, 2010: 93). Í ljósi þess að refsingar í nauðgunarmálum hafa verið að þyngjast allt frá 2003 (Ragnheiður Bragadóttir, 2009a), og einnig í ljósi þess að krafan um þyngri refsingar fyrir kynferðisbrot fór að heyrast nokkru fyrr, eins og meðal annars kemur fram í viðtali við Ragnheiði Bragadóttur í *Morgunblaðinu* árið 2003 („Telur gott samræmi milli dóma í nauðgunarmálum" 2003, 13. mars), má spyrja hvort dómstólar hafi í reynd orðið við ákalli almennings um þyngri dóma en að ekki sé almenn vitneskja í þjóðfélaginu um að dómar hafi þyngst. Þá má benda á að á undanförnum árum hefur opinber umræða um kynferðisbrot í auknum mæli fjallað um sönnunarmat en síður um þyngd refsinga. (Una Sighvatsdóttir, 2012, 8. nóvember; „Engin merki um minni sönnunarkröfu" 2012, 9. nóvember). Einnig er vert að benda á að allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á kynferðisbrotum gegn börnum, svo sem þær sem kynntar eru í greinasafninu *Hinn launhegi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), 2011), en slík brot falla í sumum tilvikum undir nauðgunarákvæði hegningarlaga. Jafnframt liggur fyrir nokkur fjöldi nýlegra meistaraprófsritgerða, einkum í lögfræði, þar sem dómar í kynferðisbrotamálum eru greindir og um þá fjallað.[3]

Sérstaða þeirrar rannsóknar sem hér er til umfjöllunar felst meðal annars í því að gögnin sem liggja til grundvallar greiningunni eru gögn allra tilkynntra nauðgunarmála sem bárust lögreglu á landsvísu á tveggja ára tímabili. Niðurstöðurnar ættu því að geta gefið gleggri sýn á einkenni málanna en ef eingöngu væri stuðst við dóma, sem eru mun færri en málin sem lögregla hefur fengið til rannsóknar. Jafnframt gefa gögnin kost á að kanna hvaða þættir gefa vísbendingu um framgang

[3] Á sviði refsiréttar má til að mynda nefna rannsókn á því hvort munur sé á þyngd refsinga fyrir nauðgun eftir því hvort brotið er talið varða við 1. eða 2. mgr. 194. gr. hgl., en rannsóknin byggir á greiningu Hæstaréttardóma á árunum 2007–2012 (Nanna Dröfn Björnsdóttir, 2013), einnig rannsókn á mati og rökstuðningi ríkissaksóknara vegna nauðgunarmála sem felld voru niður hjá embættinu (Halldór Rósmundur Guðjónsson, 2012), og rannsókn á áhrifum hegðunar brotaþola á niðurstöður dóma í nauðgunarmálum (Lína Rut Olgeirsdóttir 2012). Einnig má hér nefna mastersrannsókn í sálfræði þar sem könnuð voru einkenni sakborninga og afbrotahegðun þeirra sem hlotið höfðu dóma fyrir kynferðisbrot á Íslandi, en rannsóknin byggði á héraðsdómum á tímabilinu 2001–2011 (Guðrún Sesselja Baldursdóttir, 2013).

málanna hjá lögreglu annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar. Hér skal þó tekið fram að í þessari rannsókn er ekki lagt mat á gæði lögreglurannsókna eða sönnunarmat saksóknara.

## Gagnasafn

Rannsakendur leituðu til ríkissaksóknara og lögreglustjóra til að afla heimildar til aðgangs að öllum þeim gögnum nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009 og felld voru undir ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga. Ríkissaksóknari veitti rannsakendum heimild til aðgangs að gögnum málanna með vísan til 21. gr. og d. liðar 1. mgr. 23. gr., sbr. viðauki VII, laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, gegn því að rannsóknin færi fram undir eftirliti ríkissaksóknara og að höfðu samráði við þá lögreglustjóra sem eftir atvikum vista þau málsgögn sem falla undir ofangreint tímabil. Lögreglustjórar þeirra lögregluembætta sem vista gögnin veittu rannsakendum jafnframt heimild til að rannsaka gögnin en rannsakendur fengu vinnuaðstöðu hjá embætti ríkissaksóknara og einnig hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem gögnin innihalda viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar voru heimildir þessar háðar leyfi Persónuverndar skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og var það leyfi veitt með skilmálum (leyfi Persónuverndar nr. 2012/675).

Gagnasafnið samsvarar því þeim lögreglumálum sem á umræddu tímabili voru skráð inn í miðlægan gagnagrunn lögreglunnar (LÖKE), en LÖKE-kerfið er notað af öllum lögregluembættum landsins og rekið af Ríkislögreglustjóra.

Alls voru nauðungarmálin hjá lögreglu 182 talsins en 176 nauðgunarmál lágu til grundvallar rannsóknarvinnunni, þar sem sex málanna voru ekki kóðuð af eftirfarandi ástæðum: Rangar skráningar (3); engar upplýsingar voru um atvik og alls óvíst hvort brot átti sér stað (1); mál þar sem íslensk lögregluyfirvöld komu að rannsókn kærðra brota sem áttu sér stað erlendis (2).

Þá voru 12 mál til viðbótar, eða alls 6,8% málanna, skilgreind sem vafamál af rannsakendum. Þau voru tekin úr gagnasafninu ýmist vegna þess að tilkynningarnar reyndust ekki á rökum reistar eða að þriðji aðili hafði tilkynnt grun um brot en við rannsókn lögreglu hafði komið í ljós að um misskilning var að ræða. Ákært var í einu máli vegna rangra sakagifta á rannsóknartímabilinu. Ákærða var sýknuð af brotinu fyrir dómi, sjá dóm Hæstaréttar nr. 632/2009.

Í gagnasafninu sem niðurstöðurnar byggja á eru því alls 164 nauðgunarmál sem lögregla fékk til meðferðar. Þessi 164 lögreglumál samsvara hinsvegar 189 málum við vinnslu rannsóknarinnar þar sem tekið var tillit til þess að fjöldi sakborninga var í sumum málum fleiri en einn og í sumum málum kærðu brotaþolar fleiri en eitt brot. Raunfjöldi rannsakaðra mála hjá lögreglu var því 164 en talin mál

við vinnslu þessarar rannsóknar aftur á móti 189. Nánari útskýringar á fjölda mála í gagnasafninu er að finna í kaflanum *Málsnúmer, kóðun mála og SPSS færslur*.

## Aðferðafræði

Eins og fram kom í inngangi var meginmarkmið rannsóknarinnar tvíþætt. Í fyrsta lagi að kanna hvað einkenndi þau nauðgunarmál sem tilkynnt voru til lögreglu á Íslandi á árunum 2008 og 2009 og í öðru lagi að kanna hvað einkenndi annarsvegar þau nauðgunarmál sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara eða hætti að rannsaka, og hinsvegar þau mál sem leiddu til ákæru eða voru felld niður hjá ríkissaksóknara. Til að svara þessum spurningum voru málsögn í nauðgunarmálum sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009 innihaldsgreind (e. *content analysis*). Með innihaldsgreiningunni var texta í ofangreindum gögnum breytt í tölfræðileg gögn. Þróaður var sérstakur greiningarrammi, eða eins konar spurningalisti, og var hvert lögreglumál lesið og innihald málanna kóðað samkvæmt greiningarrammanum á þar til gerð eyðublöð (sjá til dæmis Berg, 2009). Greiningarramminn er birtur í viðauka.[4] Greiningarramminn er kaflaskiptur og inniheldur 167 spurningar sem lúta að eftirfarandi þáttum: A) hvenær málið barst til lögreglu og hvort það var tilkynnt og/eða kært; B) lýsingu brotaþola á brotinu, aðdraganda þess og aðstæðum við brotið, einkennum brotaþola og afleiðingum brotsins á brotaþola samkvæmt læknisvottorði; C) lýsingu sakbornings á brotinu/atvikinu, aðdraganda þess og aðstæðum við brotið, og einkennum sakbornings; D) hvenær brotið átti sér stað; E) hvar brotið átti sér stað; F) rannsókn málsins hjá lögreglu, meðferð málsins hjá ríkissaksóknara og málalok.

Áður en hafist var handa við kóðun málanna var framkvæmt áreiðanleikapróf og var þar notast við einfaldan hlutfallsútreikning (Lombard o.fl., 2002). Áreiðanleikaprófið var framkvæmt þannig að kóðararnir tveir kóðuðu 20 mál af 189, og svo var kannað með einföldum hlutfallsútreikningi hve oft kóðarar merktu með ólíkum hætti við þá 376 svarmöguleika sem liggja til grundvallar greiningarrammanum, utan opinna spurninga. Miðað var við 80% áreiðanleika. Tólf svarmöguleikar stóðust ekki áreiðanleikaprófið og voru ýmist samþættir öðrum svarmöguleikum eða fjarlægðir úr greiningarrammanum.

Við skráningu og úrvinnslu gagnanna var notast við tölfræðiforritið *Statistical Package for the Social Science (SPSS)*.

[4] Við gerð greiningarrammans var byggt á sambærilegum rannsóknum, þá sérstaklega dönsku rannsókninni *Voldtægt der anmeldes* frá árinu 2009 (Balvig, F. o.fl. (2009), þar sem rannsökuð voru afdrif kærðra nauðgana í Danmörku á árunum 2000–2002; og sambærilegri rannsókn Hildigunnar Ólafsdóttur sem tók til nauðgunarmála sem bárust þáverandi Rannsóknarlögreglu ríkisins á árunum 1977–1983, en niðurstöður þeirrar rannsóknar birtust í *Skýrslu nauðgunarmálanefndar* (1989).

## Málsnúmer, kóðun mála og SPSS færslur

Þegar lögreglu er tilkynnt um nauðgun fær nauðgunarmálið sérstakt málsnúmer í lögreglukerfinu LÖKE. Þar sem málin eru oft og tíðum innbyrðis ólík var ekki unnt að kóða öll málin með sama hætti. Í flestum málum var um að ræða einn þolanda og einn sakborning en í öðrum málum voru fleiri en einn gerandi að verki og í enn öðrum málum voru þolendur fleiri en einn. Þá voru málin innbyrðis ólík um fjölda nauðgana að baki hverri rannsókn. Í sumum málum var einu broti lýst af hálfu þolanda, í öðrum voru brotin fleiri en eitt og í enn öðrum var um að ræða lýsingar á ítrekuðum brotum sem höfðu staðið yfir í lengri tíma. Í þeim málum þar sem fleiri en einn sakborningur var að verki eða brotin voru fleiri en eitt, voru upplýsingar um hvern sakborning og hvert tilvik kóðaðar sérstaklega. Lögreglumálin sem liggja til grundvallar rannsókninni eru eins og fyrr segir 164 talsins, en þau samsvara 189 málum þegar tekið hefur verið tillit til fjölda sakborninga og fjölda brota í hverju máli fyrir sig. Hér er nánari útlistun á kóðun og skráningu mála með hliðsjón af ólíkum málavöxtum:

1. Í langflestum málum hafði lögregla til rannsóknar nauðgunarmál þar sem einn sakborningur var grunaður um eina nauðgun gagnvart brotaþola. Alls voru slík mál 141 talsins (85,5%) og fengu þau eitt kóðunarnúmer (t.d. 1.00) og voru skráð sem ein færsla í SPSS.

2. Í nokkrum málanna, eða 22 þeirra (13,3%), var um hópnauðgun að ræða og voru sakborningar því fleiri en einn. Þessi mál voru skráð þannig að þau fengu eitt kóðunarnúmer en hver sakborningur var hinsvegar skráður með sérstaka færslu í SPSS (t.d. 1.01, 1.02 o.s.frv.) svo unnt væri að kóða þátt hvers sakbornings um sig í brotinu samkvæmt lýsingum brotaþola og frásögn hvers og eins sakbornings í skýrslutöku.[5]

3. Tvö mál (1,2%) voru þannig að brotaþoli greindi frá fleiri en einni nauðgun af hálfu sama sakbornings. Slík mál fengu eitt kóðunarnúmer en hvert brot var þó skráð sem sérstök færsla í SPSS (t.d. 1.01, 1.02 o.s.frv.). Í kæruskýrslum málanna hafði verið fjallað um umrædd brot sem sjálfstæð brot og gerð var grein fyrir hverju broti fyrir sig af hálfu brotaþola. Þar af leiðandi var unnt að kóða upplýsingar um þessi brot sérstaklega þó þau væru fleiri en eitt. Í

[5] Nokkrar undantekningar voru frá þessari reglu: 1) Í einu málinu var einungis skráð ein færsla fyrir fleiri en einn sakborning, þar sem ekki var ljóst hver þáttur ólíkra aðila var í brotinu; 2) í öðru máli var um tvo gerendur að ræða en tilkynningunni var ekki fylgt eftir með kæru og engar lýsingar lágu fyrir á gerendum og brotinu; 3) Í sex málum til viðbótar gáfu frásagnir brotaþola til kynna að um hópnauðgun hefði verið að ræða. Þessum málum var hinsvegar ekki fylgt eftir með kæru og því lágu ekki fyrir upplýsingar um gerendur í gögnum lögreglu. Þessi mál fengu því eitt kóðunarnúmer en engar sérstakar færslur voru skráðar í SPSS um þátt ólíkra gerenda.

þessum tveimur málum var þó ekki um að ræða ítrekuð brot yfir lengra tímabil eða brot sem féllu undir ofbeldi í nánum samböndum eða kynferðisofbeldi gegn börnum.

4. Alls voru 17 mál þar sem brotaþolar kærðu ítrekaðar nauðganir yfir lengri tíma af hálfu sama sakbornings. Í þessum málum lágu ekki alltaf fyrir upplýsingar um einstök tilvik og fengu mál af þessum toga eitt kóðunarnúmer (t.d. 1.00) og voru skráð sem ein SPSS færsla. Þrjú þessara mála voru jafnframt hópnauðgunarbrot og í þeim málum fékk hver sakborningur sérstaka færslu í SPSS.

5. Í átta málum greindu þolendur frá aðkomu annarra aðila að brotinu en sakborninga, þ.e. aðila sem brutu ekki kynferðislega á þolanda en tóku þátt í brotinu ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Í þessum málum var fjöldi þessara aðila skráður niður og aðkomu þeirra að brotinu lýst. Þessir aðilar fengu þó ekki sérstaka SPSS færslu. Í áðurnefndum átta málum var alls um að ræða 12 einstaklinga sem tóku þátt í brotinu gegn brotaþola með beinum eða óbeinum hætti. Ekkert þessara mála leiddi til ákæru fyrir hlutdeild, sbr. 20 gr. hgl.[6]

## Tölfræðiúrvinnsla

Í fyrri hluta skýrslunnar, sem lýtur að einkennum málanna, er gerð grein fyrir niðurstöðum með lýsandi tölfræði. Í seinni hluta skýrslunnar, sem tekur til málsmeðferðarinnar, verður að hluta til gerð grein fyrir niðurstöðum, bæði með lýsandi tölfræði en einnig voru notuð kí-kvaðratpróf til að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli afgreiðslu mála hjá lögreglu annarsvegar og afgreiðslu ríkissaksóknara hinsvegar. Notast var við marktektarkröfuna p=0,05, þ.e. að unnt sé að segja með 95% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki kominn til vegna tilviljunar. Jafnframt voru notuð t-próf til að kanna hvort munur á meðaltölum ólíkra hópa væri marktækur, þá var miðað við marktektarkröfuna p=0,05 eins og í kí-kvaðratprófunum. Niðurstöðum úr marktektarprófum ber að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem fjöldi mála í hópum er oft lítill en ætla má að niðurstöður gefi

[6] 20. gr. hgl.: „Hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerst sekur um tilraun til þess.

Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður."

sterkar vísbendingar um hvaða þættir hafi áhrif á gang mála innan réttarkerfisins, hjá lögreglu annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar.

# EINKENNI MÁLANNA

## Fjöldi nauðgunarmála á árunum 2008 og 2009

Á því tveggja ára tímabili sem rannsóknin tók til, þ.e. 2008 og 2009, fékk lögregla til meðferðar 164 nauðgunarmál sem samsvara 189 málum við úrvinnslu málanna í þessari rannsókn (sjá útskýringar á fjölda mála í kaflanum *Málsnúmer, kóðun mála og SPSS færslur*). Málin skiptust þannig milli ára að 88 þeirra bárust til lögreglu árið 2008 og 101 mál árið 2009, eða að meðaltali 94,5 mál á ári.[7] Sá fjöldi samsvarar 29,8 nauðgunarmálum á hverja 100.000 íbúa.

**Tafla 1: Fjöldi skráðra nauðgunarmála hjá lögreglu á hverja 100.000 íbúa**[8]

| Tímabil | Fjöldi mála | Fjöldi mála miðað við 100.000 íbúa |
|---|---|---|
| 2008 | 88 | 27,9 |
| 2009 | 101 | 31,6 |

Skipting brotanna eftir því hvort þau voru til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða lögregluembættum á landsbyggðinni leiðir í ljós að alls voru 110 mál til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu, eða 62,5% málanna, og alls 66 mál voru til meðferðar hjá lögregluembættunum á landsbyggðinni, eða 37,5% málanna. Þegar tölurnar eru greindar út frá meðalmannfjölda kemur í ljós að á höfuðborgarsvæðinu voru málin 27,3 á hverja 100.000 íbúa en á landsbyggðinni voru málin 28,4 á hverja 100.000 íbúa.[9] Ekki er því mikill munur á tíðni tilkynntra brota á hverja 100.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar.

Afar erfitt er að segja til um hversu hátt hlutfall nauðgana leiðir til kæru hjá lögreglu en árið 2008 framkvæmdi Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd rannsókn fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið þar sem umfang ofbeldis gegn konum á Íslandi var kannað (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Um var að ræða símakönnun þar sem tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá úr hópi kvenna á aldrinum 18–80 ára. Sú niðurstaða könnunarinnar sem lýtur að nauðgunum var að 13,2% (+/- 1,5%) kvennanna, eða um 12–16 þúsund kvenna á Íslandi á aldrinum 18-80 ára ef áætlað er yfir á þýðið, sögðust hafa orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar frá 16 ára aldri. Alls sögðust 0,4% (+/- 0,3%) kvennanna, eða um 110–770 kvenna á Íslandi

[7] Ekki reyndist unnt að bera þessar tölur saman við afbrotatölfræði í árskýrslum Ríkislögreglustjóra þar sem fjöldi mála hjá tölfræðideild Ríkislögreglustjóra er talinn á grundvelli fjölda brotategunda. Í þeim tilfellum sem brot í máli er heimfært undir báðar málsgreinar 194. gr. hgl. er brotið því í raun tvítalið.

[8] Mannfjöldi skv. Hagstofu: 2008: 315.459; 2009: 319.368 (Hagstofa Íslands, 2013a)

[9] Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur umsjón með eftirfarandi sveitarfélögum: Reykjavík, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær, og Seltjarnarnes (Lögregluvefurinn, 2013). Samkvæmt Hagstofu var meðalmannfjöldi í þessum sveitarfélögum á árunum 2008-2009, 201.284 manns, en meðalmannfjöldi á landsbyggðinni á sama tíma 116.130 manns (Hagstofa Íslands, 2013b).

á aldrinum 18–80 ára ef áætlað er yfir á þýðið, sögðust hafa orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á síðustu 12 mánuðum. Hér er um að ræða fjölda í þýði með 95% vissu.

Fjöldi brotaþola hjá lögreglu var aftur á móti að meðaltali 82 fyrir árin 2008 og 2009 og voru brotaþolar konur eða stúlkur í nánast öllum málunum, eða 98% málanna. Þegar kannað var hve margir brotaþolar í gögnum lögreglu voru á bilinu 18–80 ára, þ.e. á sama aldursbili og símakönnun Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd tók til, reyndust það einungis vera 48 brotaþolar, eða aðeins 58,8% þeirra. Aftur á móti var stór hluti brotaþola í gögnum lögreglu yngri en úrtak símakönnunarinnar, það er að segja stúlkur 17 ára og yngri, eða alls 41,2%. Þessi samanburður bendir því til þess að aðeins hluti nauðgana séu kærðar til lögreglu.

Samkvæmt alþjóðlegri úttekt Fíkniefna og afbrotamálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (e. *United Nations Office on Drugs and Crime, UNODC*) hefur fjöldi tilkynntra nauðgana á Íslandi á árunum 2003–2009 verið nokkuð stöðugur, eða á bilinu 17,4–28,5 mál á ári miðað við hverja 100.000 íbúa (United Nations Office on Drugs and Crime, 2011). Hér ber þó að hafa í huga að samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra var skilgreining UNODC metin svo að einungis ætti að fella þar undir mál sem vörðuðu við 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga en ekki brot sem falla undir 2. mgr. 194. gr. hegningarlaga.[10] Undir 1. mgr. 194. gr. falla nauðganir þar sem verknaðaraðferðin við brotið er að ofbeldi er beitt eða hótunum um ofbeldi eða annars konar ólögmætri nauðung. Fyrir endurskoðun nauðgunarlagahugtaksins, með lögum nr. 61/2007, voru þau kynferðisbrot aðeins skilgreind sem nauðgun þar sem samræði eða öðrum kynferðismökum var náð fram með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi. Skilgreiningin UNODOC tekur því ekki til brota sem fyrir lagabreytinguna árið 2007 voru til dæmis skilgreind sem svokölluð misneytingarmál, en mun færri dómsmál voru að jafnaði flutt vegna brota gegn þágildandi 196. og 195. gr. hegningarlaga.

**Tafla 2: Fjöldi skráðra nauðgunarmála hjá lögreglu á Norðurlöndunum á árunum 2003–2010 miðað við 100.000 íbúa**

| Ár | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 8,8 | 11,0 | 23,8 | 15,5 | 25,0 |
| 2004 | 10,4 | 11,4 | 17,4 | 16,1 | 25,2 |
| 2005 | 8,8 | 11,3 | 25,3 | 17,3 | 41,9 |
| 2006 | 9,7 | 11,6 | 23,9 | 18,0 | 46,3 |
| 2007 | 9,0 | 14,0 | 28,5 | 20,0 | 51,8 |
| 2008 | 7,2 | 17,2 | 21,9 | 19,8 | 59,0 |
| 2009 | 6,4 | 12,4 | 24,7 | 20,6 | 63,8 |
| 2010 | -- | 15,2 | -- | 19,2 | 63,5 |

(United Nations Office on Drugs and Crime, 2011).

[10] Sbr. skriflegt svar Guðbjargar S. Bergsdóttur, verkefnisstjóra í Mannauðs- og tölfræðideild Ríkislögreglustjóra þann 08.02.2013, við fyrirspurn rannsakenda.

Áhugavert er að bera saman tilkynntar nauðganir á milli Norðurlandana, þar sem löndin eru um margt sambærileg að menningu og lögum. Samkvæmt upplýsingum UNODC leiðir samanburður á fjölda tilkynntra nauðgana á Norðurlöndum miðað við hverja 100.000 íbúa í ljós að þróunin hefur verið svipuð í Finnlandi, á Íslandi og í Noregi en Svíþjóð og Danmörk skera sig aftur á móti nokkuð úr. Merkja má töluverða aukningu á fjölda tilkynntra nauðgana í Svíþjóð frá og með árinu 2005, sem hefur verið rakin til endurskoðunar á kynferðisbrotakafla sem varð að lögum þar í landi sama ár (Amnesty International, 2010), en tilkynntum nauðgunum virðist aftur á móti hafa farið fækkandi í Danmörku á sama tímabili. Þess ber að geta að samanburðurinn nær eingöngu til nauðgana sem voru tilkynntar til lögreglu og hafa skal í huga að fjöldi tilkynntra nauðgana segir ekki endilega til um raunfjölda framdra brota, þar sem ljóst þykir að mörg brotanna eru ekki tilkynnt. Veigamikið atriði sem torveldar mjög samanburð á milli landa er sú staðreynd að mismunandi lagaskilgreiningar og mismunandi verklagsreglur og framkvæmd á skráningu brota hjá lögregluyfirvöldum í hverju landi kunna að skekkja samanburðinn nokkuð. Þá er einnig talið að mishátt hlutfall brota sé tilkynnt til lögreglu í ólíkum löndum. Fjöldi tilkynntra nauðgana í Egyptalandi var til að mynda á bilinu 0,0–0,1 á umræddu tímabili en augljóst má telja að sú tala endurspeglar ekki raunfjölda framinna brota (United Nations Office on Drugs and Crime, 2011). Því ber einnig að varast að taka lágt hlutfall tilkynntra nauðgana til marks um að fá brot séu í reynd framin. Alþjóðlegum samanburði á afbrotatölfræði ber af þessum sökum að taka með nokkrum fyrirvara.

## Kærumál og tilkynnt brot

Í rannsókninni var gerður greinarmunur á kærumálum og tilkynningum sem ekki var fylgt eftir með kæru. Í sumum málanna háttaði þannig til að lögreglu hafði verið gert viðvart um mögulegt brot með tilkynningu, ýmist frá brotaþola eða öðrum aðila, ýmist tengdum eða ótengdum, án þess að í kjölfarið væri lögð fram kæra af hálfu brotaþola. Kærumál eru þau mál þar sem brotaþoli kærir nauðgun, eða einhver leggur fram kæru fyrir hönd brotaþola, svo sem forsjáraðili brotaþola eða barnaverndaryfirvöld.

Oft hófst mál hjá lögreglu þannig að fyrst barst tilkynning um nauðgun og í kjölfarið kom brotaþoli eða forsjáraðili brotaþola og lagði fram kæru, eða í 69 málum (41,8%). Í um þriðjungi málanna (30,3%) kom brotaþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru án þess að brotið hefði verið tilkynnt áður, eða í 50 málum. Allnokkuð var um að lögregla fengi tilkynningu um nauðgun en þeirri tilkynningu væri svo ekki fylgt eftir með kæru, og átti það við í 46 málum eða 27,9% mála. Í tilvikum þar sem tilkynnti nauðgun var ekki fylgt eftir með kæru lágu oft fyrir minni upplýsingar um atvik máls í gögnum lögreglu.

## Hvenær bárust lögreglu flestar tilkynningar og kærur um nauðgun?

Alls bárust lögreglu 123 tilkynningar þar sem einnig lágu fyrir upplýsingar um verknaðarstund brotsins. Af þeim bárust 67,5% sama dag og brotið var framið og 10,5% til viðbótar bárust 1–3 dögum eftir brot. Flestar tilkynningar til lögreglunnar bárust um helgar, og þá að næturlagi og fram undir hádegi, en 63% allra tilkynninga bárust frá föstudegi til sunnudags og 74,2% brotanna voru tilkynnt á milli klukkan 03:00 og 15:00.

Nokkur munur var á því hvenær lögreglu bárust tilkynningar um nauðgun og hvenær flestar formlegar kærur voru lagðar fram. Kærur voru oftar lagðar fram á virkum dögum, þá sérstaklega fyrri hluta vikunnar, og eðlilega á skrifstofutíma. Frá mánudegi til miðvikudags bárust 61% kæranna og langflestar þeirra voru lagðar fram á milli kl. 09:00 og 15:00, eða 73,5% þeirra. Taka kæruskýrslu tekur oft nokkurn tíma og eru þær teknar upp í hljóði og mynd, sbr. reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu nr. 651/2009.

Mjög misjafnt var hversu langur tími leið frá því tilkynnt var um nauðgun og þar til kæra var lögð fram. Á umræddu tímabili var lengsti tími sem leið frá tilkynningu til kæru 120 dagar. Þó voru flest mál kærð skömmu eftir að þau voru tilkynnt. Þannig var kæra til dæmis lögð fram innan þriggja daga frá tilkynningu í 44,1% mála og 67% mála voru kærð innan við viku frá tilkynningu.

## Hvenær voru brotin framin?

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvaða vikudag brotin voru framin. Hér liggur frásögn brotaþola í lögregluskýrslu til grundvallar. Meirihluti brotanna var framinn um helgar, en alls áttu 60,9% brotanna sér stað á laugardegi eða sunnudegi.

**Tafla 3: Fjöldi brota flokkuð eftir vikudögum**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Mánudagur | 9 | 4,8 |
| Þriðjudagur | 8 | 4,2 |
| Miðvikudagur | 5 | 2,6 |
| Fimmtudagur | 9 | 4,8 |
| Föstudagur | 21 | 11,1 |
| Laugardagur | 50 | 26,5 |
| Sunnudagur | 65 | 34,4 |
| Alls | 167 | 88,4 |
| Kemur ekki fram | 22 | 11,6 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Yfir helmingur brotanna átti sér stað á milli kl. 00:00 og 06:00, eða 55% brotanna, eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Brotin voru því flest framin að næturlagi og undir morgun um helgar.

**Tafla 4: Fjöldi brota flokkaður eftir tíma sólarhrings**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| 00.00-03.00 | 48 | 25,4 |
| 03.00-06.00 | 56 | 29,6 |
| 06.00-09.00 | 26 | 13,8 |
| 09.00-12.00 | 11 | 5,8 |
| 12.00-15.00 | 2 | 1,1 |
| 15.00-18.00 | 1 | 0,5 |
| 18.00-21.00 | 6 | 3,2 |
| 21.00-00.00 | 16 | 8,5 |
| Alls | 166 | 87,8 |
| Ekki vitað | 23 | 12,2 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Þegar kannað var á hvaða tíma ársins brotin áttu sér stað, kom í ljós að dreifing brotanna var nokkuð jöfn frá janúar til ágústmánaðar en brotum fækkaði frá september til desember. Þannig áttu 34,9% kærðra brota sér stað í janúar–apríl; 33,9% voru framin í maí–ágúst en 24,3% áttu sér stað frá september–desember. Í 5,8% mála var um að ræða ítrekuð brot sem framin voru á lengra tímabili og eru þau því ekki talin með hér. Aðeins vantaði upplýsingar um þetta atriði í 1,1% mála.

## Hver tilkynnti eða kærði brotið?

Áhugavert er að í meirihluta mála var það annar aðili en brotaþoli sjálfur sem gerði lögreglu viðvart um brotið með tilkynningu eða kæru.

**Tafla 5: Hver tilkynnti/ kærði brotið?**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Brotaþoli | 71 | 37,6 |
| Foreldri brotaþola | 30 | 15,9 |
| Félagsmálayfirvöld (t.d. barnaverndaryfirvöld) | 25 | 13,2 |
| Vinur/kunningi brotaþola | 21 | 11,1 |
| Heilbrigðisyfirvöld (t.d. læknir) | 16 | 8,5 |
| Einhver sem átti leið hjá, vitni | 13 | 6,9 |
| Maki/barnsfaðir brotaþola | 3 | 1,6 |
| Annar | 10 | 5,3 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Í einungis 37,6% málanna var um að ræða brotaþola. Í 29,1% málanna var það foreldri brotaþola eða félagsmálayfirvöld, þá oft barnaverndaryfirvöld, sem kemur heim og saman við það hve margir brotaþolar voru börn að aldri. Nokkuð var um að vinur eða kunningi brotaþola tilkynnti brotið til

lögreglu, eða í 11,1% málanna. Þetta hlutfall var mun hærra í þeim málum sem ekki var fylgt eftir með kæru af hálfu brotaþola eða foreldris og hækkaði þá upp í 25,5%, sem endurspeglar væntanlega mun á áhuga brotaþola og þess sem tilkynnti brotið á því að mál sætti lögreglurannsókn. Þá var nokkuð um að tilkynning um nauðgun bærist frá heilbrigðisyfirvöldum en einnig voru dæmi þess að vitni ótengd brotaþola hringdu í lögreglu.

Alls var 51 mál tilkynnt til lögreglu án þess að tilkynningunni væri fylgt eftir með kæru af hálfu brotaþola. Ástæður þess að kæra var ekki lögð fram lágu ekki alltaf fyrir í gögnum lögreglu. Dæmi um ástæður sem brotaþolar gáfu fyrir því að leggja ekki fram kæru voru meðal annars að brotaþoli upplifði að brotið hefði verið sér að kenna; brotaþoli nefndi að hún vildi að gerandi viðurkenndi hvað hann hefði gert og að hann iðraðist, en vildi þó ekki kæra hann; brotaþoli var of hrædd við geranda til að kæra; brotaþoli óttaðist viðbrögð maka síns; brotaþoli mundi atvik málsins illa og vildi því ekki leggja fram kæru; brotaþoli kenndi sjálfri sér um því hún hefði verið að daðra við geranda fyrr um kvöldið; brotaþoli vildi ekki „vesen"; brotaþoli sagðist ekkert bættari með því að kæra, og þá kom stundum fram að brotaþoli sagðist vera að vinna úr afleiðingum brotsins og að tilkynning til lögreglu væri liður í þeirri vinnu, án þess þó að vilja leggja fram kæru. Þá voru einhver dæmi þess að konur sögðust ekki vissar um hvort brot hefði átt sér stað eða ekki og enn önnur dæmi þar sem konur sögðust ekki vissar um að sú háttsemi sem átti sér stað teldist í reynd brot. Í nokkrum málum mátti sjá að lögregla reyndi ítrekað að ná í þolanda til að kanna hvort hún vildi leggja fram kæru, en brotaþoli svaraði ekki í síma eða sagðist ekki ætla að leggja fram kæru, í sumum tilvikum án þess að útskýra það frekar.

Í töflunni hér að neðan má sjá hve langur tími leið frá því að brotið átti sér stað þar til það var tilkynnt eða kært.

**Tafla 6: Tími frá broti til tilkynningar/kæru**

| Tími | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---:|---:|
| Innan sólarhrings | 85 | 45,0 |
| 1-3 dagar | 19 | 10,1 |
| 4-30 dagar | 37 | 19,6 |
| 1-6 mánuðir | 21 | 11,1 |
| 6-12 mánuðir | 13 | 6,9 |
| 12-18 mánuðir | 4 | 2.1 |
| 2-30 ár | 7 | 3,6 |
| Óþekkt | 3 | 1,6 |
| Alls | 188 | 100 |

Tæplega helmingur brotanna, eða 45,2%, voru tilkynnt til lögreglu innan sólarhrings og 10,1% til viðbótar innan 1–3 daga. Önnur mál bárust síðar og elsta brotið sem lögreglu var tilkynnt um hafði átt sér stað 30 árum áður.

## Aðdragandi brots og brotavettvangur

Kannað var hver aðdragandi brota var út frá tengslum brotaþola og sakborninga. Til grundvallar um þetta atriði voru frásagnir brotaþola í skýrslutökum hjá lögreglu. Í töflu 7 má sjá að oft voru brotaþoli og sakborningur kunningjar eða vinir (70 mál, 37% tilvika) sem höfðu átt í samskiptum á skemmtun eða skemmtistað (20 mál) eða í samkvæmi í heimahúsi (20 mál), eða þá að annar aðilinn hafði verið í heimsókn hjá hinum og í sumum tilfellum gist yfir nótt (20 mál).

**Tafla 7: Undanfari brots og tengsl brotaþola og sakbornings**

| | Þekktust ekki | Ný kynni | Kunningjar eða vinir | Yfirm. eða samstarfsm. | Fyrrv. sambýlism. | Kærasti eða sambýlism. | Tengd fjölskyldub. | Önnur tengsl | Kemur ekki fram | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Enginn undanfari | 15 | | 1 | | 2 | | | | | **18** |
| Hittust í kjölf. netsamsk. | | 9 | | | | | | | | **9** |
| Samkvæmi í heimahúsi | 2 | 5 | 20 | 2 | | | | | | **29** |
| Á skemmtun/skemmtist. | 2 | 30 | 22 | 2 | | 2 | 1 | | | **59** |
| Sakborningur bauð far/í bíltúr | 8 | | 2 | | | | | | | **10** |
| Heimsókn/gisting | | | 20 | | 1 | 1 | 1 | | | **23** |
| Ítrekað ofbeldi | | | | | | 5 | 4 | | | **9** |
| Man ekki | 2 | 2 | 1 | | | | | | | **5** |
| Annað | 1 | 7 | 4 | 2 | 2 | | | 8 | | **24** |
| Kemur ekki fram | | | | | | | | | 3 | **3** |
| **Alls** | **30** | **53** | **70** | **6** | **5** | **8** | **6** | **8** | **3** | **189** |

Einnig var algengt að brotaþoli og sakborningur hefðu fyrst kynnst fyrr um kvöldið (ný kynni: 53 mál, 28% tilvika) og þá oftast á skemmtistað (30 mál) eða í samkvæmi í heimahúsi (5 mál) eða þá að aðilar höfðu kynnst á netinu og hist í kjölfarið (9 mál). Í þeim níu málum þar sem aðilar höfðu fyrst kynnst á netinu voru brotaþolar á aldrinum 14–19 ára en sakborningar aftur á móti á aldrinum 21–52 ára. Töluverður aldursmunur einkenndi því flest þau mál, en í þeim meðalaldur brotaþola var 16 ár en sakborninga aftur á móti 31 ár. Í þeim málum þar sem sakborningur og brotaþoli tengdust vina- eða kunningjatengslum var aðdragandi brotanna nokkuð oft tengdur skemmtanahaldi, ýmist á skemmtistöðum eða í heimahúsum. Hið sama á við um þau mál þar sem brotaþoli og sakborningur höfðu kynnst mjög skömmu áður en brotið átti sér stað.

Í þeim 30 málum þar sem aðilar þekktust ekki, var enginn undanfari að brotinu í helmingi tilvika (15 mál) og í þeim málum voru nokkur dæmi þess að óþekktur karlmaður réðist fyrirvaralaust á konu utandyra, drægi hana afsíðis og nauðgaði henni. Fleiri dæmi voru um að konur svæfu ölvunarsvefni og vöknuðu upp við nauðgun árásarmannsins. Í átta málanna þar sem aðilar þekktust ekki hafði sakborningur boðið brotaþola bílfar (4 mál) eða þá að aðilar höfðu verið á sama skemmtistað (2 mál) eða í sama samkvæmi (2 mál). Í málum þar sem brotaþoli þekkti ekki sakborning, tókst að hafa uppi á sakborningi í einungis um þriðjungi mála, eða í 27,6% tilvika.

Af þeim átta málum þar sem sakborningur var kærasti eða sambýlismaður brotaþola var oftast um að ræða ítrekað ofbeldi yfir lengri tíma (5 mál). Af þeim sex málum þar sem sakborningur var yfirmaður eða samstarfsmaður brotaþola, höfðu þau í fjórum málum verið í samkvæmi í heimahúsi eða á skemmtistað áður en sakborningur braut gegn þolanda.

Í flokknum „Önnur tengsl" voru mál þar sem sakborningur og brotaþoli tengdust með öðrum hætti, til að mynda þannig að sakborningur var kærasti móður brotaþola, faðir vinkonu brotaþola, vændiskaupandi hjá brotaþola, vistmaður á sama sambýli og brotaþoli, eldri neyslufélagi sem útvegaði brotaþola fíkniefni og nágranni brotaþola. Í tveimur málum voru sakborningar meðferðaraðilar brotaþola.

Í langflestum tilvikum, eða 78% mála, var brotavettvangur innandyra og langsamlega oftast á heimili sakbornings eða brotaþola, sem kemur heim og saman við þá staðreynd að oftast voru fyrir hendi einhver tengsl á milli sakbornings og brotaþola.

**Tafla 8: Brotavettvangur**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Heimili sakbornings | 58 | 30,7 |
| Heimili brotaþola | 29 | 15,3 |
| Heimili þriðja aðila | 23 | 12,2 |
| Í bíl sakbornings, eða þriðja aðila | 20 | 10,6 |
| Á eða fyrir utan skemmtun/skemmtistað | 14 | 7,4 |
| Hótelherbergi | 13 | 6,9 |
| Utandyra í þéttbýli | 9 | 4,8 |
| Sameiginlegt heimili brþ. og sakbornings | 5 | 2,6 |
| Tjaldstæði, útihátíð | 4 | 2,1 |
| Vistheimili, heimavist, meðferðarstofnun | 3 | 1,6 |
| Annað | 10 | 5,3 |
| Kemur ekki fram | 1 | ,5 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Í 61% mála var brotavettvangur heimili málsaðila, og þá oftast heimili sakbornings (31%), en einnig heimili brotaþola (15%), heimili þriðja aðila (12%) eða sameiginlegt heimili sakbornings og brotaþola (3%). Algengasti brotavettvangur nauðgana í gögnum lögreglu á rannsóknartímabilinu var því heimilið og í um þriðjungi mála voru brotin framin á heimili sakbornings.

Nokkur brotanna voru einnig framin í bíl (11%) en mjög lítill hluti brota var framinn í húsasundum (5%), eða á tjaldstæðum (2%). Afar fá brot höfðu verið framin í tengslum við útihátíðir. Í flokknum annað var til að mynda um að ræða vinnustað málsaðila, verslunarmiðstöð, gróðurhús, útihús, og sumarbústað.

Í þeim 144 málum þar sem brotið var framið innandyra, átti það sér oftast stað í svefnherbergi (72%) eða í stofu (11%). Eitt brot var framið á baðherbergi, eitt í eldhúsi, og þrjú í

kjallara/þvottahúsi. Í fimm málum voru brotin framin inni á skemmtistöðum og í átta málum á almenningssalerni, og þá oftast inni á skemmtistöðum. Í sjö málum voru brotin ýmist framin annars staðar eða að upplýsingar lágu ekki fyrir í gögnum mála.

Þegar dregnar eru saman upplýsingar um stund og stað, sést að mikill meirihluti kærða nauðgana átti sér stað að næturlagi og undir morgun um helgar og í mörgum tilvikum eftir að brotaþoli og sakborningur höfðu hist á skemmtistað eða við skemmtistað eða á heimili málsaðila. Brotavettvangurinn sjálfur var í langflestum tilfellum heimili málsaðila.

## Áfengisneysla og önnur vímuefnaneysla

Upplýsingar um áfengisneyslu og aðra vímuefnaneyslu aðila í tengslum við brotið voru einnig fengnar úr skýrslum teknum af brotaþola og sakborningi við skýrslutöku hjá lögreglu og byggja því á frásögnum þeirra og þeirra eigin mati. Nokkuð misjafnt var hversu skýrar upplýsingar fengust um áfengisneyslu og aðra vímuefnaneyslu. Sum málin báru sterkt með sér að vera tengd áfengis- og vímuefnaneyslu. Í sumum málum voru ekki tiltækar upplýsingar um neyslu, sérstaklega í málum þar sem kæra var ekki lögð fram og engar kæruskýrslur af brotaþola lágu því fyrir. Hið sama átti við í málum þar sem gerandi var óþekktur eða hafði ekki fundist við rannsókn málsins.

Mjög stór hluti brotanna var áfengistengdur eða í 62,4% tilvika hjá brotaþola og 40,2% tilvika hjá sakborningi. Hér ber þó að hafa í huga að í 34,4% mála lágu ekki fyrir upplýsingar um neyslu af hálfu sakbornings  en í tilfelli brotaþola lágu ekki fyrir upplýsingar um þetta atriði í 5,3% mála. Ef hlutfallslegur fjöldi aðila sem höfðu neytt áfengis er einungis kannaður út frá málum þar sem upplýsingar lágu fyrir, breytist myndin af neyslu málsaðila nokkuð. Þá höfðu brotaþolar neytt áfengis í 65,9% mála (118/179 x 100) og sakborningar í 61,3% mála (76/124 x 100).

**Tafla 9: Neysla sakborninga og brotaþola**

| Neysla sakborninga og brotaþola | Sakborningar (fjöldi) % | Brotaþolar (fjöldi) % | (fjöldi) % |
|---|---|---|---|
| Höfðu neytt áfengis | (76) 40,2 | (118) 62,4 | (189) 100% |
| Höfðu neytt ólöglegra vímuefna/geðlyfja í misnotkunarskyni | (12) 6,3 | (9) 4,8 | (189) 100% |
| Höfðu hvorki neytt áfengis né ólögl. vímuefna/geðlyfja í misnotkunarskyni | (40) 21,2 | (46) 24,3 | (189) 100% |
| Telja að sér hafi verið byrlað lyfjum | -- | (9) 4,8 | (189) 100% |
| Annað* | (4) 2,1 | (11) 5,8 | (189) 100% |
| Upplýsingar vantar | (65) 34,4 | (10) 5,3 | (189) 100% |

*Í flokknum „annað“ voru mál þar sem um var að ræða fleiri en eitt brot og voru þau ýmist áfengistengd eða ekki. Einnig voru tvö mál þar sem sakborningur neitaði sök og kannaðist ekki við að hafa verið á staðnum þegar brotið var framið.

Afar fá mál voru aftur á móti tengd annarri vímuefnaneyslu. Þó ber að taka tölum um vímuefnaneyslu með þeim fyrirvara að vera má að brotaþolar og sakborningar forðist að greina lögreglu frá ólöglegri

vímuefnaneyslu. Í gögnunum kemur fram að 4,8% brotaþola töldu að þeim hefði verið byrluð ólyfjan. Af þeim níu málum þar sem brotaþola grunaði að sér hefði verið byrlað lyfi, gengust tvær konur undir læknisskoðun samdægurs, tvær einum degi síðar og ein tveimur dögum síðar. Tvær gengust undir læknisskoðun 6–17 dögum síðar og tvær sem nefndu þennan grun sinn höfðu ekki leitað til læknis. Aldrei hefur tekist að greina leifar af svokölluðum nauðgunarlyfjum í blóðsýnum þolenda kynferðisbrota á Íslandi. Með nauðgunarlyfjum er átt við lyf eins og róhypnól, smjörsýru og ketamín. Róhypnól er nokkra daga að fara úr líkama eftir að þess hefur verið neytt en þar sem allir eru með smjörsýru í einhverju magni í líkamanum getur verið erfitt að greina hvenær smjörsýran er yfir eðlilegum mörkum og hvenær ekki („Aldrei tekist að greina nauðgunarlyf“, 2012, 12. október).

Algengasti vímuefnagjafinn sem nefndur var í lögregluskýrslunum var tvímælalaust áfengi, bæði hvað varðar sakborninga og brotaþola. Þegar greint var undir hve miklum áhrifum brotaþolar og sakborningar sögðust hafa verið þegar brotið var framið, sögðust brotaþolar oft hafa verið undir meiri áhrifum en sakborningar.

**Tafla 10: Áhrif áfengis- og vímuefna, og/eða geðlyfja á verknaðarstundu**

| | Hundraðshluti | |
|---|---|---|
| | Sakborningar | Brotaþolar |
| Rænulaus | -- | 10,1 |
| Undir mjög miklum áhrifum | 17,5 | 31,2 |
| Undir einhverjum áhrifum | 24,9 | 23,3 |
| Ekki undir áhrifum | 21,2 | 24,4 |
| Annað | 2,1 | 5,8 |
| Upplýsingar vantar | 34,4 | 5,3 |
| Alls | 100 | 100 |

*Í flokknum „annað“ voru mál þar sem um var að ræða fleiri en eitt kært brot og voru þau mál ýmist áfengistengd eða ekki. Einnig voru tvö mál þar sem sakborningur i neitaði sök og kannaðist ekki við að hafa verið á staðnum þegar brotið var framið.

Í tíunda hverju máli sögðust brotaþolar hafa verið rænulausar þegar brotið var gegn þeim. Í um þriðjungi mála sögðust brotaþola hafa verið undir mjög miklum áfengisáhrifum þegar brotið var framið. Þá var um að ræða áhrif vegna áfengisneyslu, annarrar vímuefnaneyslu eða neyslu geðlyfja, annað hvort í misnotkunarskyni eða samkvæmt læknisráði. Geðlyf sem neytt var samkvæmt læknisráði falla hér undir að því marki sem aðilar nefndu sjálfir að þeir hefðu fundið til áhrifa af lyfjunum.

Þegar kannað var undir hve miklum áhrifum áfengis, vímuefna eða geðlyfja brotaþolar og sakborningar sögðust hafa verið, kom í ljós að í 25,9% mála töldu brotaþolar sig hafa verið undir meiri áhrifum en sakborningar.

**Tafla 11: Áhrif áfengis, vímuefna eða geðlyfja á brotaþola og sakbornings**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Brotaþoli undir meiri áhrifum en sakborningur | 49 | 25,9 |
| Sakborningur undir meiri áhrifum en brotaþoli | 18 | 9,5 |
| Bæði undir miklum áhrifum | 12 | 6,3 |
| Bæði undir einhverjum áhrifum | 17 | 9,0 |
| Hvorugt undir áhrifum | 20 | 10,6 |
| Annað | 13 | 6,9 |
| Óþekkt í tilfelli annars hvors eða beggja | 60 | 31,7 |
| Alls | 189 | 100 |

*Í flokknum „annað" voru mál þar sem um var að ræða fleiri en eitt kært brot og voru þau mál ýmist áfengistengd eða ekki. Einnig voru tvö mál þar sem sakborningur neitaði sök og kannaðist ekki við að hafa verið á staðnum þegar brotið var framið.

Sakborningar sögðust aftur á móti hafa verið undir meiri áhrifum en brotaþolar í 9,5% mála. Í 15,3% mála sögðust brotaþoli og sakborningur hafa verið undir jafnmiklum áhrifum. Athygli vekur að í aðeins 10,6% mála sagðist hvorugur aðili hafa verið undir áhrifum. Hér skal þó árétta að í þriðjungi mála, eða 31,7%, lá ekki fyrir undir hve miklum áhrifum aðilar voru, ýmist vantaði upplýsingar um þetta atriði hjá öðru þeirra eða báðum aðilum. Ástæða er til að árétta að upplýsingar um áfengisáhrif aðila á verknaðarstundu byggja á frásögnum og mati brotaþola og sakborninga sjálfra í lögregluskýrslum.

Athyglisvert er að kanna samhliða tölur um áfengisneyslu og aldursmun á milli sakbornings og brotaþola. Í þeim málum þar sem brotaþolar lýstu því að þær hefðu verið undir meiri áhrifum en sakborningar var jafnframt oft töluverður aldursmunur á milli aðila, eða að meðaltali 5,5 ár, þ.e. sakborningar voru að meðaltali 5,5 árum eldri en brotaþolar. Töluverður aðstöðumunur einkennir þau mál þar sem saman fer ungur aldur brotaþola, mikil áfengisneysla og aldursmunur á milli sakbornings og brotaþola og þann aðstöðumun á sakborningur auðvelt með að misnota sér.

**Dæmi um aðdraganda og aðstæður í nauðgunarmáli**

*Ung kona fór með vini kærasta síns heim til hans eftir að hafa verið úti að skemmta sér fyrr um kvöldið. Hún lýsti því að hafa verið mjög drukkin og að hafa sofnað í rúmi hans. Um nóttina kvaðst hún hafa rumskað við að ákærði var ofan á henni og var að hafa við hana samfarir. Konan lýsti því að hún hefði ekki trúað því hvað væri að gerast og að hún hefði frosið en svo sofnað aftur. Þegar hún vaknaði um morguninn rifjaðist upp fyrir henni hvað gerst hafði og við það varð hún mjög óttaslegin og laumaðist út úr íbúðinni. Fór hún til vinkonu sinnar þar sem hún fór í sturtu. Síðar sama dag fór hún á Neyðarmóttöku og í kjölfarið sótti hún viðtöl hjá sálfræðingi vegna afleiðinga brotsins. Tæpum mánuði síðar hafði konan samband við lögreglu og lagði fram kæru vegna nauðgunar. Við yfirheyrslur lögreglu neitaði sakborningur að hafa átt samræði við konuna. Síðar breytti hann framburði sínum og bar því þá við að samræði hefði farið fram með samþykki konunnar. Ákæra var gefin út fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. hgl. með því að ákærði hefði notfært sér ástand brotaþola þar sem hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum sökum ölvunar.*

*Var maðurinn sakfelldur fyrir brotið í Héraðsdómi Reykjavíkur og dæmdur í 18 mánaða fangelsi og jafnframt til að greiða brotaþola 600.000 í miskabætur. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms, sjá dóm nr. 660/2009.*

## Sakborningar

Teknar voru saman upplýsingar um sakborninga eins og þær birtust í lögregluskýrslum, svo sem um kynferði, aldur og þjóðerni. Nokkuð misjafnt var eftir málum hversu miklar upplýsingar var að finna um sakborninga í þeim, en sjaldnast voru til staðar æviferilsskýrslur sakborninga, en verklagsreglur ríkissaksóknara um rannsóknir nauðgunarmála tiltaka að slíkar skýrslur skuli teknar.[11] Litlar upplýsingar lágu fyrir um gerendur í þeim málum sem ekki var fylgt eftir af þolendum og/eða þegar gerendur voru óþekktir og fundust ekki.

Í öllum málunum nema einu voru gerendur karlar eða drengir og í 70,9% málanna voru gerendur íslenskir. Erlendir gerendur voru 25,9%. Flestir erlendu gerendanna voru evrópskir (14,3%), en aðrir voru frá Suður-Ameríku (4,8%), Afríku (2,1%), og Asíu (1,6%). Einn sakborningur var frá Norðurlöndunum og einn frá Norður-Ameríku. Í fjórum málum þar sem sakborningar fundust ekki, töldu brotaþolar að gerendur hefðu verið erlendir en vissu ekki af hvaða þjóðerni þeir voru. Þrír sakborninganna voru hér á landi sem ferðamenn en aðrir höfðu dvalið hér á landi í lengri tíma. Í 3,2% mála kom ekki fram hvort gerendur voru erlendir eða íslenskir þar sem litlar upplýsingar lágu fyrir í gögnunum, í sumum tilvikum einungis dagbókarfærsla lögreglu.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hlutfall karlkyns innflytjenda af heildarfjölda karla á Íslandi á árunum 2008 og 2009 um 9,6%.[12] Hlutfall sakborninga af erlendu þjóðerni, sem voru ekki hér á landi sem ferðamenn, var aftur á móti 25,1% í gögnum rannsóknarinnar. Hér skal þó haft í huga að þessir hópar eru ekki fyllilega sambærilegir þar sem skilgreining Hagstofunnar á innflytjendum tekur til einstaklinga sem eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis.[13] Sakborningar af erlendu þjóðerni í gögnum rannsóknarinnar voru aftur á móti taldir þeir einstaklingar sem báru erlent nafn og höfðu ekki íslensku sem fyrsta tungumál, eða ráða mátti af lögreglugögnum að sakborningar væru erlendir.

Lögformleg staða erlendra sakborninga á Íslandi lá ekki alltaf fyrir í gögnum málanna þó að í flestum tilvikum hefðu þeir erlendan ríkisborgararétt og dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi. Erlendir sakborningar eru því hlutfallslega mun fleiri í gögnum málanna en fjöldi þeirra á landinu segir til um.

---

[11] Í hluta 8.5 í leiðbeiningum ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála er lögð áhersla á að rannsóknarlögreglumenn taki æviferilsskýrslu sakborninga með vísan í 17. gr. reglugerðar nr. 395/1997 (sem nú hefur verið felld brott með reglugerð nr. 651/2009) (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi, 2007). Æviferilsskýrsla á m.a. að innihalda upplýsingar um ríkisfang sakbornings, stöðu hans og vinnustað, hjúskaparstöðu og nafn maka eða sambýlismaka, framfærslubyrði, skólagöngu, faglega menntun.

[12] Samkvæmt talnaefni Hagstofu Íslands (2013c) var meðalfjöldi karlkyns innflytjenda árin 2008 og 2009 alls 15.557 manns. Meðalfjöldi karla á Íslandi árin 2008 og 2009 var 161.482 manns. Meðalhlutfall karlkyns innflytjenda á Íslandi á tímabilinu var því 9,6%.

[13] Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er „innflytjandi“ einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis. Innflytjendur hér á landi eru flestir á aldrinum 20–39 ára (Hagtíðindi, 2009).

Hér skal þó nefnt að af þeim málum þar sem upplýsingar lágu fyrir um aldur sakborninga, voru 54,2% þeirra á aldrinum 18–29 ára og var hlutfall karlkyns innflytjenda í þeim aldurshópi kannað sérstaklega. Hlutfall allra karla á Íslandi á aldursbilinu 18–29 ára á árunum 2008–2009 reyndist 18,4% en hlutfall karlkyns innflytjenda á sama aldursbili á landinu var mun hærra eða 29,2%.14 Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um að ein ástæðan fyrir því að hlutfall erlendra karla í hópi sakborninga er hærra en fjöldi þeirra gefur til kynna kunni að vera að þeir eru hlutfallslega mun fjölmennari í aldurshópnum 18-29 ára, en rúmlega helmingur sakborninga var á þeim aldri.

Í nýlegri rannsókn á nauðgunarmálum sem bárust Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum Fossvogi, á árunum 1998–2007, mátti sjá fjölgun á málum þar sem gerendur voru erlendir. Á árunum 1998–2002 var hlutfall erlendra gerenda 10,6% en á árunum 2003–2007 var hlutfallið 19,6% og var munurinn marktækur um fjölgun á milli ára ($p<0.001$). Hlutfall þolenda sem tilkynntu gerendur af erlendum uppruna hækkaði þó ekki umfram hlutfallslega fjölgun erlendra íbúa á landinu á rannsóknartímabilinu (Gisladottir o.fl, 2012). Fjöldi karlkyns innflytjenda jókst um u.þ.b. helming á milli tímabilinu, þ.e. frá því að vera að meðaltali 3.913 manns á tímabilinu 1998–2002 í 7.997 manns á tímabilinu 2003–2007 (Hagstofa Íslands, 2013d). Haft skal í huga að sá hópur sem leitar til Neyðarmóttökunnar í Fossvogi er ekki sá sami og sá sem tilkynnir nauðgun hjá lögreglu á landsvísu, þar sem vottorð vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á brotaþola á neyðarmóttökunum í Fossvogi og á Akureyri lá einungis fyrir í tæpum helmingi lögreglumálanna, eða alls 46,6% mála.

[14] Samkvæmt talnaefni Hagstofu Íslands (2013c) var meðalfjöldi karlkyns innflytjenda á aldrinum 18-29 ára árin 2008-2009 alls 4.550 manns en fjöldi karla á Íslandi á sama aldurs- og tímabili var 29.729 manns (Hagstofa Íslands, 2013a).

## Aldur sakborninga

Í töflu 12 má sjá aldur gerenda eftir aldurshópum.

**Tafla 12: Aldur sakborninga þegar brot var framið**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| 14 ára og yngri | 6 | 3,2 |
| 15 -17 ára | 7 | 3,7 |
| 18 - 19 ára | 24 | 12,7 |
| 20-24 ára | 35 | 18,5 |
| 25-29 ára | 24 | 12,7 |
| 30-34 ára | 17 | 9 |
| 35-39 ára | 10 | 5,3 |
| 40-44 ára | 9 | 4,8 |
| 45-49 ára | 9 | 4,8 |
| 50 ára og eldri | 12 | 6,3 |
| Alls | 153 | 81 |
| Upplýsingar vantar | 36 | 19 |
| Alls | 189 | 100 |

| | Aldur |
|---|---|
| Meðalaldur: | 28,8 |
| Miðtala aldurs: | 25 |
| Aldursbil: | 12 – 68 ár |

* Í sumum málum voru sakborningar kærðir fyrir ítrekuð brot sem áttu sér stað yfir lengra tímabil, allt að nokkrum árum, en í þeim tilvikum var miðað við aldur sakborninga þegar brotin hófust að sögn brotaþola.

Sakhæfisaldur á Íslandi er 15 ár samkvæmt 14. gr. hegningarlaga[15], og voru sex gerendur (3,2%) ósakhæfir sökum aldurs. Einstaklingar undir 18 ára aldri teljast börn að lögum[16], en gerendur á aldursbilinu 15-17 ára voru alls 8,5%. Í samanburði við önnur aldursbil var hlutfall sakborninga á aldrinum 18–19 ára nokkuð hátt, eða alls 12,7%. Yngsti gerandi á rannsóknartímabilinu var 12 ára en sá elsti var 68 ára. Meðalaldur sakborninga var tæp 29 ár (28,76) og miðtala aldurs enn lægri eða 25 ár.

Í töflunni sést að upplýsingar vantaði um aldur sakborninga í 19% mála. Í þeim málum höfðu gerendur ekki verið teknir í skýrslutöku eða höfðu ekki fundist við rannsókn lögreglu. Í sumum þessara mála voru brotaþolar beðnir um að giska á aldur sakborninga. Aldursskiptingin í þeim málum reyndist svipuð, og voru flestir á aldrinum 20–29 ára að mati brotaþola.

15 14. gr. hgl. nr. 19/1940: „Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefur framið áður en hann varð 15 ára gamall."

16 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002: „Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára."

## Hjúskaparstaða sakborninga

Upplýsingar um hjúskaparstöðu sakborninga lágu mun oftar fyrir í þeim málum þar sem brotaþoli lagði fram kæru. Í þeim 140 málum þar sem kæra var lögð fram voru 57,9% sakborninga einhleypir eða fráskildir, en sakborningar voru kvæntir eða í sambúð í 22,1% mála. Upplýsingar lágu þó ekki fyrir um þetta atriði í fimmtungi mála. Í 26,4% kærðra mála kom fram að sakborningur ætti eitt barn eða fleiri.

## Atvinnustaða sakborninga

Upplýsingar um atvinnustöðu sakborninga lágu mun oftar fyrir í málum þar sem kæra var lögð fram. Því verður einungis gerð grein fyrir atvinnustöðu sakborninga í þeim málum. Kærð mál voru alls 140 (100%). Stærsti einstaki hópurinn voru launþegar, eða í 57 málum (40,7%), en í fáum málum voru sakborningar atvinnurekendur (3 mál, 2,1%) eða sjálfstætt starfandi (2 mál, 1,4%). Í 15 málum (10,7%) voru sakborningar nemar en í átta málum (5,7%) voru þeir atvinnulausir. Í fjórum málum (2,9%) voru sakborningar öryrkjar. Í tveimur málum (1,4%) var staða sakborninga skráð undir „annað“, annars vegar var um að ræða hælisleitanda og í einu máli var óljóst hvort sakborningur var launþegi eða atvinnurekandi. Í 49 kærðum málum (35%) var atvinnustaða sakbornings þó ekki skráð í gögnum lögreglu, en af þeim voru 16 mál þar sem gerandi var óþekktur og hafði ekki fundist við rannsókn málsins.

## Geðræn og félagsleg vandamál sakborninga

Í rannsókninni var reynt að kanna hve hátt hlutfall sakborninga átti við geðræn vandamál að stríða. Þessum niðurstöðum ber að taka með nokkrum fyrirvara, þar sem upplýsingar um þetta atriði voru ekki markvisst skráðar niður í lögregluskýrslum og ekki virtist hafa verið kallað eftir slíkum upplýsingum við rannsókn málanna nema í tilvikum þar sem þær vörðuðu rannsókn málsins beint. Því er ekki unnt að draga ályktanir um heildarúrtakið út frá niðurstöðum, að öðru leyti en því að hér er lágmarkstölur að ræða. Þá ber að geta þess að í þeim málum sem ekki voru kærð og sakborningur var ekki kallaður til skýrslutöku, var sjaldan að finna upplýsingar um andlega heilsu sakborninga.

Í 14 málum, eða 7,4% málanna, kom fram að sakborningur átti við geðræn vandamál að stríða en þá er átt við að fyrir lá greining á borð við þunglyndi, geðhvörf, sem og þroska- og greindarskerðingu, ofvirkni og athyglisbrest. Í fimm málum til viðbótar, eða 2,6% mála, lágu fyrir upplýsingar sem bentu sterklega til þess að sakborningur hefði átt við geðræn og/eða félagsleg vandamál að stríða, til að mynda afleiðingar þess að hafa verið beittur ofbeldi eða kynferðisofbeldi í

æsku, að hafa beitt önnur börn kynferðisofbeldi á barnsaldri, og mál þar sem fram kom að sakborningar leituðu sér geðlækninga í kjölfar brotsins. Alls lá því fyrir að í 19 málum, eða 10% þeirra, að sakborningar stríddu ýmist við geðræn eða félagsleg vandamál eða sterkar vísbendingar voru um að svo væri.

## Brotaferill sakborninga

Sakavottorð sakborninga lá einungis fyrir í gögnum 46 mála. Sakavottorð lágu þó hlutfallslega mun oftar fyrir í gögnum mála sem vísað hafði verið til ríkissaksóknara. Af þeim 88 málum sem vísað var til ríkissaksóknara lágu fyrir upplýsingar um brotaferil sakborninga í tæplega helmingi þeirra, eða í 42 málum.

**Tafla 13: Brotaferill sakborninga**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Enginn sakaferill | 20 | 47,6 |
| Brot gegn umf.- og/eða áv.- og fíkniefnal. | 10 | 23,8 |
| Brot gegn almennum hegningarlögum | 12 | 28,6 |
| Alls | 42 | 100,0 |

Samkvæmt gögnunum höfðu 20 sakborningar engan sakaferil að baki en 10 höfðu brotið gegn umferðarlögum og/eða lögum um ávana- og fíkniefni og var þá ýmist um að ræða dóma eða sáttir. Þá höfðu 12 sakborningar hlotið dóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, þar af þrír fyrir kynferðisbrot. Einn sakborninga hafði hlotið dóm fyrir nauðgun og fyrir blygðunarsemisbrot og síðar annan dóm fyrir nauðgun, annar hafði í tvígang verið dæmdur fyrir blygðunarsemisbrot og sá þriðji, sem var útlendingur, hafði hlotið dóm fyrir tilraun til nauðgunar í heimalandi sínu. Erfitt er að draga miklar ályktanir af tölunum í ljósi þess að upplýsingar um sakaferil sakborninga lágu fyrir í minnihluta mála. Af þessu má þó ráða að rúmur helmingur sakborninga í málunum hafði sakaferil að baki (52,4%) en tæpur helmingur sakborninga (47,6%) hafði engan sakaferil að baki.

Í málum þar sem ákæra var gefin út, lá sakavottorð nær alltaf fyrir í gögnum málanna, eða í 28 málum af 31, en í þeim 57 málum sem felld voru niður, lá sakavottorð fyrir í 14 málum. Þegar könnuð voru sakavottorð þeirra 28 sem ákærðir voru fyrir nauðgun, kom í ljós að 14 þeirra áttu sakaferil að baki (50%), þar af höfðu sex brotið gegn umferðarlögum og/eða lögum um ávana- og fíkniefni (21,4%) og átta höfðu brotið gegn almennum hegningarlögum (28,6%). Hlutföllin héldust því nánast óbreytt á milli mála sem bárust ríkissaksóknara annarsvegar og mála þar sem gefin var út ákæra hinsvegar.

## Brotaþolar

Nánast allir brotaþolar voru konur eða stúlkur. Í 97,9% málanna voru brotaþolar konur eða stúlkur en í 2,1% mála, eða fjórum málum, voru brotaþolar karlar eða drengir. Þegar bakgrunnur brotaþola var greindur, mátti sjá að 88,4% brotaþola voru Íslendingar og 4,8% virtust vera af blönduðu þjóðerni, það er að segja íslensku og erlendu. Brotaþolar af erlendu þjóðerni voru 6,8%, sem er mun lægra en hlutfall erlendra sakborninga, sem var 25,9%. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru kvenkyns innflytjendur að meðaltali 7,9% af heildarfjölda kvenna á Íslandi á árunum 2008–2009.[17] Líkt og í umfjöllun um þjóðerni sakborninga skal hér haft í huga að skilgreining Hagstofunnar á innflytjendum tekur til einstaklinga sem eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis,[18] en í gögnum rannsóknarinnar eru þeir brotaþolar taldir af erlendu þjóðerni sem báru erlent nafn og höfðu ekki íslensku sem fyrsta tungumál eða ráða mátti af gögnum lögreglu að þær væru erlendar. Lögformleg staða erlendra brotaþola á Íslandi lá ekki alltaf fyrir í gögnum málanna en í flestum tilfellum höfðu þær erlendan ríkisborgararétt og höfðu dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi. Hlutfall erlendra brotaþola í gögnum málanna var því í samræmi við fjölda þeirra á landinu.

## Aldur brotaþola

Í töflu 14 hér að neðan má sjá aldursdreifingu brotaþola.

**Tafla 14: Aldur brotaþola þegar brot var framið**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| 14 ára og yngri | 30 | 15,9 |
| 15 -17 ára | 46 | 24,3 |
| 18 - 19 ára | 23 | 12,2 |
| 20-24 ára | 38 | 20,1 |
| 25-29 ára | 13 | 6,9 |
| 30-34 ára | 17 | 9 |
| 35-39 ára | 8 | 4,2 |
| 40-44 ára | 4 | 2,1 |
| 45-49 ára | 5 | 2,6 |
| 50 ára og eldri | 3 | 1,6 |
| Alls | 187 | 98,9 |
| Upplýsingar vantar | 2 | 1,1 |
| Alls | 189 | 100 |

| | Aldur |
|---|---|
| Meðalaldur: | 22,08 ár |
| Miðtala aldurs: | 19 ár |
| Aldursbil: | 3-61 árs |

[17] Samkvæmt talnaefni Hagstofu Íslands (2013c) var meðalfjöldi kvenkyns innflytjenda árin 2008 og 2009 12.385 manns. Meðalfjöldi kvenna á Íslandi árin 2008 og 2009 var 155.932 manns.

[18] Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er „innflytjandi" einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis. Innflytjendur hér á landi eru flestir á aldrinum 20–39 ára (Hagtíðindi, 2009).

Ungur aldur brotaþolanna er afar eftirtektarverður, en sjá má að 40,2% brotaþola voru undir 18 ára aldri og töldust því börn að lögum.[19] Alls var yfir helmingur brotaþola, eða 52,4%, undir tvítugu. Þrátt fyrir að taka einungis til þriggja ára, er fjölmennasta einstaka aldursbilið í rannsókninni 15–17 ára, en alls voru 46, eða 24,3% brotaþola, á þeim aldri þegar brotið átti sér stað. Athygli vekur einnig að 15,9% brotaþola voru yngri en 15 ára en refsivert er að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára.[20] Samkvæmt þessu eru nauðgunarbrot sem tilkynnt eru til lögreglu mjög tengd ungum aldri brotaþola. Þannig voru aðeins 6,3% brotaþola voru 40 ára og eldri.

Aldursdreifing brotaþola var á bilinu 3–61 árs en meðalaldurinn var 22 ár. Miðtalan er 19 ár sem þýðir að helmingur brotaþola var 19 og yngri. Þegar meðalaldur brotaþola er borinn saman við meðalaldur sakborninga sést að sakborningar voru að meðaltali 6,7 árum eldri en brotaþolar. Hlutfall brotaþola undir 18 ára aldri var jafnframt mun hærra en hlutfall sakborninga á sama aldri, eða 40,2% á móti 6,9%.

## Hjúskaparstaða brotaþola

Upplýsingar um hjúskaparstöðu brotaþola voru mun oftar skráðar í málum þar sem kæra lá fyrir. Í þeim 140 málum sem voru kærð, voru 84,3% brotaþola einhleypar eða fráskildar en í 9,3% mála voru þær giftar eða í sambúð. Hátt hlutfall einhleypra brotaþola kemur ekki á óvart í ljósi þess hve hátt hlutfall þeirra voru mjög ungar að árum. Upplýsingar lágu ekki fyrir í 6,4% málanna. Í 12,1% kærðra mála kom fram að brotaþoli ætti eitt barn eða fleiri.

## Atvinnustaða brotaþola

Upplýsingar um atvinnu brotaþola lágu frekar fyrir í kærðum málum en í þeim málum sem ekki hafði verið fylgt eftir með kæru. Því verður einungis gerð grein fyrir atvinnustöðu brotaþola í kærumálum, en þau voru alls 140 (100%). Í tæplega helmingi málanna voru brotaþolar nemar, eða í 69 málum

---

[19] 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002: „Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára.“

[20] 202. gr. hgl.: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með samskiptum á netinu, annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni eða með öðrum hætti mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.“

(49,3%), sem er í samræmi við ungan aldur brotaþola. Í 27 málum (19,3%) voru brotaþolar launþegar, í einu máli (0,7%) var brotaþoli atvinnulaus og í einu máli (0,7%) var brotaþoli í fæðingarorlofi. Í 10 málum (7,1%) voru brotaþolar öryrkjar. Í fjórum málum (2,9%) var staða brotaþola skráð undir „annað“, þar var um að ræða eina ungu stúlku sem hvorki var í námi né vinnu og í hinum þremur málunum var atvinnustaða brotaþola óljós. Í 27 (19,3%) málum var atvinnustaða brotaþola hins vegar ekki skráð eða hennar ekki getið.

## Geðræn og félagsleg vandamál brotaþola

Í rannsókninni var reynt að kanna hve hátt hlutfall þolenda átti við geðræn vandamál að stríða áður en brotið átti sér stað. Þeim niðurstöðum ber einnig að taka með sama fyrirvara og niðurstöðum um sakborninga um þennan þátt, þar sem upplýsingar um andlega heilsu brotaþola voru ekki markvisst skráðar niður í lögregluskýrslum. Því er ekki unnt að draga ályktanir um heildarúrtakið út frá niðurstöðunum, að öðru leyti en því að hér er lágmarkstölur að ræða. Þá ber að geta þess að í þeim málum þar sem brotaþoli lagði ekki fram kæru var sjaldan að finna upplýsingar um andlega heilsu brotaþola. Með geðrænum vandamálum er átt við greiningar á borð við þunglyndi og kvíða, geðhvörf, sem og þroska- og greindarskerðingu, ofvirkni og athyglisbrest. Í 42 málum, eða 22,2% málanna, kom fram að brotaþoli átti við geðræn vandamál að stríða og var þá oft um þunglyndi og/eða kvíða að ræða. Í 11 málum til viðbótar, eða 5,8% mála, voru sterkar vísbendingar í gögnum málanna um að brotaþolar ættu við geðræna og/eða félagslega erfiðleika að stríða, til að mynda í kjölfar þess að hafa upplifað kynferðisofbeldi áður, upplifað einelti, eða verið búsettar á vistheimili. Alls var það því í 53 málum (28%) sem brotaþoli hafði átt við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða eða að sterkar vísbendingar voru um það.

## Kynferðisofbeldi, vændi og mansal

Við rannsóknina var sérstaklega leitað eftir upplýsingum í framburði brotaþola eða öðrum gögnum lögreglu um það hvort brotaþoli hefði áður orðið fyrir kynferðisofbeldi. Í 30 málum, eða 16% málanna, kom fram að brotaþoli hafði áður orðið fyrir kynferðisofbeldi og höfðu 13 þeirra, eða 7% brotaþola, áður kært kynferðisofbeldi til lögreglu.

Einnig var kannað sérstaklega hvort einhver málanna væru vændistengd, það er segja hvort greina mætti af gögnum lögreglu að brotið hefði verið framið í tengslum við vændisstarfsemi. Tvö málanna má skilgreina sem vændis- eða mansalstengd. Í einu málinu var sakborningur vændiskaupandi sem braut gegn konu sem stundaði vændi. Var maðurinn ákærður og sakfelldur fyrir nauðgun. Í hinu málinu var um að ræðu konu sem kærði karlmann fyrir nauðgun og fyrir að selja

þremur öðrum körlum aðgang að sér gegn vilja sínum. Málið var fellt niður hjá ríkissaksóknara. Umrædd mál voru ólík en í síðara málinu kom til að mynda ekki fram að brotaþoli hefði sjálf stundað vændi, heldur fólst brotið í því að sakborningur seldi öðum karlmönnum aðgang að henni gegn vilja hennar.

## Verknaðaraðferð

Verknaðaraðferð við nauðgun ræður úrslitum um það hvernig brotið er heimfært til refsilagaákvæðis við rannsókn máls hjá lögreglu og við málsmeðferð hjá ríkissaksóknara. Í lagalegri merkingu felst nauðgun í því að gerandi þröngvar þolanda til samræðis eða annarra kynferðismaka með ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annars konar nauðung, eða með því að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun þannig að þolandi getur ýmist ekki skilið þýðingu verknaðarins eða gerandi notfærir sér að þannig er ástatt um þolandann að hann geti ekki spornað við verknaðinum. Ákvæði 194. gr. hegningarlaga fjallar um nauðgun og hljóðar orðrétt þannig:

> **194. gr.** Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.
>
> Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

Við síðustu endurskoðun nauðgunarlagaákvæðisins, með lögum nr. 61/2007, var markmiðið að jafna stöðu þolenda kynferðisbrota, þannig að brot þar sem samræði eða önnur kynferðismök eru höfð við þolanda gegn vilja hans yrðu skilgreind sem nauðgun, óháð því hvort brotið var framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi annarsvegar og hinsvegar með annarri ólögmætri kynferðisnauðung eða með því að notfæra sér geðsjúkdóm eða þær aðstæður að brotaþoli getur ekki spornað við verknaðinum. Með lagabreytingunni árið 2007 var því markvisst dregið úr vægi verknaðaraðferða frá því sem áður hafði verið, sbr. fyrri skilgreiningu á nauðgun í kynferðisbrotakafla hegningarlaga frá árinu 1992 og áður árið 1940 í þágildandi skírlífisbrotakafla hegningarlaganna. Þannig eru brot sem áður féllu undir ákvæði 195. gr. (ólögmæt kynferðisnauðung) og 196. gr. (svokölluð misneyting) nú skilgreind sem nauðgun. Fyrir lagabreytinguna árið 2007 höfðu brot gegn ákvæðum 195.–199. gr. varðað vægari refsingu en nauðgun skv. 194. gr., eða fangelsi allt að 3, 4 eða 6 árum. Endurskoðun á kynferðisbrotakaflanum með lögum nr. 61/2007 fól því í sér þónokkra réttarbót fyrir þolendur kynferðisbrota að þessu leyti.

Frásagnir brotaþola af því hvernig sakborningur kom fram vilja sínum gagnvart þeim voru greindar sérstaklega. Stuðst var við lýsingar brotaþola í lögregluskýrslum um það með hvaða hætti sakborningur kom fram vilja sínum og hvaða aðferðum hann beitti til þess, það er að segja hvaða verknaðaraðferð sakborningur beitti, eða reyndi að beita í þeim málum þar sem um tilraun til nauðgunar var að ræða, en þau voru alls fimmtán talsins.

Sakborningar notuðu ólíkar aðferðir og oft var valdbeitingin gagnvart brotaþola samsett úr mörgum ólíkum þáttum. Við flokkun á valdbeitingu lá til grundvallar að ná fram bæði hve mikilli valdbeitingu var beitt og af hvaða tagi valdbeitingin var, sjá töflu 15. Í þeim málum þar sem valdbeitingin einkenndist af fleiri en einni aðferð var metið, á grundvelli frásagnar brotaþola, hvaða einstaki þáttur lýsti brotinu best. Ef hópbroti var til að mynda lýst þannig að brotaþoli hefði sofnað ölvunarsvefni en vaknað við að fleiri en einn gerandi var að brjóta gegn henni flokkaðist það sem „rænulaus“, þar sem lýsing brotaþola á því hvernig gerendur náðu fram vilja sínum fólst helst í því að þeir hafi misnotað sér rænuleysi hennar. Það einkenni þótti því í sumum tilvikum lýsa brotinu betur og ná fram eðli þess, fremur en það einkenni að gerendur voru fleiri en einn. Flokkunin byggðist því á mati um það hvaða einkenni, af nokkrum, lýsti því best með hvaða hætti brotið var gegn brotaþola. Ef brotaþoli lýsti brotinu aftur á móti þannig að gerendur hefðu náð fram vilja sínum í krafti þess að þeir voru fleiri en einn, án þess að þeir hefðu beitt til þess líkamlegri valdbeitingu eða ofbeldi, þá var málið flokkað sem fleiri en einn gerandi og fellt undir „aðstæður“ (sjá nánari umfjöllun um hópbrot í kaflanum *Fleiri en einn sakborningur*).

**Tafla 15: Í hverju fólst valdbeitingin samkvæmt brotaþola?**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Frelsisskerðing ásamt líkamlegri valdbeitingu eða ofbeldi | 2 | 1,1 |
| Ofbeldi (berja, kýla, sparka) eða notkun á vopni | 27 | 14,3 |
| Hótanir** | 5 | 2,6 |
| Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda fastri, toga)* | 44 | 23,3 |
| Rænulaus, nánast rænulaus (man lítið), og/eða vaknar upp við nauðgun | 50 | 26,5 |
| Aðstæður*** | 39 | 20,6 |
| Kynferðisleg misnotkun á barni | 6 | 3,2 |
| Annað | 8 | 4,2 |
| Kemur ekki fram. | 8 | 3,2 |
| Alls | 189 | 100 |

----------

*Líkamleg valdbeiting, þar af einnig: brotaþolar ungir, eða 13-17 ára (19); hótanir (7); gerendur ókunnugir (5); brotaþoli keyrð á afskekkt svæði (3).
**Hótanir, þar af einnig: brotaþoli keyrð á afskekkt svæði (2); andlegt ofbeldi í parasambandi (2); sakborningur með þekktan brotaferil(1).
***Aðstæður: ungur aldur brotaþola, eða á aldrinum 13-17 ára, ásamt því að sakborningur var mun eldri (13); fleiri en einn gerandi (9)[21], brotaþoli hefur áður verið beitt kynferðislegu ofbeldi og/eða er í viðkvæmri stöðu vegna andlegs heilsufars eða neyslu (6); brotaþoli er mjög ung, eða 13-14 ára, og/eða er keyrð á afvikinn stað (10); gerandi með þekktan brotaferil (1).

[21] Hér er átt við að 9 listar hafi verið gerðir fyrir þá gerendur sem komu við sögu en málin eru fjögur og alls voru 2-4 gerendur í hverju máli.

Sjá má í töflunni að í aðeins tveimur málum var frelsisskerðing talið eitt aðaleinkenni málanna ásamt ofbeldi eða líkamlegri valdbeitingu. Í þessum málum viðhöfðu sakborningar jafnframt hótanir gagnvart brotaþola.

Í 14,3% mála beittu sakborningar ofbeldi eða ógnuðu brotaþola með vopni. Með ofbeldi er átt við líkamlega valdbeitingu þar sem sakborningur til dæmis barði, kýldi eða sparkaði í brotaþola. Í átta málum viðhöfðu sakborningar jafnframt hótanir í garð brotaþola til viðbótar við ofbeldið.

Í fimm málum þóttu hótanir lýsa verknaðaraðferð sakborninga best en iðulega komu einnig fleiri þættir til, eins og langvarandi andlegt ofbeldi í parasamböndum, að sakborningar keyrðu brotaþola á afskekkt svæði, eða þá að brotaþoli óttaðist sakborning vegna þess að hún taldi sig vita að hann væri þekktur ofbeldismaður. Alls höfðu sakborningar í hótunum við brotaþola í 22 málum. Hótanirnar beindust gegn lífi brotaþola og líkama, þ.e. brotaþolum var hótað kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi. Í tveimur málum til viðbótar greindu brotaþolar frá annars konar hótunum, sem í báðum tilfellum lutu að því sakborningar myndu koma því til leiðar að brotaþolunum, sem höfðu erlent ríkisfang, yrði vísað úr landi. Í þeim níu málum þar sem gerendur notuðu vopn, áhöld eða aðra hluti til að beita brotaþola ofbeldi eða hóta brotaþola ofbeldi, notuðu þeir til að mynda keðju, hnífa, handjárn, belti og sígarettu.

Í tæpum fjórðungi mála (23,3%) beitti gerandi brotaþola vægari líkamlegri valdbeitingu en að ofan var lýst til að ná fram vilja sínum, til að mynda með því að draga, ýta, hrinda, halda eða toga í brotaþola. Hér ber þó að hafa í huga að í sumum þessara mála beitti sakborningur ekki einungis líkamlegri valdbeitingu heldur einnig öðrum aðferðum eins og hótunum, eða þá að málin einkenndust jafnframt af aðstöðumun á milli aðila eða af þvingandi aðstæðum. Þegar vísað er til aðstæðna er til að mynda átt við tilvik þar sem brotaþolar voru mjög ungar að árum, og/eða þegar sakborningar óku á afskekkt svæði þar sem þær fundu til mikils öryggisleysis.

Í rúmum fjórðungi málanna, eða 26,5% þeirra, fólst valdbeitingin í því að sakborningur misnotaði sér aðstæður brotaþola þar sem þær voru ýmist rænulausar og áttuðu sig ekki á því fyrr en síðar að brotið hafði verið gegn þeim, eða að þær voru undir of miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og gátu af þeim sökum ekki spornað við samræði og mundu atvik því einungis óljóst, ef nokkuð. Einnig voru dæmi þess að brotaþolar vöknuðu, ýmist undir einhverjum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna eða án þess að vera undir áhrifum, við það að sakborningar voru að hafa við þær samræði eða önnur kynferðismök.

Í fimmtungi mála, eða 20,6% þeirra, voru þvingandi aðstæður eða aðstöðumunur helst einkennandi um brotið í frásögn brotaþola af valdbeitingunni. Til að mynda var nokkuð um að brotaþoli væri mjög ung og áttaði sig illa á því sem gerðist eða þá að sakborningur var mun eldri og fór sínu fram í krafti aldurs- og þroskamunar. Í nokkrum málanna var það fjöldi gerenda sem einkenndi frásögn brotaþola af valdbeitingunni, þ.e. að gerendur voru fleiri en einn (sjá nánari

umfjöllun um hópbrot í kaflanum *Fleiri en einn sakborningur*). Einnig voru nokkur mál þar sem brotaþoli lýsti því hvernig hún hefði áður verið beitt kynferðisofbeldi og hefði því einfaldlega frosið þegar hún upplifði á ný sambærilegar aðstæður, eða þá að brotaþoli var í viðkvæmri stöðu sökum heilsufars eða neyslu. Einnig voru nokkur mál þar sem brotaþoli var mjög ung, eða aðeins 13–14 ára, og/eða að henni var ekið á afvikinn stað og hún fann því til mikils öryggisleysis þegar gerandi braut gegn henni.

Til viðbótar voru sex mál þar sem sakborningur hafði misnotað barn kynferðislega í lengri tíma. Þessi mál komu til umfjöllunar þar sem þau höfðu við lögreglurannsókn verið heimfærð undir nauðgunarlagaákvæðið, en flest kynferðisbrot sem varða samræði og/eða önnur kynferðismök gegn börnum eru heimfærð undir önnur lagaákvæði kynferðisbrotakaflans. Í fjórum þessara mála voru brotaþolar orðnar fullorðnar þegar þær áttuðu sig á að brotið hafði verið gegn þeim, en í tveimur málanna voru brotaþolar enn börn að lögum þegar brotið var til rannsóknar. Brotaþolar í þessum málum áttu það því flestar sameiginlegt að hafa ekki skilið þýðingu verknaðarins á verknaðarstundu.

Einnig skal tekið fram að í 24 málanna greindi brotaþoli frá því hvernig sakborningur hefði niðurlægt sig sérstaklega og þá ýmist með orðum og/eða gjörðum. Niðurlægingin fólst oft í því sakborningar vísuðu til kynferðis brotaþola og útlits, en einnig með því að sakborningar lýstu því með ljótu orðbragði að brotaþoli væri einskis virði. Í nokkrum málum greindu brotaþolar frá því að sakborningar hefðu hrækt á sig eða slegið sig á kynfæri og rass ásamt því að viðhafa niðurlægjandi orðfæri. Einnig kom fyrir að brotaþolar greindu frá því að sakborningar hefðu skipað sér fyrir og verið drottnandi í framkomu og viðhaft niðrandi orð á meðan. Mörkin á milli niðurlægingar og ótta í frásögnum brotaþola voru því oft óljós.

## Viðbrögð og mótspyrna

Viðbrögð og mótspyrna brotaþola við árás sakborninga var nokkuð ólík eftir málum en um þetta atriði var byggt á frásögnum brotaþola sjálfra í lögregluskýrslum eins og í umfjölluninni um verknaðaraðferðir sakborninga.

**Tafla 16: Viðbrögð, mótspyrna brotaþola**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Mjög ölvuð / rænulaus: lítil eða engin mótspyrna | 28 | 14,8 |
| Neitaði, fraus, grét | 54 | 28,6 |
| Streittist á móti | 40 | 21,2 |
| Virk líkamleg mótspyrna | 30 | 15,9 |
| Annað | 18 | 9,5 |
| Kemur ekki fram | 19 | 10,1 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Í 37,1% tilvika streittist brotaþoli á móti eða viðhafði virka líkamlega mótspyrnu gegn sakborningum. Í 14,8% mála lýstu brotaþolar því hvernig sakborningar misnotuðu sér að þær voru ofurölvi og gátu litla eða enga mótspyrnu veitt. Í rúmum fjórðungi mála (28,6%) sagðist brotaþoli hafa neitað og mótmælt sakborningi en sýndi enga líkamlega mótspyrnu. Lýstu brotaþolar viðbrögðum sínum oft á þann hátt að þegar þær áttuðu sig á hvað sakborningur ætlaði sér hefðu þær orðið fyrir svo miklu áfalli að þær hefðu frosið og/eða verið of hræddar til að berjast um. Af þessu má þó einnig ráða að tæplega helmingur brotaþola veitti litla sem enga líkamlega mótspyrnu sem leiddi til þess að sakborningur þurfti ekki að beita miklu líkamlegu ofbeldi til að ná fram vilja sínum.

Önnur mál sem féllu ekki í áðurnefnda flokka voru til dæmis mál þar sem sakborningur hafði beitt brotaþola ítrekuðu ofbeldi í nánu sambandi til langs tíma. Viðbrögð brotaþola í þessum málum voru oft lítil sem engin. Þá var í nokkrum tilvikum um að ræða mál þar sem brotaþoli var barn að aldri þegar brotið átti sér stað og viðbrögð barnsins oft lítil sem engin og/eða um var að ræða eldri mál þar sem brotaþoli lýsti því ekki nákvæmlega í lögregluskýrslu hver viðbrögð hennar hefðu verið. Í 10,1% málanna kom ekki fram hver viðbrögð brotaþola höfðu verið en þar var oft um að ræða mál sem ekki var fylgt eftir með kæru og því lágu ekki fyrir greinargóðar lýsingar af brotinu eða upplifun brotaþola í gögnunum.

Þegar valdbeiting sakborninga er borin saman við viðbrögð eða mótspyrnu brotaþola má sjá að í þeim 34 málum þar sem verknaðaraðferð sakborninga fólst í frelsisskerðingu, hótunum, ofbeldi eða að ógna/skaða brotaþola með vopni, brugðust brotaþolar oftast við með virkri líkamlegri mótspyrnu (11 mál) eða streittust á móti (8 mál), eða alls í yfir helmingi mála. Í um fjórðungi málanna (8 mál) brugðust þær við með því að mótmæla sakborningi og frjósa og gráta.

**Tafla 17: Viðbrögð brotaþola við verknaðaraðferð sakborninga**

| Verknaðaraðferð | Virk líkamleg mótspyrna | Streittist á móti | Neitaði, fraus, grét | Rænu-laus | Annað | Kemur ekki fram | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ofbeldi eða ógnað með vopni, frelsisskerðing eða hótanir | 11 | 8 | 8 | 0 | 4 | 3 | **34** |
| Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda, toga) | 14 | 16 | 11 | 0 | 1 | 2 | **44** |
| Aðstæður (þmt þar sem brþ var barn að aldri (3-12 ára)) | 1 | 11 | 23 | 0 | 6 | 4 | **45** |
| Rænulaus, nánast rænulaus, vaknar upp við nauðgun | 4 | 10 | 8 | 21 | 3 | 4 | **50** |
| Annað | 0 | 2 | 3 | 0 | 3 | 0 | **8** |
| Kemur ekki fram | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 6 | **8** |
| Alls | **30** | **47** | **54** | **21** | **18** | **19** | **189** |

Í þeim 44 málum þar sem sakborningar beittu vægari líkamlegri valdbeitingu (með því að ýta, draga, hrinda, halda, toga) brugðust brotaþolar oftast við með því að streitast á móti (16 mál) eða með virkri

líkamlegri mótspyrnu (14 mál). Einnig brugðust þær við með því að mótmæla sakborningi og frjósa og gráta í um fjórðungi málanna.

Viðbrögð brotaþola við sakborningum sem beittu nokkru eða töluverðu líkamlegu ofbeldi eða hótunum til að ná fram vilja sínum voru því oftast þau að veita virka líkamlega mótspyrnu eða streitast á móti, eða í 49 málum af 78, eða 62,8% mála. Í um fjórðungi málanna, eða 24,4% mála, brugðust þær við með því að neita, frjósa og/eða gráta.

Í þeim 45 málum þar sem verknaðaraðferð sakbornings fólst í þvingandi aðstæðum, þar með talið málum þar sem brotaþolar voru börn á aldrinum 3–12 ára, brugðust brotaþolar oftast við með því að neita, frjósa og eða gráta (23 mál), eða í um helmingi málanna. Í nokkrum málum brugðust þær við með því að streitast á móti (11 mál). Þessi mál virðast því öðru fremur hafa einkennst af áfallaviðbrögðum brotaþola og/eða hræðslu þeirra.

Í þeim 50 málum þar sem sakborningar misnotuðu sér rænuleysi eða svefndrunga brotaþola sögðust brotaþolar oftast hafa verið alveg rænulausar og hefðu því ekki getað veitt viðnám (21 mál), en lýstu því stundum að þær hefðu streist á móti og þá oft af veikum mætti (10 mál). Í öðrum málum neitaði brotaþoli, fraus eða grét (8 mál), í nokkrum málum brugðust þær við með virkri líkamlegri mótspyrnu þegar þær urðu þess áskynja að brotið væri gegn þeim (4 mál).

Eins og fyrr segir voru komu viðbrögð brotaþola sem flokkuð voru sem annars konar viðbrögð gjarnan fyrir í málum þar sem sakborningur hafði beitt brotaþola ítrekuðu ofbeldi í nánu sambandi til langs tíma. Viðbrögð brotaþola voru þá stundum með ólíkum hætti við hverja árás. Þá var í nokkrum tilvikum um að ræða mál þar sem brotaþoli var barn að aldri þegar brotið átti sér stað og viðbrögð barnsins oft lítil sem engin og/eða um var að ræða eldri mál þar sem brotaþoli lýsti því ekki nákvæmlega í lögregluskýrslu hver viðbrögðin hennar hefðu verið.

## Aldur aðila, verknaðaraðferð og viðbrögð/mótspyrna

Töluverður munur var á verknaðaraðferðum sakborninga eftir því hvort brotaþolar voru yngri en 18 ára, og því börn að aldri samkvæmt lögum, eða 18 ára og eldri.

**Tafla 18: Verknaðaraðferð sakborninga eftir aldri brotaþola**

| Verknaðaraðferð sakborninga | Yngri en 18 ára<br>% (fjöldi) | 18 ára og eldri<br>% (fjöldi) |
|---|---|---|
| Ofbeldi eða ógnað með vopni, frelsisskerðing eða hótanir | 9,2 (7) | 23,9 (27) |
| Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda, toga) | 30,3 (23) | 18,6 (21) |
| Rænulaus, nánast rænulaus (man lítið), og/eða vaknar upp við nauðgun | 15,8 (12) | 33,6 (38) |
| Aðstæður (þ.m.t. þar sem brþ. var barn að aldri (3–12 ára)) | 42,1 (32) | 11,5 (13) |
| Annað | 0,0 (0) | 7,1 (8) |
| Kemur ekki fram | 2,6 (2) | 5,3 (6) |
| Alls | 100% (76) | 100% (113) |

Það var hlutfallslega algengara að sakborningar beittu eldri brotaþola líkamlegu ofbeldi, frelsisskerðingu, ógnuðu þeim með vopni eða hefðu í hótunum en í málum þar sem brotaþolar voru yngri. Einnig var mun algengara að sakborningar misnotuðu sér rænuleysi eldri brotaþola en þeirra sem yngri voru.

Í málum yngri brotaþola var hlutfallslegra algengara að sakborningar beittu vægari valdbeitingu, t.a.m. ýttu, drógu, hrintu, héldu og toguðu í brotaþola, en í málum þar sem brotaþolar voru eldri. Einnig var algengara að verknaðaraðferð sakborninga einkenndist af aðstöðumun í málum yngri brotaþola en málum þeirra sem eldri voru.

Þegar viðbrögð brotaþola voru könnuð eftir aldurshópum kom í ljós að hlutfallslega lítill munur var á hópunum eftir því hvort brotaþolar veittu virka líkamlega mótspyrnu eða streittust á móti sakborningi.

**Tafla 19: Viðbrögð/mótspyrna brotaþola eftir aldurshópum**

| Viðbrögð brotaþola | Yngri en 18 ára<br>% (fjöldi) | 18 ára og eldri<br>% (fjöldi) |
|---|---|---|
| Virk líkamleg mótspyrna | 15,8 (12) | 15,9 (18) |
| Streittist á móti | 25 (19) | 24,8 (28) |
| Neitaði, fraus, grét | 35,5 (27) | 23,9 (27) |
| Rænulaus | 9,2 (7) | 12,4 (14) |
| Annað | 5,3 (4) | 12,4 (14) |
| Kemur ekki fram | 9,2 (7) | 10,6 (12) |
| Alls | 100 (76) | 100% (113) |

Hlutfallslega fleiri brotaþolar í yngri hópnum brugðust við með því að neita, frjósa og/eða gráta, en munurinn var þó ekki mjög mikill. Hlutfallslega lítill munur var á hópunum í þeim málum þar sem

brotaþolar greindu frá því að hafa verið með öllu rænulausar og gátu því engin viðbrögð sýnt, en það var örlítið algengara í eldri hópnum en þeim yngri. Ekki reyndist afgerandi munur á viðbrögðum brotaþola við árás sakborninga eftir því hvort brotaþolar voru yngri en 18 ára eða 18 ára og eldri.

## Tengsl aðila, verknaðaraðferð og viðbrögð/mótspyrna

Verknaðaraðferðir sakborninga og viðbrögð brotaþola voru greind út frá tengslum aðila, þ.e. hvort aðilar þekktust lítið eða ekkert,[22] eða hvort tengsl voru á milli þeirra, þar með talið, vina- og kunningjatengsl, maka- og fjölskyldutengsl og önnur tengsl.

**Tafla 20: Verknaðaraðferð sakborninga eftir tengslum við brotaþola**

| Verknaðaraðferð sakborninga | Þekktust lítið / ekkert % (fjöldi) | Þekktust % (fjöldi) |
|---|---|---|
| Ofbeldi eða ógnað með vopni, frelsisskerðing eða hótanir | 18,1 (15) | 18,4 (19) |
| Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda, toga) | 24,1 (20) | 23,3 (24) |
| Rænulaus, nánast rænulaus (man lítið), og/eða vaknar upp við nauðgun | 30,1 (25) | 24,3 (25) |
| Aðstæður (þ.m.t. þar sem brþ. var barn að aldri (3–12 ára)) | 15,7 (13) | 31,1 (32) |
| Annað | 7,2 (6) | 1,9 (2) |
| Kemur ekki fram | 4,8 (4) | 1,0 (1) |
| Alls | 100% (83) | 100% (103) |

Ekki var mikill munur á verknaðaraðferðum sakborninga eftir því hvort tengsl voru á milli sakborninga og brotaþola eða hvort brotaþolar og sakborningar þekktust lítið eða ekkert. Helst mátti greina mun í þeim málum þar sem brotaþolar lýstu því að aðstæður, t.a.m. aldursmunur eða ungur aldur brotaþola, einkenndu helst verknaðaraðferð sakborninga, en í þeim málum voru mun oftar tengsl á milli aðila. Í málum þar sem brotaþolar voru rænulausar, nánast rænulausar eða vöknuðu upp við nauðgunina, voru oftar lítil eða engin tengsl á milli aðila.

[22] Í breytunni „Þekkti sakborning lítið eða ekkert“ voru teknar saman breyturnar „Ný kynni“, þar sem brotaþoli og sakborningur kynntust fyrst innan 24 tíma áður en brotið átti sér stað, og „Þekktust ekki“, þar sem aðilar þekktust ekkert þegar sakborningur braut gegn brotaþola.

Nokkur munur var á viðbrögðum brotaþola eftir því hvort tengsl voru á milli sakborninga og brotaþola eða hvort brotaþolar og sakborningar þekktust lítið eða ekkert.

**Tafla 21: Viðbrögð brotaþola eftir tengslum við sakborninga**

| Viðbrögð brotaþola | Þekktust lítið / ekkert % (fjöldi) | Þekktust % (fjöldi) |
|---|---|---|
| Virk líkamleg mótspyrna | 18,1 (15) | 14,6 (15) |
| Streittist á móti | 30,1 (25) | 21,4 (22) |
| Neitaði, fraus, grét | 20,5 (17) | 35,9 (37) |
| Rænulaus | 9,6 (8) | 12,6 (13) |
| Annað | 10,8 (9) | 8,7 (9) |
| Kemur ekki fram | 10,8 (9) | 6,8 (7) |
| Alls | 100% (83) | 100% (103) |

Í þeim málum þar sem brotaþolar streittust á móti þekktust aðilar oftar lítið eða ekkert. Í þeim málum þar sem brotaþolar neituðu, frusu og eða grétu, voru mun oftar tengsl milli brotaþola og sakborninga. Ekki var mikill munur á milli hópa í þeim málum þar sem brotaþolar viðhöfðu virka líkamlega mótspyrnu eða voru rænulausar sökum ölvunar. Af þessu má ráða að brotaþolar streittust fremur á móti þeim sakborningum sem þær þekktu ekki en brugðust aftur á móti oftar við með því að frjósa þegar sakborningar sem þær þekktu brutu gegn þeim.

## Afstaða sakborninga til sakarefnis

Þegar frásagnir brotaþola af atvikum málanna í lögregluskýrslum voru bornar saman við framburð sakborninga við yfirheyrslu hjá lögreglu, voru þær alla jafna afar ólíkar. Af þeim 189 málum sem lágu til grundvallar rannsókninni mátti finna framburð sakborninga í 139 máli eða í 73,5% mála. Afstaða sakborninga til sakarefnis var langoftast sú að neita sök, ýmist þannig að sakborningar neituðu alfarið sök eða könnuðust við að hafa haft samfarir við ætlaðan brotaþola en kváðu það hafa verið með samþykki hennar. Aðeins fjórir sakborningar játuðu sök. Nánar skiptist afstaða sakborninga til sakarefnis þannig: í 81 máli neitaði sakborningur sök en játaði að samræði eða önnur kynferðismök hefði átt sér stað með samþykki þolanda. Af þeim sagði 41 jafnframt að brotaþoli hefði sýnt frumkvæði að kynlífi. Í 33 málum neituðu sakborningar alfarið sök og neituðu jafnframt að hafa átt samræði eða kynmök við brotaþola. Í átta málum báru sakborningar við minnisleysi um atvik. Eins og áður sagði játuðu aðeins fjórir sakborningar sök.

Í 10 málum breyttist framburður sakborninga á meðan á rannsókn málsins stóð, þannig að við fyrstu skýrslutöku héldu sakborningar fram tiltekinni afstöðu til sakarefnis en við síðari skýrslutökur var afstaðan orðin önnur. Í sjö þessara mála neitaði sakborningur í fyrstu að samræði hefði átt sér stað en breytti svo framburði sínum og játaði þá samræði en sagði það hafa farið fram með samþykki

brotaþola. Í fjórum af þessum sjö málum voru brotaþolar undir 15 ára aldri og því refsivert að hafa samræði við þær, óháð vilja þeirra. Í tveimur málanna játuðu sakborningar sök við upphaf rannsóknar en báru síðar við minnisleysi um atvik máls. Í einu máli játaði sakborningur sök við yfirheyrslu en neitaði sök fyrir dómi.

Í þremur málum til viðbótar kom ýmist ekki fram í gögnum málanna hver afstaða sakborninga var (2) eða að sakborningur neitaði að svara spurningum lögreglu og að taka afstöðu til sakarefnis (1).

## Lengd brots

Upplýsingar um hve lengi brotið varði voru byggðar á frásögnum brotaþola hjá lögreglu. Í flestum tilvikum stóð brotið yfir og jafnlengi sem nam nauðgunarverknaðinum, eða í 64% mála, og stóð verknaðurinn þá yfir í minna en 30 mínútur.

**Tafla 22: Hve lengi stóð brotið yfir**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Minna en 30 mín | 121 | 64,0 |
| 30–60 mín | 20 | 10,6 |
| 1–4 tíma | 16 | 8,6 |
| Meira en 4 tímar | 5 | 2,6 |
| Ítrekuð brot yfir lengri tíma | 13 | 6,9 |
| Man ekki / veit ekki | 9 | 4,8 |
| Alls | 184 | 97,4 |
| Upplýsingar vantar | 5 | 2,6 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Í 10% mála stóð verknaðurinn lengur yfir, eða í 30–60 mínútur, en þá var til dæmis um það að ræða að brotaþoli væri föst í bifreið sakbornings og kæmist ekki út, eða þá að sakborningur hafði ekið á afvikinn stað og brotaþoli upplifði að hún kæmist ekki í burtu. Því upplifði hún að brotið væri gegn sér lengur en sem nam sjálfu nauðgunarbrotinu. Í sumum tilvikum lýsti brotaþoli því að hún hefði verið undir miklum áfengisáhrifum og verið illa áttuð og gert sér litla grein fyrir því sem gerðist eða hve lengi brotið stóð yfir, en taldi að það hefði staðið yfir í nokkurn tíma. Langstærsti hluti brotanna varði í um klukkustund eða skemur, alls 74% mála.

Í þeim 16 málum, 8,6% mála, þar sem verknaðurinn stóð yfir í 1–4 tíma var um hópbrot að ræða í um helmingi málanna. Í öðrum málum beitti sakborningur brotaþola töluverðu líkamlegu ofbeldi ásamt frelsisskerðingu, eða þá að brotaþoli var rænulaus í lengri tíma en rankaði við sér nokkrum sinnum yfir nóttina við að sakborningur var að brjóta gegn henni.

Í fimm málum, eða 2,6% mála, var um lengri frelsisskerðingu að ræða, eða yfir fjórar klukkustundir. Í tveimur þessara mála beittu sakborningar brotaþola kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi með hléum yfir heila nótt og þar lýstu brotaþolar því að þær hefðu verið of hræddar til að flýja vegna hótana sakborninga. Í þremur málanna grunaði brotaþola sterklega að sakborningar hefðu byrlað sér ólyfjan og voru þær því rænulausar í marga klukkutíma. Í 6,9% mála var um að ræða ítrekuð brot yfir lengri tíma, t.a.m. ofbeldi í nánum samböndum og kynferðisleg misnotkun á börnum, og því lágu ekki fyrir upplýsingar um hve lengi einstök brot stóðu yfir.

## Réttarlæknisfræðileg skoðun

Tvær neyðarmóttökur vegna nauðgana eru starfræktar á landinu, annars vegar Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum Fossvogi og hins vegar á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri. Þjónusta neyðarmóttökunnar felst í læknisskoðun og meðferð, þar með talin er kvenskoðun, réttarlæknisfræðileg skoðun og taka og varðveisla sakargagna. Með réttarlæknisfræðilegri skoðun er átt við læknisskoðun sem miðar að töku og varðveislu sakargagna, til að mynda lífsýnis, og myndun og mat áverka sem getur aðstoðað lögreglu við rannsókn máls og getur verið notað sem sönnunargagn fyrir dómi. Jafnframt er boðið upp á ráðgjöf og stuðning læknis og hjúkrunarfræðings um eftirmeðferð líkamlegra áverka, lyfjameðferð og upplýsingagjöf um kreppuráðgjöf og viðtöl vegna andlegrar vanlíðunar. Jafnframt er boðið upp á þjónustu lögmanns/réttargæslumanns, hvort sem brotaþoli leggur fram kæru eða ekki (Landspítali háskólasjúkrahús, 2013). Lögreglan hefur jafnframt haft umsjón með því að útvega heilbrigðisstarfsmönnum á landsbyggðinni áhöld og leiðbeiningar um töku og varðveislu sakargagna (svokallað „rape-kit“) í þeim tilfellum sem skoðun er framkvæmd annars staðar en á neyðarmóttökum.

Vottorð vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar lá fyrir í tæpum helmingi mála, alls 46,6% mála. Í 4,8% málanna lágu þó fyrir önnur læknisvottorð þar sem brotaþolar höfðu farið í læknisskoðun, aðra en réttarlæknisfræðilega skoðun, t.d. hjá heimilislækni. Í þeim 105 málum þar sem brotaþoli undirgekkst læknisskoðun eða réttarlæknisfræðilega skoðun fór hún oftast fram sama dag og brotið átti sér stað, eða í 61% tilfella. Í 13,3% mála til viðbótar fór læknisskoðunin fram daginn eftir brotið og í 10,5% mála fór hún fram tveimur dögum síðar. Í 84, 8% mála fór réttarlæknisfræðileg skoðun því fram innan tveggja daga frá því að brotið var gegn brotaþola. Í 15,2% mála fór skoðunin

fram síðar, eða allt frá 3 til 39 dögum síðar. Í þeim 97 málum þar sem læknisvottorð lá fyrir voru líkamlegir áverkar skráðir í 56 málum, eða 57% málanna.[23]

**Tafla 23: Líkamlegir áverkar samkvæmt læknisvottorði**

| Tegund áverka | Fjöldi brota (N=56) | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Marblettir | 28 | 28,8 |
| Áverkar í/við leggöng, sköp eða skapabarma | 23 | 23,7 |
| Skrámur og rispur | 17 | 17,5 |
| Bólgur, þroti í húð, eymsli í vöðvum | 15 | 15,5 |
| Áverkar í/við endaþarm | 9 | 9,3 |
| Blæðingar vegna áverka | 6 | 6,2 |
| Áverkar á hálsi | 5 | 5,2 |
| Skurðir | 3 | 3,1 |
| Beinbrot | 2 | 2,1 |
| Sýkingar/kynsjúkdómar | 1 | 1,0 |
| Annað | 15 | 11,3 |

Algengustu líkamlegu áverkar voru svokallaðir yfirborðsáverkar, þ.e. marblettir, skrámur, rispur, bólgur og eymsli. Einnig var nokkuð um áverka á og við kynfæri og endaþarm. Líkamlegir áverkar eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot voru hinsvegar sjaldgæfir. Dæmi um annars konar líkamlega áverka voru eymsli á lífbeini og innri kynfærum, eymsli í kringum þjóhnappa, rofið meyjarhaft, rof á hljóðhimnu, innvortis blæðingar og brunasár. Hér ber þó að hafa í huga að í nokkrum málum kom fram í gögnum málsins að brotaþoli hafði hlotið alvarlega áverka en þar sem læknisvottorð var ekki að finna í gögnum málsins er ekki unnt að gera grein fyrir þeim. Þegar þau 56 mál þar sem upplýsingar lágu fyrir voru greind eftir alvarleika líkamlegra áverka, kom í ljós að áverkarnir voru töluverðir eða meiriháttar í 22 málum en minniháttar í 34 málum.

[23] Í 105 málum kom fram að brotaþoli hafi undirgengist réttarlæknisfræðilega- eða læknisskoðun en læknisvottorðið lá fyrir í gögnum 97 mála.

Upplýsingar um andlegt ástand brotaþola við komu á Neyðarmóttöku lá fyrir í 88 málum (sjá töflu 24), en til grundvallar liggur eyðublað Neyðarmóttöku sem fyllt er út af starfsfólki við komu þolenda. Í flestum tilfellum var merkt við fleiri en einn möguleika.

**Tafla 24: Andlegt ástand brotaþola við komu á Neyðarmóttöku**

| | Tíðni (N=88) |
|---|---|
| Skýr frásögn | 44 |
| Grátköst | 33 |
| Man lítið eða ekkert | 27 |
| Óraunveruleikakennd | 23 |
| Fjarræn/n | 21 |
| Yfirveguð/yfirvegaður | 16 |
| Samhengislaus framsetning | 16 |
| Í hnipri | 16 |
| Óttaslegin/kvíðin(n) | 13 |
| Í losti | 12 |
| Endurlifun árásar | 9 |
| Í tilfinningarlegu jafnvægi | 6 |
| Eirðarlaus/óróleg(ur) | 5 |
| Í sjálfsmorðshugleiðingum | 1 |

Í helmingi tilvika var frásögn brotaþola sögð skýr og í 33 málum kom fram að brotaþoli hafi fengið grátköst. Í um þriðjungi mála (27 mál) var merkt við að brotaþoli hafi lítið eða ekkert munað eftir því sem hafði átt sér stað, en það átti iðulega við um mál þar sem brotaþolar höfðu verið rænulausar eða mjög drukknar. Í 23 málum einkenndist ástand brotaþola af óraunveruleikakennd og í 21 máli voru þær sagðar fjarrænar. Brotaþolum var einnig stundum lýst þannig að þær hefðu setið í hnipri, virst óttaslegnar eða kvíðnar og þá var greint frá endurlifunum árásar og að brotaþoli virtist í losti. Einnig lýsti starfsfólk brotaþolum þannig að þær hefðu í 16 málum birst sem yfirvegaðar og í sex tilvikum í tilfinningalegu jafnvægi.

## Ungur aldur brotaþola

Nokkuð hátt hlutfall brotaþola var undir 18 ára aldri, eða alls 40,2% þeirra, en ungmenni undir 18 ára aldri eru börn að lögum.[24] Það vekur einnig athygli að 15,9% brotaþola voru yngri en 15 ára, en refsivert er að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára.[25] Stór hluti brotaþola var einnig á aldrinum 15–17 ára, eða 24,3%.

[24] 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002: „Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára."

[25] 202. gr. hgl.: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Í 76 málum voru brotaþolar undir 18 ára aldri. Þegar greindar voru upplýsingar um hverjir tilkynntu brotin til lögreglu í þessum málum var það oftast foreldri brotaþola (35,5% mála) eða félagsmálayfirvöld (30,3% mála). Brotaþolar sjálfar tilkynntu um brotið til lögreglu í 11 málum (14,5% mála). Í öðrum málum tilkynntu ýmist vinir eða kunningjar brotið (7,9% mála) eða aðrir (11,8%). Í einu máli var brotið tilkynnt af heilbrigðisyfirvöldum og í hinum var það vitni, t.d. einhver sem átti leið hjá. Þannig voru það foreldrar og félagsmálayfirvöld sem tilkynntu um nauðgunina í meirihluta málanna, eða 65,8% þeirra.

Eins og fram kom í kaflanum *Aldur aðila, verknaðaraðferð og viðbrögð/mótspyrna* var hlutfallslegra mun algengara að sakborningar beittu minna líkamlegu valdi í málum brotaþola sem voru yngri en 18 ára, t.a.m. ýttu, drógu, hrintu, héldu og toguðu í brotaþola, en í málum þar sem brotaþolar voru eldri. Einnig var algengara að verknaðaraðferð sakborninga einkenndist af aðstöðumun í málum yngri brotaþola en málum þeirra sem eldri voru. Þegar viðbrögð brotaþola voru könnuð eftir aldurshópum reyndist hlutfallslega lítill munur á hópunum eftir því hvort brotaþolar veittu virka líkamlega mótspyrnu eða streittust á móti sakborningi. Hlutfallslega fleiri brotaþolar í yngri hópnum brugðust þó við með því að neita, frjósa og eða gráta en munurinn var ekki mjög mikill.

Upplýsingar um áfengis- og vímuefnaneyslu brotaþolanna byggja á frásögnum og mati þeirra sjálfra í lögregluskýrslum. Upplýsingar um áfengis- og vímuefnaneyslu brotaþola sem voru 14 ára og yngri lágu fyrir í 27 af alls 30 málum. Af þeim sögðust sjö brotaþolar hafa verið undir áhrifum áfengis (ein var undir einhverjum áhrifum og sex undir mjög miklum áhrifum) en 20 brotaþolar voru hvorki undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna. Um fjórðungur brotaþola í þessum aldurshópi var því undir áhrifum áfengis, eða 26%. Þegar sambærilegar upplýsingar voru kannaðar fyrir brotaþola á aldrinum 15–17 ára sögðust fjórar af 46 stúlkum hafa verið rænulausar á verknaðarstundu og 17 til viðbótar sögðust hafa verið undir mjög miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Átta brotaþolar sögðust hafa verið undir einhverjum áhrifum en 12 voru ekki undir neinum áhrifum. Af þessu má sjá að 62,8% brotaþola á aldrinum 15–17 sögðust hafa verið undir einhverjum áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var gegn þeim. Í málum þar sem brotaþolar voru yngri en 18 ára var einnig mikill aldursmunur á brotaþolum og sakborningum. Sakborningar voru að meðaltali 9,2 árum eldri en brotaþolar, eða allt frá því að brotaþoli væri einu ári eldri en sakborningur til þess að sakborningur væri 41 ári eldri en brotaþoli. Í helmingi málanna voru sakborningar meira en 4 árum eldri en brotaþolar.

---

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.
Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með samskiptum á netinu, annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni eða með öðrum hætti mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.“

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008[26] fer skýrslutaka af brotaþolum sem ekki hafa náð 15 ára aldri fram fyrir dómi, eða í Barnahúsi, ef rannsókn beinist að kynferðisbrotum. Lögregla ákveður hvort skýrslutaka af brotaþolum á aldrinum 15–17 ára fari fram hjá lögreglu eða í Barnahúsi.

**Tafla 25: Hvar fór skýrslutaka af brotaþolum undir 18 ára fram?**

| Staðsetning | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Fyrir dómi | 22 | 31,0 |
| Í Barnahúsi | 20 | 28,2 |
| Hjá lögreglu | 15 | 21,1 |
| Engin skýrsla tekin af brotaþola | 13 | 18,3 |
| Annað* | 1 | 1,4 |
| Alls | 71 | 100,0 |

*Gögn um þetta atriði vantar í einu máli.

Af 71 máli þar sem brotaþoli var yngri en 18 ára þegar málið var tilkynnt til lögreglu var í 57 málum tekin kæruskýrsla af brotaþola. Skýrslan var ýmist tekin fyrir dómi, í Barnahúsi eða hjá lögreglu, og þá nær alltaf í viðurvist réttargæslumanna og í sumum tilvikum einnig fulltrúa barnaverndaryfirvalda. Í tveimur málanna var réttargæslumaður þó ekki viðstaddur, í einu þeirra samþykkti réttargæslumaður að skýrslutaka af brotaþola færi fram án hans og í einu máli var einungis fulltrúi barnaverndaryfirvalda viðstaddur. Aldur brotaþola í málum þar sem skýrslutaka fór fram í Barnahúsi var allt frá 13–17 ára og aldur brotaþola þar sem skýrslutaka fór fram fyrir dómi var allt frá 14–17 ára. Aldur brotaþola í þeim tilfellum þar sem skýrslutaka fór fram hjá lögreglu var 15–17 ára. Í þeim 13 málum þar sem engin skýrsla var tekin af brotaþola, háttaði iðulega svo til að tilkynningu var ekki fylgt eftir með kæru.

---

[26] 59. gr.: „Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:
a. af brotaþola ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst,
b. af sakborningi, brotaþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess,
c. af brotaþola eða öðrum vitnum ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða.
Um skýrslutöku fyrir dómi skv. 1. mgr. gilda ákvæði XV. kafla.“

## Fleiri en einn sakborningur

Mál þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru alls 22, eða 13,3% málanna, og voru sakborningar á bilinu tveir til fjórir í hverju máli.[27] Megineinkenni þessara mála voru annarsvegar þau að tveir eða fleiri sakborningar voru kærðir fyrir að nauðga brotaþola hver á eftir öðrum og hinsvegar að tveir eða fleiri sakborningar voru kærðir fyrir að nauðga brotaþola samtímis.

Í sjö málum lýsti brotaþoli nauðguninni þannig að fyrst hefði einn sakborningur brotið gegn henni og því næst annar. Dæmi um slíkt var mál ungrar konu sem lagði fram kæru á hendur tveimur mönnum sem brotið höfðu gegn henni, fyrst annar og svo hinn, eftir að hún hafði fengið að leggjast til svefns í íbúð annars þeirra þar sem hún var afar drukkin og hafði ekki komist heim til sín. Mundi hún slitrótt eftir ofbeldinu vegna mikillar ölvunar.

Í níu málum greindu brotaþolar frá því að sakborningar hefðu báðir eða allir, tveir til fjórir, brotið gegn sér samtímis. Dæmi um slíkt var mál ungrar stúlku sem greindi frá því að hún hefði verið mjög ölvuð að skemmta sér og fengið far með fjórum mönnum sem höfðu farið með hana í íbúð þar sem þeir brutu allir gegn henni samtímis. Líkt og í málinu hér að ofan, mundi hún einnig einungis slitrótt eftir ofbeldinu vegna ölvunar.

Í sex málum til viðbótar var tilkynnt um nauðganir þar sem fleiri en einn sakborningur hafði verið að verki en hvorki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda þeirra né um hvað átti sér nákvæmlega stað, þar sem kæra hafði ekki verið lögð fram. Í tveimur þessara mála mátti skilja af greinargerðum lögreglu að konurnar hefðu fundist illa haldnar og þá gefið til kynna að gerendur hefðu verið fleiri en einn. Í kjölfarið hafði lögregla svo ekið þeim á Neyðarmóttöku.

Málin voru mjög ólík innbyrðis og því vandkvæðum bundið að draga skýrar línur hvað varðar einkenni þeirra. Þó má segja að í mörgum tilvikum voru brotaþolar undir miklum áhrifum áfengis og því í afar viðkvæmri stöðu, en sakborningar voru aftur á móti undir mun minni áhrifum. Annað einkenni þessara mála var að lítil tengsl voru á milli aðila, þ.e. brotaþoli þekkti gerendur mjög lítið eða ekkert. Tveimur þessara mála lauk með sakfellingu en í báðum málunum þekktu brotaþolar sakborninga mjög náið og voru brotin þá hluti af ítrekuðum brotum gegn þolendum.

Meðalaldur þeirra 23 brotaþola sem leituðu til lögreglu vegna brota þar sem gerendur voru fleiri en einn var 23,4 ár og var helmingur þeirra undir 19 ára aldri. Yngsti brotaþolinn var 4 ára en sú elsta var 49 ára. Aldur brotaþola í þessum brotum er mjög svipaður og í heildarúrtakinu þar sem meðalaldur var 22 ár og helmingur gerenda voru 19 ára og yngri.

Í þeim málum þar sem lá fyrir hverjir gerendur voru samkvæmt upplýsingum frá brotaþola, var meðalaldur gerenda 26,4 ár og helmingur þeirra var undir 21 ára aldri. Yngsti gerandinn var 12

[27] Hér er verið að vísa til 22 mála af þeim 165 málum sem liggja til grundvallar rannsókninni en ekki til þeirra 189 skráninga sem miða við fjölda gerenda og í sumum tilvikum fjölda brota. Sjá nánari umfjöllun um þessa skiptinu í kaflanum *Málsnúmer, kóðun mála og SPSS færslur*.

ára og sá elsti var 52 ára.  Í átta málum voru sakborningar ýmist óþekktir eða fundust ekki við rannsókn málsins. Aldur gerenda í þessum brotum var því almennt nokkuð lægri en í heildarúrtakinu þar sem meðalaldur gerenda var 28,8 ár og helmingur þeirra var undir 25 ára aldri.

## Áhrif kláms

Í þessum kafla verður fjallað um hvernig áhrifa kláms gætti í málunum. Til þess að tryggja að málsaðilar þekkist ekki hefur ákveðnum atriðum í málavaxtalýsingum verið breytt. Klám kom með beinum hætti við sögu í tíu málum en hér er átt við mál þar sem gerendur horfðu á klám eða létu brotaþola horfa á klám, eða vísuðu með beinum hætti til kláms á meðan á ofbeldinu stóð, svo sem með því að segja brotaþola að hún væri  „klámmyndaefni“.

Í einu þessara mála var um að ræða ofbeldi í nánu sambandi þar sem sambýliskona kærði sambýlismann sinn fyrir ítrekað kynferðis-, líkamlegt, og andlegt ofbeldi yfir þriggja ára tímabil. Sakborningurinn lét hana stunda kynlíf með fjölmörgum ókunnugum mönnum sem hann ýmist ljósmyndaði eða tók upp á myndband auk þess sem hann lét hann hana horfa á klám. Tveir þessara ókunnugu manna höfðu um tíma stöðu grunaðra við rannsókn málsins. Sambýlismaður konunnar var ákærður fyrir nauðgun og sakfelldur fyrir dómi.

Í öðru máli kærði kona fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir sérlega hrottalega nauðgun sem stóð yfir með hléum frá því um miðja nótt fram undir hádegi. Á milli þess sem hann nauðgaði konunni ítrekað og beitti hana öðru líkamlegu ofbeldi, horfði hann á klámmynd og skipaði henni að veita sér munnmök á meðan. Maðurinn var ákærður fyrir brot sín og sakfelldur fyrir dómi.

Annað mál varðaði kæru fyrir hrottalega nauðgun sem einnig stóð yfir með hléum í marga klukkutíma. Sakborningurinn í málinu nauðgaði brotaþola meðal annars um endaþarm og viðhafði niðurlægjandi orðfæri með vísunum í klám. Í gögnum málsins kemur fram að sakborningur hefði meðal annars slegið hana í andlitið með limi sínum og þrýst liminum niður í kok hennar. Maðurinn var ákærður fyrir nauðgun og var hann sakfelldur fyrir brotið.

Annað mál varðaði frænda ungrar stúlku sem braut gegn henni kynferðislega yfir nokkurra ára tímabil. Meðal þess sem sakborningur lét stúlkuna gera var að horfa á klámmyndir með sér. Maðurinn var ákærður fyrir nauðgun  og sakfelldur fyrir dómi.

Í öðru máli háttaði svo til að brotaþoli greindi frá því að hafa rankað við sér eftir mikla drykkju við að tveir menn hefðu verið að byrja að hafa mök við sig, annar í munn og hinn um endaþarm. Fyrr um kvöldið hafi klámspóla verið spiluð í íbúðinni þar sem brotaþoli vaknaði.

Ein kæra varðaði mál stúlku sem hafði farið heim með kunningjum sínum eftir að hafa verið úti að skemmta sér. Stúlkan lýsti því að hún hefði sofnað ölvunarsvefni en átti óljósar minningar um sig nakta þar sem gerandi hafði verið að taka myndir af henni. Gerandinn sagði henni að hann hefði haft við hana samfarir og ætti enn myndirnar af henni.

Í rannsókn Agnesar Gísladóttur o. fl. (Gisladottir o.fl., 2012) um komutíðni og breytt einkenni kynferðisofbeldismála hjá Neyðarmóttökunni kom fram að í 13,7% mála á tímabilinu 1998–2002 höfðu þolendur lýst því að nauðgun hefði farið fram um endaþarm en á tímabilinu 2003–2007 hækkaði hlutfall slíkra nauðgana upp í 15,9%. Hér er því um svolitla hækkun að ræða á milli tímabila. Leiða má líkur að því að fleiri nauðganir um endaþarm geti verið vísbending um aukin áhrif kláms.

Í alls 14 málum kom fram að sakborningur hefði nauðgað brotaþola um endaþarm. Í þremur málanna greindu brotaþolar jafnframt frá því að sakborningur hefði haft samfarir við þær um endaþarm og strax í kjölfarið krafist þess að brotaþoli veitti sér munnmök. Í klámiðnaðinum er þetta kallað „ass-to-mouth (ATM)“ (Dines, 2010).

Ástæða þykir til að ætla að í hópnauðgunarmálum gæti áhrifa kláms. Í áðurnefndri rannsókn um komutíðni og breytt einkenni kynferðisofbeldismála hjá Neyðarmóttökunni (Gisladottir o.fl., 2012) kom fram að málum þar sem gerendur voru fleiri en einn fjölgaði hlutfallslega úr 13,9% á tímabilinu 1998–2002 upp í 18,9% á tímabilinu 2003–2007. Hér er um töluverða fjölgun að ræða. Eins og að framan var rakið í umfjöllun um mál þar sem fleiri en einn gerandi voru að verki voru megineinkenni þeirra mála annarsvegar þau að tveir eða fleiri gerendur voru kærðir fyrir að nauðga brotaþola hver á eftir öðrum og hinsvegar að tveir eða fleiri gerendur voru kærðir fyrir að nauðga brotaþola samtímis. Ætla má að áhrifa kláms hafi sérstaklega gætt í þeim níu málum þar sem fleiri en einn gerandi brutu gegn brotaþola samtímis. Í þeim málum lýstu brotaþolar því að einn gerandi hefði nauðgað sér í leggöng eða endaþarm á meðan annar hefði nauðgað brotaþola í munn og í kjölfarið hefðu jafnvel enn aðrir gerendur brotið gegn þeim.

Í nokkrum málum til viðbótar þótti mega greina áhrifa kláms. Í einu máli tók gerandi brotaþola kyrkingartaki og sló hana einnig, í tveimur málum bundu gerendur brotaþola og í enn öðru máli greindi brotaþoli frá því hvernig gerandi hefði snúið henni þannig að hún lá á maga á meðan brotið var gegn henni og lýsti því hvernig gerandi hélt í hár hennar á meðan hann nauðgaði henni. Í tveimur málum sögðu brotaþolar frá því að gerendur hefðu fengið sáðfall í andlit þeirra. Í tveimur málum til viðbótar sögðu brotaþolar einnig frá því hvernig gerendur höfðu slegið sig á kynfæri og rass.

Í ljósi þess að lýsingar brotaþola lágu ekki fyrirí öllum málum má ætla að áðurnefndar tölur um áhrif kláms séu lágmarkstölur. Alls voru 43 mál þar sem kæra var ekki lögð fram af hálfu brotaþola.

# MÁLSMEÐFERÐ

Hér er fjallað um málsmeðferð hjá lögreglu, ríkissaksóknara og dómstólum. Fyrst er gerð grein fyrir málsmeðferð á öllum þremur stigum réttarkerfisins og málalokum. Því næst er fjallað um rannsókn nauðgunarmálanna, málalok hjá lögreglu, og hvað einkenndi annarsvegar þau mál sem lögregla hætti að rannsaka og hinsvegar mál sem vísað var til ríkissaksóknara. Jafnframt er fjallað um málsmeðferðartíma hjá lögreglu. Þá er fjallað um málsmeðferð hjá ríkissaksóknara, hvað einkenndi þau mál sem felld voru niður og fjallað um einkenni þeirra mála sem leiddu til ákæru. Einnig verður skýrt frá málsmeðferðartíma hjá ríkissaksóknara. Að lokum er fjallað um málsmeðferð hjá dómstólum, héraðsdómstólum og Hæstarétti, og málsmeðferðartíma. Hér skal þó tekið fram að í þessari rannsókn er ekki lagt mat á gæði lögreglurannsókna eða sönnunarmat saksóknara.

Alls var rannsókn hætt hjá lögreglu í 101 máli, eða 53,4% mála. Ástæðum þess að rannsókn nauðgunarmála var hætt má skipta í tvo flokka. Annarsvegar hætti lögregla að rannsaka mál af formlegum ástæðum, svo sem að brotin voru fyrnd, sakborningar voru ósakhæfir, brotaþoli kærði ekki brotið eða sakborningar voru óþekktir og/eða fundust ekki. Hinsvegar voru nauðgunarmál þar sem lögregla ákvað að hætta rannsókn máls af efnislegum ástæðum. Ástæðurnar komu fram í gögnum lögreglu, ýmist í bréfum til brotaþola eða í greinargerðum sem lágu fyrir í gögnum málsins. Rannsókn var hætt á grundvelli eftirfarandi efnislegra ástæðna: Mál töldust hvorki líkleg né nægileg til sakfellis, lögregla taldi ekki efni til að hefja rannsókn, lögregla taldi ekki grundvöll til þess að halda rannsókn máls áfram og að lokum komu fram aðrar efnislegar ástæður, sem nánar verður fjallað um síðar. Í nokkrum málum reyndist ekki unnt að finna hvaða ástæður voru að baki þeirri ákvörðun að hætta rannsókn. Mál sem lögregla hætti að rannsaka af efnislegum ástæðum reyndust vera 31 mál af 119, eða 26% mála. Alls var því 88 málum vísað til meðferðar ríkissaksóknara sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sakamálalaga), eða 46,6% mála.[28] Af þessum 88 málum sem ríkissaksóknari fékk til meðferðar voru 57 mál felld niður með vísan til 145. gr. sakamálalaga.[29] Alls voru 64,8% málanna því felld niður en ákært var í 31 máli, eða 35,2% mála. Af því 31 máli sem leiddi til ákæru og fór fyrir dóm var sakfellt fyrir nauðgun og nauðgunartilraun í 21 máli. Sakfellingarhlutfall fyrir nauðgun fyrir dómi var því 66,7% en til viðbótar var sakfellt fyrir önnur vægari kynferðisbrot í tveimur málum, eða í 6,5% mála. Alls var því sakfellt fyrir nauðgun eða önnur vægari kynferðisbrot í

[28] „Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál. skv. 1. og 4. mgr. 24. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla skýrslu um rannsóknina skv. 1. mgr. 56. gr.“

[29] „Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.“

73,2% dómsmála. Sýknað var fyrir nauðgun og önnur kynferðisbrot í átta málum og sýknuhlutfall fyrir dómi var því 25,8%.

**Mynd 1: Meðferð mála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009**




Dómi var áfrýjað til Hæstaréttar í 16 málum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöður héraðsdóms í öllum málunum, nema hvað refsing var lækkuð í tveimur málum og í einu máli var hún þyngd. Kannað var hvert heildarsakfellingarhlutfallið var á tímabilinu en þá er átt við hlutfall sakfellinga fyrir kynferðisbrot af heildarfjölda kærðra mála til lögreglu þar sem sakborningur var þekktur og sakhæfur og málin töldust ekki fyrnd. Sakfellingarhlutfallið reyndist þá vera 19,3%. Að viðbættum þeim tveimur málum þar sem sakfellt var fyrir önnur kynferðisbrot, hækkar sakfellingarhlutfallið upp í 19,8%.

Rétt er að ítreka að raunfjöldi lögreglumála sem liggur til grundvallar rannsókninni er alls 164 nauðgunarmál, en við skráningu og úrvinnslu gagna í rannsókninni var aftur á móti miðað við fjölda sakborninga og varð heildartala mála þá 189.[30] Þegar meðferð lögreglumálanna 164 er könnuð á sambærilegan hátt kemur í ljós að rannsókn var hætt vegna formlegra ástæðna í 62 málum, eða í

[30] Með því er átt að lögregla fékk á árunum 2008 og 2009 alls 164 nauðgunarmál til meðferðar en við úrvinnslu gagnanna í rannsókninni voru mál skráð þannig að miðað var við fjölda sakborninga. Þar sem sakborningar voru í nokkrum málum fleiri en einn, varð heildarfjöldi mála 189 en rauntala mála hjá lögreglunni var sem fyrr segir 164.

37,8% mála. Í þeim 102 málum sem eftir stóðu hætti lögregla rannsókn vegna efnislegra ástæðna í 27 málum, eða í 26,5% mála. Alls var því 75 málum vísað til ríkissaksóknara, eða 73,5%. Af þeim voru 46 felld niður, eða 61,3% þeirra, og ákæra gefin út í 29 málum, eða 38,7%. Sakfellt var fyrir nauðgun eða önnur kynferðisbrot í alls 21 máli (72,4%) og sýknað var í 8 málum (27,6%). Heildarsakfellingarhlutfall var 20,6% í þeim 102 málum þar sem rannsókn var ekki hætt af formlegum ástæðum.

## Rannsókn málanna

Markmið lögreglurannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar, sbr. 53. gr. sakamálalaga. Þá á lögregla að rannsaka og afla gagna um verknaðinn, svo sem stað og stund og öll nánari atvik sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem skal haldleggja. Einnig ber lögreglunni að rannsaka brotavettvang og öll ummerki sem kunna að vera eftir brot, sbr. 54. gr. sakamálalaga. Taka skal skýrslur af sakborningi og vitnum, og leita til sérfræðinga ef þörf er á vegna blóðrannsókna, efnafræðilegra rannsókna og annarri læknisskoðun.

Í töflu 26 má sjá hvaða gögn lágu oftast til grundvallar við rannsókn lögreglu á nauðgunarmálunum. Misjafnt var hversu efnismikil málsgögnin voru eftir að málin höfðu verið til rannsóknar hjá lögreglu. Kæruskýrsla brotaþola lá fyrir í flestum málum, en þá var um að ræða afrit af skýrslutöku sem tekin var upp í hljóð og mynd, eða þá að frásögn brotaþola var skráð í frumskýrslu lögreglu. Í nokkrum málum lá vitnisburður brotaþola ekki fyrir en þá var um að ræða mál þar sem lögreglu hafði verið tilkynnt um brot af hálfu þriðja aðila en brotaþoli hafði ekki fylgt málinu eftir sjálf og lagt fram kæru.

**Tafla 26: Helstu gögn sem lágu fyrir í málunum**

| Gögn | Tíðni (Fjöldi mála: 189) | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Vitnisburður brotaþola (afrit) | 114 | 60,3 |
| Vitnisburður sakbornings(afrit) | 89 | 47,1 |
| Vottorð um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola | 87 | 46,0 |
| Bótakrafa réttargæslumanns | 87 | 46,0 |
| Myndir af brotavettvangi | 77 | 40,7 |
| Skýrsla Tæknideildar (lífsýni) | 69 | 36,5 |
| Skýrsla Tæknideildar (myndir) | 62 | 32,8 |
| Vitnisburður brotaþola (skv. skýrslu lögreglu) | 56 | 29,6 |
| Vitnisburður sakbornings  (skv. skýrslu lögreglu) | 50 | 26,5 |

| | | |
|---|---|---|
| Símagögn (t.d. símayfirlit og sms skilaboð) | 40 | 21,2 |
| Skýrsla/bréf sálfræðings eða geðlæknis | 33 | 17,5 |
| Vottorð um líkamsrannsókn á sakborningi | 31 | 16,4 |
| Skýrsla/bréf barnaverndaryfirvalda | 30 | 15,9 |
| Niðurstöður efnagreiningar. v. áfengis (brotaþoli) | 29 | 15,3 |
| Myndir, hreyfimyndir (t.d. öryggismyndavélar) | 29 | 15,3 |
| Tölvugögn (t.d. MSN og Facebook) | 24 | 12,7 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. áfengis (sakborningur) | 17 | 9,0 |
| Skýrsla/bréf læknis | 17 | 9,0 |
| Niðurstöður DNA greiningar | 14 | 7,4 |
| Gögn vegna myndsakbendingar | 9 | 4,8 |
| Gögn vegna leitar að bifreið | 9 | 4,8 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. fíkniefna/lyfja (brotaþoli) | 7 | 3,7 |
| Farbannskrafa og/eða úrskurður um farbann | 5 | 2,6 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. fíkniefna/lyfja (sakborningur) | 3 | 1,6 |
| Önnur gögn | 35 | 18,5 |

Af þeim 140 málum þar sem kæra var lögð fram voru réttargæslumenn viðstaddir skýrslutöku af brotaþola í 112 málum. Hlutverki réttargæslumanns er lýst í 45. gr. sakamálaga en honum ber að gæta hagsmuna síns skjólstæðings og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram bótakröfur. Á meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni alltaf heimilt að vera viðstaddur þegar við skýrslutökur af skjólstæðingi hans fara fram, sbr. 46. gr. laganna.[31]

Skýrslur með framburði sakbornings, þ.e. afrit af skýrslutöku sem tekin var upp í hljóði og mynd eða frásögn sakbornings í greinargerð lögreglu, lá oftast fyrir. Ástæður þess að framburður sakbornings lá ekki fyrir í gögnum máls voru oftast þær að brotaþoli hafði ekki lagt fram kæru eða þá að gerandi hafði ekki fundist við rannsókn málsins. Auk skýrslu með framburði brotaþola og sakbornings voru oftast vitnaskýrslur í málunum. Fjöldi vitnaskýrslna í málum var nokkuð misjafn en meðalfjöldi þeirra var 3,2 vitni, eða allt frá engri vitnaskýrslu og upp í sextán talsins. Í kærumálum var meðalfjöldi vitna dálítið hærri, eða 3,8 vitni, en munurinn á fjölda vitna eftir því hvort málin voru kærð eða ekki reyndist ekki mikill.

[31] 46. gr.: „Leiði mál til ákæru á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli. Ber dómara að tilkynna honum hvenær þing verður háð."

Hlutverk réttargæslumanns er þrengra og afmarkaðra en hlutverk verjanda í sakamáli og getur hann einungis tjáð sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstæðings síns en ekki um kröfur ákæruvalds að öðru leyti. Í samræmi við það á réttargæslumaður við rannsókn máls hjá lögreglu einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstæðingsins, sbr. 47. gr. sömu laga. Leiði mál til ákæru á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt. Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.

Algeng gögn við rannsókn nauðgunarmála voru auk þess skýrsla sem greindi frá niðurstöðum úr réttarlæknisfræðilegri skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku og sakborningar gengust í nokkrum tilfellum undir líkamsrannsókn hjá lögreglu í kjölfar handtöku. Þau lífssýni eða önnur sönnunargögn sem fundust við rannsókn mála voru rannsökuð af Tæknideild lögreglu og niðurstöður lágu fyrir í skýrslu Tæknideildar. Þá lágu oft fyrir myndir sem lögregla tók af brotavettvangi, t.d. af íbúð þar sem brotið hafði verið framið, innanúr bíl ef brotið var framið í bíl eða af aðstæðum utandyra í þeim tilvikum þar sem brot hafði verið fram þar. Símagögn svokölluð, sem sýndu t.d. yfirlit yfir símtöl og sms-skilaboð, lágu einnig fyrir í um fimmtungi málanna og tölvugögn voru einnig í nokkrum málanna. Þá var oftast um að ræða msn-samskipti eða facebook-síður. Þá mátti stundum sjá að lögregla hafði rannsakað upptökur öryggismyndavéla utandyra, t.d. þegar óljóst var hvar brotið hafði verið framið eða þegar gerandi var óþekktur en ljóst þótti að hann hefði verið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma. Af þessu má sjá að rannsóknarvinna lögreglu var nokkuð fjölbreytt og tók mið af ólíkum aðstæðum í hverju máli. Í nokkrum málum voru skýrslur sálfræðings, eða í einstaka máli geðlæknis, þar sem ýmist var gerð grein fyrir andlegum afleiðingum brotsins á brotaþola eða andlegri heilsu brotaþola fyrir brotið. Í málum þar sem rannsókn hófst í kjölfar tilkynningar frá barnaverndaryfirvöldum höfðu mál oft verið tilkynnt lögreglu bréfleiðis af hálfu barnaverndaryfirvalda þar sem gerð var grein fyrir ástæðum þess að óskað var eftir rannsókn lögreglu. Í slíkum bréfum var stundum gerð grein fyrir félagslegri stöðu brotaþola, svo sem að hún væri viðkvæm vegna tiltekinna aðstæðna í lífi hennar á borð við neyslu eða aðstæðna á heimili eða í skóla.

Áfengismagn í blóði var stundum mælt í hjá brotaþola og/eða sakborningi í þeim málum sem voru áfengistengd og í málum sem Neyðarmóttaka og/eða lögregla hafði afskipti af mjög skömmu eftir að brotið var framið. Í einstaka málum var að finna niðurstöður efnagreiningar vegna fíkniefna eða lyfja.

Niðurstöður DNA-greininga lágu fyrir í 14 málum en DNA-sýni eru send erlendis til rannsóknar. Niðurstöðurnar studdu við frásögn brotaþola í fimm málum af þessum 14 og virtust verða til þess að sakborningar breyttu í kjölfarið framburði sínum og afstöðu til sakarefnis, þ.e. frá því að neita samræði og yfir að í bera við samþykki brotaþola eða bera við minnisleysi um atvik máls. Í fjórum málum tengdu niðurstöður DNA-rannsókna sakborninga ekki við brotið en útilokuðu þá ekki heldur. Í þremur málum voru brotaþolar ekki vissar um hver hafði brotið gegn þeim og hafði lögregla tekið sýni af grunuðum mönnum til að varpa ljósi á það hver hafði verið að verki. Niðurstöður DNA-rannsóknar útilokuðu hina grunuðu og hélt lögregla leit sinni því áfram að mögulegum gerendum í kjölfarið. Í tveimur málum var ekki fyllilega ljóst af gögnum lögreglu hvert hlutverk DNA-prófa var. Fimm af þeim 14 málum þar sem niðurstöður DNA-greininga lágu fyrir lauk með sakfellingu fyrir dómi.

Í nokkrum málum höfðu farið fram myndsakbendingar þar sem brotaþolar voru beðnar um að skoða myndasafn lögreglu til að kanna hvort þær þekktu gerendur af myndunum. Eðli málsins samkvæmt var þessari aðferð aðeins beitt í þeim málum þar sem gerandinn var óþekktur. Í nokkrum málum til viðbótar lágu fyrir gögn vegna leitar að bifreiðum í eigu gerenda en þá var oft einnig um að ræða mál þar sem gerendur voru óþekktir. Fjölbreyttum aðferðum var því beitt við rannsókn lögreglu og voru rannsóknaraðgerðirnar mismunandi eftir eðli mála, svo sem eftir því hvort gerandinn var þekktur eða óþekktur. Einnig lágu fyrir gögn um farbannskröfur og úrskurði í einstaka málum en þá voru sakborningar útlendingar og hætta talin á að þeir myndu yfirgefa landið.

Ýmis önnur gögn til viðbótar lágu fyrir í málunum, til að mynda dagbókarfærslur lögreglu eða stuttar greinagerðir í tilfellum þar sem engin kæra lá fyrir af hálfu brotaþola.

Í *Skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi* (2007) er að finna leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála en þar segir að upphafsaðgerðir lögreglu skuli miða að því að komast sem fyrst að því hver meintur brotamaður er og skuli sakborningur vera handtekinn og færður tafarlaust til yfirheyrslu. Jafnframt skuli þess gætt að hann hafi ekki tök á að spilla rannsókn málsins.

Handtökum var beitt í þágu rannsóknar í 69 málum, eða 37% mála, en í einu máli til viðbótar var sakborningur þegar í haldi lögreglu vegna rannsóknar annars máls þegar tilkynningin um brotið barst. Þegar kannaður var tíminn á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og þar til handtaka fór fram, kom í ljós að í langflestum þessara mála, eða í 51 máli, var sakborningur handtekinn samdægurs. Í 13 málum var sakborningur handtekinn 1–4 dögum eftir að mál var tilkynnt til lögreglu. Í fimm málum fór handtaka fram allt frá 12 og upp í 69 dögum eftir að nauðgun var tilkynnt.

Af þeim 119 málum þar sem gerendur voru ekki handteknir, voru 33 mál þar sem þeir voru óþekktir eða fundust ekki við rannsókn. Gerendur voru því þekktir í 86 málanna en af þeim höfðu 14 verið tilkynnt til lögreglu samdægurs og 13 mál til viðbótar tilkynnt innan viku frá því að brotið var framið. Af þessum 27 málum sem tilkynnt voru innan viku frá því að brotið var framið, voru 11 þar sem kæra var lögð fram. Ekki var unnt að sjá af gögnunum hvers vegna hinir grunuðu voru ekki handteknir í þessum málum, en hér ber að hafa í huga að ýmsar ástæður geta verið fyrir því, til að mynda að sakborningar hafi ekki fundist fyrr en einhverjum dögum eða jafnvel vikum eftir að brotið er tilkynnt. Hin málin 59 voru tilkynnt til lögreglu mun síðar, eða allt frá viku og upp í rúmlega 6 árum eftir að brotið var framið og því mun minni líkur á að handtaka hefði þjónað þeim tilgangi að koma í veg fyrir að sakborningar hefðu tök á að spilla rannsókn málsins.

Sakborningar voru yfirheyrðir í 139 málum af þeim 189 sem voru tilkynnt. Hér ber að hafa í huga, eins og áður hefur verið rakið, að vitnisburðir sakborninga lágu ekki alltaf fyrir í málum þar sem brotaþoli lagði ekki fram kæru og/eða gerandinn var óþekktur, en alls voru slík mál 50 talsins. Ekki var

að finna upplýsingar um dagsetningar á yfirheyrslum sakborninga í öllum málum. Í 135 málum[32] lágu fyrir upplýsingar um hvenær yfirheyrsla sakbornings fór fram.

**Tafla 27: Tími á milli þess að tilkynning barst og sakborningur var yfirheyrður**

| | Fjöldi mála | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Samdægurs | 41 | 30,4 |
| Einum degi síðar | 14 | 10,4 |
| 2-4 dögum síðar | 13 | 9,6 |
| 5-7 dögum síðar | 13 | 9,6 |
| 8 dögum til mánuði síðar | 26 | 19,3 |
| Mánuði til hálfu ári síðar | 21 | 15,6 |
| Hálfu ári til 655 dögum síðar | 7 | 5,2 |
| Alls | 135 | 100,0 |

Þar af var sakborningur yfirheyrður samdægurs eða strax daginn eftir í 55 málum og í 26 málum til viðbótar var sakborningur yfirheyrður 2–7 dögum síðar. Alls voru sakborningar því yfirheyrðir innan viku í 60% málanna. Í 40% mála var sakborningur yfirheyrður meira en átta dögum síðar. Ástæður þess að yfirheyrsla fór ekki fram fyrr en síðar voru mismunandi. Í sumum tilvikum var um að ræða mál þar sem lögregla átti erfitt með að finna sakborning eða um gömul mál að ræða, þ.e. mál sem tilkynnt voru lögreglu löngu eftir að þau voru framin.

Í *Skýrslu starfshóps ríkissaksóknara* (2007) kemur einnig fram að sakborningur sem er grunaður um nauðgun skuli færður til líkamsrannsóknar í leit að vísbendingum til sönnunar ætluðu broti eins fljótt og unnt er. Í gögnunum má sjá að í 31 máli, eða 16,4% mála, gekkst sá grunaði undir líkamsrannsókn eða réttarlæknisfræðilega skoðun eftir að hann var handtekinn en alls voru 47 sakborningar handteknir sama dag og brotið átti sér stað.

Á meðan mál er til rannsóknar getur lögregla krafist gæsluvarðhalds yfir sakborningi, ýmist á grundvelli rannsóknarhagsmuna en einnig vegna almenningshagsmuna vegna nauðgunar, ef fram er kominn sterkur grunur um að hann hafi framið verknaðinn, sbr. 1.[33] og 2. mgr. 95. gr. sakamálalaga.[34]

[32] Sakborningar voru yfirheyrðir í 139 málum, en við skráningu gagna hjá rannsakendum misfórst að skrá dagsetningar yfirheyrslna í fjórum málum og því liggja eingöngu fyrir upplýsingar um dagsetningar yfirheyrslna í 135 málum.

[33] „Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum ellegar hafa áhrif á samseka eða vitni,

b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,

c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið eða rökstuddur grunur leiki á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi,

d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.“

Mjög misjafnt er eftir aðstæðum í hverju máli hversu brýnir rannsóknarhagsmunir eru að baki málunum og þannig er, eðli málsins samkvæmt, sjaldgæfara að mjög viðkvæmir rannsóknarhagsmunir krefjist gæsluvarðhalds í málum þar sem nokkuð er um liðið frá því að brot var framið. Almennt er gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna beitt til þess að tryggja að sakborningur geti ekki torveldað rannsókn með því til að mynda að hafa áhrif á vitni eða samseka eða til þess að tryggja vettvang. Um gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna er aftur á móti gerður áskilnaður um að sterkur grunur sé um að sakborningur hafi framið afbrot og þá þarf afbrotið að geta varðað 10 ára fangelsi. Einnig er skilyrði að ætla megi að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Gæsluvarðhalds var krafist vegna rannsóknarhagsmuna í tíu málum, eða 5,3% mála, og úrskurðað í níu málum. Gæsluvarðhalds var krafist og úrskurðað vegna rannsóknar- og almannahagsmuna í tveimur málum, eða 1,1% mála. Gæsluvarðhald var úrskurðað yfir alls 11 sakborningum en ákæra var gefin út gegn fimm þeirra.

Eins og fram kemur í kaflanum *Réttarlæknisfræðileg skoðun*, gengust brotaþolar undir réttarlæknisfræðilega skoðun í 46,6% mála og í 4,8% mála til viðbótar fóru brotaþolar í læknisskoðun í kjölfar brotsins, án þess að um væri að ræða eiginlega réttarlæknisfræðilega skoðun. Þá leituðu brotaþolar til dæmis til heimilislæknis síns nokkru eftir að brot var framið. Réttarlæknisfræðileg skoðun er framkvæmd á Neyðarmóttöku þolenda kynferðisbrota í Reykjavík og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en slík rannsókn miðar að töku og varðveislu sakargagna, til að mynda lífsýna, sem og myndun og mati á áverkum sem getur aðstoðað lögreglu við rannsókn máls. Þessi sakargögn kunna að vera notuð sem sönnunargögn fyrir dómi og skiptir því miklu að þeirra sé aflað eins fljótt og kostur er eftir að brot er afstaðið. Í þeim 97 málum þar sem brotaþoli undirgekkst læknisskoðun eða réttarlæknisfræðilega skoðun fór skoðunin oftast fram sama dag og brotið átti sér stað eða í 60% tilfella. Í 13,3% mála fór hún fram daginn eftir og í 10,2% mála fór hún fram tveimur dögum síðar. Í 83,5% mála fór þessi skoðun því fram innan þriggja daga frá broti. Aðeins ef brotaþoli eða forráðamaður brotaþola ákveður að kæra brotið til lögreglu, eru þau lífsýni og sönnunargögn sem tekin eru við réttarlæknisfræðilega skoðun á neyðarmóttöku send til Tæknideildar lögreglu til rannsókna. Neyðarmóttaka geymir sakargögn í minnst 9 vikur.

Í 33 málum vissi brotaþoli ekki hver hafði brotið gegn henni. Í 19 af þessum málum lagði brotaþoli fram kæru en þar sem gerendur fundust ekki, töldust málin óupplýst. Við leit að óþekktum gerendum notaðist lögregla við ýmsar aðferðir til að reyna að hafa uppi á þeim, svo sem að leita upplýsinga í þjóðskrá, fletta upp í ökutækjaskrá, afla upplýsinga frá leigubílastöðvum, rannsaka

[34] Einnig má úrskurða sakborning í gæsluvarðhald þótt skilyrði a–d-liðar 1. mgr. séu ekki fyrir hendi ef sterkur grunur leikur á að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

upptökur úr öryggismyndavélum, rannsaka símagögn, senda lífssýni í DNA-rannsókn, lýsa eftir gerendum og sýna brotaþola myndasafn lögreglu. Í flestum málum vissi brotaþoli þó hver sakborningur var og gat nafngreint hann strax við upphaf rannsóknar.

***Dæmi um rannsóknarvinnu lögreglu***
*Starfsmenn Neyðarmóttöku hafa samband við lögreglu og tilkynna um kynferðisbrot. Lögregla fer á Neyðarmóttöku og tekur frumskýrslu af konu af erlendu þjóðerni sem skýrir frá því að hún hafi fengið far með þremur ókunnugum Íslendingum. Tveir mannanna hafi nauðgað henni í bílnum á ofbeldisfullan hátt á meðan sá þriðji ók um. Þeir hafi svo hent henni út úr bílnum en konan fannst illa leikin sitjandi á bekk og var lögreglu í kjölfarið gert viðvart um málið. Konan vildi í fyrstu ekki greina frá því sem gerst hafði né kæra brotið, en eftir að hafa ráðfært sig við lögreglu ákvað hún að leggja fram kæru. Konan gat litlar upplýsingar veitt um gerendur og þar sem brotaþoli var erlend þekkti hún illa til staðhátta. Hún gat að einhverju leyti lýst bíl mannanna og greint frá hluta af bílnúmeri, útliti gerenda og nefndi verslunarmiðstöð sem hún taldi að bílnum hefði verið lagt við á einhverjum tímapunkti. Rannsókn lögreglu miðaði að því að kortleggja mögulegan brotavettvang út frá upplýsingum konunnar, að finna sakborninga með því að fara yfir upptökur öryggismyndavéla við verslunarmiðstöðina og leita að umræddri bifreið, meðal annars í bílnúmerskrá. Lögregla fann eftir leit samskonar bifreið og var eigandi hennar yfirheyrður en niðurstaðan var sú að hann gat ekki hafa verið gerandi í málinu. Gerendur málsins fundust ekki þrátt fyrir töluverða rannsóknarvinnu af hálfu lögreglu.*

Málavaxtalýsingu var breytt til þess að tryggja að málsaðilar þekkist ekki.

## Meðferð mála hjá lögreglu

Í töflu 28 má sjá hvernig málum lyktaði hjá lögreglu og hvaða ástæður urðu til þess að rannsókn mála var hætt hjá lögreglu. Tæplega helmingi mála var vísað til ákærumeðferðar til ríkissaksóknara að lokinni rannsókn en í rúmlega helmingi mála var rannsókn mála hætt. Í VII. kafla sakamálalaga er fjallað um rannsóknir sakamála. Í 53. gr. segir að markmið rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar og einnig að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Þar segir einnig að við rannsókn sakamála skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Lögreglu ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Í 53. gr. er einnig fjallað um hverjar skyldur lögreglu er gagnvart sakborningi, en þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón eða óhagræði en óhjákvæmilegt er. Lögregla má því ekki beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt að beita þá ólögmætri þvingun í orði eða verki svo sem með hótunum.

Upplýsingar um ástæður þess að lögregla hætti rannsókn málanna eru fengnar úr gögnum hjá lögreglu og oftast úr bréfum sem send voru brotaþola um þá ákvörðun að hætta rannsókn. Í bréflegri tilkynningu til brotaþola og réttargæslumanns hennar var sú ákvörðun rökstudd af hálfu lögfræðings í stuttu máli. Í nokkrum málanna lágu ekki fyrir bréf en ráða mátti af öðrum gögnum lögreglu, svo sem greinargerðum, hvaða ástæður urðu til þess að ákveðið var að hætta rannsókn málsins.

**Tafla 28: Ástæður þess að rannsókn var hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Málinu ekki fylgt eftir af brotaþola, engin kæra | 43 | 22,7 |
| Sakborningur óþekktur eða finnst ekki | 19 | 10,1 |
| Málið fyrnt | 2 | 1,1 |
| Gerandi ósakhæfur | 6 | 3,2 |
| Ekki efni til að hefja rannsókn | 2 | 1,1 |
| Ekki grundvöllur til frekari rannsóknar | 1 | ,5 |
| Kæra dregin til baka | 3 | 1,6 |
| Aðrar efnislegar ástæður fyrir því að hætta rannsókn | 16 | 8,5 |
| Málið telst hvorki líklegt eða nægilegt til sakfellis | 5 | 2,6 |
| Hætt án þess að skýringa sé að finna í gögnum máls | 4 | 2,2 |
| Alls | 101 | 53,6 |
| Máli vísað til ríkissaksóknara | 88 | 46,4 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Í rúmlega fimmtungi tilvika þar sem rannsókn máls var hætt, var það vegna þess að málinu hafði ekki verið fylgt eftir með kæru (22,7%). Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. sakamálalaga skal lögregla hefja rannsókn hvenær sem þess er þörf út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið, hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Það getur þó verið vandmeðfarið fyrir lögreglu að hefja rannsókn í nauðgunarmálum ef kæra liggur ekki fyrir þar sem vitnisburður brotaþola er oft á tíðum eitt mikilvægasta sönnunargagnið. Þá kann það einnig að vera álitamál hvað þjónar hagsmunum brotaþola best þegar ljóst þykir að lögreglurannsókn er í andstöðu við vilja hennar. Hér eru þó vitaskuld mörg ólík, og ekki alltaf samrýmanleg, sjónarmið sem kunna að koma upp, svo sem ungur aldur brotaþola, þegar hræðsla brotaþola við geranda er þess valdandi að brotaþoli vill ekki leggja fram kæru, auk annarra þátta. Margvíslegar ástæður geta verið fyrir því að brotaþoli ákveður að kæra ekki mál en samkvæmt 2 mgr. 52. gr. er ljóst að ekki þarf kæru brotaþola til þess að lögregla hefji rannsókn vegna gruns um nauðgun. Í þremur málum drógu brotaþolar kæru sína til baka og gáfu upp ólíkar persónulegar ástæður fyrir því.

Sakborningar voru óþekktir eða fundust ekki í 19 málum (9,5%). Í nokkrum málum var sakborningur ósakhæfur sökum aldurs (3,2%) eða þá að mál var fyrnt (1,1%), eða í alls 4,3% málanna. Í tveimur málum til viðbótar taldi lögregla að ekki væri efni til að hefja rannsókn (1,1%) og í einu máli að ekki væri grundvöllur til frekari rannsóknar (0,5%), eða samtals í 1,6% málanna. Í 5,2% málanna

var rannsókn máls hætt af öðrum ástæðum, þ.e. málið taldist hvorki líklegt eða nægilegt til sakfellis (2,6%) eða þá að rannsókn var hætt án þess að skýringa um það væri að finna í gögnum málsins (2,6%). Í 16 málum, eða 8,5% málanna, voru aðrar efnislegar skýringar á að rannsókn máls var hætt hjá lögreglu, en þeim eru gerð skil í töflunni hér að neðan.

Rétt er að geta þess að oftast voru fleiri en ein ástæða nefnd fyrir því að rannsókn var hætt. Í bréfunum mátti því sjá nefndar nokkrar ástæður og virtust þær allar hafa þýðingu og jafnframt að um heildarmat væri að ræða.

**Tafla 29: Aðrar ástæður fyrir því að rannsókn mála var hætt hjá lögreglu**

| | Tíðni (Fjöldi mála: 16) |
|---|---|
| Engin vitni | 12 |
| Ósannað að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli vildi ekki samfarir (ásetningur ósannaður) | 8 |
| Sakborningur bar við samþykki brotaþola fyrir samræði | 6 |
| Sönnunargögn þóttu ekki nægileg | 5 |
| Orð á móti orði | 5 |
| Framburður vitnis/vitna studdu ekki við frásögn brotaþola | 5 |
| Ósannað að ölvunarást. brþ. hafi verið með þeim hætti að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum | 5 |
| Ósannað að þvingun hefði verið beitt | 4 |
| Sakborningur neitaði að samræði hafi átt sér stað | 2 |
| Langur tími liðinn frá broti (brot þó ekki fyrnt) | 1 |

Helstu ástæður voru þær að engin vitni voru að kærðu broti, ósannað þótti að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli vildi ekki samfarir, þ.e. ásetningur hans þótti ósannaður, og að sakborningur bar við að brotaþoli hefði samþykkt að hafa við hann samræði.

## Samanburður á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum málanna

Til að kanna tengsl á milli ólíkra einkenna málanna við málalok hjá lögreglu voru notuð kí-kvaðratpróf til ályktа um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli þeirra mála þar sem rannsókn var hætt og þeirra mála sem lögregla vísaði áfram til ríkissaksóknara. Í stuttu máli segir p-gildið til um líkurnar á því að sá mismunur sem finna má á milli ólíkra mála, þ.e. mála sem var annarsvegar hætt að rannsaka og mála sem vísað var til ríkissaksóknara, sé til kominn fyrir tilviljun. Þannig er til dæmis unnt að segja með 95% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki komin til vegna tilviljunar ($p<0.05$) eða með 99,9% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki kominn til vegna tilviljunar ($p<0.001$).

Eftirfarandi mál voru þó undanskilin þar sem þau voru talin skekkja niðurstöður marktektarprófa þar sem þau bera með sér sértæk einkenni sem ætla má að ráði úrslitum um

meðferð þeirra: Mál þar sem brotaþoli lagði ekki fram kæru, en aðeins einu slíku máli var vísað til ríkissaksóknara,[35] kærumál þar sem sakborningur fannst aldrei og voru því ekki fullrannsökuð, mál þar sem kæra var dregin til baka, en þeim málum var ekki vísað til ríkissaksóknara og mál þar sem sakborningur játaði brot við skýrslutöku hjá lögreglu, en þau mál voru einungis fjögur talsins og var þeim öllum vísað til ríkissaksóknara. Eftir voru 108 kærumál sem niðurstöður marktektarprófanna byggja á, en af þeim var rannsókn hætt í 25 málum en 83 málum var vísað til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Sökum þess hve fá mál liggja til grundvallar marktektarprófunum ber að taka niðurstöðunum með nokkrum fyrirvara en þó má ætla að þær gefi sterkar vísbendingar um hvaða þættir hafa áhrif við afgreiðslu mála.

Hér má sjá samanburð á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum sakborninga.

**Tafla 30: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum sakborninga**

| Einkenni sakborninga | Mál þar sem lögregla hætti rannsókn | Mál, sem vísað var til ríkissaksóknara | Marktækni |
|---|---|---|---|
| Meðalaldur | 28,9 ár | 28,2 ár | |
| Erlendur | 4,0% | 30,1% | p<0.01 |
| Sakborningur er einhleypur/fráskilinn | 62,5% | 74,7% | |
| Í námi | 23,8% | 11,7% | |
| Á vinnumarkaði | 61,9% | 73,3% | |
| Misnotar áfengi eða önnur vímuefni | 14,3% | 24,6% | |
| Geðræn vandamál, eða vísbendingar um geðræn/félagsl. vandamál | 8,7% | 17,1% | |
| Undir áhrifum áfengis/annarra vímuefna þegar brotið var framið | 72,7% | 64,8% | |
| Undir mjög miklum áhrifum þegar brotið var framið | 69,6% | 56,6% | |

Þegar afgreiðsla kærumála hjá lögreglu var borin saman með tilliti til einkenna sakborninga má sjá að meðalaldur þeirra í málum þar sem lögregla hætti rannsókn og meðalaldur sakborninga í málum sem vísað var til ríkissaksóknara var nánast hinn sami, eða 28,9 ár og 28,2 ár. Því reyndist nánast enginn munur á afgreiðslu málanna eftir aldri sakborninga. Aftur á móti var marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningar voru erlendir eða íslenskir, en málum þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara.

**Tafla 31: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir þjóðerni sakborninga**

| Þjóðerni sakborninga | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Erlendur | 3,8% | 96,2% | 26 | 7,172 |
| Íslenskur | 29,3% | 70,7% | 82 | p<0.01 |

[35] Í þessu máli lá fyrir myndbandsupptaka og var því vísað til ríkissaksókna þótt kæra lægi ekki fyrir. Málið var fellt niður.

Alls var hlutfall erlendra sakborninga 23% í kærumálum hjá lögreglu, sem er nokkuð hátt hlutfall að teknu tilliti til fjölda útlendinga á landinu. Þegar hópar sakborninga af erlendu þjóðerni annarsvegar og íslenskir hinsvegar voru greindir nánar, kom í ljós nokkur munur á þessum hópum hvað varðar verknaðaraðferðir, hvaða mótspyrnu brotaþola veittu þeim, fjölda sakborninga í málum og einnig aðdraganda að broti. Í málum þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni voru sakborningar og brotaþolar ókunnug í 20% mála. Í málum þar sem brotaþolar og sakborningar voru ókunnug voru sakborningar aftur á móti íslenskir í aðeins 11% tilfella. Þetta er vert að hafa í huga þar sem lögregla vísaði öllum málum þar sem aðilar þekktust ekki til ríkissaksóknara. Minni tengsl brotaþola og hinna erlendu sakborninga hafa því áhrif að þessu leyti. Samkvæmt lýsingum brotaþola beittu sakborningar af erlendu þjóðerni oftar líkamlegu valdi heldur en íslenskir sakborningar, eða í 31% mála á móti 22%, en slíkum málum var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara. Tekið skal fram að hér er átt við líkamlega valdbeitingu (þ.e. broti náð fram með því að ýta, hrinda, toga o.þ.h.) en ekki með líkamlegu ofbeldi (þ.e. broti náð fram með því að berja, kýla, sparka). Nánast enginn hlutfallslegur munur var á erlendum og íslenskum sakborningum í þeim málum hvað varðar beitingu líkamlegs ofbeldis. Brotaþolar streittust einnig oftar á móti í málum þar sem sakborningar voru erlendir, eða í 54% mála á móti 39% mála þar sem íslenskir sakborningar áttu í hlut. Málum þar sem brotaþoli lýsti mótspyrnu var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotaþoli hafði ekki veitt neina líkamlega mótspyrnu. Þessi tvö atriði hafa því einnig þýðingu. Sá munur reyndist einnig á verknaðaraðferðum að íslenskir sakborningar misnotuðu oftar rænuleysi brotaþola en erlendir, eða í 29% mála á móti 19% mála. Munurinn sést einnig á því að í málum þar sem sakborningar voru íslenskir veittu brotaþolar oftar ekkert líkamlegt viðnám, eða 45% á móti 29% mála. Ekki var munur á afgreiðslu mála hjá lögreglu þar sem sakborningar höfðu misnotað sér rænuleysi brotaþola og oftar var tekin ákvörðun um að hætta rannsókn í málum þar sem brotaþolar veittu ekkert líkamlegt viðnám. Þá voru erlendir sakborningar fleiri í málum þar sem enginn undanfari hafði verið að brotinu, þ.e. í svonefndum árásarnauðgunum (14,6% á móti 7,7%), en slíkum málum, þ.e. málum þar sem ráðist var á brotaþola án nokkurs undanfara, var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara. Í þeim málum þar sem gerendur voru fleiri en einn, þ.e. að fleiri en einn gerandi var grunaður um að nauðga sömu konunni, var oftar um að ræða erlenda gerendur. Sakborningar voru erlendir í 20% þessara mála en íslenskir í 7% málanna. Nokkur munur var á handtökum í málum þar sem sakborningar voru erlendir, þeir voru handteknir í 50% mála en íslenskir sakborningar í 33% mála. Ríkissaksóknari felldi hins vegar oftar niður mál þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni.

Lögregla vísaði oftar málum til ríkissaksóknara þar sem fram kom í gögnum máls að sakborningar væru einhleypir/fráskildir heldur en málum þar sem kærðu voru giftir eða í sambúð. Lögreglan hætti oftar að rannsaka mál þar sem sakborningar voru námsmenn og vísaði oftar til

ríkissaksóknara málum sakborninga sem voru á vinnumarkaði. Aðeins þrír sakborningar voru öryrkjar en rannsókn var hætt í málum tveggja þeirra en einu var vísað til ríkissaksóknara.

Málum þar sem fram kom að sakborningar misnotaðu áfengi eða önnur vímuefni var oftar vísað til ríkissaksóknara og sama átti við um mál sakborninga með geðræn vandamál. Hið sama átti við um mál þar sem sjá mátti sterkar vísbendingar í gögnum máls um að sakborningar ættu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða. Rannsókn var oftar hætt í málum þar sem sakborningar höfðu verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hið kærða brot var framið og sama átti við um mál þar sem sakborningur var undir mjög miklum áfengis- eða vímuefnaáhrifum. Sjá má að nokkur einkenni sakborninga höfðu þýðingu um málalok en munur á afgreiðslu mála var einungis marktækur í málum þar sem sakborningar voru með erlendan ríkisborgararétt.

Hér má sjá samanburð á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum brotaþola.

**Tafla 32: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum brotaþola**

| Einkenni brotaþola | Mál þar sem lögregla hætti rannsókn | Mál, sem vísað var til ríkissaksóknara |
|---|---|---|
| Meðalaldur | 24,5 ár | 20,1 ár |
| Erlend | 8,7% | 7,5% |
| Brotaþoli er einhleyp/fráskilin | 91,7% | 89,0% |
| Í námi | 47,6% | 64,6% |
| Launþegi | 38,1% | 23,4% |
| Misnotar áfengi eða önnur vímuefni | 16,5% | 15,7% |
| Undir áhrifum áfengis eða vímugjafa þegar brotið var framið | 73,9% | 71,8% |
| Rænulaus, eða rænulítil, þegar brotið var framið | 8,0% | 12,0% |
| Undir mjög miklum áhrifum þegar brotið var framið | 32,0% | 36,1% |
| Undir einhverjum áhrifum þegar brotið var framið | 28,0% | 19,3% |
| Geðræn vandamál, eða vísbendingar um geðræn/félagsleg Vandamál | 40,0% | 30,9% |

Meðalaldur í brotaþola í málum þar sem rannsókn var hætt var 24,5 ár, en í málum sem vísað var til ríkissaksóknara var meðalaldurinn 20,1 ár. Lögregla vísaði því oftar málum yngri brotaþola til ríkissaksóknara. Lítill munur reyndist á afgreiðslu mála þar sem brotaþoli var af erlendu þjóðerni en málin voru ekki mörg, alls átta talsins. Þjóðerni brotaþola virtist því ekki hafa þýðingu.

Nánast enginn munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþoli var einhleyp/fráskilin eða gift/í sambúð. Málum þar sem brotaþolar voru námsmenn var oftar vísað til ríkissaksóknara en rannsókn var oftar hætt í málum þar sem brotaþolar voru launþegar. Þessi samanburður helst í hendur við tölur um aldur brotaþola. Nánast enginn munur var á afgreiðslu mála þar sem fram kom að brotaþoli misnotaði áfengi eða önnur vímuefni. Það virtist því ekki hafa þýðingu um framgang mála hvort brotaþoli misnotaði áfengi eða önnur vímuefni. Ekki reyndist heldur munur á málalokum eftir því hvort brotaþoli lýsti því að hafa verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hið

kærða brot var framið. Málum þar sem brotaþoli var undir mjög miklum áhrifum eða rænulaus/rænulítil þegar brotið var gegn henni var aðeins oftar vísað til ríkissaksóknara heldur en málum þar sem brotaþoli var einungis undir einhverjum áhrifum. Rannsókn var aðeins oftar hætt í málum þar sem brotaþoli átti við geðræn vandamál að stríða eða sterkar vísbendingar lágu fyrir í gögnum máls um að brotaþoli ætti við geðrænan eða félagslegan vanda að stríða.

Í töflu 33 má sjá niðurstöður um mun á afgreiðslu út frá öðrum breytum sem vörðuðu einkenni málanna.

**Tafla 33: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir einkennum málanna**

| Einkenni brotanna | Lögregla hætti rannsókn | Vísað til ríkissaksóknara | Marktækni |
|---|---|---|---|
| Aldursmunur aðila | 2,9 ár | 8,1 ár | p<0.05 |
| Tengsl sakborninga og brotaþola: | | | |
| *-Þekktust ekki* | 0,0% | 6,0% | |
| *-Núverandi eða fyrrverandi parasamband* | 8,0% | 8,4% | |
| *-Tengd fjölskylduböndum* | 0,0% | 3,6% | |
| *-Kynntust innan 24 stunda áður en brotið var framið* | 36,0% | 22,9% | |
| Brot sem tilkynnt voru lögreglu samdægurs | 24,0% | 36,1% | |
| Hver tilkynnti brotið: | | | |
| *-Brotaþoli* | 48,0% | 32,5% | |
| *-Vinur eða kunningi brotaþola* | 16,0% | 4,8% | |
| *-Foreldri brotaþola* | 16,0% | 20,5% | |
| *-Félagsmálayfirvöld (t.d. barnaverndaryfirvöld)* | 20,0% | 14,5% | |
| *-Heilbrigðisyfirvöld (t.d. læknir)* | 0,0% | 13,3% | |
| *-Annar aðili* | 0,0% | 14,5% | |
| Mál tilkynnt til lögregluembætta á landsbyggðinni | 24,0% | 51,8% | p<0.05 |
| Framin milli föstudags og laugardags | 33,3% | 46,0% | |
| Framin milli kl. 18.00 - 03.00 | 18,2% | 48,1% | p<0.05 |
| Brotavettvangur: | | | |
| *-Utandyra eða í bíl* | 0,0% | 13,3% | |
| *-Heimili eða vinnustaður kærða* | 52,0% | 34,9% | |
| *-Heimili brotaþola* | 8,0% | 19,3% | |
| *-Heimili þriðja aðila* | 12,0% | 20,5% | |
| Gagnkvæmt daður/kynferðisleg samskipti áttu sér stað áður en brotið var framið | 11,1% | 29,7% | |
| Sakborningur hafði sáðfall (að eigin sögn) | 75,0% | 49,0% | |
| Sakborningur notaði smokk | 19,0% | 13,3% | |
| Fleiri en einn sakborningur | 9,5% | 9,5% | |
| Valdbeiting: | | | |
| *-Frelsisskerðing, ásamt líkamlegu ofbeldi eða valdbeitingu* | 0,0% | 2,4% | |
| *-Kynferðisleg misnotkun á barni* | 0,0% | 1,2% | |
| *-Ofbeldi eða ógnað með vopni* | 8,0% | 13,3% | |
| *-Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda, toga)* | 12,0% | 21,7% | |
| *-Þvingandi aðstæður eða aðstöðumunur* | 36,0% | 24,1% | |
| *-(Nánast) rænulaus (man lítið) og/eða vaknar upp við samræði* | 36,0% | 31,3% | |
| Brotaþoli streittist á móti eða veitti virka líkamlega mótspyrnu | 29,2% | 54,5% | p<0.05 |
| Brotaþoli gekkst undir réttarlæknisfræðilega- eða læknisskoðun | 64,0% | 71,1% | |
| Áverkar á brotaþola skv. Læknisvottorði | | | p<0.05* |
| *-Töluverðir eða meiriháttar áverkar* | 5,9% | 25,9% | |
| *-Minniháttar áverkar* | 58,8% | 25,9% | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *-Engir sjáanlegir áverkar* | 35,3% | 48,1% | |
| Brotaþoli fór til sálfræðings/geðlæknis eftir brotið | 24,0% | 45,8% | |
| Sakborningur var handtekinn | 24,0% | 54,2% | p<0.01 |
| Meðalfjöldi vitna, að brotaþola undanskildum | 2,1 vitni | 5,3 vitni | p<0.001 |

* Reiknað með Yates-leiðréttingu þar sem væntigildi eru undir 5 í einum flokki

Marktækur munur var á aldursmuni brotaþola og sakborninga eftir því hvort lögregla hætti rannsókn eða vísaði málinu til ríkissaksóknara, en aldursmunur aðila var mun meiri í málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara, eða 8,1 ár, en í þeim málum þar sem rannsókn var hætt (2,9 ár).

**Tafla 34: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir meðalaldursmuni sakbornings og brotaþola**

| | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi mála | t-próf p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Aldursmunur sakbornings og brotaþola | 2,9 ár | 8,0 ár | 108 | -2,306 p<0.05 |

Hér kunna hugmyndir um aðstöðumun að liggja til grundvallar, þ.e. að í málum þar sem aldursmunur er meiri, sé aðstöðumunur mögulega talinn vera fyrir hendi.

Þegar kannaður var munur á afgreiðslu mála eftir tengslum aðila, það er eftir því hvernig brotaþolar og sakborningar þekktust, kom í ljós að lögregla vísaði til ríkissaksóknara öllum málum þar sem aðilar þekktust ekki, sem og málum þar sem aðilar tengdust fjölskylduböndum.

Nánast enginn munur reyndist á afgreiðslu mála eftir því hvort aðilar voru núverandi eða fyrrverandi makar/sambýlisfólk. Lögregla hætti aftur á móti oftar rannsókn í málum þar sem aðilar kynntust fyrst innan við 24 stundum áður en brot var framið. Hér kann það að hafa áhrif að í slíkum málum höfðu aðilar oft byrjað samskipti í tengslum við skemmtanahald og að þessi mál voru gjarnan samofin áfengisneyslu sakbornings, brotaþola og einnig vitna.

Brot sem tilkynnt voru til lögreglu samdægurs var oftar vísað til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn, en nokkur munur var á afgreiðslu mála eftir því hver tilkynnti brotið.

Málum sem voru tilkynnt til lögreglu af brotaþola, eða vinum eða kunningjum brotaþola, var sjaldnar vísað til ríkissaksóknara en málum sem voru tilkynnt af heilbrigðisyfirvöldum eða öðrum aðilum, til að mynda vitnum.

Marktækur munur var á afgreiðslu eftir því hvort að þau voru tilkynnt til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eða til lögregluembætta á landsbyggðinni.

**Tafla 35: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvar málið var tilkynnt**

| Málið var tilkynnt: | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Á landsbyggð | 12,20% | 87,80% | 49 | 5,994 |
| Á höfuðborgarsvæði | 32,00% | 68,00% | 59 | p<0.05 |

Munurinn birtist þannig að málum sem tilkynnt voru til lögregluembætta á landsbyggðinni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara. Af þessu má ætla má að verklag lögregluembætta á landsbyggðinni sé með öðrum hætti en lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. nánast öllum málum er vísað til ríkissaksóknara þegar rannsókn þeirra er lokið, ólíkt verklagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar kannaður var munur á afgreiðslu mála eftir því hvenær brotin voru framin, kom í ljós að málum sem voru framin á milli föstudags og laugardags var oftar vísað til ríkissaksóknara.

**Tafla 36: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvenær brotið var framið**

| Brotið var framið: (N=99) | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Á milli kl. 18.00 og 03.00 | 9,80% | 90,20% | 41 | 6,292 |
| Á milli kl. 03.00 og 18.00 | 31,00% | 69,00% | 58 | p<0.05 |

(Nákvæman tíma vantar, eða brot ítrekuð = 9)

Þá reyndist marktækur munur á afgreiðslu eftir því hvenær sólarhrings brotin voru framin. Málum sem voru framin á milli kl. 18:00 og 03:00 var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brot voru fram milli kl. 03:00 og 18:00. Erfitt er að gera grein fyrir þessum mun, en möguleg skýringin gæti verið sú að eftir því sem líður á nóttina er ölvun fólks meiri, frásögn þess því óskýrari og minnið gloppóttara og því erfiðara að henda reiður á hvað átti sér stað.

Öllum málum þar sem brot höfðu verið framin í bíl eða utandyra var vísað til ríkissaksóknara. Þegar könnuð var afgreiðsla þeirra mála sem framin voru innandyra kom í ljós að lögregla hætti oftar rannsókn mála þar sem brot voru framin á heimili eða vinnustað sakbornings en málum þar sem brotin voru framin á heimili brotaþola var aftur á móti oftar vísað til meðferðar hjá ríkissaksóknara.

Þá var málum þar sem gagnkvæmt daður eða kynferðisleg samskipti höfðu átt sér stað á milli geranda og þolanda mun oftar vísað til ríkissaksóknara.

Könnuð voru afdrif mála eftir ólíkum verknaðaraðferðum við framningu brots. Ekki reyndist mikill munur á afgreiðslu mála eftir því hvernig nauðgun var framin, þ.e. hvort sakborningur hafði samræði við brotaþola um leggöng eða um endaþarm. Ekki var munur á afgreiðslu lögreglu eftir því hvort gerendur voru fleiri en einn. Lögregla hætti rannsókn oftar í málum þar sem sakborningur sagðist hafa fengið sáðfall og í málum þar sem sakborningur sagðist hafa notað smokk.

Þegar afgreiðsla mála var könnuð með tilliti til valdbeitingar sást að lögregla vísaði þeim fáu málum til ríkissaksóknara þar sem sakborningur hafði beitt frelsisskerðingu ásamt líkamlegu valdi eða ofbeldi.

**Tafla 37: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir viðbrögðum brotaþola**

| Viðbrögð brotaþola (N=101) | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Streittist á móti eða veitti virka líkaml. mótspyrnu | 14,30% | 85,70% | 49 | 4,718 |
| Viðhafði ekki líkamlegt viðnám | 32,70% | 67,30% | 52 | p<0.05 |

(Kemur ekki fram eða ítrekuð brot og ólík viðbrögð = 7)

Málum þar sem brotaþoli lýsti því að sakborningur hefði beitt hana ofbeldi eða líkamlegu valdi var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara. Lögregla hætti oftar rannsókn í málum þar sem brotaþoli lýsti því að hafa verið rænulaus og/eða að hafa vaknað við nauðgun og málum þar sem brotaþoli lýsti þvingandi aðstæðum eða aðstöðumun, t.d. aldursmun á milli hennar og sakbornings eða að sakborningur hefði ekið henni á afvikinn stað. Einnig var kannað hver viðbrögð brotaþola voru í málunum, en í málum þar sem brotaþoli greindi frá því að hún hefði streist á móti eða veitt virka líkamlega mótspyrnu var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara.

Þá var öllum málum þar sem ung börn höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi vísað til ríkissaksóknara. Börnin sem voru brotaþolar í málunum á rannsóknartímabilinu voru á aldrinum 3–12 ára. Þar sem hér er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er átt við ofbeldi sem börnin urðu fyrir til dæmis innan fjölskyldu og var þá oft um að ræða langvarandi kynferðislega misnotkun. Utan þessa flokks falla því þau mál þar sem ungar stúlkur sem teljast börn í skilningi laga var nauðgað. Rétt er að benda á að þau mál sem vörðuðu kynferðislegt ofbeldi gegn börnum höfðu öll verið heimfærð undir 194. gr. hegningarlaga á meðan á rannsókn stóð, að minnsta kosti um stundarsakir. Oftast eru slík mál heimfærð undir önnur lagaákvæði, svo sem 1. mgr. 200. gr.[36] og 1. mgr. 201. gr.[37] hegningarlaga.

Málum þar sem brotaþoli hafði undirgengist réttarlæknisfræðilega eða læknisskoðun eftir brotið var oftar vísað til ríkissaksóknara og sama gildir um mál þar sem brotaþoli leitaði til sálfræðings eða geðlæknis í kjölfar brots. Vottorð um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola og gögn um andlegar afleiðingar brotsins á brotaþola virtust því hafa áhrif á framgang mála. Marktækur munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþoli var með sjáanlega áverka samkvæmt læknisvottorði en

---

[36] „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.“

[37] „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.“

myndin er þó nokkuð blönduð: Málum þar sem brotaþoli var með töluverða eða meiriháttar áverka var öllum vísað til ríkissaksóknara, nema einu þar sem lögregla gaf út ákæru fyrir líkamsárás, en sama máli gegndi um mál þar sem brotaþolar voru ekki með neina sjáanlega áverka. Rannsókn var oftar hætt í málum þar sem umminniháttar áverka var að ræða.

**Tafla 38: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir magni áverka á brotaþola skv. læknisvottorði**

| Áverkar á brotaþola skv. læknisvottorði (N=71) | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Töluverðir eða meiriháttar áverkar | 6,70% | 93,30% | 15 | 6,53 |
| Minni áverkar | 41,70% | 68,30% | 24 | p<0.05* |
| Engir sjáanlegir áverkar | 18,80% | 81,30% | 32 | |

(Fóru ekki í læknisskoðun = 37)

*Reiknað með Yates kí-kvaðrat leiðréttingu þar sem væntitíðni er undir 1 í einhverjum hópanna eða meira en 20% þeirra eru undir 5.

Þegar áverkar brotaþola og meðalaldur þeirra voru kannaðir samhliða kom eftirfarandi mynd fram:

**Tafla 39: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir áverkum á brotaþola og meðalaldri í hópum**

| Áverkar | Meðalaldur brþ. í málum þar sem lögregla hætti rannsókn | Meðalaldur brþ. í málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara |
|---|---|---|
| Engir sjáanlegir áverkar | 28 ár (6 mál) | 17 ár (26 mál) |
| Minniháttar áverkar | 28 ár (10 mál) | 23 ár (14 mál) |
| Töluverðir eða meiriháttar áverkar | (eitt mál) | 26,5 ár (14 mál) |

Meðalaldur brotaþola í málum sem vísað var til ríkissaksóknara og engir sjáanlegir áverkar voru á brotaþola var mun lægri (17 ár) en í málum þar sem lögregla hætti rannsókn (28 ár). Meðalaldur brotaþola í málum sem vísað var til ríkissaksóknara og brotaþoli var með minniháttar áverka var einnig nokkuð lægri (23 ár) en í málum þar sem lögregla hætti rannsókn. Meðalaldur brotaþola í málum sem vísað var til ríkissaksóknara og brotaþoli var með töluverða eða meiriháttar áverka samkvæmt læknisvottorði var 26,5 ár. Lögregla hætti rannsókn vegna nauðgunar í einu máli þar sem brotaþoli hafði töluverða áverka en í því máli var aftur á móti ákært fyrir líkamsárárs. Í málum þar sem brotaþolar voru yngri virðist sem sönnunarstaðan hafi ekki endilega verið talin lakari þó að brotaþoli hafi ekki hlotið líkamlega áverka. Í málum eldri brotaþola sem vísað var til ríkissaksóknara virðast verknaðaraðferðir hafa verið ofbeldisfyllri og meiri áverkar. Hér er þó einnig rétt að árétta að fá mál eru að baki töflunni.

Þegar atriði er varða rannsókn lögreglunnar voru greind virtust tveir þættir hafa mesta þýðingu. Marktækur munur var á afgreiðslu eftir því hvort sakborningar höfðu verið handteknir eða ekki. Þeim málum var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara þar sem sakborningur hafði verið handtekinn.

**Tafla 40: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir því hvort sakborningur var handtekinn eða ekki**

| Handtaka (N=107) | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi sakb. | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já, sakborningur var handtekinn | 11,80% | 88,20% | 51 | 7,323 |
| Nei, sakborningur var ekki handtekinn | 33,90% | 66,10% | 56 | p<0.01 |

(Hafði þegar verið handtekinn vegna annars brots = 1)

Samkvæmt 90. gr. sakamálalaga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra eða til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Almennt er litið svo á að brot sem tilkynnt eru til lögreglu mjög skömmu eftir að þau eru framin séu auðveldari til rannsóknar, t.d. aukast þá möguleikar á því að unnt sé að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun, rannsaka brotavettvang og afla annarra nauðsynlegra sönnunargagna, svo sem lífssýna. Þá eru líkur til þess að framburðir aðila séu greinargóðir og atvik aðilum og vitnum enn í fersku minni. Því kann að vera að sá munur sem var á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningar voru handteknir eða ekki stafi af því að í málum þar sem sakborningar voru handteknir var algengara að brotin höfðu verið tilkynnt skömmu eftir að þau voru framin.

Einnig var marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hve mörg vitni, að undanskildum brotaþola, voru yfirheyrð af lögreglu við rannsókn málsins.

**Tafla 41: Afgreiðsla mála hjá lögreglu eftir meðalfjölda vitna sem lögregla tók af skýrslu**

| | Rannsókn hætt | Vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi mála | t-próf p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi vitna sem lögregla tók skýrslu af | 2,1 vitni | 5,3 vitni | 108 | -7,275 p<0.001 |

Meðalfjöldi vitna í málum þar sem lögregla hætti rannsókn var 2,1 vitni á meðan meðalfjöldi vitna í málum sem vísað var til ríkissaksóknara voru 5,3. Eðlilegt er að fleiri vitni séu í þeim málum sem vísað er til ríkissaksóknara og það kann einnig að vera til marks um rannsókn lögreglu hafi verið ítarleg og að öll vitni hafi verið yfirheyrð. Ákæruvaldið hefur þá nokkur vitni til að byggja mál sitt á og málið þar af leiðandi talið sterkara.

## Málsmeðferðartími hjá lögreglu

Í *Skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála* (2007) kom fram að rannsóknartími nauðgunarmála hjá lögreglu var að meðaltali 210 dagar á árunum 2001–2006. Með rannsóknartíma er átt við tíma frá upphafi rannsóknar þar til máli er vísað til ríkissaksóknara. Í kjölfarið ákvað ríkissaksóknari, í samræmi við tillögu starfshópsins og að höfðu samráði við lögreglustjóra, að setja fyrirmæli um málsmeðferðartíma nauðgunarmála en þar er mælst til þess að málsmeðferðartími verði að hámarki 60 dagar hjá lögreglu nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar sérstakar ástæður komi í veg fyrir það, svo sem að beðið sé DNA-rannsókna eða annarra sérfræðigagna. Þá er ætlast til að ákvörðun um saksókn liggi fyrir innan 30 daga hjá ríkissaksóknara (Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 5/2009, tóku gildi 1. apríl 2009).

Málsmeðferðartími hjá lögreglu var kannaður á árunum 2008 og 2009. Tafla 42 sýnir málsmeðferðartíma mála, allt frá því nauðgun var tilkynnt lögreglu eða kæra vegna nauðgunar var lögð fram og þar til lögregla annað hvort hætti rannsókn eða vísaði málinu til ríkissaksóknara. Ekki var ljóst af gögnum allra mála hvenær rannsókn máls lauk hjá lögreglu. Upplýsingar um þetta atriði voru skráðar í gögnum 133 mála af 189.

**Tafla 42: Málsmeðferðartími hjá lögreglu frá því að mál barst lögreglu þar til rannsókn þess var lokið (fjöldi daga)**

| | Allt landið (Fjöldi: 133) | Höfuðborgarsvæðið (Fjöldi: 90) | Landsbyggð (Fjöldi: 43) |
|---|---|---|---|
| Meðaltal | 135 | 122 | 161 |
| Miðtala | 104 | 104 | 155 |
| Staðalfrávik | 129 | 124 | 139 |
| Stystur tími | 0 | 0 | 0 |
| Lengstur tími | 821 | 821 | 535 |

Málsmeðferðartími málanna á öllu landinu var að meðaltali 135 dagar. Hafa skal í huga að talsverður munur var á því hve langan tíma rannsókn hvers máls tók, eða allt frá því að hafa verið afgreitt samdægurs og upp í 821 dag, en í einhverjum tilvikum voru mál óafgreidd í lengri tíma þar sem grunaður gerandi í málinu var óþekktur eða ófundinn. Staðalfrávikið er því nokkuð hátt, eða 129. Einnig má sjá að rannsókn mála tók að meðaltali styttri tíma hjá kynferðisafbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 122 daga, í samanburði við lögregluembættin á landsbyggðinni, þar sem rannsókn tók að meðaltali 161 dag. Það mál sem tók lengstan tíma, þ.e. 821 dag í rannsókn, var mál konu sem kærði nauðgun af hálfu sakbornings sem var henni ókunnugur. Lögreglan rannsakaði málið og sýni voru m.a. send til DNA-rannsóknar erlendis en gerandinn fannst þó aldrei.

Eins og áður sagði báru gögn mála ekki alltaf með sér hvenær rannsókn þeirra hefði lokið formlega. Ef einungis eru könnuð nauðungarmál þar sem kæra lá fyrir og upplýsingar um lok máls hjá lögreglu var einnig að finna í gögnum málsins, voru nauðgunarmálin 91 talsins.

**Tafla 43: Málsmeðferðartími hjá lögreglu frá því að mál var kært þar til rannsókn þess var lokið (fjöldi daga)**

| | Allt landið (Fjöldi: 91) | Höfuðborgarsvæðið (Fjöldi: 63) | Landsbyggð (Fjöldi: 28) |
|---|---|---|---|
| Meðaltal | 158 | 151 | 174 |
| Miðtala | 134 | 127 | 160 |
| Staðalfrávik | 118 | 120 | 114 |
| Stystur tími | 3 | 4 | 3 |
| Lengstur tími | 767 | 767 | 350 |

Meðaltal fyrir allt landið var 158 dagar og var meðaltalið hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðeins lægra en á landsbyggðinni þar sem meðaltalið var 174 dagar. Munar þar 16 dögum eða rúmum tveimur vikum. Miðtalan fyrir allt landið var 134 dagar sem þýðir að helmingur málanna tók 134 daga eða skemur í rannsókn.  Miðtala fyrir höfuðborgarsvæðið var 127 dagar og fyrir landsbyggðina var hún hærri, eða 160 dagar. Þar munar 33 dögum eða um mánuði. Staðalfrávikið var svipað í ólíkum hópum mála, eða á bilinu 118–114 dagar og dreifing gilda því töluverð, en minnst tók afgreiðsla máls 3 daga en lengstur málsmeðferðartími var á höfuðborgarsvæðinu, 767 dagar.

Ástæður fyrir löngum málsmeðferðartíma geta verið margskonar. Tímafrekt getur reynst að hafa uppi á gerendum, en sumir þeirra fundust ekki við rannsókn lögreglu, og sumir gerendur voru erlendis. Þá getur bið eftir niðurstöðum DNA-rannsókna verið löng, en sýni til DNA-rannsókna eru send til útlanda.  Á árunum 2008 og 2009 voru sýni send til Noregs, en nú eru þau send til Svíþjóðar og ganga þær rannsóknir fljótar fyrir sig. Einnig má rekja langan málsmeðferðartíma til vinnuálags hjá lögreglu sem leiðir til forgangsröðunar mála.

Málsmeðferðartími hjá lögreglu hefur styst verulega frá því á árunum 2001–2006 þegar hann var 210 dagar að meðtaltali en nú reyndist hann 135 dagar að meðaltali. Munar þar 75 dögum eða tveimur og hálfum mánuði. Málsmeðferðartíminn á tímabilinu var hins vegar nokkuð langt frá viðmiði um 60 daga málsmeðferð, en rétt er að geta þess að fyrirmæli ríkissaksóknara þar um tóku fyrst gildi 1. apríl 2009, en málin sem hér eru til umfjöllunar bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009. Einnig skal haft í huga að þó æskilegt sé að málsmeðferðartími sé stuttur, má markmið um stuttan málsmeðferðatíma ekki koma niður á gæðum lögreglurannsókna og vandaðar rannsóknir geta reynst tímafrekar.

## Málsmeðferð hjá ríkissaksóknara

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið, athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en annars gefur hann út ákæru gegn sakborningi og leggur málið fyrir dóm.[38]

Af þeim 189 málum sem tilkynnt voru til lögreglu á tímabilinu var 88 málum vísað til ríkissaksóknara til ákvörðunar um ákæru eða niðurfellingu. Af þeim 88 málum leiddi 31 mál til ákæru en 57 mál voru felld niður þar sem þau þóttu ekki nægileg eða líkleg til sakfellis, sbr. 145. gr. sakamálalaga.

Kannað var hvaða rökstuðningur lá til grundvallar niðurfellingum mála hjá ríkissaksóknara og eru niðurstöðurnar teknar saman í töflu 44. Þetta var gert með því að lesa rökstuðning fyrir niðurfellingu mála hjá embætti ríkissaksóknara en slíkar ákvarðanir eru tilkynntar brotaþola og sakborningi bréfleiðis. Í bréfi til brotaþola eru málavextir reifaðir, sem og sönnunarstaða málsins, og þá er rökstutt hvers vegna mál þyki ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Þessi rökstuðningur var alla jafna nokkuð ýtarlegur í umræddum málum. Þess ber að geta að yfirleitt voru nokkur atriði nefnd sem ástæður niðurfellingar og var því um heildarmat á sönnunarstöðu í málum að ræða, að teknu tilliti til ólíkra þátta. Var um samspil þessara ólíku þátta að ræða en ekki þannig að ein aðalástæða væri nefnd fyrir niðurfellingu máls. Ber að hafa það í huga í umfjöllun um áhrif einkenna á málalok.

**Tafla 44: Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu máls**

| | Tíðni (Fjöldi mála: 57) | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Sakborningur neitar sök, ber við samþykki kæranda | 23 | 40,4 |
| Engin vitni | 22 | 38,6 |
| Ekki næg sönnunargögn sem styðja við framburð brotaþola | 21 | 36,8 |
| Orð gegn orði | 18 | 31,6 |
| Framburður vitnis/vitna styðja ekki við frásögn brotaþola | 16 | 28,1 |
| Ósannað að ástand brþ. hafi verið með þeim hætti að brþ. hafi ekki getað spornað við verknaðinum | 13 | 22,8 |
| Óljóst hvenær eða hvernig brotaþoli hlaut áverka | 12 | 21,1 |
| Ósannað að þvingun hafi verið beitt | 11 | 19,3 |
| Ósannað að sakborningur hefði átt að vita að brþ. vildi ekki stunda með honum samfarir (ásetningur ósannaður) | 10 | 17,5 |
| Ekki liggja fyrir gögn sem geta upplýst um atvik málsins | 9 | 15,8 |
| Brotaþoli man atvik óljóst | 8 | 14,0 |
| Framburði vitna ber ekki saman | 8 | 14,0 |
| Langur tími liðinn frá broti | 4 | 7,0 |
| Niðurstöður lífsýna eða DNA-rannsókna styðja ekki við frásögn | 4 | 7,0 |

[38] 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

| | | |
|---|---|---|
| brotaþola | | |
| Engir áverkar voru á brotaþola | 3 | 5,3 |
| Ekkert læknisvottorð liggur fyrir í gögnunum | 3 | 5,3 |
| Sakborningur neitar að samræði hafi átt sér stað | 3 | 5,3 |
| Sakborningur ber við minnisleysi | 3 | 5,3 |
| Misræmi í frásögn brotaþola | 2 | 3,5 |
| Annað | 14 | 24,6 |

Af töflunni má ráða að röksemdir fyrir niðurfellingu voru margvíslegar. Oftast var vísað til þess í rökstuðningi fyrir niðurfellingu máls að sakborningur hefði neitað sök og/eða borið við að brotaþoli hefði samþykkt samræði. Þá var mjög oft vísað til þess að engin vitni væru að brotinu sem gætu borið um atvik máls eða að ekki væru fyrir hendi næg sönnunargögn að öðru leyti sem gætu stutt framburð brotaþola. Algengur rökstuðningur var að um orð gegn orði væri að ræða, en einnig kom nokkuð oft fram í rökstuðningi að framburður vitna styddi ekki frásögn brotaþola af atvikum máls, þar sem vitni höfðu borið um ákveðin atvik málsins á annan hátt en brotaþoli.

Í áfengistengdum málum var nokkuð um að ósannað teldist að ölvun brotaþola hefði verið svo mikil að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum. Í nokkrum málum var talið óljóst hvernig áverkar á brotaþola væru tilkomnir. Í sumum málum var talið að ósannað að sakborningur hefði beitt þvingunum til að ná fram vilja sínum og einnig var talið ósannað í sumum málum að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli hefði ekki viljað samræði, það er að segja að ásetningur sakbornings var talinn ósannaður. Þá voru nokkur mál felld niður meðal annars með vísan til þess að ekki lægju fyrir næg gögn sem upplýst gætu um atvik málsins og einnig voru mál felld niður með vísan til þess að brotaþoli mundi illa atvik máls.

Í töflunni má jafnframt sjá aðrar röksemdir sem nefndar voru í bréfum til brotaþola en eins og áður hefur verið nefnt var rökstuðningur ríkissaksóknara oftast margþættur, þ.e. að nokkur atriði voru nefnd sem þóttu gefa ástæðu til að ætla að mál væri ekki líklegt eða nægilegt til sakfellis fyrir dómi. Var því um heildarmat á sönnunarstöðu að ræða en ekki tilgreint neitt eitt atriði sem hefði ráðið úrslitum um þá ákvörðun embættisins að fella málið niður.

## Samanburður á málsmeðferð hjá ríkissaksóknara eftir einkennum mála

Til að kanna tengsl á milli ólíkra einkenna málanna við málalok hjá ríkissaksóknara var, eins og við könnun á málsmeðferð hjá lögreglu, notuð kí-kvaðratpróf til að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli þeirra mála sem ríkissaksóknari felldi niður og þeirra mála sem hann ákærði í. Eins og skýrt var frá í kaflanum um samanburð á málum hjá lögreglu þá segir p-gildið í stuttu máli til um líkurnar á því að mismunur á einkennum mála sem eru felld niður og mála þar sem gefin

er út ákæra, sé til kominn fyrir tilviljun. Þannig er til dæmis unnt að segja með 95% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki kominn til fyrir tilviljun ($p<0.05$) eða með 99,9% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki kominn til fyrir tilviljun ($p<0.001$).

Sökum þess hve fá mál liggja til grundvallar marktektarprófunum ber að taka niðurstöðunum með nokkrum fyrirvara, en ætla má að þær gefi þó sterkar vísbendingar um hvaða þættir hafa áhrif við afgreiðslu mála.

Lögregla vísaði 88 nauðgunarmálum til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Þess ber að geta að fjögur mál voru ekki höfð með í prófunum sakir þess að í þeim lá fyrir játning sakbornings og því þótti ástæða til að ætla að þessi mál kynnu að skekkja útreikninga. Eitt mál til viðbótar var undanskilið prófunum en það var eina nauðgunarmálið sem lögregla hafði vísað til ríkissaksóknara án þess að kæra brotaþola lægi fyrir, en myndbandsupptaka var í gögnum málsins. Ríkissaksóknari felldi málið niður þar sem myndbandsupptakan þótti ekki sanna að um nauðgun hefði verið að ræða. Eftir voru 83 mál sem eru til umfjöllunar hér.

Í töflu 45 má sjá samanburð á málsmeðferð hjá ríkissaksóknara með tilliti til einkenna sakborninga.

**Tafla 45: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum sakborninga**

| Einkenni sakborninga | Niðurfelling | Ákæra | Marktækni |
|---|---|---|---|
| Meðalaldur | 25,9 ár | 32,9 ár | p<0.005 |
| Af erlendu þjóðerni | 33,9% | 22,2% | |
| Kvæntur eða í sambúð | 19,2% | 37,0% | |
| Í námi | 10,5% | 13,6% | |
| Atvinnulaus eða öryrki | 7,9% | 22,7% | |
| Á vinnumarkaði | 78,9% | 63,6% | |
| Misnotar áfengi eða önnur vímuefni | 12,5% | 52,4% | p<0.001 |
| Geðræn vandamál, eða vísbendingar um geðræn eða félagsleg vandamál | 5,4% | 42,3% | p<0.001* |
| Undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar brot var framið | 64,7% | 65,0% | |
| Undir mjög miklum áhrifum þegar brot var framið | 25,0% | 22,0% | |
| Brotaferill að baki (þ.e. brot á hgl.) | 23,1% | 29,2% | |
| Afstaða sakbornings: | | | |
| *-Ber við minnisleysi eða neitar að svara* | 8,9% | 0,0% | |
| *-Neitar sök og að samræði hafi átt sér stað* | 25,0% | 22,2% | |
| *-Játar samræði, ber við samþykki brotaþola* | 57,1% | 55,6% | |
| *-Breytir afstöðu sinni til sakarefnis* | 7,1% | 18,5% | |

* Notað var Fisher Exact Test (FET) þar sem væntitíðni er undir 5.

Sjá má að meðalaldur sakborninga í málum sem ríkissaksóknari felldi niður var mun lægri (25,9 ár) en í málum sem leiddu til ákæru (32,9 ár). Munurinn reyndist marktækur. Þegar málin voru greind eftir því hvort sakborningar voru erlendir eða íslenskir kom fram að mál sakborninga af erlendu þjóðerni

voru oftar felld niður. Sú niðurstaða er áhugaverð í samanburði við afgreiðslu hjá lögreglu, en málum erlendra sakborninga var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara af hálfu lögreglu.

Ríkissaksóknari gaf oftar út ákæru í málum þar sem sakborningur var kvæntur eða í sambúð. Við afgreiðslu mála hjá lögreglu hafði lögregla oftar vísað málum til ríkissaksóknara þar sem fram kom í gögnum máls að sakborningar voru einhleypir/fráskildir en málum þar sem sakborningar voru giftir eða í sambúð.

Atvinnustaða sakborninga var könnuð og þá mátti sjá að mál þar sem sakborningur var á vinnumarkaði voru oftar felld niður, en oftar var ákært í málum þar sem sakborningur var atvinnulaus eða öryrki. Ekki reyndist mikill munur á afgreiðslu mála þar sem sakborningur var nemandi eða hafði aðra atvinnustöðu, en við afgreiðslu lögreglu hafði fleiri málum verið vísað til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru í námi.

Ríkissaksóknari gaf aftur á móti marktækt oftar út ákæru í málum þar sem sakborningar misnotaðu áfengi eða önnur vímuefni, sem og í málum þar sem sakborningar áttu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða. Þegar tölurnar eru greindar nánar út frá einkennunum kemur í ljós að munurinn fólst þó einkum í því að mál þar sem sakborningar misnotuðu ekki áfengi eða önnur vímuefni voru mun oftar felld niður. Munurinn reyndist minni í þeim málum þar sem fram kom að sakborningar misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni. Hér ber einnig að hafa í huga að einungis liggja 17 gildi að baki þessari breytu.

**Tafla 46: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur misnotaði áfengi/önnur vímuefni eða ekki**

| Misnotar sakborningur áfengi eða önnur vímuefni: | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 35,3% | 64,7% | 17 | 12,514 |
| Nei | 80,0% | 19,2% | 52 | $p$<0.001 |

Upplýsingar ekki til staðar = 14

Þegar könnuð var afgreiðsla mála eftir því hvort sakborningar áttu við geðræn vandamál að stríða, eða vísbendingar um geðræn/félagsleg vandamál sakborninga lágu fyrir í gögnum máls, eða ekki, var munurinn marktækur.

**Tafla 47: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur átti við geðræn vandamál að stríða eða ekki (tekur einnig til mála þar sem lágu fyrir vísbendingar um geðræn/félagsleg vandamál)**

| A sakborningur við geðræn vandamál að stríða eða eru vísbendingar um geð/fél vandamál ? | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 21,40% | 78,60% | 14 | FET* |
| Nei | 77,90% | 22,10% | 68 | $p$<0.001 |

*Reiknað með Fisher Exact Text (FET) þar sem væntigildi er undir 5

Mun oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningar áttu við geðræn vandamál að stríða, eða málum þar sem sterkar vísbendingar voru um að sakborningar ættu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða. Mál þar sem slíkar upplýsingar lágu ekki fyrir voru mun oftar felld niður. Hér ber þó einnig að árétta að fjöldi gilda í fyrri hópnum er afar lítill, eða einungis 14 mál, og ber því að taka þessum niðurstöðum með ákveðnum fyrirvara.

Af þeim málum þar sem sakavottorð var til staðar í gögnunum gaf ríkissaksóknari aðeins oftar út ákæru í málum þar sem sakborningur átti brotaferil að baki og þá er miðað við brot gegn almennum hegningarlögum.

Þegar greindur var munur á afgreiðslu eftir afstöðu sakbornings til sakarefnis, mátti sjá að ekki var mikill munur á málum þar sem sakborningur annaðhvort neitaði sök og neitaði jafnframt að samræði hefði átt sér stað, og málum þar sem sakborningar játuðu samræði en báru við samþykki brotaþola. Mál þar sem sakborningar ýmist báru við minnisleysi eða neituðu að svara spurningum lögreglu voru felld niður. Oftar var gefin út ákæra á hendur þeim sakborningum sem höfðu breytt afstöðu sinni á milli skýrslutaka, sem helst væntanlega í hendur við mat á því hversu trúverðugur framburður sakbornings hefur þótt. Hvorki reyndist munur á málalokum þar sem sakborningur var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hið kærða brot var framið né í málum þar sem sakborningur var undir miklum áhrifum.

Í töflu 48 má sjá samanburð á málsmeðferð hjá ríkissaksóknara með tilliti til einkenna brotaþola.

**Tafla 48: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum brotaþola**

| Einkenni brotaþola | Niðurfelling | Ákæra | Marktækni |
|---|---|---|---|
| Meðalaldur | 19,3 ár | 21,7 ár | |
| Gift eða í sambúð | 7,3 | 18,5 | |
| Af erlendu þjóðerni | 5,7% | 11,1% | |
| Í námi | 65,9% | 65,0% | |
| Á vinnumarkaði | 20,5% | 30,0% | |
| Misnotar áfengi eða önnur vímuefni | 17,9% | 11,1% | |
| Geðræn vandamál | 20,4% | 29,6% | |
| Vísbendingar um geðræn/félagsl. vandamál | 11,1% | 0,0 | |
| Undir áhrifum áfengis eða vímugjafa þegar brotið var framið | 83,3% | 45,8% | p<0.005 |

Sjá má að lítill munur var á afgreiðslu mála eftir meðalaldri, en meðalaldur brotaþola var ögn lægri (19,3 ár) í málum sem felld voru niður en í málum þar sem ákæra var gefin út (21,7 ár). Aldur brotaþola var því svipaður í málum sem felld voru niður og málum sem leiddu til ákæru. Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli var gift eða í sambúð og sama gilti um mál þar sem brotaþolar voru af erlendum uppruna. Þegar afgreiðsla var könnuð með tilliti til atvinnustöðu brotaþola mátti sjá að oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli var á vinnumarkaði en í

málum þar sem svo var ekki. Nánast enginn munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþolar voru í námi eða ekki.

Mál þar sem brotaþoli misnotaði áfengi eða önnur vímuefni voru aðeins oftar felld niður. Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem fram kom í gögnum máls að brotaþoli ætti við geðræn vandamál að stríða, en þau mál þar sem vísbendingar lágu fyrir í gögnum um að brotaþoli ætti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða voru öll felld niður. Marktækur munur var hins vegar á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþolar sögðust hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímugjafa þegar brotið var framið eða ekki.

**Tafla 49: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis/annarra vímuefna þegar brotið var framið**

| Var brotaþoli undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var framið: | Niðurfelling | Ákæra | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 80,40% | 19,60% | 56 | 11,539 |
| Nei | 40,90% | 59,10% | 22 | $p$<0.005 |

(Upplýsingar ekki til staðar, eða ítrekuð brot = 5)

Mál þar sem brotaþoli sagðist hafa verið undir áhrifum áfengis voru marktækt oftar felld niður. Að sama skapi var oftar ákært í málum þar sem brotaþoli sagðist ekki hafa verið undir neinum áhrifum áfengis þegar brotið var gegn henni. Afar fátítt var að fyrir lægju mælingar á áfengisáhrifum brotaþola í gögnum málsins og því byggja upplýsingar um það hvort brotaþoli var undir áfengisáhrifum eða ekki þegar brotið var framið á frásögnum og mati brotaþola sjálfra í lögregluskýrslum. Ekki mældist því marktækur munur við afgreiðslu mála eftir ólíkum þáttum í fari brotaþola, utan þess að ölvun á verknaðarstundu hafði marktæk áhrif.

Í töflu 50 má sjá samanburð á afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara eftir öðrum einkennum brotanna.

**Tafla 50: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir einkennum brotanna**

| Einkenni brotanna | Niðurfelling | Ákæra | Marktækni |
|---|---|---|---|
| Aldursmunur aðila | 6,6 ár | 11,1 ár | |
| Tengsl brotaþola og sakbornings | | | |
| *-Aðilar þekktust ekki* | 5,7% | 7,4% | |
| *-Núverandi eða fyrverandi parasamband* | 5,4% | 14,8% | |
| *-Aðilar tengdir fjölskylduböndum* | 1,8% | 7,4% | |
| *-Aðilar kynntust fyrst innan 24 stunda áður en brotið var framið* | 28,6% | 11,1% | |
| Málið tilkynnt til lögreglu samdægurs | 28,6% | 51,9% | p<0.05 |
| Hver tilkynnti málið: | | | |
| *-Brotaþoli* | 37,5% | 22,2% | |
| *-Foreldri brotaþola* | 14,3% | 33,3% | |
| *-Félagsmálayfirvöld (t.d. barnaverndaryfirvöld)* | 19,6% | 3,7% | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mál tilkynnt til lögregluembætta á landsbyggðinni | 53,6% | 48,1% | |
| Framin milli laugardags og sunnudags | 74,0% | 58,3% | |
| Framin milli kl. 21.00 og 06.00 | 77,4% | 54,2% | |
| Brotavettvangur: | | | |
| *-Utandyra eða í bíl* | 10,7% | 18,5% | |
| *-Heimilli eða vinnustaður sakbornings* | 30,4% | 44,4% | |
| *-Heimili brotaþola* | 21,4% | 14,8% | |
| Gagnkv. daður/kynferðisl. samsk. áttu sér stað áður en brotið var framið | 29,1% | 22,2% | |
| Sakborningur hafði sáðfall (að eigin sögn) | 30,0% | 60,0% | p<0.05 |
| Sakborningur notaði smokk (að eigin sögn) | 17,5% | 5,0% | |
| Sakborningur hafði samfarir við brþ um leggöng að aftan (skv brþ) | 21,3% | 28,0% | |
| Sakborningur hafði samfarir við brþ um endaþarm (skv brþ) | 6,4% | 20,0% | |
| Fleiri en einn gerandi | 12,8% | 3,7% | |
| Valdbeiting: | | | |
| *-Frelsisskerðing, ásamt líkamlegu ofbeldi eða valdbeitingu* | 0,0% | 7,4% | |
| *-Kynferðisleg misnotkun á barni* | 0,0% | 3,7% | |
| *-Ofbeldi, hótanir, ógnað með vopni* | 14,3% | 18,5% | |
| *-Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda, toga)* | 21,4% | 22,2% | |
| *-Þvingandi aðstæður eða aðstöðumunur* | 25,0% | 22,2% | |
| *-(Nánast) rænulaus (man lítið) og/eða vaknar upp við samræði* | 35,7% | 22,2% | |
| Samskiptum aðila lauk með átökum eftir hið kærða brot | 21,8% | 33,3% | |
| Brotaþoli undirgekkst réttarlæknisfræðilega skoðun* | 55,4% | 81,5% | p<0.05 |
| Brotaþoli er með sjáanlega áverka skv. læknisvottorði | 75,0% | 70,6% | |
| Brotaþoli með töluverða eða meiriháttar áverka | 47,1% | 50,0% | |
| Viðbrögð / mótspyrna brotaþola | | | |
| *- Brotaþoli veitti virka líkamlega mótspyrnu* | 8,9% | 22,2% | |
| *- Brotaþoli streittist á móti* | 39,3% | 25,9% | |
| *-Brotaþoli neitaði sakborningi um samræði og fraus og eða grét* | 25,0% | 29,6% | |
| Brotaþoli leitaði til sálfræðings/geðlæknis eftir brotið | 30,4% | 77.8% | p<0.001 |
| Meðalfjöldi vitna, að brotaþola undanskildum | 5,0 vitni | 5,9 vitni | |
| Skýrslutaka af barni fór fram í Barnahúsi, en ekki fyrir dómi. | 43,5% | 40,0% | |
| Sakborningur var handtekinn | 46,4% | 73,1% | p<0.05 |

Eins og taflan sýnir var mikill munur var á aldursmun brotaþola og sakborninga eftir því hvort ríkissaksóknari felldi mál niður eða gaf út ákæru. Aldursmunurinn var mun meiri í málum sem ríkissaksóknari ákærði í (11,1 ár) en í málum sem voru felld niður (6,6 ár), þó munurinn hafi ekki verið marktækur (*p*=.08). Þessar niðurstöður er áhugavert að kanna við hlið sambærilegra niðurstaðna um afgreiðslu mála hjá lögreglu. Meðalaldursmunur aðila í málum sem lögregla hætti rannsókn á var 2,9 ár en aftur á móti 8,1 ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara, og munurinn var marktækur. Aldursmunur aðila er því bæði einkennandi fyrir mál sem vísað er til ríkissaksóknara og fyrir mál sem leiddu til ákæru og jókst aldursmunurinn á milli afgreiðslu mála hjá lögreglu og afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara.

Þegar kannaður var munur á afgreiðslu mála eftir því hvernig brotaþolar og sakborningar þekktust mátti sjá að aðeins oftar var ákært í málum þar sem aðilar þekktust ekki, og hið sama átti við ef aðilar voru núverandi eða fyrrverandi makar eða tengdir fjölskylduböndum. Hér ber að aftur að árétta að afar fá mál eru að baki þessu. Hins vegar voru mál þar sem aðilar höfðu kynnst innan við 24 stundum áður en hið brot var framið oftar felld niður. Í þeim málum (N=16) sögðust brotaþolar hafa verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna, en slík mál voru einnig marktækt oftar felld niður.

Mikill munur var á málalokum með tilliti til þess hvenær lögreglu var gert viðvart um brot, þ.e. eftir því hvort þau voru tilkynnt samdægurs eða síðar.

**Tafla 51: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvenær málið barst lögreglu**

| Hvenær barst málið til lögreglu: | Niðurfelling | Ákæra | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Samdægurs | 53,30% | 46,70% | 30 | 4,278 |
| Síðar | 75,50% | 24,50% | 53 | $p<0.05$ |

Marktækt oftar var gefin út ákæra í málum sem tilkynnt voru til lögreglu samdægurs en í málum sem tilkynnt voru síðar. Þessi niðurstaða helst í hendur við það almenna sjónarmið að möguleikar lögreglu á því að afla nauðsynlegra sönnunargagna séu mestir skömmu eftir að brot er framið. Það virðist því hafa töluverð áhrif á styrkleikamat mála hversu fljótt þau eru tilkynnt lögreglu. Í töflu 52 má sjá hve langur tími leið á frá því að hið kærða brot var framið þar til það barst til lögreglu í þeim 88 málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara. Rúmlega þriðjungur brotanna, eða 35%, voru tilkynnt til lögreglu innan sólarhrings og í 16% mála til viðbótar var tilkynnt um brotið innan 1–3 daga. Alls barst því rúmur helmingur málanna til lögreglu innan þriggja daga. Aðeins 13,6% málanna voru tilkynnt meira en mánuði eftir að þau voru framin. Elsta brotið sem kært var hafði átt sér stað um 6 árum áður.

**Tafla 52: Tími frá broti þar til mál var tilkynnt til lögreglu (mál sem vísað var til ríkissaksóknara)**

| Tími | Fjöldi brota | Hlutfall |
|---|---|---|
| Innan sólarhrings | 31 | 35,2 |
| 1–3 dagar | 14 | 15,9 |
| 4–30 dagar | 21 | 23,9 |
| 1–6 mánuðir | 7 | 8,0 |
| 6–12 mánuðir | 4 | 4,5 |
| Meira en ári síðar | 1 | 1,1 |
| Óþekkt / Ítrekuð brot | 10 | 11,4 |
| Alls | 88 | 100 |

Einnig reyndist marktækur munur á afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara eftir því hve langur tími leið frá því að mál voru tilkynnt til lögreglu þar til skýrsla var tekin af sakborningi. Í málum þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru höfðu að meðaltali liðið átta dagar frá því að mál var tilkynnt til lögreglu

þangað til skýrsla var tekin af sakborningi, en í málum sem felld voru niður höfðu liðið að meðaltali 34 dagar.

Nokkur munur var á meðferð mála eftir því hver tilkynnti/kærði brotið. Mun sjaldnar var gefin út ákæra í málum sem voru tilkynnt af brotaþola sjálfri eða af félagsmálayfirvöldum en í málum sem voru tilkynnt af foreldrum brotaþola, en í málum þar sem foreldrar brotaþola tilkynntu brotið var mun oftar gefin út ákæra. Ekki reyndist mikill munur á afgreiðslu mála sem voru tilkynnt af vini/kunningja brotaþola, heilbrigðisyfirvöldum eða af öðrum aðilum.

Nánast enginn munur var á afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort málin höfðu verið til meðferðar hjá lögregluembættunum á landsbyggðinni eða hjá lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu en í umfjöllun um málsmeðferð lögreglunnar mátti aftur á móti sjá að lögregluembætti á landsbyggðinni vísuðu málum marktækt oftar til ríkissaksóknara en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Brot sem voru framin á milli aðfaranætur laugardags og fram til miðnættis á sunnudegi voru oftar felld niður en önnur mál og sama máli gegnir um brot sem voru framin um kvöld eða nótt, eða á milli kl. 21:00 og 06:00. Við afgreiðslu mála hjá lögreglu var málum marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara sem framin voru á milli kl. 18:00 og 03:00.

Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotavettvangur var utandyra eða í bíl, en lögregla vísaði öllum slíkum málum til ríkissaksóknara. Einnig var oftar gefin út ákæra í málum þar sem brotavettvangur var heimili eða vinnustaður sakbornings, en mál þar sem brotavettvangur var heimili brotaþola voru oftar felld niður. Við afgreiðslu lögreglu var þessu öfugt farið, þ.e. oftar var hætt að rannsaka mál þar sem hið kærða brot var framið á heimili eða vinnustað sakbornings en málum þar sem brotin voru framin á heimili brotaþola var aftur á móti oftar vísað til ríkissaksóknara .

Þá voru þau mál aðeins oftar felld niður þar sem brotaþoli hafði lýst gagnkvæmu daðri og/eða kynferðislegum samskiptum við sakborning áður en hið kærða brot var framið. Þessum málum hafði aftur á móti verið vísað aðeins oftar til ríkissaksóknara af hálfu lögreglu.

Munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall eða ekki en marktækt oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur sagðist hafa haft sáðfall.

**Tafla 53: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall eða ekki**

| Sakborningur hafði sáðfall | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 37,50% | 70,60% | 24 | 4,864 |
| Nei | 62,50% | 29,40% | 25 | p<0.05 |

(Upplýsingar ekki til staðar = 34)

Athygli skal vakin á því að fá mál eru að baki þessari breytu. Í leiðbeiningum ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála (Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi, 2007), er rannsóknarlögreglumönnum bent á að spyrja brotaþola um hvort brot hafi verið fullframið sem mögulega kann að leiða til þess að einnig sé leitað svara við því hvort sakborningur hafi fengið sáðfall. Við afgreiðslu lögreglu var rannsókn hinsvegar oftar hætt í málum þar sem sakborningur sagðist hafa fengið sáðfall, sem og í málum þar sem sakborningur sagðist hafa notað smokk.

Aðeins oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli greindi frá því að hafa verið nauðgað um leggöng að aftan og nokkuð oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli kvað nauðgun hafa verið um endaþarm. Þau mál þar sem gerendur voru fleiri en einn voru oftar felld niður en mál þar sem um einn geranda var að ræða.

Könnuð voru áhrif valdbeitingar á afgreiðslu mála. Ákært var í öllum málum þar sem brotaþoli lýsti frelsisskerðingu ásamt líkamlegri valdbeitingu eða ofbeldi, sem og í öllum málum sem vörðuðu kynferðislega misnotkun á barni með nauðgun. Hið sama átti við um afgreiðslu lögreglu á þessum málum, það er að segja lögregla vísaði þeim öllum til ríkissaksóknara. Ekki var mikill munur á afgreiðslu lögreglu á málum þar sem brotaþoli lýsti ofbeldi, hótunum eða greindi frá því að hafa verið ógnað með vopni eða málum þar sem brotaþoli lýsti líkamlegri valdbeitingu við framningu brotsins, og heldur ekki í málum sem einkenndust af þvingandi aðstæðum eða aðstöðumun á milli brotaþola og sakborninga. Mál þar sem sakborningur misnotaði sér ölvunarástand brotaþola, það er að segja þar sem málsatvik voru að brotaþolar voru ýmist nánast rænulausar, sögðust lítið muna atvik máls, og/eða sögðust hafa vaknað upp við samræði, voru oftar felld niður. Oftar var gefin út ákæra í málum þar sem samskiptum aðila lauk með átökum eftir hið kærða brot.

Kannað var hver viðbrögð brotaþola höfðu verið þegar brotið var gegn þeim. Oftar var ákært í þeim málum þar sem brotaþoli veitti virka líkamlega mótspyrnu. Ekki var mikill munur á málalokum þar sem brotaþoli sýndi enga líkamlega mótspyrnu heldur neitaði kærða um samræði og/eða fraus eða grét.

Marktækt oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli hafði undirgengist réttarlæknisfræðilega skoðun.

**Tafla 54: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun eða ekki**

| Gekkst brotaþoli undir réttarlæknisfræðilega skoðun | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 58,50% | 41,50% | 53 | 5,387 |
| Nei | 83,30% | 16,70% | 30 | p<0.05 |

Þessar tölur gefa því sterklega til kynna hve mikla þýðingu vottorð vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis höfðu, þar sem afar fá mál leiddu til ákæru án þess að slíkt vottorð lægi fyrir. Ekki reyndist þó marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hve mikla áverka brotaþoli hafði hlotið samkvæmt læknisvottorði.

Einnig var marktækt oftar ákært í málum þar sem brotaþoli leitaði til sálfræðings, eða í einstaka tilvikum geðlæknis, í kjölfar hins kærða brots. Þýðing slíkra gagna virðist því einnig mikil.

**Tafla 55: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli leitaði til sálfræðings/geðlæknis í kjölfar brotsins**

| Brotaþoli leitaði til sálfræðings/geðlæknis í kjölfar brotsins | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já | 44,70% | 55,30% | 38 | 16,503 |
| Nei | 86,70% | 13,30% | 45 | $p<0.001$ |

Þegar þessir þættir voru greindir mátti sjá að munurinn fólst einkum í því að mun meiri líkur voru til þess að mál væri fellt niður í málum þar sem slík gögn lágu ekki fyrir.

Meðalfjöldi vitna í málum sem felld voru niður var 5 en í málum sem leiddu til ákæru var meðalvitnafjöldi aftur á móti 5,9 en munurinn var ekki marktækur. Við afgreiðslu mála hjá lögreglu var meðalfjöldi vitna aftur á móti marktækt hærri í málum sem vísað var til ríkissaksóknara (5,3 vitni) en í þeim þar sem rannsókn var hætt(2,1 vitni). Nánast enginn munur var á afgreiðslu eftir því hvort skýrslutökur á brotaþolum yngri en 18 ára fóru fram í Barnahúsi eða fyrir dómi.

Marktækt oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningar höfðu verið handteknir en hið sama gilti um afgreiðslu lögreglu, málum þar sem sakborningar höfðu verið handteknir var einnig marktækt oftar vísað áfram.

**Tafla 56: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir því hvort að sakborningur var handtekinn eða ekki**

| Handtaka | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Já, sakborningur var handtekinn | 57,80% | 42,20% | 45 | 5,092 |
| Nei, sakborningur var ekki handtekinn | 81,10% | 18,90% | 37 | $p<0.05$ |

Hafði þegar verið handtekinn vegna annars brots = 1

Þegar munurinn var greindur nánar mátti sjá að líkurnar á ákæru jukust ef sakborningur hafði verið handtekinn, en munurinn fólst aðallega í því að mál þar sem sakborningur hafði ekki verið handtekinn voru oftar felld niður. Einnig reyndist marktækur munur á málalokum hjá ríkissaksóknara eftir því hve langur tími leið frá því að mál voru tilkynnt til lögreglu þar til skýrsla var tekin af sakborningi.

**Tafla 57: Afgreiðsla mála hjá ríkissaksóknara eftir meðaltíma á milli þess að mál var tilkynnt og skýrsla var tekin af sakborningi**

| Meðaltími sem leið á milli þess að mál var tilkynnt og skýrslutöku sakbornings | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi brota | T-próf p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Meðaltími á milli tilkynningar og skýrslutöku sakbornings | 34 dagar | 8 dagar | 77 | -3,314 p<0.01 |

Öll gildi utan 6: Skráning misfórst = 4. Útlagar = 2, þ.e. annars vegar eitt mál þar sem tími á milli þess að mál barst og tekin var skýrsla af sakborningi var 307 dagar og hins vegar 561 dagur.

Í málum þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru höfðu að meðaltali liðið átta dagar frá því að mál var tilkynnt lögreglu og þar til sakborningur var yfirheyrður en í málum sem felld voru niður höfðu að meðaltali liðið 34 dagar. Því virðist sem skýrslutaka af sakborningi skömmu eftir tilkynningu brots skipti máli fyrir framgang þess en hér gætu þó fleiri þættir einnig verið að hafa áhrif eins og til dæmis hversu skömmu eftir framningu brots var það tilkynnt til lögreglu.

Þegar dregnir eru saman ofangreindir þættir þar sem marktækur munur var á afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara má sjá að máli skiptir að gögn um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola liggi fyrir en slíkar skoðanir eru framkvæmdar á neyðarmóttökunum í Reykjavík og á Akureyri, en eðli málsins samkvæmt lágu slík gögn oftast fyrir í málum sem tilkynnt höfðu verið til lögreglu mjög skömmu eftir að brotin voru framin. Einnig má sjá að málshraði hafi mikla þýðingu á framgang mála. Þau mál sem eru tilkynnt lögreglu sama dag og þau voru framin og þau mál þar sem sakborningur var handtekinn í þágu rannsóknarinnar leiddu oftar til ákæru. Handtökur voru oftast framkvæmdar í málum sem tilkynnt voru skömmu eftir að brot var framið og virtust því einnig oft fara eftir aldri mála. Þá var marktækt oftar ákært í þeim málum þar sem skammur tími hafði liðið frá því að brot var tilkynnt lögreglu og þar til sakborningur var yfirheyrður. Því má ætla að skjót viðbrögð og málshraði hafi þýðingu fyrir framgang mála. Af gögnum sem virðast geta styrkt mál ber að nefna gögn frá sálfræðingi, og í einstaka tilviki geðlækni, sem höfðu einnig mikla þýðingu þar sem marktækt oftar var ákært í málum þar sem slík gögn lágu fyrir. Í slíkum gögnum er gerð grein fyrir andlegum afleiðingum brotsins á brotaþola.

## Málsmeðferðartími hjá ákæruvaldi

Eins áður var getið hefur ríkissaksóknari nú sett sér það markmið að málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknaraembættinu verði 30 dagar (Fyrirmæli ríkissaksóknara RS: 5/2009, tóku gildi 1. apríl 2009). Í töflu 58 má sjá hve langur málsmeðferðartími var hjá ríkissaksóknara eftir því hvort mál voru felld niður eða ákæra gefin út.

**Tafla 58: Málsmeðferðartími hjá ríkissaksóknara (fjöldi daga)**

| | Mál fellt niður (Fjöldi mála: 39) | Ákæra gefin út (Fjöldi mála: 9) |
|---|---|---|
| Meðaltal | 39 | 56 |
| Miðtala | 84 | 41 |
| Staðalfrávik | 50 | 52 |
| Stystur tími | 5 | 11 |
| Lengstur tími | 211 | 174 |

Meðalmálsmeðferðartími í málum sem felld voru niður var 39 dagar en 56 dagar í málum þar sem ákæra var gefin út. Miðtala var 84 dagar í málum sem felld voru niður, þ.e. málsmeðferð í helmingi málanna tók 84 daga eða skemur, en miðtala í málum þar sem ákæra var gefin út var 41 dagur. Hér þarf þó að geta þess að aðeins lágu fyrir upplýsingar um málsmeðferðartíma í 48 málum af 88, þar sem dagsetning þegar málið barst ríkissaksóknara lá ekki alltaf fyrir í gögnunum.

Á tímabilinu sem rannsóknin tók til var ríkissaksóknari nokkuð frá viðmiði um 30 daga málsmeðferðartíma, að undanskildum 8 málum, en mál sem felld voru niður voru að meðaltali mun nær 30 daga viðmiðinu en mál sem leiddu til ákæru. Hér ber þó að hafa í huga að fyrirmæli ríkissaksóknara um þetta efni tóku fyrst gildi 1. apríl 2009, en málin sem hér eru til umfjöllunar bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009.

## Málsmeðferð hjá dómstólum

Alls var ákært í 31 máli. Af þeim voru 15 mál dómtekin í Héraðsdómi Reykjavíkur en 16 voru dómtekin í öðrum héraðsdómum. Af því má sjá að á rannsóknartímabilinu hafði Héraðsdómur Reykjavíkur til meðferðar helming allra nauðgunarmála á landinu, en héraðsdómstólar landsins eru átta talsins.

Sakfellt var fyrir nauðgun í 20 málum, sakfellt var fyrir tilraun til nauðgunar í einu máli og sakfellt var fyrir önnur vægari kynferðisbrot í tveimur málum. Í átta málum voru ákærðu sýknaðir af nauðgun, sem og öðrum kynferðisbrotum. Í tveimur málum voru ákærðu sakfelldir fyrir önnur brot en kynferðisbrot og í báðum tilvikum var um að ræða áfengislagabrot. Við rannsóknina var að öðru leyti ekki safnað saman upplýsingum um aðra ákæruliði en þá sem lutu að nauðgunum.

Í þeim 20 málum þar sem sakfellt var fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun (eitt mál) hlutu ákærðu allt frá 6 mánaða upp í 8 ára fangelsisdóm í héraðsdómi. Allir dómarnir voru óskilorðsbundnir. Í einu málanna var ákærði dæmdur til að sæta 3 ára öryggisgæslu vegna ósakhæfis. Tveir hinna ákærðu voru sakfelldir fyrir nauðgun gegn tveimur brotaþolum. Meðallengd fangelsisdóma var tæp þrjú ár (34,2 mánuðir eða 2,85 ár). í 11 dómum af 20 voru ákærðu einnig sakfelldir fyrir önnur brot, t.a.m. líkamsárás, kynferðisbrot gegn barni, vörslu á barnaklámi, frelsissviptingu, þjófnað, rán og umferðalagabrot.

Í tveimur málum var sakfellt fyrir önnur vægari kynferðisbrot. Í öðru málinu var sakfellt fyrir brot gegn 204. gr. hegningarlaga þar sem fram kemur að hafi kynferðisbrot gegn barni skv. 201. eða 202. gr. laganna verið framið í gáleysi um aldur barnsins, skuli beita vægari refsingu fyrir brotið.[39] Dæmd refsing var 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi og dæmdar miskabætur voru 400.000 kr. Í hinu málinu var sakfellt fyrir brot gegn 197. gr. hegningarlaga, en refsivert er samkvæmt ákvæðinu fyrir starfsmenn tiltekinna stofnana að hafa samræði við vistmenn.[40] Ákærði var í héraði dæmdur til að sæta 6 mánaða fangelsisvist, en þar af voru þrír mánuðir skilorðsbundnir. Ákærði var jafnframt dæmdur til að greiða 250.000 krónur í miskabætur. Í Hæstarétti var refsingin aftur á móti þyngd í 9 mánaða fangelsi en þar af voru 6 mánuðir skilorðsbundnir en miskabætur stóðu óbreyttar.

Í töflu x má sjá dæmdar miskabætur hjá héraðsdómi annars vegar og Hæstarétti hins vegar.

---

[39] 204. gr. „Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis.“

[40] 197. gr. „Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu, fangelsisyfirvalda eða barnaverndaryfirvalda, geðdeild sjúkrahúss, heimili fyrir andlega fatlað fólk eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.“

**Tafla 59: Dæmdar miskabætur hjá héraðsdómi og Hæstarétti vegna nauðgana**

| Miskabætur | Héraðsdómar Fjöldi mála | Hæstiréttur Fjöldi mála |
|---|---|---|
| 400.000 kr. | 1 | 0 |
| 500.000 kr. | 0 | 1 |
| 600.000 kr. | 2 | 3 |
| 800.000 kr. | 6 | 4 |
| 1.000.000 kr. | 4 | 3 |
| 1.200.000 kr. | 3 | 2 |
| 1.500.000 kr. | 3 | 0 |
| 1.800.000 kr. | 1 | 1 |
| 3.000.000 kr. | 0 | 1 |
| 3.800.000 kr. | 1 | 0 |
| Alls | 21 | 15 |

Algengasta dæmda upphæð miskabóta var 800.000 kr. í héraðsdómi, sem og í Hæstarétti. Hæsta upphæð sem dæmd var í héraðsdómi var 3.800.000 kr. í máli þar sem ákærði hafði beitt sambýliskonu sína ítrekuðu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi yfir langan tíma, en Hæstiréttur lækkaði bæturnar í 3.000.000 kr. Í því máli var jafnframt dæmd þyngsta refsingin, 8 ára fangelsi.

Á þeim tíma sem rannsóknin tók til, þ.e. árin 2008 og 2009, var ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna miska 600.000 kr. Með breytingu á lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með lögum 54/2012, var ábyrgð ríkissjóðs aukin og ábyrgist ríkissjóður nú bætur vegna miska upp að 3.000.000 kr. Eitt aðalmarkmið lagabreytinganna var að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota með því að hækka hámarksgreiðslu á miskabótum. Í greinargerð með lögunum segir að frá því að núgildandi lög tóku gildi 1. janúar 1996 hafi litlar breytingar verið gerðar á fjárhæðum þessara bóta. Bætur í sakamálum hafi hins vegar farið hækkandi á liðnum árum vegna verðlagsþróunar og ýmissa áherslubreytinga í réttarfari. Frumvarpinu sé í fyrsta lagi ætlað að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota með því að hækka hámarksgreiðslu á miskabótum og í öðru lagi að færa áhersluna á að bæta fremur meira tjón heldur en það sem minna er. Lagabreytingin var því liður í þeirri viðleitni löggjafans að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota á liðnum árum.

Tafla 60 sýnir málsmeðferðartíma frá því að ákæra var gefin út og þar til dómur gekk í héraði, það að segja hve langur málsmeðferðartími var fyrir dómi.

**Tafla 60: Tími frá því að ákæra var gefin út þar til dómur féll í héraði**

| | Fjöldi mála: 31 |
|---|---|
| Meðaltal | 115 dagar |
| Miðtala | 106 dagar |
| Staðalfrávik | 63 dagar |
| Stystur tími | 21 dagar |
| Lengstur tími | 246 dagar |

Málsmeðferðin tók að meðaltali 115 daga eða allt frá 21 degi upp í 246 daga. Í helmingi málanna tók málsmeðferðin fyrir héraðsdómi 106 daga eða minna.

Alls fóru 16 mál fyrir Hæstarétt á tímabilinu. Kannað var sérstaklega hve langur tími leið frá því að dómur féll í héraði og þar til dómur féll í Hæstarétti í þeim 16 málum sem áfrýjað var.

**Tafla 61: Tími frá því að dómur féll í héraðsdómi og þar til dómur féll í hæstarétti**

| | Fjöldi mála: 16 |
|---|---|
| Meðaltal | 247 dagar |
| Miðtala | 232 dagar |
| Staðalfrávik | 88 dagar |
| Stystur tími | 114 dagar |
| Lengstur tími | 447 dagar |

Ferlið tók að meðaltali 247 daga, eða allt frá 114 upp í 447 daga Helmingur málanna tók 232 daga eða minna.

Í töflu 62 má sjá hve langan tíma heildarmálsmeðferð tók, allt frá því að kæra barst til lögreglu og þar til lokadómur féll í málinu, þ.e. héraðsdómur ef ekki var áfrýjað í málinu eða eftir atvikum hæstaréttardómur.

**Tafla 62: Tímalengd frá kæru til lokadóms**

| | Fjöldi mála: 31 |
|---|---|
| Meðallengd | 509 dagar |
| Miðgildi | 538 dagar |
| Staðalfrávik | 263 dagar |
| Stystur tími | 104 dagar |
| Lengstur tími | 1095 dagar |

Að meðaltali liðu 509 dagar frá því að mál var kært til lögreglu og þar til lokadómur féll, eða eitt ár og tæplega fimm mánuðir. Stysti málsmeðferðartími var rúmlega þrír mánuðir en sá lengsti um þrjú ár. Miðgildið er um mánuði hærra, eða um eitt ár og tæplega sex mánuðir, þannig að um helmingur málanna var afgreiddur á tæplega einu og hálfu ári.

# SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Hér hafa verið reifaðar niðurstöður rannsóknar á einkennum nauðgunarmála í lögregluskýrslum á árunum 2008 og 2009, meðferð málanna innan réttarkerfisins og gerð grein fyrir nokkrum þáttum sem hafa áhrif á framgang málanna hjá lögreglu annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar.

Eitt helsta einkenni málanna var að brotaþolar í málunum voru ungar konur og oftast ungar stúlkur undir 18 ára, sem eru börn að lögum. Stærsti hluti gerenda var aftur á móti ungir karlar á aldrinum 18–29 ára. Gefur þessi aldursmunur til kynna að mörg málanna einkennast af þó nokkrum þroska- og aðstöðumun.

Bæði brotaþolar og gerendur voru í langflestum tilfellum íslensk en þó var hlutfall erlendra gerenda nokkuð hátt. Þegar tölur um hlutfall erlendra gerenda eru greindar kann það að hafa áhrif að þau mál einkenndust fremur af því að brotaþoli og gerandi þekktust ekki, en mál þar sem báðir aðilar voru íslenskir einkenndust aftur á móti fremur af tengslum. Mögulega eru brotaþolar líklegri til að leggja fram kæru á hendur geranda sem þær þekkja ekki en á hendur þeim sem standa þeim nær.

Brotaþolar þekktu gerendur lítið eða ekkert í tæplega helmingi málanna en í um helmingi málanna var um fjölskyldu-, vina- eða kunningjatengsl að ræða. Í langflestum málanna var einhver aðdragandi að brotinu þar sem aðilar hófu gjarnan samskipti inni á heimilum eða á skemmtistöðum. Brotavettvangur var oftast heimili málsaðila og þá oftast á heimili gerenda og brotin áttu sér oftast stað á milli kl. 00.00 og 09.00 um helgar.

Mjög stór hluti brotanna var jafnframt áfengistengdur eða í 62,4% tilvika hjá brotaþola og 40,2% tilvika hjá sakborningi. Í tíunda hverju máli sögðust brotaþolar hafa verið rænulausar þegar brotið var gegn þeim og í um þriðjungi mála sögðust brotaþola hafa verið undir mjög miklum áfengisáhrifum þegar brotið var framið. Í gögnunum kemur jafnframt fram að 4,8% brotaþola töldu að þeim hefði verið byrluð ólyfjan.

Í tæplega 40% málanna beittu gerendur líkamlegu afli, þó mismiklu, til að ná fram vilja sínum. Í um fjórðungi málanna misnotuðu gerendur sér rænuleysi brotaþola og því var ekki um líkamlega valdbeitingu að ræða. Í um fimmtungi málanna einkenndist valdbeitingin þó helst af aðstöðumun aðila. Töluverður munur var á verknaðaraðferðum sakborninga eftir því hvort brotaþolar voru yngri en 18 ára, og þannig börn samkvæmt lögum, eða 18 ára og eldri. Gagnvart eldri brotaþolum beittu sakborningar oftar meiru líkamlegu ofbeldi en gagnvart hinum yngri, og einnig var algengara að þeir misnotuðu sér rænuleysi eldri brotaþola. Í málum yngri brotaþola beittu sakborningar oftar minna líkamlegu valdi og jafnframt einkenndust mál sem vörðuðu yngri brotaþola mun oftar af aðstöðumun en í málum þeirra sem eldri voru.

Viðbrögð eða mótspyrna brotaþola einkenndust oft af því að þær mótmæltu gerendunum. Þegar gerendur virtu mótmæli þeirra að vettugi þá einkenndust viðbrögð brotaþola af hræðslu

og/eða áfalli og þær sýndu í kjölfarið enga líkamlega mótspyrnu. Í hluta mála streittust brotaþolar á móti og í nokkrum málum viðhöfðu þær virka líkamlega mótspyrnu. Í um fjórðungi mála gátu brotaþolar ekki komið neinum vörnum við sökum ölvunar eða rænuleysis. Nokkur munur var einnig á viðbrögðum brotaþola eftir því hvort tengsl voru á milli aðila eða ekki, en brotaþolar brugðust oftar við með því að frjósa í málum þar sem þær þekktu gerandann. Við umfjöllun um viðbrögð brotaþola þarf að hafa í huga ungan aldur þeirra sem og þann aldursmun á milli aðila sem einkenndi málin, en einnig að brotaþolar voru iðulega undir nokkrum eða töluvert miklum áfengisáhrifum.

Brotaþolar gengust undir læknisskoðun í kjölfar brotsins í um helmingi mála. Algengustu líkamlegu áverkar á brotaþolum voru yfirborðsáverkar en alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru hinsvegar afar sjaldgæfir.

Tæplega helmingur brotaþola leitaði til lögreglunnar innan sólarhrings, eða í 45% mála, og 10% til viðbótar leituðu til lögreglu innan þriggja daga. Önnur mál bárust síðar og elsta málið sem lögreglu var tilkynnt um hafði átt sér stað 30 árum áður.

Afstaða sakborninga til sakarefnis var langoftast sú að neita sök, ýmist þannig að sakborningar neituðu alfarið sök eða könnuðust við að hafa haft samfarir við ætlaðan brotaþola en kváðu það hafa verið með samþykki hennar. Aðeins fjórir sakborningar játuðu sök.

Könnuð voru þau gögn sem lágu fyrir í málunum. Afar misjafnt var hversu efnismikil málin voru en algengustu gögn við rannsókn nauðgunarmála voru skýrslur af brotaþola, sakborningi og vitnum, en einnig skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku. Önnur gögn voru skýrslur um líkamsrannsókn sakborninga, skýrsla tæknideildar lögreglu, myndir af brotavettvangi, svokölluð síma- og tölvugögn, sem sýndu t.d. yfirlit yfir símtöl og sms-skilaboð, upptökur úr öryggismyndavélum utandyra, skýrslur sálfræðings um andlegar afleiðingar brotsins á brotaþola eða um andlega heilsu brotaþola fyrir brotið. Í málum sem barnaverndaryfirvöld höfðu tilkynnt lágu oft fyrir bréf þar sem gerð grein fyrir félagslegri stöðu brotaþola. Í einstaka málum var að finna niðurstöður efnagreiningar vegna fíkniefna eða lyfja. Niðurstöður DNA-greininga lágu fyrir í 14 málum. Í nokkrum málum höfðu farið fram myndsakbendingar, í nokkrum málum til viðbótar lágu fyrir gögn vegna leitar að bifreiðum í eigu gerenda. Af þessu má sjá að rannsóknarvinna lögreglu var nokkuð fjölbreytt og tók mið af ólíkum aðstæðum í hverju máli.

Eins og fram kom í umfjöllun um meðferð málanna, lauk umfimmtungi nauðgunarmála[41] sem tilkynnt voru til lögreglu með sakfellingu fyrir dómi og var heildarsakfellingarhlutfall 20,6% á árunum 2008 og 2009, ef frá eru tekin mál þar sem engin kæra var lögð fram, sakborningar fundust ekki við rannsókn lögreglu, sakborningar voru ósakhæfir eða mál voru fyrnd. Lögregla hætti rannsókn í 26,5% mála og vísaði því 73,5% mála áfram til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari felldi niður 61,3% mála og

[41] Hér er miðað við málafjölda eins og hann er skráður hjá lögreglu en þá er um að ræða 164 mál.

ákærði í 38,7% mála. Fyrir dómi var sýknað í 27,6% mála fyrir nauðgun eða önnur vægari kynferðisbrot en sakfellt var í 72,4% mála.[42]

Í þeim málum þar sem efnislegar ástæður lágu að baki ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn lutu rökin oftast að því að engin vitni hafi verið að kærðu broti, ósannað þótti að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli vildi ekki samfarir, þ.e. ásetningur sakbornings þótti ósannaður, sakborningur bar við að brotaþoli hefði samþykkt að hafa við hann samræði, sönnunargögn þóttu ekki nægileg, orð væri á móti orði og framburður vitna styddu ekki frásögn brotaþola.

Rannsóknir lögreglu voru greindar og þau gögn sem lágu fyrir í málunum. Algeng gögn við lögreglurannsóknir, auk skýrslna af brotaþola og sakborningi, voru skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku, myndir af brotavettvangi, símagögn, tölvugögn, og upptökur úr öryggismyndavélum utandyra. Stundum lá fyrir skýrsla sálfræðings þar sem gerð var grein fyrir andlegum afleiðingum brotsins á brotaþola. Niðurstöður DNA-greininga lágu fyrir í 14 málum. Við leit að óþekktum gerendum notaðist lögregla við fjölbreyttar rannsóknaraðferðir til að reyna að hafa uppi á þeim. Brotaþolar skoðuðu t.d. myndasafn lögreglu, upptökur úr öryggismyndavélum voru rannsakaðar, símagögn voru rannsökuð, notast var við þjóðskrá og ökutækjaskrá, lífssýni voru send í DNA-rannsókn og lýst var eftir gerendum.

Þegar kannað var hvort munur væri á málum eftir því hvort að lögregla hætti rannsókn eða vísaði þeim til ríkissaksóknara, var munurinn marktækur um nokkur einkenni málanna. Hvað varðar einkenni sjálfra málanna kom í ljós að málum sem berast til lögreglunnar á landsbyggðinni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara en málum sem berast til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ætla má að verklag um ákvörðun um að vísa málum til ríkissaksóknara sé annað á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem lögreglan á landsbyggðinni vísaði nánast öllum málum sem hún hafði til rannsóknar til ríkissaksóknara. Málum þar sem hið kærða brot hafði átt sér stað á milli kl. 18.00 og 03.00 var oftar vísað til ríkissaksóknara en málum en þar sem brotið hafði átt sér stað á milli kl. 03.00 og 18.00. Þar sem flest kærðra brota áttu sér stað um helgar að næturlagi og flest málanna eru áfengistengd, má ætla að ein sennilegra skýringa sé sú að eftir því sem líður á nóttina eru brotaþolar, sakborningar og vitni undir meiri áfengisáhrifum, minni þeirra lakara og frásagnir því oft óskýrari og því erfiðara fyrir lögreglu að henda reiður á hvað átti sér stað, sem torveldar lögreglurannsókn. Þeir þættir við rannsókn mála sem virðast hafa áhrif á afgreiðslu þeirra hjá lögreglu eru annarsvegar hvort sakborningar voru handteknir eða ekki og af hve mörgum vitnum skýrsla var tekin. Málum þar sem sakborningar voru handteknir var marktækt oftar vísað til

---

[42] Í tveimur málum var ákært fyrir nauðgun en fyrir dómi var sakfellt fyrir annað og vægara kynferðisbrot. Annars vegar var sakfellt fyrir brot gegn 197. gr. hgl. og hinsvegar fyrir brot gegn 204. gr. hgl.

ríkissaksóknara, sem og málum þar sem vitnafjöldi var að meðaltali fimm, en meðalfjöldi vitna í málum þar sem lögregla hætti rannsókn var tvö vitni.

Þegar kemur að þáttum sem lúta að sakborningum og brotaþolum þá vísaði lögregla málum marktækt oftar til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni, en sá munur getur að hluta skýrst af því að oftar voru minni tengsl á milli aðila í þeim málum og lögregla vísaði öllum málum til ríkissaksóknara þar sem aðilar voru ókunnugir. Aðrir þættir sem einnig voru frábrugðnir í málum erlendra gerenda, og geta haft áhrif að þessu leyti, voru til dæmis verknaðaraðferðir gerenda, mótspyrna brotaþola og aðdragandi að broti. Sakborningar af erlendu þjóðerni beittu aðeins oftar líkamlegri valdbeitingu heldur en íslenskir sakborningar. Brotaþolar streittust einnig aðeins oftar á móti í málum þar sem sakborningar voru erlendir og slíkum málum var oftar vísað til ríkissaksóknara. Í þeim málum þar sem enginn undanfari var að brotinu var einnig hlutfallslega oftar um erlenda sakborninga að ræða en íslenska, en slíkum málum var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara.

Einnig var málum marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara þar sem brotaþoli skýrði frá því að hún hefði streist á móti sakborningi eða veitt sakborningi virka líkamlega mótspyrnu. Marktækur munur var jafnframt á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur hafði veitt brotaþola sýnilega áverka samkvæmt læknisvottorði eða ekki, og þá hve mikla. Var málum þar sem brotaþoli hafði hlotið töluverða eða meiriháttar áverka mun oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotaþoli hafði hlotið minni áverka. Í sjálfu nauðgunarlagaákvæðinu eru verknaðaraðferðir í forgrunni um það hvenær nauðgun telst framin og er þar fyrst nefnt að nauðgun sé samræði eða önnur kynferðismök sem náð er fram með því að beita ofbeldi. Þá var málum þar sem brotaþolar voru ekki með neina sýnilega áverka einnig mun oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem minniháttar áverkar voru fyrir hendi. Í þessum málum virðist sem aldur kunni að hafa áhrif. Meðalaldur í málum sem vísað var til ríkissaksóknara þar sem engir sjáanlegir áverkar voru á brotaþola var 17 ár en 23 ár þar sem brotaþolar voru með minniháttar áverka og 27 ár þar sem þær voru með meiriháttar áverka. Af þessu virðist mega ráða að sönnunarstaða í málum yngri brotaþola, sér í lagi þar sem aldursmunur er mikill á milli aðila, teljist ekki endilega lakari þó sakborningur hafi ekki beitt miklu líkamlegu ofbeldi þegar hann braut gegn brotaþola. Einnig hafði aldursmunur aðila áhrif, en meðalaldursmunur á milli aðila var átta ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara en þrjú ár í málum þar sem lögregla hætti rannsókn.

Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu mála var oftast margþættur, þ.e. nokkrar röksemdir voru reifaðar sem þóttu gefa ástæðu til að ætla að mál væri ekki líklegt eða nægilegt til sakfellis fyrir dómi, sbr. 145. gr. sakamálalaga. Oftast var vísað til þess í rökstuðningi að sakborningur hefði neitað sök og borið við samþykki brotaþola, að engin vitni væru að brotinu sem gætu borið um atvik máls eða að ekki væru fyrir hendi næg sönnunargögn sem gætu stutt framburð brotaþola. Fleiri þættir voru nokkuð oft nefndir, til að mynda að um væri að ræða orð gegn orði, en einnig kom

stundum fram í rökstuðningi að framburður vitna styddi ekki frásögn brotaþola af atvikum máls, þar sem vitni höfðu borið um ákveðin atvik málsins á annan hátt en brotaþoli. Þá var stundum tekið fram að ekki lægju fyrir gögn sem gætu upplýst um atvik máls og að brotaþoli myndi atvik óljóst, og í áfengistengdum málum var stundum nefnt að ósannað væri að brotaþoli hefði ekki getað spornað við verknaðinum sökum ölvunar og þá var stundum nefnt að óljóst væri hvenær eða hvernig brotaþolar hlutu áverka. Í sumum málum var talið að ósannað að sakborningur hefði beitt þvingunum til að ná fram vilja sínum og einnig var talið ósannað í sumum málum að sakborningur hefði átt að vita að brotaþoli hefði ekki viljað samræði, það er að segja að ásetningur sakbornings var talinn ósannaður.

Þegar kannað var hvort munur væri á milli mála eftir því hvort ríkissaksóknari felldi þau niður eða ákærði fyrir þau, var munurinn marktækur um nokkur einkenni málanna. Munur var á málalokum eftir því hvort málin bárust lögreglu til rannsóknar sama dag og brotið átti sér stað eða síðar. Marktækt oftar var ákært í málum sem tilkynnt voru lögreglu samdægurs en í málum sem tilkynnt voru síðar. Einnig kom í ljós marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall við verknaðinn eða ekki, en oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur sagðist hafa haft sáðfall.

Þeir þættir við rannsókn mála hjá lögreglu sem rannsóknarniðurstöður leiða í ljós að höfðu áhrif á það hvort gefin var út ákæra eða mál fellt niður voru annarsvegar hve langur tími leið á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og teknar voru skýrslur af sakborningum og hinsvegar hvort sakborningar voru handteknir eða ekki. Meðaldagafjöldi sem leið frá því að mál barst lögreglu þar til skýrsla var tekin af sakborningi var átta dagar í málum þar sem ákæra var gefin út en 34 dagar í málum sem felld voru niður, og var munurinn marktækur. Það virðist því hafa áhrif á framgang mála hversu skjótt lögregla fær þau til rannsóknar eftir að þau eru framin og er það í samræmi við það almenna sjónarmið að sönnunarstaða sé sterkari í málum sem tilkynnt eru skömmu eftir að þau eru framin. Meiri líkur geta verið til þess að upplýsa mál sem tilkynnt eru skömmu eftir að þau eru framin og unnt er að taka skýrslur af brotaþola, sakborningi og vitnum skömmu síðar og þá eru einnig meiri líkur eru til þess að unnt sé að rannsaka brotavettvang og afla nauðsynlegra sönnunargagna, svo sem lífssýna. Rannsóknarúrræði, svo sem gæsluvarðhald, tengjast þessu sjónarmiði einnig en almennt er gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna beitt til þess að tryggja að sakborningur geti ekki torveldað rannsókn með því til að mynda að hafa áhrif á vitni eða samseka eða til þess að tryggja vettvang þannig að sakborningi gefist ekki færi á að afmá merki um brot. Aldur mála þegar þau eru tilkynnt til lögreglu getur því að einhverju leyti skýrt að ný mál leiði til skjótari viðbragða af hálfu lögreglu við rannsókn en eldri mál og að sakborningar séu yfirheyrðir fyrr í nýrri málum þar sem nokkuð misjafnt er eftir aðstæðum í hverju máli hversu brýnir rannsóknarhagsmunir eru.

Ríkissaksóknari gaf marktækt oftar út ákæru í málum þar sem sakborningur var handtekinn en þeim málum var einnig marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara af lögreglu. Þegar kannaður var

tíminn sem leið frá því að mál var tilkynnt til lögreglu þar til sakborningur var handtekinn kom í ljós að í langflestum þessara mála var sakborningur handtekinn sama dag og brot var framið. Handtökur virtust því haldast í hendur við aldur mála. Þá var marktækt oftar gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli hafði gengist undir réttarlæknisfræðilega skoðun sem og í málum þar sem brotaþoli hafði leitað til sálfræðings í kjölfar brotsins. Gögn um komu á Neyðarmóttöku og gögn sálfræðinga um andlegar afleiðingar brotsins á brotaþola virðast því hafa mikla þýðingu. Fyrstu viðbrögð brotaþola og lögreglu hafa því þýðingu fyrir framgang mála, þar sem oftar var ákært í málum þeirra brotaþola sem tilkynntu um brot til lögreglu samdægurs og brot var framið, oftar var ákært í málum þar sem brotaþoli hafði leitað til Neyðarmóttöku, oftar var ákært í málum þar sem sakborningur hafði verið handtekinn í þágu rannsóknar málsins og oftar var ákært í málum þar sem skammur tími hafði liðið frá því að brot var tilkynnt lögreglu og þar til sakborningur var yfirheyrður.

Hvað varðar þætti sem lúta að sakborningum og brotaþolum þá hafði aldur sakborninga og aldursmunur brotaþola og sakborninga áhrif. Meðalaldur sakborninga í málum sem felld voru niður var 26 ár en 33 ár í málum þar sem ákæra var gefin út, og var munurinn marktækur. Einnig má geta þess að meðalaldursmunur brotaþola og sakborninga var 11 ár í þeim málum sem leiddi til ákæru, en 7 ár í málum sem felld voru niður, þó þessi munur hafi ekki verið marktækur. Einnig var marktækt oftar gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur átti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða átti við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða, en aldur sakborninga virðist hafa samverkandi áhrif á þennan þátt. Munurinn hvað varðar áfengis- og/eða vímuefnavanda sakborninga birtist þannig að mun oftar voru felld niður þau mál þar sem sakborningur átti ekki við slík vandamál að stríða. Um einkenni mála er varða brotaþola reyndust engir þættir í fari brotaþola leiða til marktæks munar á afgreiðslu, utan þess að að mál þar sem brotaþoli var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hið kærða brot var framið voru marktækt oftar felld niður.

## Hvað hefur breyst á síðustu 30 árum?

Sambærileg rannsókn hefur einu sinni áður verið gerð hér á landi. Rannsóknin „Nauðgunarmál – Um afbrotið nauðgun, kærða, konur og málsmeðferð“ birtist í *Skýrslu nauðgunarmálanefndar* 1989. Höfundur rannsóknarinnar er Hildigunnur Ólafsdóttir og tók rannsóknin til lögreglumála sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafði til rannsóknar á tímabilinu 1. júlí 1977 til ársloka 1983. Sérstaða þessara tveggja rannsókna felst í því að rannsökuð hafa verið nauðgunarmál sem lögregla hafði til meðferðar og jafnframt greindir þættir sem vísbendingar eru um að hafi haft áhrif á afdrif málanna frá því að málin voru tilkynnt lögreglu og allt þar til lokaniðurstaða fékkst. Þar sem hlutfallslega fá mál

enda með dómi gefa slík gögn mun gleggri mynd af einkennum nauðgunarmála en fæst með því að rannsaka eingöngu fellda dóma.

Á þeim rúmlega 30 árum sem liðu á milli rannsóknartímabilanna tveggja hefur opinber umræða um kynferðisbrotamál, þar með talin nauðgunarmál, aukist mikið og viðhorf breyst í samfélaginu og innan réttarkerfisins. Í því sambandi koma nokkur atriði sérstaklega til skoðunar. Hvað varðar breytingar á lögum sem áhrif hafa á afbrotið nauðgun hefur það í fyrsta lagi þýðingu að lagaleg skilgreining á afbrotinu nauðgun hefur tekið breytingum, en ekki síður að lög um meðferð sakamála (áður lög um meðferð opinberra mála) hafa sætt heildarendurskoðun í tvígang og jafnframt að breytingar hafa orðið á skipun lögreglu í landinu. Þá er réttarstaða brotaþola nú töluvert önnur og betri en hún var, með því að brotaþolar hafa á kostnað ríkisins fengið réttargæslumann á meðan meðferð nauðgunarmála stendur innan réttarkerfisins. Í kjölfar *Skýrslu nauðgunarmálanefndar* varð einnig sú breyting að stofnuð var Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisbrota 8. mars 1993, sem starfrækt hefur verið allar götur síðan, en áður hefur verið fjallað um starfsemi Neyðarmóttökunnar (sjá umfjöllun í kaflanum *Réttarlæknisfræðileg skoðun*). Brotaþolar á fyrra rannsóknartímabilinu höfðu því ekki aðgang að Neyðarmóttökunni þegar þær leituðu til læknis í kjölfar nauðgunar en með henni hefur orðið til samræmt verklag við skoðun á brotaþolum og ákveðin viðmið sett um það hvernig slík skoðun skuli fara fram.

Á þeim tíma sem fyrri rannsóknin tók til giltu ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um kynferðisbrot. Heildarendurskoðun á kaflanum hefur síðan farið fram í tvígang. Við báðar endurskoðanir löggjafans á lagaákvæðum um nauðgun og önnur kynferðisbrot hefur nauðgunarhugtakið verið víkkað með það að leiðarljósi að veita þolendum kynferðisbrota aukna réttarvernd. Fyrst var kaflinn endurskoðaður með lögum nr. 40/1992 en þá hafði kaflinn staðið óbreyttur allt frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940. Augljóst má því telja að sú endurskoðun hafi verið tímabær. Undanfari fyrri endurskoðunarinnar var að árin á undan hafði töluverð opinber umræða farið fram um nauðganir og laka réttarstöðu brotaþola, sem varð til þess að nauðgunarmálanefndin svokallaða var sett á fót.[43] *Skýrsla nauðgunarmálanefndar* kom svo út á vegum dómsmálaráðuneytisins árið 1989, þar sem meðal annars er að finna áðurnefnda rannsókn Hildigunnar Ólafsdóttur.

Á tíunda áratugnum og fyrsta áratug þessarar aldar jókst þekking á eðli, einkennum og afleiðingum kynferðisbrota í samfélaginu og innan réttarkerfisins. Það var meðal annars vegna umræðu sem kvennahreyfingin leiddi oft og tíðum, og vegna aukinna rannsókna á sviðinu. Árið 2007 var kynferðisbrotakaflinn aftur endurskoðaður í heild sinni. Höfundur frumvarps til laga nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum er Ragnheiður Bragadóttir prófessor, en í greinargerð

---

[43] Greinargerð með lögum nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot)

með frumvarpinu kemur fram að grundvöllur þess séu meðal annars rannsóknir hennar á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga og framkvæmd laganna. Þá kemur fram að könnuð hafi verið löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum, einkum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, Þýskalandi, Englandi og Írlandi. Í þriðja lagi kemur fram að byggt hafi verið á upplýsingum sem fram koma í félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum sem til eru um umfang og eðli þessara brota í íslensku samfélagi. Loks hafi höfundur leitast við að kynna sér reynslu ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna. Þá kemur fram að miðað sé að því með frumvarpinu að ný ákvæði kynferðisbrotakaflans verði þannig að þau þjóni sem best hagsmunum þolenda brotanna, sem í flestum tilvikum séu konur og börn. Af greinargerðinni má því ráða að hagsmunir brotaþola, það er að segja refsivernd þeirra, hafi verið höfð að leiðarljósi við samningu frumvarpsins (sjá jafnframt rit og dómabók Ragnheiðar Bragadóttur um efnið: Ragnheiður Bragadóttir, 2006; og Ragnheiður Bragadóttir, 2009b).[44]

Meðferð sakamála hefur einnig breyst á milli rannsóknartímabilanna tveggja. Í tíð fyrri rannsóknarinnar frá 1989 giltu lög um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Síðan þá hafa í tvígang verið sett ný heildarlög um opinbert réttarfar, fyrst með lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/991, sem tóku gildi 1. júlí 1992. Voru lögin liður í heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum og leiddu til mikilla breytinga á meðferð opinberra mála, ekki hvað síst fyrir dómi. Með þeim var að mestu horfið frá eldra fyrirkomulagi, sem skylt var svonefndu rannsóknarréttarfari, og í stað þess að mestu miðað við ákæruréttarfar.[45] Þá var að fullu skilið á milli rannsóknar- og ákæruvalds annarsvegar og dómsvalds hinsvegar og hlutur ákæruvaldsins aukinn við meðferð opinberra mála fyrir dómi. Með lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem tóku gildi 1. janúar 2009, var gengið enn lengra í þessa átt og að mestu horfið frá síðustu einkennum rannsóknarréttarfarsins.

Þá hefur réttarstaða brotaþola einnig breyst til batnaðar. Löggjafarvaldið hefur sett reglur um brotaþola og réttargæslumenn með lögum nr. 36/1999 með það að markmiði að treysta stöðu brotaþola. Brotaþolar eiga nú til að mynda rétt að því að þeim sé skipaður á kostnað ríkisins löglærður talsmaður sem gæti hagsmuna þeirra í sambandi við rannsókn og málsmeðferð sakamálsins. Á milli rannsóknartímabilanna tveggja hefur því orðið sú breyting að brotaþolar hafa réttargæslumann sér við hlið við skýrslutökur hjá lögreglu.

Hvað varðar kerfislægar breytingar á skipulagi lögreglunnar á milli rannsóknartímabilanna tveggja þá má til að mynda nefna að rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður með lögreglulögum nr. 90/1996 og embætti ríkislögreglustjóra stofnað. Einnig skiptir máli að árið 2007 varð til embætti

[44] Greinargerð með lögum nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot)

[45] Greinargerð með lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og samhliða var stofnuð sérstök kynferðisbrotadeild lögreglunnar sem eingöngu fór með rannsókn kynferðisbrotamála og fer með rannsókn á stórum hluta nauðgunarmála á landinu. Frá 2007 hafa sjö lögregluumdæmi í landinu haft sérstakar rannsóknardeildir sem annast rannsókn tiltekinna alvarlegra brota, þar á meðal kynferðisbrota.[46]

Til að víkja nú aftur að fyrri rannsókninni, þá tók hún til ákvæða 194.–199. gr. þágildandi almennra hegningarlaga og er því að mestu leyti sambærileg við núgildandi lagaákvæði 194. gr. hegningarlaga sem tók gildi árið 2007. Fyrri rannsóknin tók þó einungis til þeirra mála sem höfðu borist þáverandi Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) á tímabilinu frá 1. júlí 1977 til ársloka 1983. Skipun lögreglu hefur, eins og áður segir, tekið miklum breytingum á milli rannsóknartímabilanna tveggja. Aðalstarfssvæði RLR var Reykjavík og nágrannabyggðir og því hafði RLR að mestu leyti til rannsóknar mál af höfuðborgarsvæðinu en síður af landsbyggð (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1989).[47]

Hvað varðar aðgang rannsakenda að gögnum ber að geta þess að hann var mun meiri við gerð síðari rannsóknarinnar, þar sem brotaþolar fá nú ritaðan rökstuðning frá ríkissaksóknara þar sem reifað er í nokkuð ítarlegu máli hverjar þær ástæður voru sem gerðu að verkum að málið þótti ekki vera nægilegt eða líklegt til sakfellis og því fellt niður, sbr. 145. gr. sakamálalaga. Við fyrri rannsóknina var enginn slíkur rökstuðningur frá ríkissaksóknara fyrir hendi og ekki lágu í öllum málum fyrir upplýsingar um ástæður þess að lögregla hætti rannsókn mála.

Að baki þessari rannsókn eru, eins og áður hefur komið fram, öll þau mál sem tilkynnt voru lögregluembættunum á landsvísu á árunum 2008 og 2009. Ljóst þykir að gögn lögreglu á rannsóknartímabilunum tveimur séu ekki fyllilega sambærileg og einnig hefur rannsóknarvinna lögreglu tekið breytingum á milli tímabila. Helgast það af nokkrum þáttum, svo sem því að nú fara skýrslutökur yfir sakborningum og brotaþolum fram í hljóði og mynd og eru svo afritaðar frá orði til orðs. Áður var framburður aðila ritaður upp eftir þeim af hálfu lögreglu og hafður eftir þeim í þriðju persónu og var þar af leiðandi ekki jafnítarlegur. Þá hefur tækniþekkingu fleygt fram og nú lágu oft fyrir gögn frá Tæknideild lögreglu og þá voru stundum fyrir hendi efnagreiningar á blóði og lífsýnamælingar, t.d. DNA-rannsóknir. Einnig voru stundum til staðar í gögnum lögreglu síma- og

---

[46] Lög nr. 46/2006 um breytingar á lögreglulögum, nr. 90, 13. júní 1996 og lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92, 1 júní 1989.

[47] Nánar um hvaða mál rannsóknarlögreglan hafði til rannsóknar má nefna að í 3. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976 kom fram að rannsóknarlögreglan hafði með höndum lögreglurannsóknir brotamála í stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar að því leyti sem þær voru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum laganna eða annarra réttarreglna. Með sama hætti fór rannsóknarlögreglan með rannsóknir brotamála í stjórnsýsluumdæmum Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar þegar dómsmálaráðherra ákvað, sbr. 3. gr. laganna. Rannsóknarlögreglan skyldi hafa á að skipa starfsfólki sem væri sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota, sbr. 1. gr. laganna. Af þessu má því ráða að rannsóknarlögreglan hafi að mestu farið með rannsóknir á höfuðborgarsvæðinu, en sérstakar rannsóknardeildir skyldu starfa við lögreglustjóraembætti utan þess svæðis sem rannsóknarlögreglustjóri fór með, sbr. 7. gr. laganna.

tölvugögn og afrit af samskiptum á Netinu. Þá lágu stundum fyrir greinargerðir sálfræðinga um afleiðingar ofbeldisins á brotaþola. Að lokum ber að taka fram að þótt stuðst hafi verið við greiningarramma fyrri rannsóknarinnar við gerð þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir, eru rammarnir ekki að fullu sambærilegir, og er hinn síðari mun ítarlegri.

Vegna þessara annmarka er ekki unnt að bera niðurstöður þessara rannsókna saman með beinum hætti en þó er unnt að varpa ljósi á nokkra þá þætti sem einkenndu málin og meðferð þeirra á þessum ólíkum tímabilum. Samanburðinum ber af þessum ástæðum að taka með nokkrum fyrirvara.

## Breytingar á einkennum málanna

Fjöldi tilkynntra nauðgana til lögreglu hefur aukist gríðarlega. Í fyrri rannsókninni hafði RLR 126 kærur til rannsóknar á því sex og hálfa ári sem rannsóknin tók til, þ.e. frá 1. júlí 1977 til ársloka 1983, eða að meðaltali rúm 19 mál á ári. Á árunum 2008 og 2009 höfðu lögregluembætti landsins aftur á móti um 164 mál til rannsóknar, eða að meðaltali um 82 mál á ári. Þó ekki sé fyllilega ljóst hversu hátt hlutfall nauðgunarmála RLR hafði til rannsóknar af heildarfjölda þeirra nauðgana sem voru til rannsóknar hjá lögreglu á tímabilinu, má engu að síður sjá að málafjöldi hjá lögreglu hefur samkvæmt þessu margfaldast á síðustu 30 árum. Varðandi þetta atriði er vert að minnast á umfjöllun um fjölda tilkynntra nauðgana (sjá umfjöllun í kaflanum *Fjöldi nauðgunarmála á árunum 2008 og 2009*) þar sem ljóst þykir að mörg brotanna eru ekki tilkynnt til lögreglu og villandi getur því verið að telja tilkynntar nauðganir endurspegla raunfjölda framinna brota. Það kann að vera að mismunandi mörg brot séu tilkynnt á ólíkum tímum, líkt og mishátt hlutfall nauðgana er tilkynnt í ólíkum löndum.

Þótt ekki liggi alveg ljóst fyrir hversu stórt hlutfall af tilkynntum og kærðum nauðgunarmálum RLR hafði til rannsóknar á árunum 1977–1983, er óhætt að segja með nokkurri vissu að nauðgunarmálin á fyrra tímabilinu séu töluvert frábrugðin málum úr síðari rannsókninni hvað suma þætti varðar, á meðan aðrir þættir virðast svipaðir á milli tímabila. Báðar rannsóknirnar byggja upplýsingar um atvik máls á frásögnum brotaþola og sakborninga, þar sem það á við, í skýrslum lögreglu.

Aðilar voru alls ókunnug í 63% mála sem lögreglan hafði til rannsóknar á fyrra tímabilinu en í málum nú voru aðilar einungis ókunnugir í tæplega 16% mála. Brotaþolar og gerendur í málunum þekktust því mun sjaldnar á árunum 1997–1983 en nú er. Í helmingi þeirra mála var gerandi ókunnugur brotaþola en slíkt var fátítt í málunum sem lögregla hafði til meðferðar á árunum 2008 og 2009. Af þessu má ætla að konur séu nú óhræddari við að kæra þá sem þær þekkja en áður var.

Í fyrri rannsókninni var brotavettvangurinn oftast heimilið, og þá ýmist heimili kærða (31% mála), heimili brotaþola (21% mála) eða annað heimili (13% mála), eða alls í 65% mála, og svipar því til niðurstaðna seinni rannsóknarinnar þar sem brotavettvangur var einnig oftast heimilið; heimili sakbornings (31% mála), heimili brotaþola (15% mála) eða annað heimili (12% mála), eða alls í 58% mála. Heimilið var því brotavettvangur í meirihluta mála í báðum rannsóknum.

Brotin voru framin á föstudegi til sunnudags í 72% mála í fyrri rannsókninni og í 81% mála í þeirri seinni. Þegar kannað er á hvaða tíma sólarhrings brotin voru framin í fyrri rannsókninni kemur í ljós að flest voru þau framin á milli kl. 01:00 og 06:00 um nótt, eða í 76% mála. Í síðari rannsókninni voru brotin flest framin á milli kl. 00:00 og 06:00, eða 63% þeirra.[48] Ekki virðist því mikil breyting hafa orðið hvað varðar brotavettvang og verknaðarstund, brotin eiga sér enn oftast stað eftir miðnætti um helgar inni á heimilum málsaðila eða þriðja aðila.

Áfengisneysla er áfram eitt sterkasta einkenni nauðgunarmála eins og þau birtast réttarkerfinu. Í fyrri rannsókninni voru nánast öll málin áfengistengd en aðeins í 2% mála lá fyrir að hvorugur aðili hefði neytt áfengis áður en brotið var framið. Í síðari rannsókninni voru mál sem ekki voru áfengistengd um 11% af heildarfjölda mála.[49]

Aldur brotaþola og sakborninga hefur einnig haldist svipaður, en meðalaldur aðila er svipaður á milli rannsókna og er ungur aldur brotaþola nú sem fyrr sterkt einkenni tilkynntra nauðgana.[50]

Svo virðist sem verknaðaraðferðir í þeim nauðgunarmálum sem lögregla hafði til meðferðar á tímabilunum tveimur hafi tekið töluverðum breytingum. Um 41% mála í fyrri rannsókninni einkenndust af því að gerendur höfðu beitt brotaþola meiri háttar eða mjög mikilli valdbeitingu en hið sama átti einungis við um 16% mála í þeirri síðari. Þau brot sem tilkynnt voru til lögreglu á fyrra tímabilinu voru því að jafnaði ofbeldisfyllri en á síðara tímabilinu. Af þessu má ráða að konur séu óhræddari við að kæra brot þó þau einkennist ekki af miklu líkamlegu ofbeldi.

Hið sama virðist eiga við um mótspyrnu brotaþola sem birtist með ólíkum hætti í nauðgunarmálum í rannsóknunum tveimur. Í fyrri rannsókninni brugðust brotaþolar hvorki við með mótspyrnu né mótmælum í nær helmingi málanna, eða í 48% mála. Í síðari rannsókninni var hlutfall þeirra brotaþola mun lægra, eða í 16% mála.[51] Um þetta atriði má nefna að frásagnir brotaþola í gögnum lögreglu í síðari rannsókninni eru eflaust mun gleggri en í fyrri rannsókninni þar sem afrit af

---

48 Hér er einungis um að ræða hlutfall af þeim málum þar sem fyrir lá í gögnum lögreglu hvaða vikudag brotin voru framin og á hvaða tíma dags.

49 Hér ber að taka fram að í báðum rannsóknum, þó sérstaklega þeirri síðari, lágu ekki fyrir upplýsingar um áfengisneyslu annars hvors eða beggja aðila í nokkrum fjölda mála. Þetta á við um 23% mála í fyrri rannsókninni og 39% mála í þeirri síðari.

50 Meðalaldur brotaþola í fyrri rannsókninni var 23,6 ár og miðtala aldurs var 20 ár, en í þeirri seinni var meðalaldur 22,1 ár og miðtala aldurs 19 ár. Meðalaldur sakborninga var 27,8 ár í fyrri rannsókninni og miðtala aldurs var 25,5 ár, en meðalaldur sakborninga í seinni rannsókninni var 28,8 ár og miðtala aldurs var 25 ár.

51 Hér er einungis um að ræða hlutfall þeirra mála þar sem fyrir lá í gögnum lögreglu hver viðbrögð/mótspyrna brotaþola höfðu verið.

skýrslutöku brotaþola var oftast nær tekin upp í hljóði og mynd og var því um mun ítarlegri vitnisburð að ræða.

Athygli vekur að hlutfallslegur fjöldi hópbrota, þar sem gerendur eru fleiri en einn, er nánast sá sami í báðum rannsóknum, eða 12% í fyrri rannsókninni og 13% í þeirri síðari. Þó er ljóst að komum á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Reykjavík vegna hópnauðgana fjölgaði á marktækt á milli tímabilanna 1998–2002 og 2003–2007. Erfitt er að segja hvað veldur þessu og kallar þetta á ítarlegri rannsókn á samanburðarhæfum gögnum innan réttarkerfisins yfir lengri tímabil og einnig þarf að hafa í huga að gögn Neyðarmóttökunnar í Reykjavík ná ekki til alls landsins.

Sakborningar af erlendu bergi brotnir voru um 6% í fyrri rannsókninni og allir höfðu þeir komið til landsins vegna vinnu sinnar. Í síðari rannsókninni voru þeir langtum fleiri, eða um 26%, en ljóst er að fjöldi erlendra einstaklinga með dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi hefur aukist verulega á síðustu árum með aukinni þátttöku Íslands í alþjóðasamfélaginu (sjá nánari umfjöllun í kaflanum *Sakborningar*).

Í fyrri rannsókninni kom fram að í 53% mála höfðu brotaþolar kært brotið til lögreglu innan sólarhrings, en í þeirri síðari höfðu 45% brotaþola tilkynnt eða kært brotið innan sólarhrings. Í fyrri rannsókninni voru þó langflest málin kærð innan 7 daga, eða 90% mála, á meðan það átti einungis við um 60% mála í seinni rannsókninni. Af þessu má ráða að þau mál sem RLR hafði til rannsóknar voru oftar tilkynnt mjög skömmu eftir að þau voru framin.

Læknisvottorð var til staðar í 70% málanna í fyrri rannsókninni en í um 51% mála í þeirri síðari og gefur það til kynna að brotaþolar á síðara tímabilinu hafi oftar leitað til lögreglu vegna eldri brota og án þess að hafa leitað til læknis en á fyrra tímabilinu. Mögulega hefur einnig orðið viðhorfsbreyting að þessu leyti, þ.e. að nú sé talið sjálfsagðara að kæra eldri brot en áður.

Málin í fyrri rannsókninni einkenndust því af minni tengslum á milli aðila og meira ofbeldi og samræmast því frekar hefðbundnum staðalímyndum af nauðgunum sem kvennahreyfingar og fræðimenn hafa bent á að eigi aðeins við um minnihluta nauðgana, það er að segja að sá sem nauðgar sé ókunnugur brotaþola og beiti miklu líkamlegu ofbeldi við verknað sinn (sjá til dæmis Temkin og Krahé, 2008). Nú voru aftur á móti meiri tengsl á milli geranda og þolanda og jafnframt greindu brotaþolar frá minni valdbeitingu af hálfu gerenda við framningu brotanna. Af þessu mál ætla að tilkynntar nauðganir nú séu nær þeim hversdagsleika sem talið er að einkenni flestar nauðganir (Kelly, 2012) en var fyrir um 30 árum.

Þegar málsmeðferð kæra er könnuð í fyrri rannsókninni má sjá að af þeim 126 kærum sem RLR fékk til rannsóknar, lauk 43 á lögreglustigi og var 84 kærum vísað til ríkissaksóknara. RLR hætti því rannsókn í 34% málanna en ekki liggur fyrir af hvaða ástæðum rannsókn málanna var hætt, þ.e. hvort það var af formlegum eða efnislegum ástæðum. Rökstuðningur fyrir ákvörðun lögreglunnar lá því ekki alltaf fyrir en helstu ástæður sem komu fyrir voru að brotið hafi ekki verið upplýst, að brotið

verði ekki sannað og að ríkissaksóknari hafi fallið frá ákæru í hliðstæðum málum (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1989: 165). Af þeim 84 málum sem vísað var til ríkissaksóknara á fyrra tímabilinu voru 33 felld niður og þremur lauk með annarri afgreiðslu, eða alls 43% mála. Erfitt er að bera saman tölur á milli tímabila um afdrif mála hjá lögreglu í ljósi þess að RLR hafði ekki til rannsóknar mál á landinu öllu.

Hvað varðar málsmeðferð hjá ríkissaksóknara má sjá að á síðari tímabilinu var mun hærra hlutfall mála fellt niður hjá ríkissaksóknara, eða 59% mála á móti 43% mála á fyrra tímabilinu. Á fyrra tímabilinu gaf ríkissaksóknari út ákæru í 46 málum og féllu 38 sakfellingadómar og tveir sýknudómar (6 mál voru enn ódæmd). Sakfellingarhlutfall dómstóla á fyrra tímabilinu var því 95% en á því síðara var sakfellingahlutfallið mun lægra, eða 72%. Af þessu má ráða að þrátt fyrir að ríkissaksóknari felli nú niður hlutfallslega fleiri mál en á fyrra rannsóknartímabilinu, þá sé nú oftar látið reyna á svokölluð vafatilvik fyrir dómi en á fyrra tímabilinu.

Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingum mála var yfirleitt margþættur og var því um heildarmat á sönnunarstöðu að ræða að teknu tilliti til ólíkra þátta. Var um samspil þessara ólíku þátta að ræða en ekki svo að ein ástæða væri nefnd fyrir niðurfellingu máls. Ber að hafa það í huga í sambandi við umfjöllun um áhrif tiltekinna þátta á málalok.

Refsingar hafa þyngst í brotaflokknum. Í síðari rannsókninni var meðallengd fangelsisdóma í héraðsdómi tæp þrjú ár, eða allt frá 6 mánuðum upp í 8 ár. Þyngd refsinga í fyrri rannsókninni fyrir brot á þágildandi ákvæðum 194.–196. gr. hgl. var allt frá 4 mánaða skilorðsbundinni fangelsisvist upp í þriggja ára fangelsisvist.

Meðaltímalengd frá kæru til dóms á tímabilunum tveim var nokkuð svipuð. Á fyrra tímabilinu var meðallengdin 523 dagar og á því seinna 509 dagar.

## Samanburður á þáttum sem höfðu áhrif á framgang mála þá og nú

Kannað var hvaða þættir höfðu skýr áhrif á framgang málanna í fyrri rannsókninni, sem tók til mála sem RLR hafði til rannsóknar á árunum 1977 – 1983, og þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar og tók til mála sem bárust á árunum 2008 og 2009. En hér er vísað til þeirra þátta þar sem marktækur munur var á afgreiðslu lögreglu og ríkissaksóknara.

Fyrri rannsóknin leiddi í ljós að lögregla hætti marktækt oftar rannsókn í málum þar sem brotaþoli átti við andlega fötlun að stríða ($p<0.05$), eða átti við félagsleg, geðræn eða áfengisvandamál að stríða ($p<0.05$). Einnig hætti lögregla oftar rannsókn í málum þar sem brotaþoli hafði greint frá því að hafa verið mjög ölvuð þegar brotið var framið ($p<0.05$). Ekki reyndist

marktækur munur á afgreiðslu mála hjá lögreglu á síðari tímabilinu við könnun á ofangreindum þáttum er varða brotaþola.

Á síðara tímabilinu var málum erlendra sakborninga marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara ($p<0.01$), en á fyrra tímabilinu hætti lögregla aftur á móti oftar rannsókn í þeim málum, en munurinn var þó ekki marktækur. Um þætti varðandi erlenda sakborninga í seinni rannsókninni vísast til fyrri umfjöllunar um sérstaka þætti sem einkenndu slík mál (sjá umræðu í kaflanum *Samanburður á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum mála*).

Hvað varðar önnur einkenni málanna þá var á fyrra tímabilinu marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort þau voru skilgreind sem árásarnauðganir, þ.e. þar sem enginn aðdragandi var að brotinu, en slíkum málum var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara ($p<0.05$). Einnig var málum þar sem mjög mikilli líkamlegri valdbeitingu var beitt oftar vísað til ríkissaksóknara ($p<0.05$) en rannsókn var oftar hætt í málum þar sem brotaþoli veitti enga mótspyrnu ($p<0.01$) og í málum þar sem valdbeiting var án átaka ($p<0.01$).

Í síðari rannsókninni var málum  þar sem brotaþoli hafði streist á móti eða veitt virka líkamlega mótspyrnu einnig vísað marktækt oftar til ríkissaksóknara ($p<0.05$). Á síðara tímabilinu var einnig marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur hafði veitt brotaþola sýnilega áverka samkvæmt læknisvottorði eða ekki, og þá hve mikla ($p<0.05$), en hér blasir við flóknari mynd þar sem vísbendingar eru um að aldur brotaþola kunni einnig að hafa áhrif að þessu leyti. Málum yngri brotaþola án sjáanlegra áverka var oftar vísað til ríkissaksóknara en málum eldri brotaþola og hér kunna sjónarmið um aðstöðumun að hafa áhrif, sér í lagi þar sem jafnframt var mikill aldursmunur á milli geranda og þolanda, en á síðara tímabilinu var meðalaldursmunur brotaþola og sakbornings marktækt hærri í málum sem var vísað til ríkissaksóknara ($p<0.05$). Málum þar brotaþolar höfðu hlotið mikla líkamlega áverka var nánast alltaf vísað til ríkissaksóknara í seinni rannsókninni líkt og í þeirri fyrri (sjá nánari umfjöllun í kaflanum *Samanburður á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir einkennum mála*).

Á fyrra rannsóknartímabilinu var marktækur munur á afgreiðslu ríkissaksóknara eftir því hver aðdragandi nauðgunar var, þar sem beinar árásarnauðganir leiddu hlutfallslega oftar til ákæru en þar sem aðdragandi hafði verið að brotinu ($p<0.001$). Næstum alltaf var ákært fyrir árásarnauðganir en annars var ákært í um helmingi þeirra mála sem bárust ríkissaksóknara. Einnig reyndist marktækur munur á afgreiðslu mála þar sem aðilar voru í parasambandi, en ríkissaksóknari felldi slík mál hlutfallslega oftar niður ($p<0.05$). Þá var martækt oftar ákært fyrir tilraun til nauðgunar ($p<0.01$). Ofbeldi sakbornings virtist hafa mikla þýðingu, en mál þar sem sakborningur hafði beitt mjög miklu líkamlegu valdi leiddu oftar til ákæru ($p<0.05$). Þá virtust viðbrögð brotaþola einnig hafa þýðingu, en mál þar sem brotaþoli hafði veitt líkamlega mótspyrnu leiddu einnig oftar til ákæru ($p<0.01$).

Ekki var marktækur munur á sambærilegum þáttum í síðari rannsókninni. Öfugt við fyrri rannsóknina gaf ríkissaksóknari oftar út ákæru í málum þar sem aðilar voru í, eða höfðu verið í, parasambandi, en munurinn reyndist ekki marktækur. Líkt og í fyrri rannsókninni gaf ríkissaksóknari oftar út ákæru í málum þar sem miklu ofbeldi hafði verið beitt af hálfu sakbornings og í málum þar sem brotaþoli veitti virka líkamlega mótspyrnu, en munurinn var ekki marktækur. Þegar kannað var hvaða þættir í fari sakbornings og brotaþola virtust hafa áhrif á framgang málanna hjá ríkissaksóknara í síðari rannsókninni, reyndist marktækur munur á meðalaldri sakborninga í málum sem voru felld niður, þar sem meðalaldur var 25,9 ár, og þeim málum þar sem gefin var út ákæra, þar sem meðalaldur var hærri eða 32,9 ár ($p<0.005$). Þá var oftar gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur misnotaði áfengi eða önnur vímuefni ($p<0.001$) eða átti við geðræn vandamál að stríða eða í málum þar sem sterkar vísbendingar voru fyrir hendi í gögnum um að sakborningur ætti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða ($p<0.001$). Munurinn fólst þó einkum í því að í málum þar sem sakborningar misnotuðu ekki áfengi eða önnur vímuefni voru mun oftar felld niður. Munurinn reyndist minni í þeim málum þar sem fram kom að sakborningar misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni. Hér ber þó að hafa í huga að fá gildi liggja að baki þessarar breytu. Nánast enginn munur var á afgreiðslu málanna í fyrri rannsókninni hvað sambærilega þætti varðar.

Í síðari rannsókninni var jafnframt marktækur munur á afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara í þeim málum þar sem brotaþoli lýsti því að hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var framið ($p<0.005$). Ríkissaksóknari felldi einnig hlutfallslega fleiri slík mál niður í fyrri rannsókninni en munurinn var ekki marktækur.

Í fyrri rannsókninni fór einnig fram marktektarprófun á einkennum mála eftir því hvort þeim lauk með dómi annars vegar og hins vegar hvort þeim lauk á lögreglustigi eða voru felld niður hjá ríkissaksóknara. Málum þar sem sakborningur var yngri en 19 ára lauk oftar með dómi ($p<0.05$) og það sama átti við um mál þar sem sakborningur var mjög ölvaður þegar brotið var framið ($p<0.05$). Sambærilegir útreikningar voru ekki gerðir í seinni rannsókninni en þó má ætla að þessi mynd hafi breyst á milli rannsóknatímabila. Í síðari rannsókninni var til að mynda nánast enginn munur á afgreiðslu mála hjá lögreglu eftir meðalaldri sakborninga í málum þar sem rannsóknar var hætt og meðalaldri sakborninga í málum sem vísað var til ríkissaksóknara og meðalaldur sakborninga var mun hærri í þeim málum þar sem gefin var út ákæra en í málum sem voru felld niður hjá ríkissaksóknara ($p<0.005$). Meðalaldur sakborninga í málum sem lauk með dómi var því mun hærri í seinni rannsókninni en þeirri fyrri. Ekki reyndist heldur marktækur munur á framgangi mála í seinni rannsókninni eftir því hvort að sakborningur hafði verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar brotið var framið. Áfengisáhrif brotaþola þegar brotið var framið gaf aftur á móti mun sterkari vísbendingu um framgang málanna, en mál þar sem brotaþolar voru undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var framið voru marktækt oftar felld niður ($p<0.005$). Ölvun brotaþola í fyrri

rannsókninni virtist ekki vera eins afgerandi vísbending um framgang mála eins og nú, en þó var það svo að málum brotaþola sem voru mjög ölvaðar var frekar lokið hjá lögreglu eða felld niður hjá ríkissaksóknara, þó munurinn hafi ekki verið marktækur. Þessar niðurstöður kalla á tölfræðiútreikninga sem taka mið af áhrifum fleiri breyta til að kanna hver þeirra hefur mest um framgang málanna að segja, en þar sem málafjöldi beggja rannsókna er afar lítill þá eru forsendur fyrir slíkum útreikningum ekki fyrir hendi.

## Samantekt um helstu breytingar á síðustu 30 árum

Ljóst er að fjöldi tilkynntra nauðgana til lögreglu hefur aukist allverulega á milli árabilanna 1977–1983 og 2008–2009 og ætla má að þolendur nauðgana leiti nú oftar til lögreglu en hér áður fyrr. Svo virðist sem heildarásýnd málanna hafi tekið nokkrum breytingum á milli tímabilanna. Áður fyrr voru brotaþolar og sakborningar mun oftar ókunnug en nú kemur fram í málunum. Hlutfall erlendra sakborninga hefur hækkað mikið á milli tímabila en hér ber að hafa í huga að fjöldi erlendra manna með dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi hefur aukist verulega á síðustu árum. Hvað varðar verknaðaraðferð sakborninga þá virðist sem meira líkamlegt ofbeldi hafi einkennt fleiri mál áður en nú er. Nánast öll mál sem lögregla hafði til rannsóknar í fyrri rannsókninni voru tilkynnt mjög skömmu eftir að þau voru framin á en það átti einungis við um rúmlega helming mála í síðari rannsókninni. Aðrir þættir virðast ekki hafa tekið miklum breytingum. Brotin eiga sér enn oftast stað eftir miðnætti um helgar inni á heimilum málsaðila eða þriðja aðila. Áfengisneysla er áfram eitt sterkasta einkenni nauðgunarmála sem tilkynnt eru til lögreglu og aldur brotaþola og sakborninga er svipaður nú og fyrr. Mjög ungur aldur brotaþola er sterkt einkenni í tilkynntum nauðgunarmálum. Ríkissaksóknari fellir nú niður hlutfallslega fleiri mál en á fyrra rannsóknartímabilinu en að sama skapi lætur ríkissaksóknari nú oftar reyna á svokölluð vafatilvik fyrir dómi en á fyrra tímabilinu.

Þeir þættir í fari brotaþola og sakborninga sem virtust hafa áhrif á afgreiðslu lögreglu áður fyrr voru ef brotaþoli átti við andlega fötlun, félagsleg, geðræn eða áfengisvandamál að stríða. Einnig hætti lögregla oftar rannsókn í málum þar sem brotaþoli hafði greint frá því að hafa verið mjög ölvuð þegar brotið var framið. Þessar vísbendingar var ekki að finna við meðferð mála hjá lögreglu í síðari rannsókninni. Þá vísaði lögregla aftur á móti málum erlendra sakborninga oftar til ríkissaksóknara og málum þar sem mikill aldursmunur var á milli aðila.

Af þáttum er varða sjálft nauðgunarbrotið sem vísbendingar eru um að kunni að hafa áhrif á afgreiðslu hjá lögreglu má nefna að á fyrra tímabilinu var málum þar sem enginn aðdragandi var að nauðguninni oftar vísað til ríkissaksóknara (svokallaðar árásarnauðganir), sem og málum þar sem sakborningur hafði beitt brotaþola mjög miklu líkamlegu ofbeldi. Rannsókn var oftar hætt í málum

þar sem brotaþoli veitti enga mótspyrnu og í málum þar sem valdi var beitt en án átaka. Í síðari rannsókninni var málum þar sem brotaþoli hafði streist á móti eða veitt virka líkamlega mótspyrnu einnig oftar vísað til ríkissaksóknara, sem og málum þar sem sakborningur hafði veitt brotaþola sýnilega áverka. Málum yngri brotaþola var þó einnig oftar vísað til ríkissaksóknara þrátt fyrir að brotaþolar hefðu enga sjáanlega áverka hlotið.

Áður mátti greina nokkra undirliggjandi þætti sem gáfu vísbendingu um afgreiðslu máls hjá ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari gaf oftar út ákæru í málum þar sem enginn aðdragandi hafði verið að brotinu og í málum þar sem sakborningur beitti mjög miklu líkamlegu ofbeldi, sem og í málum þar sem brotaþoli hafði veitt líkamlega mótspyrnu. Þá var einnig oftar ákært í málum sem vörðuðu tilraun til nauðgunar. Ríkissaksóknari felldi aftur á móti oftar niður mál þar sem aðilar voru í parasambandi. Ekki var marktækur munur á sambærilegum þáttum í síðari rannsókninni en aðrir þættir virtust aftur á móti hafa þýðingu um afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara. Í síðari rannsókninni leiddu mál eldri sakborninga oftar til ákæru og oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur misnotaði áfengi eða önnur vímuefni eða átti við geðræn vandamál að stríða, eða í málum þar sem sterkar vísbendingar voru fyrir hendi í gögnum um að sakborningur ætti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða. Nánast enginn munur var á afgreiðslu málanna í fyrri rannsókninni hvað sambærilega þætti varðar. Á síðara tímabilinu felldi ríkissaksóknari þó oftar niður mál þar sem brotaþoli lýsti því að hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var framið. Ríkissaksóknari felldi einnig hlutfallslega fleiri slík mál niður í fyrri rannsókninni, en munurinn var ekki marktækur.

Svo virðist sem einkenni sakborninga gefi nú sterkari vísbendingar en áður um afgreiðslu hjá ríkissaksóknara og á það sérstaklega við um aldur, áfengis –og vímuefnanotkun og geðræn eða félagsleg vandamál. Munurinn um áfengis- og vímuefnaneyslu fólst einkum í að mál þar sem fram kom að sakborningar misnotuðu ekki áfengi eða vímuefni voru oftar felld niður. Á fyrra tímabilinu virtist sem einkenni brotaþola gæfu sterkari vísbendingar en nú um framgang málanna, þá sérstaklega hjá lögreglu, og þá helst um andlega heilsu og ef brotaþolar áttu við félagslegan, geðrænan eða áfengisvanda að stríða. Slíkur munur reyndist ekki fyrir hendi í seinni rannsókninni hvað sambærilega þætti varðar. Í fyrri rannsókninni gáfu valdbeiting sakborninga og mótspyrna konunnar mun sterkari vísbendingar um framgang málanna en nú er. Á síðari rannsóknartímabilinu komu ekki eins afgerandi vísbendingar fram um áhrif valdbeitingar og mótspyrnu brotaþola á framgang málanna. Ölvun brotaþola hafði hins vegar sterk áhrif á málalok á síðara rannsóknartímabilinu.

Umræðan um að hlutfallslega fá nauðgunarmál endi með dómi er ekki ný af nálinni. Rannsóknir, hérlendis sem erlendis, hafa sýnt fram á að stór hluti kvenna verður fyrir kynferðisofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni og réttarkerfið þarf að vera í stakk búið til að geta brugðist við því ofbeldi.

Á undanförnum árum hefur þekking og umræða um kynferðisbrot, eðli þess og afleiðingar, aukist til muna. Löggjafinn hefur brugðist við með því að endurskoða löggjöf um kynferðisbrot í tvígang og víkkað skilgreiningu á afbrotinu nauðgun frá því að *Skýrsla nauðgunarmálanefndar* leit dagsins út og hefur réttarstaða brotaþola einnig styrkst nokkuð frá því sem þá var, eins og áður hefur verið rakið. Neyðarmóttökur vegna kynferðisofbeldis hafa verið starfræktar, en þar fer fram mikilvægur hluti rannsóknarinnar sem lýtur að öflun sönnunargagna. Mikilvæg sönnunargögn nú eru einnig skýrslur sálfræðinga um andlegar afleiðingar nauðgunar á brotaþola. Rannsóknarhættir lögreglu hafa einnig tekið töluverðum breytingum og nú er ákært í fleiri málum en þeim allra ofbeldisfyllstu, eins og áður var. Markmið löggjafans hefur á undanförnum árum verið að styrkja réttarvernd brotaþola án þess að skerða grundvallarréttindi sakborninga. Markmiðinu um að tryggja réttarvernd og kynfrelsi brotaþola nauðgana og annarra þolenda kynferðisbrota verður helst náð þegar nútímaleg viðhorf í löggjöf, vandaðir rannsóknarhættir lögreglu og framsækin ákærupólítík fer saman.

# HEIMILDIR

„Aldrei tekist að greina nauðgunarlyf" (2012). *Fréttablaðið*, 12. nóvember 2012. Sótt 15. ágúst af: http://www.visir.is/aldrei-tekist-ad-greina-naudgunarlyf/article/2012711129953

Amnesty International (2010). *Case Closed: Rape and Human Rights in the Nordic Countries*. Útgefandi Amnesty International. Sótt 14. maí. 2013 af: http://www.amnesty.org/en/library/info/ACT77/001/2010

Balvig, F., Laursen, B., Madsen, K. S., Martinussen, M-B. E., Sidenius, K. (2009). *Voldtægt der anmeldes. Del I: Undersøgelsens fokus, metode og grundmateriale.* Danmark: Det kriminalpræventive Råd, apríl 2009.

Berg, B.L. (2009). *Qualitative Research Methods for the Social Sciences*. Seventh Edition. Boston: Pearson Education, Inc., Allyn & Bacon.

Dines, G. (2010). *Pornland. How Porn has Hijacked our Sexuality*. Boston: Beacon Press.

Dómur Hæstaréttar frá 21. apríl 2010 í máli nr. 660/2009.

Dómur Hæstaréttar frá 25. nóvember 2010 í máli nr. 632/2009.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

„Engin merki um minni sönnunarkröfu" (2012). *Morgunblaðið*, 9. nóvember 2012. Sótt 29. ágúst 2013 af: http://m.mbl.is/frettir/innlent/2012/11/09/engin_merki_um_minni_sonnunarkrofu/

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum (hækkun hámarksgreiðslna o.fl.). Lagt fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011-2012, þskj. 1510 – 686. mál. Sótt af vef Alþingis 28. september 2013: http://www.althingi.is/altext/140/s/1116.html

Fyrirmæli ríkissaksóknara RS: 5/2009. *Hámarkstími meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum*. Sótt 15. ágúst 2013 af: http://www.rikissaksoknari.is/media/frettir/RS%205%20-2009-Malsmedferdartimi-likamsarasarmala,-naudgunarmala-og-efnahagsbrota.pdf

Gisladottir, A., Gudmundsdottir, B., Gudmundsdottir, R., Jonsdottir, E., Gudjonsdottir, G.R., Kristjansson, M. (2012). „Increased attendance rates and altered charactheristics of sexual violence". *Acta Obstet Gynecol Scand* 2012; 91:134-142.

Guðrún Sesselja Baldursdóttir (2013). *Kynferðisbrot á Íslandi 2001-2011. Gerendur, einkenni og afbrotahegðun*. Meistaraprófsritgerð í sálfræði við Háskóla Íslands.

Hagstofa Íslands. (2013a). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2013* [tafla]. Sótt 15. ágúst 2013 af http://hagstofa.is/

Hagstofa Íslands. (2013b). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2013* [tafla]. Sótt 15. ágúst 2013 af http://hagstofa.is/

Hagstofa Íslands. (2013c). *Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni, aldri og ríkisfangi 1996-2013* [tafla]. Sótt 15. ágúst 2013 af http://hagstofa.is/

Hagstofa Íslands. (2013d). *Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-201* [tafla]. Sótt 15. ágúst 2013 af http://hagstofa.is/

Hagtíðindi (2009). *Mannfjöldi*. Hagstofa Íslands, 94. árgangur nr. 4, 2009:1. Sótt 15. ágúst 2013 af: https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077

Halldór Rósmundur Guðjónsson (2012). *Nauðgun. Meðferð nauðgunarmála*. Meistaraprófsritgerð í lögfræði við Háskóla Íslands.

Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason (2010). „Afbrot og refsingar. Íslendingar í dómarasæti". Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 29. ágúst 2013 af: http://skemman.is/stream/get/1946/6784/18438/3/86-95_Helgi_Gunnlaugs_og_Snorri_%C3%96rn_FELMANbok.pdf

Hildigunnur Ólafsdóttir (1989). „Nauðgunarmál – Um afbrotið nauðgun, kærða, konur og málsmeðferð". Í *Skýrsla nauðgunarmálanefndar*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

Kelly, L. (2012). „Gaps and Chasms: Understanding why so many rape cases never result in a conviction or justice for victims.*"* Fyrirlestur haldinn á Ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota við Háskóla Íslands, 20. janúar 2012. [Ráðstefnan var haldin af innanríkisráðuneyti, Lagadeild Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni í samvinnu við Evrópuráðið.]

Landspítali háskólasjúkrahús (2013). *Meðferð og þjónusta vegna nauðgana*. Sótt 15. ágúst af: http://www.landspitali.is/klinisk-svid-og-deildir/bradasvid/thjonusta-bradasvids/neydarmottaka-fyrir-tholendur-kynferdisofbeldis-/medferd-og-thjonusta-vegna-naudgana/

Lína Rut Olgeirsdóttir (2012). *„En hún bað um það!" : áhrif hegðunar brotaþola á niðurstöður dóma í málum er varða 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940*. Meistaraprófsritgerð í lögfræði við Háskólann á Akureyri.

Lombard, M., Snyder-Duch, J., Bracken, C. C. (2002). „Content Analysis in Mass Communication. Assessment and Reporting of Intercoder Reliability." Í *Human Communication Research*, bindi 28, nr. 4, Október 2002. International Communication Association.

Lögregluvefurinn (2013). *Höfuðborgarsvæðið – 07 – Svæði/Hverfi*. Sótt 27. september af: http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=1045

Nanna Dröfn Björnsdóttir (2013). *Er munur á þyngd refsinga fyrir nauðgun eftir því hvort verknaður fellur undir 1. eða 2. mgr. 194. gr. Hgl? Rannsókn á dómum Hæstaréttar 2007-2012*. Meistaraprófsritgerð í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

Ragnheiður Bragadóttir (2009a). „Þróun refsinga fyrir kynferðisbrot". Í *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 1. tbl. 5. árg. 2009. [Vefrit.] Sótt 15. ágúst 2013 af: http://www.stjornmalogstjornsysla.is/?p=221

Ragnheiður Bragadóttir (2009b). *Kynferðisbrot – Dómabók.* Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Ragnheiður Bragadóttir (2006). *Kynferðisbrot.* Ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands.

*Skýrsla nauðgunarmálanefndar* (1989). Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi (2002). Sótt 15. ágúst 2013 af www.rikissaksoknari.is

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi (2007). Sótt 15. ágúst 2013 af www.rikissaksoknari.is

Stígamót (2012). *Ársskýrsla Stígamóta 2012*. Sótt 14. september 2013 af http://www.stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2012.pdf

Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.) (2011). *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

„Telur gott samræmi milli dóma í nauðgunarmálum" (2003). *Morgunblaðið*, 13. mars 2003. Sótt 29. ágúst 2013 af: http://www.mbl.is/greinasafn/grein/719398/

Una Sighvatsdóttir (2012). „Dómstólar látið undan múgæsingi" *Morgunblaðið*, 8. nóvember 2012. Sótt 29. ágúst 2013 af: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/11/08/domstolar_latid_undan_mugaesingi/

United Nations Office on Drugs and Crime (2011). *Rape at the national level, number of police-recorded offences* [tafla]. Sótt 15. ágúst af: http://www.unodc.org/documents/data-and-analysis/statistics/crime/CTS12_Sexual_violence.xls

# VIÐAUKI A:

Greiningarrammi

# A - Grunnupplýsingar

| A | Grunnupplýsingar |
|---|---|

A101 **Númer rannsakanda:**

1 ◯Hildur Fjóla Antonsdóttir
2 ◯Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
3 ◯Maríanna Þórðardóttir

A102 **Málið er kóðað hjá:**

1 ◯Lögreglu
2 ◯Ríkissaksóknara

A103 **Kóðað númer máls (x.xx): ___________________**

A104 **Á hvaða degi var brotið tilkynnt til lögreglu?**

1 ◯Mánudagur
2 ◯Þriðjudagur
3 ◯Miðvikudagur
4 ◯Fimmtudagur
5 ◯Föstudagur
6 ◯Laugardagur
7 ◯Sunnudagur

A105 **Hvenær var brotið tilkynnt til lögreglu (dagsetning) ________________________**

A106 **Klukkan hvað var brotið tilkynnt til lögreglu (tími) __________________________**

A107 **Var lögð fram kæra?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

A108 **Á hvaða degi var málið kært til lögreglu?**

1 ◯Mánudagur
2 ◯Þriðjudagur
3 ◯Miðvikudagur
4 ◯Fimmtudagur
5 ◯Föstudagur
6 ◯Laugardagur
7 ◯Sunnudagur

A109 **Hvenær var brotið kært til lögreglu? (dagsetning) ________________________**

A110 **Klukkan hvað var brotið kært til lögreglu? (tími) __________________________**

## B - Afbrotið/Brotaþoli

**B1 Lýsing á kærðu broti skv. brotaþola**

B1101 **Afbrotið skv. brotaþola***
a ◯Nauðgun
b ◯Tilraun til nauðgunar
c ◯Annað: d) ___________________

B1102 **Var um langvarandi og ítrekað kynferðisofbeldi að ræða skv. brotaþola (sbr. heimofb eða misn. barna)**
1 ◯Já, hvers eðlis a) ______________________________
2 ◯Nei

B1103 **Fjöldi gerenda sem brutu á brþ kynferðislega: ___________________**

B11033 **Fjöldi hltudeildarmanna sem brutu þó ekki á brþ kynferðislega: ________________________**

B1104 **Fjöldi þolenda skv. brotaþola: ______________________________**

B1105 **Liggja nánast engar upplýsingar fyrir frá brþola varðandi brotið? (t.d. sökum ölvunar eða fötlunar brþ.)**
1 ◯Já, hvers vegna: a)_________________________

B1106 **Hvernig hafði kærði samræði/önnur kynferðismök við brotaþola skv skýrslutöku/endursögn lögreglu?***
a ◯Um leggöng, að framan
b ◯Um leggöng, að aftan
c ◯Um endaþarm
d ◯Sköp brotaþola sett í munn (munnmök)
e ◯Limur kærða settur í munn (munnmök)
f ◯Fingur kærða settur í leggöng
g ◯Fingur kærða settur í endaþarm
h ◯Kærði setur aðskotahlut í leggöng, hvað i) _____________
j ◯Kærði setur aðskotahlut í endaþarm, hvað k)_______________
l ◯Annað: m) _______________

B1110 **Hvernig reyndi kærði að hafa samræði/kynferðismök við brotaþola? (tilraun)***
a ◯Tilraun til að setja lim kærða í munn brotaþola
b ◯Tilraun til að setja sköp brotaþola í munn kærða
c ◯Tilraun til samfara um leggöng
d ◯Tilraun til samfara um endaþarm
e ◯Annað: f) _______________

B1112 **Hafði kærði sáðfall?**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Man ekki / veit ekki
4 ◯Kemur ekki fram

B1114 **Hvaða verknaðaraðferð beitti kærði brotaþola til að ná fram vilja sínum? ***
a ◯Klæddi brotaþola úr fötum
b ◯Keyrði brotaþola á afvikinn stað
d ◯Niðurlægði brotaþola, hvernig: e) _______________________
f ◯Ýtti höfði að lim
g ◯Andlegt ofbeldi yfir lengri tíma (Heimilisofbeldi)
h ◯Hótanir sem beindust að lífi/líkama brþ eða aðstandenda
i ◯Aðrar hótanir, hverjar j) __________________________
k ◯Ógnandi framkoma
m ◯Hélt brotaþola niðri / lagðist eða settist ofan á brþ.
n ◯Tók brotaþola hálstaki
p ◯Barði/sló brotaþola
q ◯Sparkaði í brotaþola
r ◯Notkun á vopni/áhaldi, hvaða: s) ________________________
þ ◯Misn. sér svefndrunga brotaþola
æ ◯Misn. sér rænuleysi brotaþola (v. ölvunar, vímuefna eða lyfja)
ö ◯Misn. sér geðsjúkdóm/aðra andlega fötlun brotaþola

x ◯Annað: y) ________________________________

B1115 **Hvernig viðbrögð, viðnám, mótspyrnu sýndi brotaþoli?***

a ◯Engin viðbrögð (t.d. var sofandi, rænulaus)
b ◯Neitaði, mótmælti
d ◯Kallaði á hjálp / öskraði
f ◯Grét
g ◯"Fraus"
h ◯Reyndi að komast undan (án líkamlegra átaka)
i ◯Streittist á móti / ýtti
j ◯Barðist um (líkamleg átök), lýsið k) : _________________________
p ◯Notaði vopn / áhald
q ◯Annað r) ________________________________

B1116 **Ástæða þess að kærða tókst ekki að koma fram vilja sínum?***

a ◯Brotaþoli gat talað um fyrir kærða
b ◯Utanaðkomandi bar að
c ◯Kærði sá að sér
d ◯Kærði hætti vegna líkamlegrar mótspyrnu brotaþola
e ◯Kærði gat ekki komið fram vilja sínum vegna ölvunar/vímu
f ◯Annað g) __________________________

B1117 **Hvernig þekkti brotaþoli kærða? Kærði er:**

1 ◯Þekktust ekki ("stranger rape")
2 ◯Ný kynni (kynntust innan 24 stunda)
3 ◯Kunningi / vinur
5 ◯Samstarfsmaður
7 ◯Yfirmaður
8 ◯Undirmaður
9 ◯Fyrrverandi kærasti/kærasta
10 ◯Núverandi kærasti/kærasta
11 ◯Fyrrverandi sambýlismaður/sambýliskona
12 ◯Núverandi sambýlismaður/sambýliskona
13 ◯Fjölskyldumeðlimur, hver: a)________________________
16 ◯Kynntust í meðferð (áfengis- og/eða vímuefnamf)
17 ◯Kyntust í gegnum internetið
18 ◯Annað: b) _________________________

B1118 **Hvernig hófust samskipti brotaþola og kærða (undanfari brots)? ***

a ◯Enginn undanfari brots
b ◯Hófu samskipti í gegnum sameiginlega vini
c ◯Í samkvæmi í heimahúsi
d ◯Á skemmtistað, eða fyrir utan skemmtistað
e ◯Kærði bauð far
f ◯Kærði hafði samband við brotaþola (t.d. hringdi, msn/sms oþh)
g ◯Voru á sama stað án þess að eiga í samskiptum
k ◯Samvera fyrr um daginn/kvöldið (á ekki við ef þau hittust í samkvæmi/á skemmtistað)
l ◯Rifust
n ◯Annað: o) _____________________________

B1119 **Átti sér stað gagnkv. daður/kynferðisl samsk. áður en brotið átti sér stað? (Samsk. án allra þvingana)**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

B1120 **Lauk samsk. kærða og brotaþola með átökum eftir hið kærða brot? (átök, kærði flúði eða brotaþoli slapp)**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

B1121

| **Upplifun brotaþola:**<br>Hvernig lýsir brotaþoli (1) brotinu sem/og (2) hegðun og háttsemi (3) sinni og kærða: |
|---|

**B2 BROTAÞOLI**

B2101 **Kyn brotaþola:**
1 ◯Kona
2 ◯Karl

B2103 **Fæðingarár brotaþola:_________**

B2104 **Ef fæðingarár er ekki vitað, hver var aldur brotaþola (ca):**
________________________

B2105 **Ríkisfang brotaþola:**
1 ◯Ísland
2 ◯Norðurlönd, hvaðan: a) __________
3 ◯Evrópa, hvaðan a) _____________
4 ◯N-Ameríka, hvaðan a) ___________
5 ◯S-Ameríka, hvaðan a)___________
6 ◯Afríka, hvaðan a)____________
7 ◯Asía, hvaðan a)_____________
8 ◯Eyjaálfa (Ástralía), hvaðan a)__________________

B2016 **Þjóðerni brotaþola:**
1 ◯Ísland
2 ◯Norðurlönd, hvaðan: a) __________
3 ◯Evrópa, hvaðan a) _____________
4 ◯N-Ameríka, hvaðan a) ___________
5 ◯S-Ameríka, hvaðan a)___________
6 ◯Afríka, hvaðan a)____________
7 ◯Asía, hvaðan a)_____________
8 ◯Eyjaálfa (Ástralía), hvaðan a)__________________
9 ◯Annað (t.d. blandað þjóðerni) b)________________________

B2107 **Brotaþoli er á Íslandi sem:**
1 ◯Er íslenskur ríkisborgari
2 ◯Annað: a)_________________________

B2108 **Er íslenska móðurmál brotaþola?**
1 ◯Já
2 ◯Nei

B2109 **Hver er staða brotaþola?**
1 ◯Í námi
2 ◯Launþegi
3 ◯Atvinnulaus
4 ◯Er í fæðingarorlofi
5 ◯Öryrki
6 ◯Heimavinnandi
7 ◯Eftirlaunaþegi
8 ◯Sjálfstætt starfandi
9 ◯Atvinnurekandi
10 ◯Annað a) _____________________

B2110 **Við hvað starfar brotaþoli? ______________________________**

B2111 **Hjúskaparstaða brotaþola:**
1 ◯Einhleyp(ur) / skilin(n) eða sambúð slitið / ekkja eða ekkjumaður
2 ◯Gift(ur)/í sambúð

B2112 **Á brotaþoli börn?**
1 ◯Já

B2113 **Ef brotaþoli er ekki giftur eða í sambúð, á hann kærustu/kærasta?**
1 ◯Já

B2114 **Áfengisneysla/ölvun brotaþola að eigin sögn:**
1 ◯Var áfengisdauður
2 ◯Var undir mjög miklum áhrifum
3 ◯Var undir einhverjum áhrifum
4 ◯Var ekki undir áhrifum
5 ◯Annað a) ______________________________
6 ◯Kemur ekki fram

B2115 **Hafði kærði neytt áfengis skv brotaþola?**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Annað a) ____________________________
4 ◯Kemur ekki fram

B2116 **Var brotaþoli undir áhrifum einhverra fíkniefna að eigin sögn?**
1 ◯Já, hverra: a) ___________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað b) ____________________
4 ◯Kemur ekki fram

B2117 **Var brotaþoli undir áhrifum lyfja að eigin sögn?**
1 ◯Já, hverra: a) ___________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað b) ____________________
4 ◯Kemur ekki fram

B2118 **Hvernig var lyfjanna neytt?**
1 ◯Segir að lyfjunum hafi verið komið f í mat/drykk brotaþola án vitneskju
2 ◯Neytti þeirra sjálf/ur
3 ◯Annað: a) ___________________________
4 ◯Kemur ekki fram

B2119 **Áhrif fíkniefna/lyfja á brotaþola að eigin sögn?**
1 ◯Var rænulaus
2 ◯Var undir mjög miklum áhrifum
3 ◯Var undir einhverjum áhrifum
4 ◯Var ekki undir áhrifum
5 ◯Annað a) ____________________________
6 ◯Kemur ekki fram

B2120 **Hafði kærði neytt fíkniefna/annarra lyfja skv brotaþola?**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Annað a) ____________________________
4 ◯Kemur ekki fram

## B - Afbrotið/Brotaþoli

B2121 **Misnotar brotaþoli áfengi, fíkniefni eða lyf skv gögnum málsins:**

1 ◯Já, hvað: a)____________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað: b) _____________________________

B2122 **Á brotaþoli við andlega skerðingu að stríða?**

1 ◯Já, hvernig: a) __________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað: b) _____________________________

B2131 **Hefur brotaþoli verið í meðferð hjá geðlækni/sálfræðingi <u>fyrir</u> kærða nauðgun:**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

B2123 **Á brotaþoli við líkamlega skerðingu að stríða?**

1 ◯Já, hvers konar: a) __________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað: b) ___________________

B2124 **Liggur fyrir læknisvottorð vegna hins kærða brots í gögnum málsins?**

1 ◯Já, brotaþoli gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun
2 ◯Já, brotaþoli gekkst undir læknisskoðun (líkamsskoðun)
3 ◯Nei

B2125 **Hvenær átti læknisskoðun sér stað? (Dagsetning) ___________________________**

B2126 **Klukkan hvað átti læknisskoðun sér stað? (Tími) _________________________**

B2127 **Samþykkti brotaþoli að gangast undir réttarlæknisfræðilega skoðun við fyrstu komu á NM?**

1 ◯Já
2 ◯Nei, hvers vegna? a)_____________________________

B21277 **Hvernig hafði kærði samræði/önnur kynferðismök við brotaþola skv gögnum NM?***

a ◯Um leggöng, að framan
b ◯Um leggöng, að aftan
c ◯Um endaþarm
d ◯Sköp brotaþola sett í munn (munnmök)
e ◯Limur kærða settur í munn (munnmök)
f ◯Fingur kærða settur í leggöng
g ◯Fingur kærða settur í endaþarm
h ◯Kærði setur aðskotahlut í leggöng, hvað i) _____________
j ◯Kærði setur aðskotahlut í endaþarm, hvað k)_______________
l ◯Annað: m) _______________

B2128 **Líkamlegir áverkar á brotaþola nánar tilgreindir skv læknisvottorði:***

a ◯Skrámur og rispur
b ◯Bólgur/þroti í húð/eymsli í vöðvum
c ◯Marblettir
d ◯Tannfar/bitfar
e ◯Áverkar á hálsi (t.d. vegna kverkataks)
f ◯Skurðir
g ◯Blæðingar vegna áverka
h ◯Beinbrot
i ◯Áverkar í/við endaþarm
j ◯Áverkar í/við sköp/skapabarma
k ◯Áverkar í/við leggöng
l ◯Áverkar á lim
m ◯Áverkar á pung
n ◯Sýkingar/kynsjúkdómar
o ◯Þunguð
p ◯Annað q) _________________

B2129

| **Lýsið alvarleika áverka:** |
|---|
| |

## B - Afbrotið/Brotaþoli

B2130 **Andlegt ástand brotaþola við komu á neyðarmóttöku:***

a ◯Í tilfinningalegu jafnvægi
b ◯Grátköst
c ◯Fjarræn(n)
d ◯Í losti
e ◯Örvænting, vonleysi
f ◯Eirðarlaus/óróleg(ur)
g ◯Man lítið/ekkert
h ◯Óraunveruleikakennd
i ◯Yfirveguð/yfirvegaður
j ◯Skýr í frásögn
k ◯Samhengislaus framsetning
l ◯Árásargjörn/árásargjarn
m ◯Í hnipri
n ◯Í sjálfsmorðshugleiðingum
o ◯Óttaslegin(n)/kvíðin(n)
p ◯Endurlifun árásar
q ◯Geðveik(ur)
r ◯Annað, skrifið s)___________

B2132 **Hefur brotaþoli verið í meðferð hjá geðlækni/sálfræðingi <u>eftir</u> kærða nauðgun:**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

B2133 **Leitaði brotaþoli til annarra fagaðila vegna afleiðinga brotsins?***

a ◯Barnahús
b ◯Kvennaathvarf
c ◯Stígamót oþh.
d ◯Prestur eða annar trúarleiðtogi
e ◯Skólastarfsmaður (t.d. Hjúkrunarfr; námsráðgjafi; kennari)
f ◯Fagaðili í áfengis- og/eða vímuefnameðferð
g ◯Læknir
h ◯Félagsþjónusta (t.d. Barnaverndaryfirvöld)
i ◯Geðdeild, BUGL
j ◯Áfallamiðstöð LHS
k ◯Annað, hvert l) ___________________________

B2134 **Andlegar afleiðingar brotsins á brotaþola:***

a ◯Léleg sjálfsmynd
b ◯Kvíði
c ◯Skömm
d ◯Depurð
e ◯Sektarkennd
f ◯Endurupplifun
g ◯Reiði
h ◯Ótti
i ◯Tilfinningalegur doði
j ◯Erfitt með einbeitingu
l ◯Einangrun
m ◯Sjálfsvígshugleiðingar
n ◯Hegðunarerfiðleikar
p ◯Sjálfssköðun
r ◯Erfitt með svefn
s ◯Mætti ekki í skóla/vinnu
t ◯Forðast tiltekna staði
u ◯Áfallastreita (skv. sérfræðingi)
v ◯Áfallastreituröskun (skv sérfræðingi)
x ◯Þunglyndi
y ◯Annað z) ___________________________

B2135 **Merkið við ef brotaþoli hefur áður orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Skv. brotaþola sjálfum)**

1 ◯Hefur áður verið beittur kynferðisofbeldi
2 ◯Annað a)_______________________________

B2136 **Merkið við ef að brotaþoli hefur áður kært kynferðisofbeldi til lögreglu**

1 ◯Já
2 ◯Annað a) _______________________________

B2137 **Ef brotið er vændistengt, hvernig þá?**

1 ◯Brotaþoli stundar vændi og brotið er tengt vændisstarfsemi, nánar: a) __________
2 ◯Brotaþoli stundar vændi en brotið tengist ekki vændisstarfssemi, nánar b) _________
3 ◯Annað: c)_________________________________________

B2138 **Sést á gögnum málsins að brotaþoli sé með brotasögu?**

1 ◯Nei
2 ◯Já, tilgreinið brot: a)_____________________________________

# C - Atvikið/Kærði

## C1 Lýsing á kærðu broti skv. kærða

**Kært brot:**
Afstaða kærða til sakarefnis er til umfjöllunar í E kafla

C1102 **Við hve marga átti kærði samræði/önnur kynferðismök?** _____________________

C1103 **Liggja nánast engar uppl. fyrir frá kærða varðandi brotið? (t.d. sökum ölvunar eða fötlunar)**
1 ◯Já, hvers vegna a) ____________________________
2 ◯Nei

C1104 **Hvernig hafði kærði samræði við kæranda? ***
a ◯Um leggöng, að framan
b ◯Um leggöng, að aftan
c ◯Um endaþarm
d ◯Sköp brotaþola sett í munn (munnmök)
e ◯Limur kærða settur í munn (munnmök)
f ◯Fingur kærða settur í löggöng
g ◯Fingur kærða settur í endaþarm
h ◯Kærði setur aðskotahlut í leggöng, hvað i)_________________
j ◯Kærði setur aðskotahlut í endaþarm, hvað k)___________________
l ◯Annað: m)_______________

C1108 **Hvernig reyndi kærði að hafa samræði við kæranda? (tilraun)***
a ◯Tilraun til að setja lim kærða í munn brotaþola
b ◯Tilraun til að setja sköp brotaþola í munn kærða
c ◯Tilraun til samfara um leggöng
d ◯Tilraun til samfara um endaþarm
e ◯Annað: f) _______________

C1110 **Hafði kærði sáðfall:**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Man ekki / veit ekki
4 ◯Kemur ekki fram

C1111 **Notaði kærði smokk?**
1 ◯Nei
2 ◯Já, allan eða hluta tímans
3 ◯Man ekki / veit ekki
4 ◯Kemur ekki fram

C1113 **Hvernig brást kærandi við háttsemi kærða?***
b ◯Með kossum
c ◯Tók þátt í atlotum
d ◯Tók þátt í samförum
e ◯Tók þátt í öðrum kynferðismökum (munnmök)
f ◯Kærandi sýndi frumkvæði
v ◯Annað x) ________________________________

C1114 **Hvernig þekkti kærði kæranda? Kærandi er:**
1 ◯Þekktust ekki
2 ◯Ný kynni (kynntust innan 24 st.)
3 ◯Kunningi, vinur
5 ◯Samstarfsmaður
7 ◯Yfirmaður
8 ◯Undirmaður
9 ◯Fyrrverandi kærasti/kærasta
10 ◯Núverandi kærasti/kærasta
11 ◯Fyrrverandi sambýlismaður/sambýliskona
12 ◯Núverandi sambýlismaður/sambýliskona
13 ◯Fjölskyldumeðlimur, hver: a) ___________
16 ◯Kynntust í áfengis- og/eða vímuefnamf
17 ◯Kyntust í gegnum internetið
18 ◯Annað b) _________________________

C1115 **Hvernig hófust samskipti kærða og kæranda (undanfari atviks)? ***

a ◯Enginn undanfari brots
b ◯Hófu samskipti í gegnum sameiginlega vini
c ◯Í samkvæmi í heimahúsi
d ◯Á skemmtistað, eða fyrir utan skemmtistað
e ◯Kærði bauð far
f ◯Kærði hafði samband við brotaþola (t.d. hringdi, msn/sms oþh)
g ◯Voru á sama stað án þess að eiga í samskiptum
k ◯Samvera fyrr um daginn/kvöldið (á ekki við ef þau hittust í samkvæmi/á skemmtistað)
l ◯Rifust
n ◯Annað: o) ______________________________

C1116 **Átti sér stað gagnkv. daður/kynferðisl samsk. áður en brotið átti sér stað? (Samsk. án allra þvingana)**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

C1117 **Lauk samskiptum kærða og kæranda með átökum eftir hið kærða brot?**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Kemur ekki fram

C1118 **Upplifun kærða:**
Hvernig lýsir kærði (1) brotinu/atvikinu sem/og hegðun og háttsemi (2) sinni og (3) kæranda:

## C2 GERANDI/KÆRÐI

C2101 **Er kærði þekktur eða óþekktur?**

1 ◯Þekktur
2 ◯Óþekktur

C2102 **Kyn kærða:**

1 ◯Kona
2 ◯Karl

C2104 **Fæðingarár kærða _________**

C2105 **Ef fæðingarár er ekki vitað, hver var aldur kærða (ca): ______________________________**

C2106 **Ríkisfang kærða:**

1 ◯Ísland
2 ◯Norðurlönd, hvaðan: a) __________
3 ◯Evrópa, hvaðan a) _____________
4 ◯N-Ameríka, hvaðan a) ___________
5 ◯S-Ameríka, hvaðan a)___________
6 ◯Afríka, hvaðan a)____________
7 ◯Asía, hvaðan a)_____________
8 ◯Eyjaálfa (Ástralía), hvaðan a)__________________

## C - Atvikið/Kærði

C2107 **Þjóðerni kærða:**
1 ◯Ísland
2 ◯Norðurlönd, hvaðan: a) __________
3 ◯Evrópa, hvaðan a) _____________
4 ◯N-Ameríka, hvaðan a) ___________
5 ◯S-Ameríka, hvaðan a)___________
6 ◯Afríka, hvaðan a)____________
7 ◯Asía, hvaðan a)_____________
8 ◯Eyjaálfa (Ástralía), hvaðan a)__________________
9 ◯Annað b)________________________

C2108 **Kærði er á Íslandi sem:**
1 ◯Er íslenskur ríkisborgari
2 ◯Annað: a)_________________________

C2109 **Er íslenska móðurmál kærða?**
1 ◯Já
2 ◯Nei

C2110 **Naut kærði aðstoðar túlks við skýrslutöku?**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Annað a) ____________________

C2111 **Hver er staða kærða?**
1 ◯Í námi
2 ◯Launþegi
3 ◯Atvinnulaus
4 ◯Er í fæðingarorlofi
5 ◯Öryrki
6 ◯Heimavinnandi
7 ◯Eftirlaunaþegi
8 ◯Sjálfstætt starfandi
9 ◯Atvinnurekandi
10 ◯Annað a) ______________________

C2112 **Við hvað starfar kærði?** ___________________________

C2113 **Hjúskaparstaða kærða:**
1 ◯Einhleyp(ur) / skilin(n) eða sambúð slitið / ekkja eða ekkjumaður
2 ◯Gift(ur)/í sambúð

C2114 **Á kærði börn?**
1 ◯Já

C2115 **Ef kærði er ekki giftur eða í sambúð, á hann kærustu/kærasta?**
1 ◯Já

C2116 **Ölvun kærða að eigin sögn:**
1 ◯Var áfengisdauður
2 ◯Var undir mjög miklum áhrifum
3 ◯Var undir einhverjum áhrifum
4 ◯Var ekki undir áhrifum
5 ◯Annað a) ______________________________
6 ◯Kemur ekki fram

C2117 **Hafði brotaþoli neytt áfengis skv kærða**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Annað a) ______________________________
4 ◯Kemur ekki fram

C2118 **Var kærði undir áhrifum einhverra fíkniefna að eigin sögn?**
1 ◯Já, hverra: a) ____________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað b) ____________________
4 ◯Kemur ekki fram

C2119 **Var kærði undir áhrifum lyfja að eigin sögn?**
1 ◯Já, hverra: a) ___________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað b) ____________________________
4 ◯Kemur ekki fram

C2120 **Áhrif fíkniefna/lyfja á kærða að eigin sögn?**
1 ◯Var rænulaus
2 ◯Var undir mjög miklum áhrifum
3 ◯Var undir einhverjum áhrifum
4 ◯Var ekki undir áhrifum
5 ◯Annað a) ____________________________
6 ◯Kemur ekki fram

C2121 **Hafði brotaþoli neytt fíkniefna/annarra lyfja skv kærða?**
1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Annað a) ____________________________
4 ◯Kemur ekki fram

C2122 **Misnotar kærði áfengi, fíkniefni eða lyf skv gögnum málsins:**
1 ◯Já, hvað: a) ____________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað b) ____________________

C2123 **Á kærði við andlega skerðingu að stríða?**
1 ◯Já, hvernig: a) ___________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað: b) ___________________

C2124 **Á kærði við líkamlega skerðingu að stríða?**
1 ◯Já, hvers konar: a) ___________________________
2 ◯Nei
3 ◯Annað: b) ___________________

C2126 **Ef sakavottorð kærða er til staðar í gögnum máls, er kærði með hreint sakavottorð?**
1 ◯Já
2 ◯Nei, tilgreinið brot: a) _______________________________

C2129 **Sést á gögnum málsins og vitnisburðum að kærði eigi brotasögu, aðra en fram kemur á sakavottorði?**
1 ◯Já, tilgreinið brot: a) _______________________________
2 ◯Nei

C2130 **Ef kærði er ekki þekktur, hver gefur ofangreindar upplýsingar?**
1 ◯Brotaþoli
2 ◯Sjónarvottar
3 ◯Brotaþoli og sjónarvottar
4 ◯Annar: a) ____________________________

| **D** | **Afbrotið - tími** |
|---|---|

D101 **Hve lengi stóð brotið yfir?**

1 ◯Minna en 30 mín
2 ◯30 - 60 mín
3 ◯1-2 tímar
4 ◯2-3 tímar
5 ◯3-4 tímar
6 ◯Meira en 4 tímar, hve lengi: a) _________________
7 ◯Á ekki við þar sem um er að ræða ítrekuð brot
8 ◯Man ekki /veit ekki

D102 **Ef brotaþoli hefur kært ítrekuð brot yfir lengri tíma, lýsið: ______________________**

D103 **Hvaða dag átti brotið sér stað?**

1 ◯Mánudagur
2 ◯Þriðjudagur
3 ◯Miðvikudagur
4 ◯Fimmtudagur
5 ◯Föstudagur
6 ◯Laugardagur
7 ◯Sunnudagur
999 ◯Ekki vitað

D104 **Hvenær átti brotið sér stað? (Dagsetning) ______________________________**

D105 **Klukkan hvað hófst brotið? (Tími)**

1 ◯00.00 - 03.00
2 ◯03.00 - 06.00
3 ◯06.00 - 09.00
4 ◯09.00 - 12.00
5 ◯12.00 - 15.00
6 ◯15.00 - 18.00
7 ◯18.00 - 21.00
8 ◯21.00 - 00.00

## E - Afbrotið, staður

| E1 | Hvar hófust samskipti brotaþola og kærða: |
|---|---|

E1101 **Ef brotaþoli og kærði hófu samskipti áður en brotið var framið, hvar hófust samskiptin:**

1 ◯Heimili brotaþola
2 ◯Heimili kærða
3 ◯Heimili 3ja aðila
4 ◯Skemmtistað, eða fyrir utan skemmtistað
6 ◯"Niðrí bæ", utandyra
7 ◯Bíl
10 ◯Annars staðar a) ________________________

| E2 | Brotavettvangur |
|---|---|

E2101 **Póstnúmer brotavettvangs: _____________**

E2102 **Póstnúmer heimilis brotaþola: __________**

E2103 **Póstnúmer heimilis kærða: __________**

E2104 **Var brotavettvangur:**

1 ◯Innandyra
2 ◯Utandyra
3 ◯Í farartæki

E2105 **Átti sér stað samkvæmi eða voru fleiri en brþ. og kærði á staðnum?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

E2106 **Í/við íbúðarhúsnæði**

1 ◯Íbúðarhúsnæði
2 ◯Heimavist (þar sem fólk hefur búsetu)
3 ◯Tjald, hjólhýsi, húsbíll
4 ◯Sumarbústaður
5 ◯Meðferðarstofnun (þar sem fólk hefu
6 ◯Annað a) _______________________

E2107 **Á/við stað sem býður upp á skemmtun/afþreyingu**

1 ◯Bar/skemmtistaður
2 ◯Útihátíðir (t.d. um Verslunarmannahelgi eða fyrsta helgi í júlí)
3 ◯Annað a) _____________________________

E2108 **Í/við samgöngutæki**

1 ◯Bíll (ekki leigubíll)
2 ◯Leigubíll
3 ◯Annað a) ____________________

E2109 **Í / við opinberar byggingar og samkomustaði**

1 ◯Menntastofnun
2 ◯Heilbrigðisstofnun
3 ◯Önnur opinber stofnun
4 ◯Samkomuhús trúfélaga
5 ◯Samkomu- og veislusalur
6 ◯Íþróttafélag, -hús
7 ◯Annað a) ______________________

## E - Afbrotið, staður

E2110 **Í / við atvinnuhúsnæði**

1 ◯Verslunarmiðstöð
2 ◯Hótel, gistihús
3 ◯Iðnaðarhúsnæði
4 ◯Hafnarsvæði
5 ◯Annað a) ________________________

E2111 **Á svæði utandyra**

1 ◯Útivistarsvæði
2 ◯Utandyra í íbúðarhverfi
3 ◯Þröng gata, húsasund
4 ◯Almenningssalerni
5 ◯Undirgöng
6 ◯Tjaldstæði
7 ◯Byggingarsvæði
8 ◯"Niðrí bæ"
9 ◯Annað a) ____________________________

E2112 **Á bílastæði**

1 ◯Bílastæðahús
2 ◯Bílastæði utandyra

E2113 **Ef brotið átti sér stað innandyra, þá hvar?**

1 ◯Í svefnherbergi
2 ◯Á baðherbergi
3 ◯Inni í stofu
4 ◯Í eldhúsi
5 ◯Á gangi
6 ◯Á salerni (t.d. á skemmtistað)
7 ◯Annað a) __________________

E2114 **Ef kærði braust inn í aðdraganda brotsins, lýsið því: ________________________**

E2115 **Tengsl brotaþola/kærða við brotavettvang:**

1 ◯Heimili brotaþola
2 ◯Heimili kærða
3 ◯Heimili 3ja aðila
4 ◯Vinnustaður brotaþola
5 ◯Vinnustaður kærða
6 ◯Vinnustaður 3ja aðila
7 ◯Í bíl brotaþola
8 ◯Í bíl kærða
9 ◯Í bíl 3ja aðila
10 ◯Annað a) _________________________

## F - Rannsókn og málalok

| F | Rannsókn |
|---|---|

F101 **Til hvaða lögregluembættis er málið tilkynnt? (Sbr. málsnúmer)**

1 ◯Akranes - 12
2 ◯Akureyri - 24
3 ◯Blönduós - 20
4 ◯Borgarnes - 13
5 ◯Snæfellsnes - 14
6 ◯Eskifjörður - 28
7 ◯Húsavík - 25
8 ◯Hvolsvöllur - 31
9 ◯Höfuðborgarsvæðið - 07
10 ◯Suðurnes - 08
11 ◯Vestfirðir - 18
12 ◯Sauðarkrókur - 21
13 ◯Selfoss - 33
14 ◯Seyðisfjörður - 26
15 ◯Vestmanneyjar - 32

F102 **Ástæða fyrir tímanum sem leið á milli brotsins og kærunnar (samkvæmt brotaþola): ***

F103 **Hver tilkynnti brotið? (Aðili tengdur brotaþola)**

1 ◯Brotaþoli
2 ◯Kærði
3 ◯Vinur, kunningi
4 ◯Kærasti/kærasta
5 ◯Maki
6 ◯Foreldri
7 ◯Annar fjölskyldumeðlimur
8 ◯Einhver sem átti leið hjá, vitni
9 ◯Heilbrigðisyfirvöld (t.d. læknir)
10 ◯Félagsmálayfirvöld (t.d. barnavyfirvöld)
11 ◯Annar a) ________________________

F104 **Réttargæslumaður er tilnefndur:**

1 ◯Strax við fyrstu skýrslutöku
2 ◯Á síðari stigum máls
3 ◯Annað: a) ___________________________________________

F105 **Hverjir voru viðstaddir skýrslutöku yfir brotaþola? ***

a ◯Réttargæslumaður
b ◯Fulltrúi barnaverndaryfirvalda
c ◯Túlkur
d ◯Annar e) _____________________________

F106 **Fjöldi vitna (fyrir utan brotaþola) sem gáfu skýrslu í málinu: __________**

F107 **Fór skýrslutaka af barni fram í Barnahúsi eða fyrir dómi?**

1 ◯Í barnahúsi
2 ◯Fyrir dómi

## F - Rannsókn og málalok

F108 **Hvaða gögn liggja fyrir í málinu? ***

a ◯Afrit af vitnisburði brotaþola (hljóð og mynd)
b ◯Afrit af vitnisburði kærða (hljóð og mynd)
aa ◯Endursögn lögreglu af vitnisburði brotaþola
bb ◯Endursögn lögreglu af vitnisburði kærða
c ◯Réttarlæknisfræðileg skoðun á brotaþola
d ◯Réttarlæknisfræðileg skoðun á kærða
e ◯Skýrsla/bréf læknis
f ◯Skýrsla/bréf sálfræðings/geðlæknis
g ◯Skýrsla/bréf barnaverndaryfirvalda
h ◯Niðurstöður DNA greiningar
i ◯Skýrsla Tæknideildar (lífsýni)
ii ◯Skýrsla Tæknideildar (myndir af sönnunargögnum t.d. fatnaður, sængurföt oþh )
j ◯Niðurstöður efnagreiningar (fíkniefni/lyf) á blóði/þvagi brotaþola
k ◯Niðurstöður efnagreiningar (fíkniefni/lyf) á blóði/þvagi kærða
l ◯Niðurstöður úr blóðprufu (áfengi) brotaþola
m ◯Niðurstöður úr blóðprufu (áfengi) kærða
n ◯Myndir af brotavettvangi
o ◯Tölvugögn (t.d. Msn skilaboð, klám). Hvernig: ____________________________
p ◯Myndir/hreyfimyndir (t.d. frá öryggism.vélar, gsm símum). Hvernig: ________________
q ◯Símagögn (t.d. yfirlit um símtöl, sms skilaboð, hljóðupptökur). Hvernig: ______________________
r ◯Bótakrafa
s ◯Annað: _________________________________

F111 **Sakborningar í málum sem falla undir lög nr. 61/2007 (tóku gildi 27 mars 2007): ***

a ◯Fjöldi sakborninga í málinu alls: __________
b ◯Fjöldi sakborninga, mál heimfært undir 1. mgr. 194 gr. hgl. _________
c ◯Fjöldi sakborninga, mál heimfært undir 2. mgr. 194 gr. hgl. __________
d ◯Fjöldi sakborninga, mál heimfært undir 194. gr. , sbr. 20. gr. hgl. (tilraun) _________
e ◯Fjöldi sakborninga, mál heimfært undir 194. gr., sbr. 22. gr. hgl. (hlutdeild) __________
f ◯Önnur lagaákvæði, hver) _________________________________

F112 **Sakborningar í málum sem falla undir lög fyrir gildistöku laga nr. 61/2007 (fyrir 27 mars 2007): ***

a ◯Fjöldi sakborninga í málinu alls: __________
b ◯Fjöldi sakb., mál heimfært undir 1. mgr. 194 gr. hgl. _________
c ◯Fjöldi sakb., mál heimf. undir 195. gr. hgl. (ólögmæt kynferðisnauðung) _________
d ◯Fjöldi sakb., mál heimfært undir 196. gr. hgl. (misneyting) __________
e ◯Fjöldi sakb., mál heimfært undir 194. - 196. gr., sbr. 20. gr. hgl. (tilraun) _________
f ◯Fjöldi sakb., mál heimfært undir 194. -196. gr., sbr. 22. gr. hgl. (hlutdeild) __________
g ◯Önnur lagaákvæði, hver ______________________________________

F113 **Var kærði handtekinn?** 1 ◯Já 2 ◯Nei

F115 **Hvenær var kærði handtekinn? (Dagsetning) ______________________**

F118 **Hvenær var kærði yfirheyrður (dagsetning) ________________________**

F120 **Hver er afstaða kærða til sakarefnis?**

1 ◯Játar sök á upphafsstigum rannsóknar
2 ◯Játar sök á síðari stigum rannsóknar
3 ◯Neitar samræði/tilraun
4 ◯Ber við minnisleysi
5 ◯Neitar samræði/tilraun og ber við minnisleysi
6 ◯Játar samræði, ber við samþykki þolanda
7 ◯Annað a) ___________________________

## F - Rannsókn og málalok

F121 **Ástæða þess að rannsókn er hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu: ***

a ◯Sönnunargögn þykja ekki nægjanleg
b ◯Málið er ekki kært, af hverju c) ______________________________________
d ◯Kæra er dregin til baka, af hverju e) ______________________________________
f ◯Orð á móti orði
g ◯Kærði neitar samræði
h ◯Engin vitni að kærðu broti
i ◯Framburður vitna styðja ekki við frá sögn brotaþola
j ◯Kærði ber við samþykki
k ◯Ósannað að þvingun hafi verið beitt
l ◯Ósannað að kærði hafi mátt vita að brotaþ vildi ekki samfarir (ásetningur ósannaður)
m ◯Ósannað að ölvunarást. hafi verið þannig að brotaþ. hafi ekki getað spornað við verkn.
n ◯Langur tími liðinn frá broti
o ◯Kærði er óþekktur
p ◯Kærði er óþekktur (Minnisleysi brotaþola)
q ◯Kærði finnst ekki
r ◯Rangar sakargiftir
s ◯Ekki eru efni til rannsóknar (ekkert brot átti sér stað að mati lögreglunnar)
t ◯Kærði er ósakhæfur
u ◯Kært brot er fyrnt
v ◯Rannsókn hætt án skýringa (liggur ekki fyrir í gögnum málsins)
x ◯Annað z) ______________________

F122 **Var ákvörðun lögreglu um að rannsókn væri hætt kærð?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

F123 **Var ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn staðfest af saksóknara?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

F124 **Var gæsluvarðhalds krafist við rannsókn málsins?**

1 ◯Já, vegna rannsóknarhagsmuna
2 ◯Já, vegna almannahagsmuna
3 ◯Já, vegna rannsókar- og almannahagsmuna
4 ◯Nei

F125 **Var gæsluvarðhalds úrskurðað við rannsókn málsins?**

1 ◯Já, vegna rannsóknarhagsmuna
2 ◯Já, vegna almannahagsmuna
3 ◯Já, vegna rannsóknar- og almannahagsmuna
4 ◯Nei

F126 **Hvenær lauk rannsókn lögreglu? (Ath. greinarg. eða bréf frá lögr. um lyktir máls)**

Dagsetning: ______________________ (ath LÖKE)

### Ákærumeðferð

F127 **Sendi ríkissaksóknari málið aftur til lögreglurannsóknar?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

F128 **Gaf ríkissaksóknari út ákæru?**

1 ◯Já
2 ◯Nei
3 ◯Skilorðsbundin ákærufrestun
4 ◯Mál er enn til meðferðar

F129 **Ef mál var fellt niður, hver var rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun? ***

a ◯Eindregin neitun kærða
b ◯Orð gegn orði
c ◯Ekkert kemur fram í rannsókn málsins sem hrekur framburð kærða
d ◯Það liggja ekki fyrir gögn sem upplýst geta um atvik málsins
e ◯Ósannað að kærði hafi mátt vita að brotaþ vildi ekki samfarir (ásetningur ósannaður)
f ◯Ekki næg sönnunargögn sem styðja framburð brotaþola
g ◯Engin vitni voru að kærðu broti
h ◯Framburður vitna styður ekki við frásögn brotaþola
i ◯Framburður kærða er trúverðugur
j ◯Framburður brotaþola er trúverðugur
k ◯Brotaþoli bar enga áverka
l ◯Læknisvottorð liggur ekki fyrir
m ◯Brotaþoli er margsaga
n ◯Brotaþoli man atvik óljóst
o ◯Langur tími liðinn frá broti
p ◯Kærði neitar samræði
q ◯Annað r) ______________________________________________

F130 **Ef málið var fellt niður hjá ríkissaksóknara, hvenær var það gert? (Dagsetning)** ____________

**Ákæra**

F131 **Hvenær var ákæra gefin út? (Dagsetning)**________________

F132 **Ákærðir í málum sem falla undir lög nr. 61/2007 (tóku gildi 27 mars 2007)***

a ◯Fjöldi ákærðra í málinu alls: __________
b ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 1. mgr. 194. gr. hgl. _________
c ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 2. mgr. 194. gr. hgl. __________
d ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 194. gr., sbr. 20. gr. hgl. (tilraun) _________
e ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 194. gr., sbr. 22. gr. hgl. (hlutdeild) __________
f ◯Ef ákæra var gefin út vegna annars brots, hvaða brot var það?: _____________

F133 **Ákærðir í málum sem falla undir lög fyrir gildistöku laga nr. 61/2007 (fyrir 27 mars 2007)***

a ◯Fjöldi ákærðra í málinu alls: __________
b ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 1. mgr. 194 gr. hgl. _________
c ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 195. gr. hgl. ________
d ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 196. gr. hgl. __________
e ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 194. - 196. gr., sbr. 20. gr. hgl. (tilraun) _________
f ◯Fjöldi ákærðra, mál heimfært undir 194.-196. gr, sbr. 22. gr. hgl.(hlutdeild) _________
g ◯Ef ákæra var gefin út vegna annars brots, hvaða brots?: _____________

F134 **Hvar var málið dómtekið?**

1 ◯Héraðsdómur Reykjavíkur
2 ◯Héraðsdómur Reykjaness
3 ◯Héraðsdómur Vesturlands
4 ◯Héraðsdómur Vestfjarða
5 ◯Héraðsdómur Norðurlands Eystra
6 ◯Héraðdómur Norðurlands Vestra
7 ◯Héraðsdómur Austurlands
8 ◯Héraðsdómur Suðurlands

F135 **Hvenær féll dómur héraðsdóms? (Dagsetning)** ___________________________

F136 **Var sakfellt í málinu?***
- a ◯Nei
- b ◯Já, sakfellt var fyrir nauðgun
- c ◯Já sakfellt fyrir tilraun til nauðgunar
- d ◯Máli vísað frá dómi
- e ◯Já, sakfellt var fyrir annað kynferðisbrot, hvað? f)___________________
- g ◯Já, sakfellt var fyrir annað brot, hvað? h) ___________________

F137 **Dæmt var í málinu (fyrir brot gegn 194 gr. hgl. ):**
- 1 ◯Mál er enn til meðferðar hjá dómstól
- 2 ◯Sakfellt
- 3 ◯Sýknað
- 4 ◯Máli vísað frá dómi
- 5 ◯Ákærði ósakhæf(ur) vegna geðsjúkdóms
- 6 ◯Annað a) _____________________

F138 **Hve langan fangelsisdóm fékk sá sakfelldi/sú sakfellda í héraði?**
- 1 ◯Skilorðisbundinn dóm (lengd): a) ____________________
- 2 ◯Óskilorðisbundinn dóm (lengd): b) __________________
- 3 ◯Skilorðsbundinn og óskilorðsbundinn dóm (lengd): c) ___________________
- 4 ◯Öryggisgæsla (vegna ósakhæfis)
- 5 ◯Dómur hefur ekki fallið
- 6 ◯Óþekkt

F139 **Voru miskabætur dæmdar?**
- 1 ◯Já
- 2 ◯Nei

F140 **Hver var fjárhæð dæmdra bóta? __________**

F141 **Var dómnum áfrýjað?**
- 1 ◯Nei
- 2 ◯Já, af ákæruvaldi
- 3 ◯Já, af ákærða
- 4 ◯Mál enn til meðferðar í héraði

## Áfrýjun

F142 **Hvenær féll dómur í hæstarétti? (Dagsetning) _________________________**

F143 **Var ákærði/ákærða sakfelld(ur)?***
- a ◯Nei
- b ◯Já, sakfellt var fyrir nauðgun
- c ◯Já, sakfellt fyrir tilraun til nauðgunar
- d ◯Héraðsdómur ómerktur (máli vísað til héraðsdóms)
- e ◯Málinu var vísað frá dómi
- f ◯Já, sakfellt var fyrir annað kynferðisbrot, hvað? g) ___________________
- h ◯Já, sakfellt var fyrir annað brot, hvað? i) ___________________

F144 **Í hæstarétti var dæmt í málinu (fyrir brot gegn 194 gr. hgl.): ***
- a ◯Mál er til meðferðar hjá hæstarétti
- b ◯Dómur héraðsdóms staðfestur
- c ◯Refsing þyngd
- d ◯Refsing lækkuð
- e ◯Sakfellt, óskilorðsbundin refsing
- f ◯Sakfellt, skilorðsbundin refsing
- g ◯Sýknað
- h ◯Ákærði er ósakhæf(ur) vegna geðsjúkdóms
- i ◯Annað: j) ________________

F145 **Hve langan fangelsisdóm fékk sá sakfelldi/sakfellda í hæstarétti?**

1 ◯Skilorðisbundinn dóm (lengd): a) ____________________
2 ◯Óskilorðisbundinn dóm (lengd): b) _________________
3 ◯Skilorðsbundinn og óskilorðsbundinn dóm (lengd): c) ___________________
4 ◯Öryggisgæsla (vegna ósakhæfis)
5 ◯Refsing hefur ekki verið ákveðin
6 ◯Óþekkt

F146 **Voru miskabætur dæmdar?**

1 ◯Já
2 ◯Nei

F147 **Voru miskabætur:**

1 ◯Hækkaðar
2 ◯Lækkaðar
3 ◯Óbreyttar

F148 **Hver var dæmd upphæð? __________**

F149

| |
|---|
| **a) Reifið málið almennt með tilliti til: Hver, hvar, hvernig, málalok.**<br>**b) Skráið einnig athugasemdir rannsakanda um málið eða vinnslu þess** |

# VIÐAUKI B:

Samantekt á helstu niðurstöðum

Afhent innanríkisráðherra í apríl 2013

EDDA
CENTER OF EXCELLENCE

# Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009

## - Samantekt á helstu niðurstöðum -

Apríl 2013

Hér verður skýrt frá helstu niðurstöðum rannsóknar um einkenni og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins sem unnin er við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið. Um er að ræða samantekt á helstu niðurstöðum en skýrsla með öllum niðurstöðum rannsóknarinnar verður birt í heild sinni í byrjun maí 2013.

Rannsóknin er unnin í kjölfar samráðsfunda um meðferð nauðgunarmála í innanríkisráðuneytinu á árunum 2010 og 2011 með þátttöku fræðimanna og fulltrúa stofnana og félagasamtaka sem koma að meðferð kynferðisbrota. Þar kom fram skýr vilji, innan sem utan réttarkerfisins, til að rannsaka frekar einkenni nauðgunarmála sem og meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu.

Rannsóknin tók til tveggja þátta: Í fyrsta lagi að greina helstu einkenni þeirra nauðgunarmála sem berast lögreglu til rannsóknar. Í öðru lagi að kanna hvað einkennir málin eftir því hvernig afgreiðslu þau hlutu hjá lögreglu og ríkissaksóknara, þ.e. annars vegar þau mál þar sem lögregla hætti rannsókn máls eða sendi til ríkissaksóknara, og hins vegar þau mál sem ríkissaksóknari felldi niður eða leiddu til ákæru. Í þágu rannsóknarinnar veitti Persónuvernd ríkissaksóknara og öllum lögregluembættum landsins heimild til miðlunar á upplýsingum um nauðgunarmál sem tilkynnt voru til lögreglunnar á tímabilinu 2008-2009 (nr. 2012/675).

Rannsóknin er unnin af Hildi Fjólu Antonsdóttur, mann- og kynjafræðingi, og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, lögfræðingi, með aðstoð Maríönnu Þórðardóttur, mastersnema í lýðheilsuvísindum.

Rannsakendur hafa notið aðstoðar ráðgjafahóps við undirbúning rannsóknarinnar og eru honum færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð og góð ráð. Í hópnum sátu: Róbert Spanó, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, dr. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur og einn höfunda *Skýrslu Nauðgunarmálanefndar* (1989), Annadís G. Rúdólfsdóttir, doktor í félagssálfræði og rannsakandi hjá EDDU – öndvegissetri við Háskóla Íslands, Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Maj-Britt Martinussen, saksóknari og aðalrannsakandi *Voldtægt der anmeldes* (2009) og Liz Kelly, prófessor og forstöðumaður Woman Abuse Studies Unit við London Metropolitan University. Rannsakendur hafa einnig notið aðstoðar Auðar Magndísar Leiknisdóttur og Guðnýjar Bergþóru Tryggvadóttur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við gerð greiningarlykils og tölfræðilega úrvinnslu.

Rannsakendur þakka embætti ríkissaksóknara, lögregluembættum landsins og ríkislögreglustjóra fyrir veitta aðstoð og þá sérstaklega Sigríði Friðjónsdóttur, ríkissaksóknara, Jennýju Heiðu Björnsdóttur, skrifstofustjóra hjá ríkissaksóknara, Sólrúnu Guðmundsdóttur, ritara hjá embætti ríkissaksóknara, Sigríði Hjaltested, aðstoðarsaksóknara hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, og Guðbjörgu S. Bergsdóttur, félagsfræðingi hjá mannauðs- og tölfræðideild embættis ríkislögreglustjóra.

Rannsóknin er styrkt af Norræna sakfræðiráðinu, Mannréttindasjóði innanríkisráðuneytisins og innanríkisráðherra.

# Efnisyfirlit

INNGANGUR ... 6
Aðferðafræði og tölfræðiúrvinnsla ... 6
Gagnasafn ... 7
EINKENNI MÁLANNA ... 8
Fjöldi mála ... 8
Flest brot tilkynnt um helgar ... 8
Einkenni á gerendum í nauðgunarmálum ... 8
Ungir karlar ... 8
Einkenni á brotaþolum í nauðgunarmálum ... 9
Ungar stúlkur ... 9
Tengsl á milli brotaþola og sakborninga ... 10
Hversdagslegur aðdragandi brota ... 11
Brotavettvangur ... 12
Áfengisneysla gerenda og þolenda ... 12
Verknaðaraðferðir gerenda ... 13
Viðbrögð og mótspyrna þolenda ... 15
Áverkar brotaþola ... 15
Áhrif kláms ... 16
Einkenni málanna - samantekt ... 16
MÁLSMEÐFERÐ ... 18
Rannsókn málanna og rannsóknargögn ... 19
Yfirheyrsla sakborninga ... 22
Handtökur ... 23
Ástæður þess að lögregla hætti rannsókn mála ... 23
Samanburður á einkennum mála við afgreiðslu hjá lögreglu ... 25
Afgreiðslu mála á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu ... 27
Verknaðarstund ... 27
Sakborningar af erlendu þjóðerni ... 27
Viðbrögð brotaþola og áverkar ... 28

Mikilvægir þættir í lögreglurannsóknum ..... 30
Aldursmunur sakborninga og brotaþola ..... 30
Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingum mála ..... 30
Samanburður á einkennum mála við málsmeðferð hjá ríkissaksóknara ..... 32
Brot tilkynnt samdægurs ..... 34
Réttarlæknisfræðileg skoðun á brotaþola og gögn um andlegar afleiðingar brots ..... 34
Aldur sakborninga, andleg heilsa og misnotkun áfengis/vímuefna ..... 35
Áfengisneysla brotaþola ..... 36
Sáðfall sakborninga ..... 37
Málsmeðferð fyrir dómstólum ..... 37
Málsmeðferð - samantekt ..... 38

# INNGANGUR

Til grundvallar rannsókninni liggja allar tilkynntar nauðganir sem bárust lögregluembættum á landsvísu á árunum 2008 og 2009 og heimfærð voru undir 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.[1] Markmið rannsóknarinnar er að svara eftirfarandi spurningum: 1) Hvað einkennir þau nauðgunarmál sem berast lögreglu til rannsóknar? 2) Hvað einkennir málin eftir því hvernig afgreiðslu þau hlutu hjá lögreglu og ríkissaksóknara, þ.e. annars vegar þau mál þar sem lögregla hætti rannsókn máls eða vísaði til ríkissaksóknara, og hins vegar þau mál sem ríkissaksóknari felldi niður eða gaf út ákæru.

Greindar voru allar lögregluskýrslur sem lágu til grundvallar lögreglurannsókn málanna sem og rökstuðningur ríkissaksóknara í þeim málum sem felld voru niður. Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar sem lúta að einkennum sakborninga, brotaþola sem og atvikum og aðstæðum við hin kærðu brot. Jafnframt verður gerð grein fyrir því hvað einkennir annars vegar þau mál sem lögfræðingar hjá lögreglu hætta rannsókn í eða vísa áfram til ríkissaksóknara og hins vegar þau mál sem ríkissaksóknari fellir niður eða gefur út ákæru í. Samantekt þessi geymir því helstu niðurstöður rannsóknarinnar en skýrsla með öllum niðurstöðum hennar verður birt í heild sinni í byrjun maí 2013.

Til grundvallar liggja að mestu leyti frásagnir brotaþola af atvikum mála í lögregluskýrslum. Hér á eftir verður vísað til brotaþola í kvenkyni og sakborninga í karlkyni af þeirri ástæðu að nánast allir brotaþolar í málunum eru konur eða stúlkur, eins og fram kom í samantekt um einkenni málanna, og sakborningar voru í öllum tilvikum karlar eða drengir.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki eru öll brot tilkynnt til lögreglu. Hér er því fjallað um einkenni nauðgana eins og þau birtast í lögregluskýrslum og öðrum gögnum við rannsókn mála hjá lögreglu en varast ber að álykta um að þau einkenni eigi við um allar nauðganir.

## Aðferðafræði og tölfræðiúrvinnsla

Til að svara rannsóknarspurningum voru málsgögn í nauðgunarmálum sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009 innihaldsgreind (*e. content analysis*). Með innihaldsgreiningunni var texta í ofangreindum

[1] 194. gr. hgl. nr. 19/1940. Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

gögnum breytt í tölfræðileg gögn. Þróaður var sérstakur greiningarlykill[2], eða eins konar spurningalisti, og var hvert mál lesið og innihald málanna kóðað samkvæmt greiningarlyklinum á þar til gerð eyðublöð. Við skráningu og úrvinnslu gagnanna var notast við tölfræðiforritið *Statistical Package for the Social Science (SPSS)*.

Í þessari samantekt verður að mestu leyti gerð grein fyrir niðurstöðum með lýsandi tölfræði. Til þess aftur á móti að gera grein fyrir tengslum breyta voru notuð kí-kvaðratpróf til að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli afgreiðslu mála hjá lögreglu annars vegar og afgreiðslu ríkissaksóknara hins vegar. Notast var við marktektarkröfuna p=0,05, þ.e. að unnt sé að segja með 95% vissu að munur á afgreiðslu mála sé ekki kominn til vegna tilviljunar. Einnig voru notuð t-próf til að kanna hvort munur á milli meðaltals ólíkra hópa væri marktækur, þá var miðast við marktektarkröfuna p=0,05 eins og í kí-kvaðratprófunum.

## Gagnasafn

Gagnasafnið samsvarar þeim málum sem á umræddu tímabili voru skráð inn í miðlægan gagnagrunn lögreglunnar (LÖKE). Lögreglukerfið LÖKE er notað af öllum lögregluembættum landsins og rekið af Ríkislögreglustjóra. Alls voru málin 182 en 176 mál lágu til grundvallar rannsókninni, þar sem sex þeirra voru ekki kóðuð af eftirfarandi ástæðum: Rangar skráningar (3); engar upplýsingar voru um atvik og alls óvíst hvort brot átti sér stað (1); mál þar sem íslensk lögregluyfirvöld komu að rannsókn kærðra brota sem áttu sér stað erlendis (2). Að auki voru 11 mál til viðbótar skilgreind sem vafamál og þau tekin úr gagnasafninu, eða 6,7% málanna. Þessi 11 mál voru skilgreind sem vafamál af nokkrum ástæðum, t.d. eftir að í ljós kom að tilkynningar til lögreglu voru ekki á rökum reistar og í nokkrum málum til viðbótar hafði þriðji aðili tilkynnt mál til lögreglu en við rannsókn málsins kom í ljós að um misskilning var að ræða. Ákært var í einu máli vegna rangra sakagifta fyrir nauðgun á rannsóknartímabilinu en sýknað var í málinu. Í gagnasafninu, sem niðurstöðurnar voru unnar upp úr, eru því alls 165 mál. Þessi 165 mál samsvara hinsvegar 189 skráðum færslum í SPSS forritinu þar sem svo hagaði til að í 14 málum voru skráðir gerendur og þolendur fleiri en einn, og í tveimur málum var um sama þolanda og geranda að ræða þar sem þannig háttaði til að tvö ólík brot áttu sér stað á ólíkum stað og tíma.

[2] Við gerð greiningarlykils var byggt á sambærilegum rannsóknum, t.a.m. dönsku rannsókninni *Voldtægt der anmeldes* frá árinu 2009, þar sem rannsökuð voru afdrif kærða nauðgana í Danmörku á árunum 2000 til 2002.

# EINKENNI MÁLANNA

## Fjöldi mála

Lögregluembættin höfðu til meðferðar 189 mál á árunum 2008 og 2009. Málafjöldinn samsvarar að meðaltali 29,8 nauðgunarmálum á hverja 100.000 íbúa fyrir hvort ár. Lítill munur var á fjölda tilkynntra nauðgana á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð miðað við íbúafjölda.

## Flest brot tilkynnt um helgar

Flestar tilkynningar til lögreglunnar bárust um helgar en alls bárust 63% tilkynninga frá föstudegi til sunnudags. Brotin voru flest framin að næturlagi og undir morgun um helgar, en alls áttu 61% brotanna sér stað á laugardegi eða sunnudegi. Flest brotin (69%) voru framin á milli kl. 00:00 og 09:00. Oftast leitaði brotaþoli sjálf til lögreglu, eða í 38% mála, en í tæpum þriðjungi mála (29%) tilkynntu foreldrar brotaþola eða félagsmálayfirvöld, þá oft barnaverndaryfirvöld, um brotin.

## Einkenni á gerendum í nauðgunarmálum

Í öllum málunum nema einu voru gerendur karlar eða drengir og í 71% málanna voru gerendur íslenskir. Erlendir gerendur voru 23% og flestir þeirra voru evrópskir, eða alls í 14% mála. Í 6% mála kom ekki fram hvort gerendur væru íslenskir eða erlendir.

### Ungir karlar

Í töflu 1 má  sjá að flestir gerendur voru á aldrinum 18-29 ára. Helmingur þeirra var 25 ára og yngri þó svo að meðalaldur hafi verið 29 ár. Aldursdreifingin var mikil en yngsti gerandi var 12 ára en sá elsti 68 ára. Alls voru 13 gerendur (7%) undir 18 ára aldri og því börn að lögum[3], þar af voru sex gerendur 14 ára og yngri og því ósakhæfir sökum aldurs.[4]

---

[3] 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára.

[4] 14. gr. hgl. nr. 19/1940. Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefur framið áður en hann varð 15 ára gamall.

**Tafla 1: Aldur sakborninga þegar hið kærða brot var framið***

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| 14 ára og yngri | 6 | 3,2 |
| 15 -17 ára | 7 | 3,7 |
| 18 - 19 ára | 24 | 12,7 |
| 20-24 ára | 35 | 18,5 |
| 25-29 ára | 24 | 12,7 |
| 30-34 ára | 17 | 9 |
| 35-39 ára | 10 | 5,3 |
| 40-44 ára | 9 | 4,8 |
| 45-49 ára | 9 | 4,8 |
| 50 ára og eldri | 12 | 6,3 |
| Alls | 153 | 81 |
| Upplýsingar vantar | 36 | 19 |
| Alls | 189 | 100 |

| | Aldur |
|---|---|
| Meðalaldur: | 28,8 |
| Miðtala aldurs: | 25 |
| Aldursbil: | 12 – 68 ár |

* Í sumum tilfellum voru sakborningar kærðir fyrir ítrekuð brot sem áttu sér stað yfir lengra tímabil eða allt að nokkrum árum. Í þeim tilvikum var miðað við aldur gerenda þegar brotin hófust að sögn brotaþola.

## Einkenni á brotaþolum í nauðgunarmálum

Nánast allir brotaþolar voru konur eða stúlkur, eða 98% en í 2% málanna, eða fjórum málum, voru brotaþolar karlar eða drengir. Flestir brotaþolar voru íslenskar konur eða 88% en í 5% mála kom ekki fram með skýrum hætti hvort þjóðerni þeirra var íslenskt eða erlent. Alls voru 7% brotaþola konur af erlendu þjóðerni.

### Ungar stúlkur

Ungur aldur brotaþola var áberandi en eins og sjá má í töflu 2 voru flestar þeirra á aldrinum 14 ára og yngri til 24 ára. Helmingur brotaþola var 19 ára og yngri en meðalaldur þeirra var 22 ár. Aldursdreifingin var þó mjög mikil eða allt frá 3 ára stúlkubarni til 61 árs gamallar konu. Hátt hlutfall brotaþola var undir 18 ára aldri, eða rúm 40%, og teljast því börn samkvæmt lögum. Þá voru 16% brotaþola yngri en 15 ára en refsivert er að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára.[5] Þegar hlutföll

[5] 202. gr. hgl. nr. 19/1940. Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með samskiptum á netinu, annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni eða með öðrum hætti mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

gerenda og brotaþola undir 20 ára aldri eru borin saman má sjá að sakborningar undir 20 ára aldri voru 27% en brotaþolar undir tvítugu voru aftur á móti helmingi fleiri eða 52%. Ungur aldur brotaþola og aldursmunur á milli þeirra og sakborninga var því einkennandi fyrir málin sem gefur til kynna aðstöðu- og þroskamun á milli aðila.

**Tafla 2: Aldur brotaþola þegar hið kærða brot var framið***

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| 14 ára og yngri | 30 | 15,9 |
| 15 -17 ára | 46 | 24,3 |
| 18 - 19 ára | 23 | 12,2 |
| 20-24 ára | 38 | 20,1 |
| 25-29 ára | 13 | 6,9 |
| 30-34 ára | 17 | 9 |
| 35-39 ára | 8 | 4,2 |
| 40-44 ára | 4 | 2,1 |
| 45-49 ára | 5 | 2,6 |
| 50 ára og eldri | 3 | 1,6 |
| Alls | 187 | 98,9 |
| Upplýsingar vantar | 2 | 1,1 |
| Alls | 189 | 100 |

| | Aldur |
|---|---|
| Meðalaldur: | 22,08 ár |
| Miðtala aldurs: | 19 ár |
| Aldursbil: | 3-61 árs |

* Í sumum tilfellum var um að ræða ítrekuð brot sem áttu sér stað yfir lengra tímabil eða allt að nokkrum árum. Í þeim tilvikum var miðað við aldur þrotaþola þegar brotin hófust að hennar sögn.

## Tengsl á milli brotaþola og sakborninga

Í töflu 3 má sjá hvaða tengsl voru á milli brotaþola og sakborninga. Í tæplega helmingi málanna þekktust aðilar lítið eða ekkert.  Í um fjórðungi málanna, eða 24% mála, hafði brotaþoli fyrst kynnst sakborningi innan 24 stunda áður en brotið átti sér stað. Þá höfðu aðilar oft kynnst eða tekið tal saman í tengslum við skemmtanahald, svo sem á skemmtistöðum eða í samkvæmum í heimahúsum. Til viðbótar voru tengslin iðulega ekki mikil í þeim 5% mála þar sem brotaþolar og sakborningar höfðu kynnst í gegnum internetið. Í 15% mála þekktust aðilar aftur á móti ekkert. Í rúmlega helmingi málanna var þó um meiri tengsl að ræða. Stærsti einstaki hópur gerenda voru vinir eða kunningjar brotaþola, eða í 37% mála. Sjaldgæft var að sakborningur væri fyrrverandi eða núverandi kærasti eða sambýlismaður eða einungis í 7% mála. Enn sjaldgæfara var að sakborningur væri fjölskyldumeðlimur, eða einungis í 3% mála. Brotaþolar þekktu gerendur því lítið eða ekkert í tæplega helmingi mála en í um helmingi mála voru mun meiri tengsl á milli aðila, þó þau væru vissulega mismikil eftir málum.

**Tafla 3: Tengsl brotaþola við sakborning**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Þekktust ekki | 29 | 15,3 |
| Ný kynni (kynntust innan 24 stunda fyrir brot) | 45 | 23,8 |
| Kunningi eða vinur | 70 | 37,1 |
| Kynntust í gegnum internetið | 9 | 4,8 |
| Yfirmaður eða samstarfsmaður | 6 | 3,2 |
| Fyrrverandi kærasti eða sambýlismaður | 5 | 2,6 |
| Núverandi kærasti eða sambýlismaður | 8 | 4,2 |
| Fjölskyldumeðlimur | 6 | 3,2 |
| Kynntust með öðrum hætti | 8 | 4,2 |
| Kemur ekki fram | 3 | 1,6 |
| Alls | 189 | 100,0 |

Þegar gögnin voru greind út frá þjóðerni sakborninga og tengslum aðila kom í ljós að í þeim málum þar sem gerendur voru af erlendu þjóðerni þekktust aðilar ekki í 20% mála. Aftur á móti var hlutfall þeirra mála þar sem engin tengsl voru á milli aðila aðeins 11% í þeim málum þar sem gerendur voru íslenskir. Af því má ráða að í þeim málum þar sem aðilar þekktust ekki voru gerendur um helmingi oftar útlendingar.

## Hversdagslegur aðdragandi brota

Í nánast öllum málunum höfðu brotaþolar og sakborningar verið í einhverjum samskiptum áður en brotið var framið. Í um fjórðungi mála, eða 26% mála, hittust aðilar á skemmtistað eða fyrir utan skemmtistað. Samskipti geranda og þolanda hófust þó oftast inni á heimilum málsaðila, eða í 38% málanna, og þá oft í tengslum við skemmtanahald. Þegar kannað var á hvers heimili samskiptin byrjuðu þá var það ýmist á heimili geranda (16%), heimili þriðja aðila (11%), heimili þolanda (9%), eða þá að aðilar voru sambýlisfólk og samskipti hófust því á heimili þeirra beggja (3%). Einnig var nokkuð algengt að kærði hafði boðið brotaþola bílfar en þannig var málum háttað í 11% málanna.

Í aðeins 6% málanna var enginn undanfari að brotinu, það er að segja engin samskipti voru á milli aðila áður en brotið var framið. Í þeim málum voru nokkur dæmi þess að óþekktur karlmaður réðst fyrirvaralaust á konu, dró hana afsíðis og nauðgaði henni. Svonefndar árásarnauðganir, þar sem ráðist var á konur án þess að nokkur samskipti hefðu átt sér stað á milli brotaþola og geranda áður, voru því fáar í gögnum lögreglu á rannsóknartímabilinu.

## Brotavettvangur

Í langflestum tilvikum, eða 78% mála, var brotavettvangur innandyra og langsamlega oftast á heimili annars hvors aðilans, sem kemur heim og saman við þá staðreynd að oftast voru fyrir hendi einhver tengsl á milli geranda og þolenda. Í 61% mála var brotavettvangur heimili málsaðila, og þá oftast heimili gerenda (31%), en einnig heimili þolenda (15%), heimili þriðja aðila (12%) eða beggja (3%). Algengasti brotavettvangur nauðgana í gögnum lögreglu á rannsóknartímabilinu var því heimilið. Nokkur brotanna voru einnig framin í bíl (11%) en mjög lítill hluti brota var framinn í húsasundum (5%), eða á tjaldstæðum (2%). Afar fá brot höfðu verið framin í tengslum við útihátíðir.

**Tafla 4: Brotavettvangur**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Heimili sakbornings | 58 | 30,7 |
| Heimili brotaþola | 29 | 15,3 |
| Heimili þriðja aðila | 23 | 12,2 |
| Í bíl sakbornings eða þriðja aðila | 20 | 10,6 |
| Á eða fyrir utan skemmtun, skemmtistað | 14 | 7,4 |
| Hótelherbergi | 13 | 6,9 |
| Utandyra í þéttbýli | 9 | 4,8 |
| Sameiginlegt heimili brþ. og sakbornings | 5 | 2,6 |
| Tjaldstæði, útihátíð | 4 | 2,1 |
| Vistheimili, heimavist, meðferðarstofnun | 3 | 1,6 |
| Annað | 10 | 5,3 |
| Kemur ekki fram | 1 | 0,5 |
| Alls | 189 | 100,0 |

## Áfengisneysla gerenda og þolenda

Mjög stór hluti brota var áfengistengdur eða í 62% tilvika hjá brotaþola og 40% tilvika hjá gerendum. Upplýsingar um neyslu gerenda lágu þó sjaldnar fyrir, eða í 139 málum af 189. Af þeim málum þar sem upplýsingar um áfengisneyslu gerenda lágu fyrir voru 55% gerenda undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Í tíunda hverju máli voru brotaþolar rænulausar þegar brotið var gegn þeim. Afar fá mál voru aftur á móti vímuefnatengd, en þó má hér hafa í huga að mögulega kunni gerendur og þolendur að forðast að ræða um neyslu ólöglegra vímuefna hjá lögreglu. Nokkrir brotaþolar (5%) töldu að þeim hefði verið byrluð ólyfjan og nefndu þann grun sinn en aldrei hefur tekist að greina leifar af svokölluðum nauðgunarlyfjum í blóðsýnum þolenda kynferðisbrota á Íslandi. Athygli vekur að aðeins í 11% mála var hvorugur aðili undir áhrifum. Af þessu má ráða að brotin voru mjög tengd áfengisneyslu.

**Tafla 5: Neysla sakbornings og brotaþola**

| | Hundraðshluti | | |
|---|---|---|---|
| | Kærðu | Brotaþolar | (Fj.) % |
| Höfðu neytt áfengis | 40,2 | 62,4 | (189) 100% |
| Höfðu neytt ólöglegra vímuefna/geðlyfja í misnotkunarskyni | 6,3 | 4,8 | (189) 100% |
| Höfðu hvorki neytt áfengis né ólögl. vímuefna/geðlyfja í misnotkunarskyni | 21,2 | 24,3 | (189) 100% |
| Telja að sér hafi verið byrlað lyfjum | -- | 4,8 | (189) 100% |
| Annað* | 2,1 | 5,8 | (189) 100% |
| Upplýsingar vantar | 34,4 | 5,3 | (189) 100% |

*Í flokknum „annað“ voru mál þar sem um var að ræða fleiri en eitt kært brot og voru þau ýmist áfengistengd eða ekki. Einnig voru tvö mál þar sem kærði neitaði sök og kannaðist ekki við að hafa verið á staðnum þegar brotið var framið.

Upplýsingar um áfengis- og vímuefnaneyslu hinna allra yngstu brotaþola voru sérstaklega greindar. Af þeim 30 málum þar sem brotaþolar voru 14 ára og yngri voru 20 brotaþolar hvorki undir áhrifum áfengis né vímuefna, en ein stúlka var undir einhverjum áhrifum og sex stúlknanna voru undir mjög miklum áhrifum. Upplýsingar um neyslu gerenda á aldrinum 14 ára og yngri lágu einungis fyrir í tveimur málum þar sem hvorugur þeirra var undir áhrifum.

Af 46 stúlkum á aldrinum 15-17 ára voru 17 þeirra undir mjög miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna (37%) og fjórar stúlkur (9%) voru rænulausar þegar brotið var gegn þeim. Til viðbótar voru átta stúlkur undir einhverjum áhrifum (17%). Í 12 málum voru brotaþolar aftur á móti ekki undir neinum áhrifum (26%). Af þessu má sjá að 63% brotaþola á aldrinum 15-17 ára voru undir áhrifum áfengis eða vímuefna þegar brotið var gegn þeim.

Einungis var um að ræða sjö sakborninga á sama aldursbili, þ.e. á aldrinum 15-17 ára. Þegar sambærilegar upplýsingar voru greindar fyrir þann hóp kemur í ljós að fjórir þeirra voru ekki undir neinum áhrifum en einn var undir einhverjum áhrifum. Ekki lágu fyrir upplýsingar um neyslu gerenda í tveimur málanna.

## Verknaðaraðferðir gerenda

Verknaðaraðferðir gerenda voru greindar eins og þeim var lýst í frásögnum brotaþola í lögregluskýrslum. Gerendur beittu ólíkum aðferðum og oft var valdbeiting þeirra samsett úr mismunandi þáttum. Við flokkun á valdbeitingu gerenda lá til grundvallar að varpa ljósi á hve miklu valdi var beitt sem og af hvaða tagi það var.

Í 39% mála beittu gerendur líkamlegu afli til að ná fram vilja sínum gegn brotaþola. Þessi mál skiptust þannig að í 14% mála beittu gerendur líkamlegu ofbeldi eða ógnuðu brotaþola með vopni. Með ofbeldi er átt við að gerandi ýmist barði, kýldi eða sparkaði í brotaþola. Í 23% mála beitti gerandi

brotaþola annarri og vægari líkamlegri valdbeitingu, en að ofan er lýst, til dæmis dró, ýtti, hrinti, hélt eða togaði í brotaþola. Í tveimur málum til viðbótar (1%) beittu gerendur jafnframt frelsissviptingu samfara ofbeldi eða líkamlegri valdbeitingu til að brjóta gegn þolendum.

**Tafla 6: Í hverju fólst valdbeitingin samkvæmt brotaþola?**

| | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Frelsisskerðing ásamt líkamlegri valdbeitingu eða ofbeldi | 2 | 1,1 |
| Ofbeldi (berja, kýla, sparka) eða notkun á vopni | 27 | 14,3 |
| Líkamleg valdbeiting (ýta, draga, hrinda, halda fastri, toga)* | 44 | 23,3 |
| Rænulaus, nánast rænulaus (man lítið), og/eða vaknar upp við samræði | 50 | 26,5 |
| Hótanir** | 5 | 2,6 |
| Aðstæður*** | 39 | 20,6 |
| Kynferðisleg misnotkun á barni | 6 | 3,2 |
| Annað | 8 | 4,2 |
| Kemur ekki fram. | 8 | 3,2 |
| Alls | 189 | 100 |

----------
*Líkamleg valdbeiting, þar af einnig: brotaþolar ungir, eða 13-17 ára (19); hótanir (7); gerendur ókunnugir (5); brotaþoli keyrð á afskekkt svæði (3).
**Hótanir, þar af einnig: brotaþoli keyrð á afskekkt svæði (2); andlegt ofbeldi í parasambandi (2); gerandi með þekkta brotasögu (1).
***Aðstæður: ungur aldur brotaþola, eða á aldrinum 13-17 ára, ásamt því að gerandi var mun eldri (13); fleiri en einn gerandi (9)[6], brotaþoli hafði áður verið beitt kynferðislegu ofbeldi og/eða var í viðkvæmri stöðu vegna andlegs heilsufars eða neyslu (6); brotaþoli var mjög ung, eða 13-14 ára, og/eða var ekið á afvikinn stað (10); gerandi með þekkta brotasögu (1).

Í um fjórðungi mála, eða 27% mála, misnotuðu gerendur sér algjört rænuleysi brotaþola eða að brotaþolar voru undir of miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna til að geta spornað við verknaðinum. Í þeim tilvikum var algengt að brotaþolar lýstu því hjá lögreglu að þær myndu lítið eftir atvikum eða að þær hefðu vaknað upp við að verið væri að brjóta gegn þeim.

Í um fimmtungi mála, eða 21% mála, einkenndist brotið helst af aðstöðumun aðila. Til að mynda var nokkuð um að brotaþoli væri mjög ung og áttaði sig illa á því sem gerst hafði. Þá var einnig algengt að gerandi bryti gegn brotaþola í krafti aldurs- og þroskamunar og þá voru einnig nokkur mál þar sem gerendur voru fleiri en einn. Fleiri dæmi um aðstöðumun voru til dæmis að gerendur keyrðu brotaþola á afvikinn stað þar sem þær fundu til öryggisleysis eða þá að brotaþolar höfðu verið beittar kynferðisofbeldi áður og/eða voru í viðkvæmri stöðu vegna andlegs heilsufars eða vímuefnaneyslu. Í einstaka málum skýrðu brotaþolar jafnframt frá því að þær vissu til þess að gerendur væru með brotasögu sem þær upplifðu ógnvekjandi í sjálfu sér. Í sex málum voru brotaþolar börn að aldri, á aldrinum 3-12 ára, og lýstu því að þær hefði ekki fyllilega skilið þýðingu verknaðarins fyrr en síðar.

[6] Hér er átt við að í málunum voru alls níu gerendur en málin voru alls fjögur og um 2-4 gerendur að ræða í hverju máli.

Í um 3% mála var helsta einkenni verknaðaraðferðar gerenda að hóta brotaþola kynferðisofbeldi eða líkamlegu ofbeldi. Gerendur beittu þó samskonar hótunum í fleiri málum, eða alls 24 málum, en í tveimur þeirra greindu brotaþolar frá annars konar hótunum, sem í báðum tilfellum lutu að því að kærðu myndu koma því til leiðar að brotaþolunum, sem höfðu erlent ríkisfang, yrði vísað úr landi.

## Viðbrögð og mótspyrna þolenda

Í töflu 7 má sjá að í rúmlega fjórðungi mála (29%) voru viðbrögð þolenda þau að þær neituðu og mótmæltu gerendum en þegar þær áttuðu sig á að þeir ætluðu ekki að virða neitun þeirra ýmist frusu þær, grétu og báðu gerandann um að hætta. Viðbrögð brotaþola í þessum málum einkenndust því helst af hræðslu þeirra og/eða áfalli. Í allnokkrum málum streittust brotaþolar á móti gerendum (21%) og í nokkrum málum til viðbótar sýndu þær virka líkamlega mótspyrnu (16%). Töluvert var um að brotaþolar væru mjög ölvaðar og/eða rænulausar og gátu því enga mótspyrnu sýnt, hvorki með orðum né athöfnum (15%).

**Tafla 7: Viðbrögð, mótspyrna brotaþola**

| | Fjöldi brota | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Mjög ölvuð / rænulaus: lítil eða engin mótspyrna | 28 | 14,8 |
| Neitaði, fraus, grét | 54 | 28,6 |
| Streittist á móti | 40 | 21,2 |
| Virk líkamleg mótspyrna | 30 | 15,9 |
| Annað | 18 | 9,5 |
| Kemur ekki fram | 19 | 10,1 |
| Alls | 189 | 100,0 |

## Áverkar brotaþola

Í um helmingi mála höfðu brotaþolar leitað læknisaðstoðar í kjölfar þess að brotið var gegn þeim. Vottorð vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar lá fyrir í 47% mála. Í 5% málanna lágu fyrir önnur læknisvottorð þar sem brotaþolar höfðu farið í læknisskoðun, t.d. hjá heimilislækni. Sjáanlegir áverkar samkvæmt læknisvottorði voru til staðar í um helmingi tilvika eða 56 málum. Algengustu líkamlegu áverkar á brotaþolum voru yfirborðsáverkar, þ.e. marblettir, skrámur, rispur, bólgur og eymsli. Einnig var nokkuð um áverka á og við kynfæri og endaþarm. Alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru hinsvegar afar sjaldgæfir. Þegar þau mál voru greind eftir alvarleika líkamlegra áverka voru áverkarnir töluverðir eða meiriháttar í 22 málum en minniháttar í 34 málum.

## Áhrif kláms

Greina mátti nokkuð skýr áhrif kláms í að minnsta kosti 19% mála. Í sumum málum var klámefni beinlínis hluti af brotinu þannig að gerandi horfði á klám á meðan hann braut gegn brotaþola. Í öðrum málum voru bein áhrif kláms með þeim hætti að gerendur notuðu orðfæri eða hátterni sem eru einkennandi fyrir klámiðnaðinn. Einnig einkenndust nokkur mál af endaþarmsnauðgunum og hópnauðgunum og í sumum þeirra mála má ætla að gæti áhrifa kláms. Einnig má benda á að í nýlegri rannsókn Agnesar Gísladóttur og fl. (2011) mátti sjá fjölgun mála vegna endaþarms- og hópnauðgana samkvæmt komuskýrslum hjá Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á milli tímabilana 1998-2002 og 2003-2007, sem kann að gefa vísbendingu um aukin áhrif kláms í kynferðisofbeldi.[7]

## Einkenni málanna - samantekt

Hér hafa verið reifaðar nokkrar af helstu niðurstöðum rannsóknar á einkennum nauðgunarmála í lögregluskýrslum á árunum 2008 og 2009. Sérstaða rannsóknarinnar felst meðal annars í því að gögnin sem liggja til grundvallar greiningunni eru gögn allra tilkynntra mála sem bárust lögreglu á landsvísu á tveggja ára tímabili. Af þeirri ástæðu ættu niðurstöðurnar að geta gefið gleggri sýn á einkenni málanna, en ef eingöngu væri stuðst við dóma sem eru mun færri en þau mál sem lögregla hefur fengið til rannsóknar.

Eitt helsta einkenni málanna var að brotaþolar í málunum voru ungar konur og oftast ungar stúlkur undir 18 ára sem eru börn að lögum. Stærsti hluti gerenda var aftur á móti ungir karlar á aldrinum 18 – 29 ára. Gefur þessi aldursmunur til kynna að mörg málanna einkennast af þó nokkrum þroska- og aðstöðumun. Bæði brotaþolar og gerendur voru í langflestum tilfellum íslensk en þó var hlutfall erlendra gerenda töluvert hátt. Þegar tölur um hlutfall erlendra gerenda eru greindar kann það að hafa áhrif að þau mál einkenndust fremur af því að brotaþoli og gerandi þekktust ekki en þau mál þar sem báðir aðilar voru íslenskir. Mögulega eru brotaþolar líklegri til að leggja fram kæru á hendur geranda sem þær þekkja ekki en á hendur þeim sem standa þeim nær.

Brotaþolar þekktu gerendur lítið eða ekkert í tæplega helmingi málanna en í um helmingi málanna var um fjölskyldu-, vina- eða kunningjatengsl að ræða. Í langflestum málanna var einhver aðdragandi að brotinu þar sem aðilar hófu gjarnan samskipti inni á heimilum eða á skemmtistöðum. Brotavettvangur var oftast heimili málsaðila og þá oftast á heimili gerenda og brotin áttu sér oftast stað á milli kl. 00.00 og 09.00 um helgar. Mjög stór hluti brotanna var jafnframt áfengistengdur.

---

[7] Gisladottir A, Gudmundsdottir B, Gudmundsdottir R, Jonsdottir E, Gudjonsdottir GR, Kristjansson M, et al. „Increased attendance rates and altered charactheristics of sexual violence". *Acta Obstet Gynecol Scand* 2012; 91:134-142.

Í stórum hluta málanna beittu gerendur líkamlegu afli til að ná fram vilja sínum. Í um fjórðungi málanna misnotuðu gerendur sér rænuleysi brotaþola og því var ekki um líkamlega valdbeitingu að ræða. Í um fimmtungi málanna einkenndist valdbeitingin þó helst af aðstöðumun aðila.

Viðbrögð eða mótspyrna brotaþola einkenndist oft af því að þær mótmæltu gerendunum. Þegar gerendur virtu mótmæli þeirra aftur á móti að vettugi þá einkenndust viðbrögð brotaþola af hræðslu og/eða áfalli og þær sýndu í kjölfarið enga líkamlega mótspyrnu. Í hluta mála streittust brotaþolar á móti og í nokkrum málum viðhöfðu þær virka líkamlega mótspyrnu. Í hluta mála gátu þær þó ekki komið neinum vörnum við sökum ölvunar eða rænuleysis. Við umfjöllun um viðbrögð brotaþola þarf að hafa í huga ungan aldur þeirra sem og þann aldursmun á milli aðila sem einkenndi málin, en einnig að brotaþolar voru iðulega nokkuð eða mjög drukknar.

Brotaþolar gengust undir læknisskoðun í kjölfar brotsins í um helmingi mála. Algengustu líkamlegu áverkar á brotaþolum voru yfirborðsáverkar en alvarlegir líkamlegir áverkar, eins og skurðir, blæðingar eða beinbrot, voru hinsvegar afar sjaldgæfir.

## MÁLSMEÐFERÐ

Myndin hér fyrir neðan sýnir afgreiðslu málanna og á hvaða stigi málunum lauk. Alls var rannsókn hætt hjá lögreglu í 101 máli, eða 53,4% mála. Ástæðum þess að rannsókn mála var hætt má skipta í tvo hluta. Annars vegar mál þar sem lögregla hætti rannsókn mála af formlegum ástæðum, svo sem að brotin voru fyrnd, sakborningar voru ósakhæfir, brotaþoli kærði ekki brotið eða sakborningar voru óþekktir og/eða fundust ekki. Hins vegar voru mál þar sem lögregla ákvað að hætta rannsókn af efnislegum ástæðum sem greina mátti í gögnum lögreglu, ýmist í bréfum til brotaþola eða í greinargerðum sem lágu fyrir í gögnum málsins. Lögregla hætti rannsókn í málum á grundvelli eftirfarandi efnislegra ástæðna: Mál töldust hvorki líkleg né nægjanleg til sakfellis, lögregla taldi ekki efni til að hefja rannsókn, lögregla taldi ekki grundvöll til þess að halda rannsókn máls áfram og að lokum aðrar efnislegar ástæður, sjá nánari umfjöllun um það síðar. Í nokkrum málum var ekki að finna ástæðu fyrir því að rannsókn var hætt í gögnum málanna. Þegar hlutfall mála þar sem lögregla hætti rannsókn af efnislegum ástæðum er kannað þá var rannsókn hætt í 31 máli af 119, eða í 26% mála.

**Mynd 1: Málsmeðferð**



Alls var því 88 málum vísað til meðferðar ríkissaksóknara sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sakamálalaga), eða 46,6% mála.[8] Af þessum 88 málum sem ríkissaksóknari fékk til meðferðar voru 57 mál felld niður með vísan til 145. gr. sakamálalaga.[9] Um 64,8% málanna voru því felld niður en ákært var í 31 máli, eða 35,2% mála.

Af því 31 máli sem leiddi til ákæru og fór fyrir dóm var sakfellt fyrir nauðgun og nauðgunartilraun í 21 máli. Sakfellingarhlutfall fyrir nauðgun fyrir dómi var því 66,7% en til viðbótar var sakfellt fyrir önnur vægari kynferðisbrot í tveimur málum, eða í 6,5% mála. Sýknað var fyrir nauðgun og önnur kynferðisbrot í átta málum og sýknuhlutfall fyrir dómi var því 25,8%.

Kannað var hvert heildarsakfellingarhlutfallið var á tímabilinu en þá er um að ræða hlutfall sakfellinga fyrir kynferðisbrot af heildarfjölda kærðra mála þar sem sakborningur var þekktur og sakhæfur og málin ekki fyrnd. Sakfellingarhlutfallið reyndist þá vera 19,3%.

## Rannsókn málanna og rannsóknargögn

Markmið lögreglurannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar, sbr. 53. gr. sakamálalaga.

Í töflu 8 má sjá hvaða gögn lágu oftast til grundvallar rannsókn málanna en misjafnt var hversu efnismikil málin voru. Kæruskýrsla brotaþola lá fyrir í flestum málum, en þá var um að ræða afrit af skýrslutöku sem tekin var upp í hljóð og mynd, eða þá að frásögn brotaþola var skráð í skýrslu lögreglu. Í nokkrum málum lá vitnisburður brotaþola ekki fyrir en það var í málum þar sem þriðji aðili hafði tilkynnt um brot en kæra var ekki lögð fram af brotaþola. Skýrslur með framburði sakbornings, þ.e. afrit af skýrslutöku sem tekin var upp í hljóð og mynd, eða frásögn sakbornings í skýrslu lögreglu lá oftast fyrir. Í þeim málum þar sem framburður sakbornings lá ekki fyrir var um að ræða mál þar sem brotaþoli hafði ekki lagt fram kæru eða þá að lögregla hafði ekki fundið gerendur. Auk skýrslu með framburði brotaþola og sakbornings voru oftast vitnaskýrslur í málunum. Fjöldi vitnaskýrslna í málum var nokkuð misjafn, eða allt frá engri vitnaskýrslu og upp í sextán talsins, en að meðaltali voru 3,2 vitni í máli.

**Tafla 8: Helstu gögn sem lágu fyrir í málunum**

[8] Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla skýrslu um rannsóknina skv. 1. mgr. 56. gr.

[9] Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

| Gögn | Fjöldi | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Vitnisburður brotaþola (afrit) | 114 | 60,3 |
| Vitnisburður sakbornings (afrit) | 89 | 47,1 |
| Vottorð um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola | 87 | 46,0 |
| Myndir af brotavettvangi | 77 | 40,7 |
| Skýrsla Tæknideildar (lífsýni) | 69 | 36,5 |
| Skýrsla Tæknideildar (myndir) | 62 | 32,8 |
| Vitnisburður brotaþola (skv. skýrslu lögreglu) | 56 | 29,6 |
| Vitnisburður sakbornings (skv. skýrslu lögreglu) | 50 | 26,5 |
| Símagögn (t.d. símayfirlit og sms skilaboð) | 40 | 21,2 |
| Skýrsla/bréf sálfræðings eða geðlæknis | 33 | 17,5 |
| Vottorð um líkamsrannsókn á sakborningi | 31 | 16,4 |
| Skýrsla/bréf barnaverndaryfirvalda | 30 | 15,9 |
| Niðurstöður efnagreiningar. v. áfengis (brotaþoli) | 29 | 15,3 |
| Myndir, hreyfimyndir (t.d. öryggismyndavélar) | 29 | 15,3 |
| Tölvugögn (t.d. MSN og Facebook) | 24 | 12,7 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. áfengis (sakborningur) | 17 | 9,0 |
| Skýrsla/bréf læknis | 17 | 9,0 |
| Niðurstöður DNA greiningar | 14 | 7,4 |
| Gögn vegna myndsakbendingar | 9 | 4,8 |
| Gögn vegna leitar að bifreið | 9 | 4,8 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. fíkniefna/lyfja (brotaþoli) | 7 | 3,7 |
| Farbannskrafa og/eða úrskurður | 5 | 2,6 |
| Niðurstöður efnagreiningar v. fíkniefna/lyfja (sakborningur) | 3 | 1,6 |
| Annað | 35 | 18,5 |

Önnur algeng gögn við rannsókn nauðgunarmála voru auk þess skýrsla sem greindi frá niðurstöðum úr réttarlæknisfræðilegri skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis og sakborningar gengust í nokkrum tilfellum undir líkamsrannsókn hjá lögreglu í kjölfar handtöku. Þá lágu oft fyrir myndir sem lögregla tók af brotavettvangi, t.d. íbúð þar sem brotið hafði farið fram, umhverfi ef brotið fór fram utandyra eða innan úr bíl ef brotið var framið inni í bíl.

Símagögn, sem sýndu t.d. yfirlit yfir símtöl og sms-skilaboð, lágu fyrir í um fimmtungi málanna. Tölvugögn lágu einnig fyrir í nokkrum málanna og þá oftast gögn af facebook-síðum eða afrit af MSN-samskiptum.

Þá mátti stundum sjá að lögregla hafði rannsakað upptökur öryggismyndavéla utandyra t.d. í málum þegar óljóst var hvar brotið hafði átt sér stað eða þegar gerandi var óþekktur en ljóst var að hann hafði verið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma.

Í nokkrum málum lá fyrir í gögnum lögreglu skýrsla sálfræðings, eða í einstaka máli skýrsla geðlæknis, þar sem ýmist var gerð grein fyrir andlegum afleiðingum brotsins á brotaþola eða andlegri heilsu brotaþola fyrir brotið.

Í málum þar sem lögreglurannsókn hófst í kjölfar tilkynningar frá barnaverndaryfirvöldum voru mál oft tilkynnt bréfleiðis þar sem gerð var grein fyrir ástæðum þess að óskað var eftir rannsókn. Í slíkum bréfum var stundum gerð grein fyrir félagslegri stöðu brotaþola, svo sem að umrædd stúlka væri í viðkvæmri stöðu vegna tiltekinna aðstæðna í lífi hennar á borð við neyslu eða erfiðleika á heimili eða í skóla.

Áfengismagn í blóði var stundum mælt hjá brotaþola og/eða sakborningi í þeim málum sem voru áfengistengd og í málum sem Neyðarmóttaka og/eða lögregla hafði afskipti af mjög skömmu eftir að brotið var framið. Í einstaka málum lágu fyrir niðurstöður efnagreiningar vegna fíkniefna eða lyfja.

Niðurstöður DNA greininga lá einungis fyrir í 14 málum en DNA sýni eru send til útlanda til rannsóknar.

Í nokkrum málum lágu fyrir gögn um myndsakbendingar þar sem brotaþolar voru beðnar um að skoða myndasafn lögreglu til að kanna hvort þær þekktu gerendur af myndunum. Þessari aðferð var eðli málsins samkvæmt aðeins beitt í þeim málum þar sem gerandi var óþekktur.

Í nokkrum málum til viðbótar lágu fyrir gögn vegna leitar að bifreiðum í eigu sakbornings en þá var oft einnig um að ræða mál þar sem gerendur voru óþekktir. Í einstaka málum lágu fyrir gögn um að ákæruvaldið hefði farið fram á farbann fyrir dómi, en í slíkum málum voru sakborningar erlendir og talin hætta á þeir myndu yfirgefa landið, sbr. 1. mgr. 100. gr. sakamálaga.

Við leit að óþekktum gerendum notaðist lögregla við ýmsar aðferðir til að reyna að hafa uppi á þeim, svo sem með því rannsaka upptökur úr öryggismyndavélum, rannsaka símagögn, senda lífssýni í DNA rannsókn, afla upplýsinga úr þjóðskrá eða skrá um bílnúmer, lýsa eftir gerendum og sýna brotaþola myndasafn lögreglu. Rannsóknarvinna lögreglu var því fjölbreytt og mismunandi eftir málum. Í flestum málum vissi brotaþoli þó hver sakborningurinn var og brotaþoli gat nafngreint hann strax við upphaf rannsóknar. Hér verður nú nefnt dæmi um aðgerðir lögreglu við rannsókn máls þar sem gerendur voru óþekktir. Málavaxtalýsingunni hefur verið breytt til að tryggja að málsaðilar þekkist ekki.

**Dæmi um lögreglurannsókn**

*Starfsmenn Neyðarmóttöku hafa samband við lögreglu og tilkynna um kynferðisbrot. Lögregla fer á Neyðarmóttöku og tekur frumskýrslu af konu, sem er af erlendu þjóðerni, sem skýrir frá því að hún hafi fengið far með þremur ókunnugum Íslendingum. Tveir mannanna hafi nauðgað henni í bílnum á ofbeldisfullan hátt á meðan*

*sá þriðji ók um. Þeir hafi svo hent henni út úr bílnum en konan fannst illa leikin sitjandi á bekk og var lögreglu í kjölfarið gert viðvart um málið. Konan vildi í fyrstu ekki greina frá því sem gerst hafði né kæra brotið en eftir að hafa ráðfært sig við lögreglu ákvað hún að leggja fram kæru. Konan gat litlar upplýsingar veitt um gerendur og þar sem brotaþoli var erlend þekkti hún illa til staðhátta. Hún gat að einhverju leyti lýst bíl mannanna og hluta af bílnúmeri, útliti gerenda og nefndi verslunarmiðstöð sem þau höfðu lagt bílnum við á einhverjum tímapunkti. Rannsókn lögreglu miðaði að því að reyna að kortleggja mögulegan brotavettvang byggt á upplýsingum konunnar, finna sakborninga með því að skoða upptökur öryggismyndavéla við verslunarmiðstöðina og ásamt því að leita að umræddri bifreið meðal annars í bílnúmerskrá. Lögregla fann eftir leit samskonar bifreið og var eigandi hennar yfirheyrður en niðurstaðan var sú að hann hefði ekki getað verið þáttakandi í brotinu. Sakborningar málsins fundust ekki þrátt fyrir töluverða rannsóknarvinnu af hálfu lögreglu.*

## Yfirheyrsla sakborninga

Þegar kannað var hve langur tími leið á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og þess að sakborningur var yfirheyrður má sjá að af þeim 135[10] málum þar sem upplýsingar um dagsetningar yfirheyrslna lágu fyrir var sakborningur yfirheyrður samdægurs eða daginn eftir í 40,8% þessara mála. Í 19,2% mála var sakborningur yfirheyrður 2-7 dögum síðar og í 40,1% mála var sakborningur yfirheyrður meira en 8 dögum síðar.

**Tafla 9: Hve löngu eftir að mál var tilkynnt til lögreglu var sakborningur yfirheyrður**

| | Fjöldi mála | Hundraðshluti |
|---|---|---|
| Samdægurs | 41 | 30,4 |
| Einum degi síðar | 14 | 10,4 |
| 2-4 dögum síðar | 13 | 9,6 |
| 5-7 dögum síðar | 13 | 9,6 |
| 8 dögum til mánuði síðar | 26 | 19,3 |
| Mánuði til hálfu ári síðar | 21 | 15,6 |
| Hálfu ári til 655 dögum síðar | 7 | 5,2 |
| Alls | 135 | 100 |

Í sumum þeirra mála þar sem sakborningur var yfirheyrður löngu eftir að málið barst til lögreglu var um að ræða mál þar sem erfitt reyndist að finna sakborning og eldri mál, þ.e. mál sem tilkynnt voru til lögreglu töluvert löngu eftir að þau höfðu átt sér stað.

[10] Sakborningar voru yfirheyrðir í 139 málum en við skráningu gagna hjá rannsakendum misfórst að skrá dagsetningar yfirheyrslna í fjórum málum og því liggja eingöngu fyrir upplýsingar um dagsetningar yfirheyrslna í 135 málum.

### Handtökur

Handtökum var beitt í þágu rannsóknar í 69 málum, eða 37% mála, en í einu máli til viðbótar var sakborningur þegar í haldi lögreglu vegna annars máls þegar tilkynning um brotið barst. Þegar kannaður var tíminn á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og handtöku má sjá að í langflestum þessara mála, eða 51 máli, var sakborningur handtekinn samdægurs og í 13 málum var sakborningur handtekinn 1-4 dögum eftir að málið var tilkynnt lögreglu. Í fimm málum fór handtaka fram allt frá 12-69 dögum eftir að lögregla hóf rannsókn málsins.

## Ástæður þess að lögregla hætti rannsókn mála

Eins og fjallað var stuttlega um í byrjun þessarar samantektar var ástæðum þess að lögregla hætti rannsókn í málum skipt í tvo hluta, annars vegar formlegar ástæður og hins vegar efnislegar ástæður. Það eru lögfræðingar hjá lögregluembættunum sem taka ákvörðun um hvort hætta skuli rannsókn eða ekki. Formlegar ástæður fyrir því að rannsókn mála var hætt voru í flestum tilvikum vegna þess að brotaþoli eða foreldrar brotaþola lögðu ekki fram kæru (22,7%) eða þá að gerendur voru óþekktir eða fundust ekki (10,1%). Í nokkrum málum var sakborningur ósakhæfur sökum aldurs (3,2%) eða þá að mál taldist fyrnt (1,1%), eða í alls 4,3% málanna. Sakborningar sem ósakhæfir voru vegna aldurs voru á aldrinum 12-14 ára þegar þeir brutu af sér.

Efnislegar ástæður fyrir því að rannsókn mála var hætt voru að lögregla taldi að ekki væri efni til að hefja rannsókn (1,1%), ekki væri grundvöllur til frekari rannsóknar (0,5%), að málið teldist hvorki líklegt eða nægjanlegt til sakfellis (2,6%) eða þá að rannsókn var hætt án þess að skýringa um það væri að finna í gögnum málsins (2,6%). Í þremur málum dró brotaþoli kæru sína til baka og var rannsókn hætt í öllum þeim málum.

**Tafla 10: Ástæða þess að lögregla hætti rannsókn mála eða vísaði þeim frá**

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Formlegar ástæður:** | | |
| Málið fyrnt | 2 | 1,1 |
| Sakborningur ósakhæfur | 6 | 3,2 |
| Gerandi óþekktur eða finnst ekki | 19 | 10,1 |
| Málinu ekki fylgt eftir af brotaþola, engin kæra | 43 | 22,7 |
| **Alls** | **70** | **37,1** |
| **Efnislegar ástæður** | | |
| Ekki efni til að hefja rannsókn | 2 | 1,1 |
| Ekki grundvöllur til frekari rannsóknar | 1 | 0,5 |
| Kæra dregin til baka | 3 | 1,6 |
| Málið telst hvorki líklegt eða nægjanlegt til sakfellingar | 5 | 2,6 |
| Hætt án þess að skýringa sé að finna í gögnum máls | 4 | 2,2 |
| Aðrar efnislegar ástæður fyrir niðurfellingu máls | 16 | 8,5 |
| **Alls** | **31** | **16,5** |
| **Alls** | **101** | **53,6** |
| Mál send til ríkissaksóknara | 88 | 46,4 |
| Alls | 189 | 100 |

Í 16 málum voru aðrar efnislegar skýringar fyrir því að rannsókn máls var hætt hjá lögreglu, en þær má sjá í töflu 11. Í afriti af bréfum til brotaþola og/eða greinargerðum lögreglu og lögfræðinga hjá lögreglu má sjá hvaða rök lágu að baki þess að rannsókn mála var hætt og var þá oftar um fleiri en eina ástæðu að ræða.

**Tafla 11: Aðrar efnislegar ástæður fyrir því að rannsókn mála var hætt hjá lögreglu**

| | Tíðni (Fjöldi mála: 16) |
|---|---|
| Engin vitni | 12 |
| Ósannað að sakborningur hefði mátt vita að brotaþoli vildi ekki samfarir (ásetningur ósannaður) | 8 |
| Sakborningur bar við samþykki brotaþola fyrir samræði | 6 |
| Sönnunargögn þóttu ekki nægileg | 5 |
| Orð á móti orði | 5 |
| Framburður vitnis/vitna studdu ekki við frásögn brotaþola | 5 |
| Ósannað að ölvunarást. brþ. hafi verið með þeim hætti að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum | 5 |
| Ósannað að þvingun hefði verið beitt | 4 |
| Sakborningur neitaði að samræði hafi átt sér stað | 2 |
| Langur tími liðinn frá broti (brot þó ekki fyrnt) | 1 |

Þær ástæður sem oftast voru nefndar voru að engin vitni voru að kærðu broti, ósannað þótti að sakborningur hefði mátt vita að brotaþoli vildi ekki samfarir, þ.e. ásetningur sakbornings þótti ósannaður, að sakborningur bar við að brotaþoli hefði samþykkt að hafa við hann samræði og að um orð á móti orði væri að ræða. Allar lúta þessar ástæður að því að erfitt sé að sanna að brot hafi átt sér stað eða að ásetningur sakbornings hafi staðið til að fremja brot.

## Samanburður á einkennum mála við afgreiðslu hjá lögreglu

Eins og fram kom í kafla um tölfræðiúrvinnslu voru notuð kí-kvaðratpróf og t-próf til að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli þeirra mála sem lögregla hætti rannsókn og þeirra mála sem vísað var til ríkissaksóknara. Miðað var við 95% vissu ($p<0,05$). Mikill fjöldi breyta liggur til grundvallar samanburðinum sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. Í þessari samantekt verður sjónum að mestu leyti beint að þeim breytum þar sem marktækur munur var á afgreiðslu lögreglu. Eftirfarandi mál voru þó undanskilin þar sem þau voru talin skekkja útreikninga: Mál þar sem kæra lá ekki fyrir en þeim málum var ekki vísað til ríkissaksóknara fyrir utan eitt mál;[11] kærumál þar sem gerandi fannst aldrei og voru því ekki fullrannsökuð, mál þar sem kæra var dregin til baka, en engu þeirra var vísað til ríkissaksóknara, mál þar sem kærði játaði við skýrslutöku, en þau mál voru alls fjögur og var öllum vísað áfram til ríkissaksóknara. Eftir standa 108 kærumál, en af þeim hætti lögregla rannsókn í 25 málum og vísaði 83 málum til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn.

Sökum þess hve fá mál liggja til grundvallar marktektarprófunum ber að taka niðurstöðunum með nokkrum fyrirvara en ætla má að þær gefi þó sterkar vísbendingar um hvaða þættir hafa áhrif við afgreiðslu mála.

[11] Einu máli var vísað til ríkissaksóknar án þess að fyrir lægi kæra, þar sem myndbandsupptaka lá fyrir í málinu. Málið var fellt niður hjá ríkissaksóknara, sbr. 145. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

**Tafla 12: Marktækur munur á málum við afgreiðslu hjá lögreglu**

| Einkenni málanna, sakborninga og brotaþola | Rannsókn máls hætt | Máli vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| **Málið var tilkynnt (N=108)** | | | | |
| Á landsbyggðinni | 12,2% | 87,8% | 49 | 5,994 |
| Á höfuðborgarsvæðinu | 32,0% | 68,0% | 59 | p<0.05 |
| **Hið kærða brot var framið (N=99)** | | | | |
| Á milli kl. 18.00 - 03.00 | 9,8% | 90,2% | 41 | 6,292 |
| Á milli kl. 03.00 - 18.00 | 31,0% | 69,0% | 58 | p<0.05 |
| (Nákvæma tímasetningu vantar, eða brot ítrekuð = 9) | | | | |
| **Þjóðerni kærðra (N=108)** | | | | |
| Erlendur | 3,8% | 96,2% | 26 | 7,172 |
| Íslenskur | 29,3% | 70,7% | 82 | p<0.01 |
| **Viðbrögð brotaþola (N=101)** | | | | |
| Streittist á móti eða veitti virka líkaml mótspyrnu | 14,3% | 85,7% | 49 | 4,718 |
| Viðhafði ekki líkamlegt viðnám | 32,7% | 67,3% | 52 | p<0.05 |
| (Kemur ekki fram eða ítrekuð brot og ólík viðbrögð = 7) | | | | |
| **Áverkar á brotaþola skv. læknisvottorði (N=71)** | | | | |
| Töluverðir eða meiriháttar áverkar | 6,7% | 93,3% | 15 | 6,53 |
| Minni ákverkar | 41,7% | 68,3% | 24 | p<0.05* |
| Engir sjáanlegir áverkar | 18,8% | 81,3% | 32 | |
| (Fóru ekki í læknisskoðun = 37) | | | | |
| **Handtaka (N=107)** | | | | |
| Já, kærði var handtekinn | 11,8% | 88,2% | 51 | 7,323 |
| Nei, kærði var ekki handtekinn | 33,9% | 66,1% | 56 | p<0.01 |
| (Hafði þegar verið handtekinn vegna annars brots = 1) | | | | |

*Reiknað með Yates kí-kvaðrat leiðréttingu þar sem væntitíðni er undir 1 í einhverjum hópanna eða meira en 20% þeirra eru undir 5.

**Tafla 13: Marktækur munur á málum við afgreiðslu hjá lögreglu (t-próf)**

| Einkenni málanna, sakborninga og brotaþola | Rannsókn máls hætt | Máli vísað til ríkissaksóknara | Fjöldi | T-próf p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| **Aldursmunur sakbornings og brotaþola (sakborningur eldri en brotaþoli)** | 2,9 ár | 8,0 ár | 108 | -2,306 p<0.05 |
| **Fjöldi vitna sem lögregla tók skýrslu af** | 2,1 vitni | 5,3 vitni | 108 | -7,275 p<0.001 |

### Afgreiðslu mála á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu

Marktækur munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort þau voru tilkynnt til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eða til lögregluembætta á landsbyggðinni. Munurinn felst í því að málum sem voru tilkynnt til lögregluembætta á landsbyggðinni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara. Hér reyndist munurinn svo mikill að ætla má að verklag lögregluembætta á landsbyggðinni, þegar kemur að ákvörðun um að hætta rannsókn eða vísa máli til ríkissaksóknara, sé með öðrum hætti en lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Nánast öllum málum sem kærð voru til lögreglunnar á landsbyggðinni var vísað til ríkissaksóknara.

### Verknaðarstund

Brotin voru flest framin að næturlagi og undir morgun um helgar, en alls áttu 61% brotanna sér stað á laugardegi eða sunnudegi, og flest þeirra (69%) voru framin á milli kl. 00:00 og 09:00. Af þeim málum þar sem vitað var um áfengisneyslu og aðra neyslu hjá brotaþola og sakborningi voru ýmist bæði eða annað hvort þeirra undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í 83% málanna. Brotin voru því oftast áfengistengd. Þegar kannaður var munur á afgreiðslu mála eftir því hvenær sólarhringsins brotin voru framin má sjá að mál sem voru framin á milli kl. 18:00 og 03:00 voru marktækt oftar send til ríkissaksóknara en brot sem voru fram milli kl. 03:00 og 18:00. Ein mögulegra skýringa er sú að eftir því sem líður á nóttina eru brotaþolar, sakborningar og vitni undir meiri áhrifum áfengis og minni þeirra gloppóttara. Frásagnir þeirra af atvikum í lögregluskýrslum verða af þessum ástæðum oft óskýrari og því erfiðara fyrir lögreglu að henda reiður á hvað nákvæmlega átti sér stað.

### Sakborningar af erlendu þjóðerni

Við afgreiðslu mála hjá lögreglu var marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningar voru erlendir eða íslenskir, en málum þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara. Alls var hlutfall erlendra sakborninga 23% í kærumálum hjá lögreglu sem er nokkuð hátt hlutfall. Þegar hópar sakborninga af erlendu þjóðerni annarsvegar og íslenskir hinsvegar voru greindir nánar kom í ljós nokkur munur á þessum hópum hvað varðar verknaðaraðferðir, mótspyrnu brotaþola, fjölda sakborninga í málum, og aðdraganda að broti. Rétt er að geta þess að baki þessum tölum eru fá mál.

Í þeim málum þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni voru sakborningar og brotaþolar ókunnug í 20% mála. Í málum þar sem brotaþolar og sakborningar voru ókunnug voru sakborningar aftur á móti íslenskir í aðeins 11% tilfella. Þetta er vert að hafa í huga þar sem lögregla vísaði öllum málum þar

sem aðilar þekktust ekki til ríkissaksóknara. Minni tengsl brotaþola og hinna erlendu sakborninga hafa því áhrif að þessu leyti.

Samkvæmt lýsingum brotaþola beittu sakborningar af erlendu þjóðerni oftar líkamlegu valdi heldur en íslenskir sakborningar eða 31% á móti 22%, en slíkum málum var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara. Tekið skal fram að hér er verið að tala um líkamlega valdbeitingu (þ.e. broti ná fram með því að ýta, hrinda, toga oþh.) en ekki með líkamlegu ofbeldi (þ.e. broti náð fram með því að berja, kýla, sparka). Nánast enginn hlutfallslegur munur var á erlendum og íslenskum sakborningum í þeim málum þar sem þeir beittu brotaþola líkamlegu ofbeldi. Brotaþolar streittust einnig oftar á móti í málum þar sem sakborningar voru erlendir eða í 54% á móti 39% mála þar sem íslenskir sakborningar áttu í hlut. Málum þar sem brotaþoli lýsti mótspyrnu var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotaþoli hafði ekki veitt neina líkamlega mótspyrnu. Þessi tvö atriði hafa því einnig þýðingu. Sá munur reyndist einnig á verknaðaraðferðum að íslenskir sakborningar misnotuðu oftar rænuleysi brotaþola en erlendir, eða í 29% mála á móti 19% mála. Munurinn sést einnig á því að í málum þar sem sakborningar voru íslenskir veittu brotaþolar oftar ekkert líkamlegt viðnám, eða 45% á móti 29% mála. Ekki var munur á afgreiðslu mála hjá lögreglu þar sem sakborningar höfðu misnotað sér rænuleysi brotaþola og oftar var tekin ákvörðun um að hætta rannsókn í málum þar sem brotaþolar veittu ekkert líkamlegt viðnám.

Þá voru erlendir sakborningar fleiri í málum þar sem enginn undanfari hafði verið að brotinu, þ.e. í svonefndum árásarnauðgunum, 14,6% á móti 7,7% en slíkum málum, þ.e. málum þar sem ráðist var á brotaþola án nokkurs undanfara, var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara. Í þeim málum þar sem gerendur voru fleiri en einn, þ.e. að fleiri en einn gerandi var grunaður um að nauðga sömu konunni, var oftar um að ræða erlenda gerendur. Sakborningar voru erlendir í 20% þessara mála en íslenskir voru 7%.

Nokkur munur var á handtökum í málum þar sem sakborningar voru erlendir, þeir voru handteknir í 50% mála en íslenskir sakborningar í 33% mála. Ríkissaksóknari felldi hins vegar oftar niður mál þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni.

### Viðbrögð brotaþola og áverkar

Munur var jafnframt á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþolar lýstu því að hafa streist á móti sakborningi eða að hafa veitt líkamlega mótspyrnu en þeim málum var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotaþoli lýsti engri líkamlegri mótspyrnu. Sjálft nauðgunarlagaákvæðið veitir skýringar að þessu leyti, en áhersla er lögð á verknaðaraðferðir í 194. gr. hgl. þar sem fjallað er um að nauðgun sé samræði eða önnur kynferðismök sem náist t.d. fram með ofbeldi og hótunum um ofbeldi. Brot sem bera með sér líkamlegt ofbeldi, þar sem gerandi beitir

brotaþola ofbeldi og þar sem brotaþoli sýnir líkamlega mótspyrnu og þar sem líkamlegir áverkar verða afleiðing verknaðarins falla vel að kröfum ákvæðisins um hvers konar kynferðisbrot skilgreinast sem nauðgun. Þetta kemur heim og saman við það að marktækur munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort brotaþoli var með sjáanlega áverka samkvæmt læknisvottorði og slíkum málum var því oftar vísað til ríkissaksóknara. Í 2. mgr. 194. gr. hgl. kemur fram að það skuli einnig teljast nauðgun þegar maður hefur samræði eða önnur kynferðismök við annan mann með því að notfæra sér að svo er ástatt um hann að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Á þetta reynir helst þar sem brotaþoli hefur verið svo ölvuð að hún ekki gat spornað við verknaðinum en slík mál einkennast sjaldnar af líkamlegu ofbeldi, líkamlegri mótspyrnu af hálfu brotaþola eða áverkum á brotaþola eftir brotið.

Þeim málum þar sem brotaþoli var með töluverða eða meiriháttar áverka var oftar vísað til ríkissaksóknara en sama máli gegnir um mál þar sem brotaþolar voru ekki með neina sjáanlega áverka. Rannsókn var aftur á móti oftar hætt í málum þar sem um minniháttar áverka var að ræða. Þegar litið var á áverka og meðaldur brotaþola kemur eftirfarandi mynd í ljós.

**Tafla 14: Meðalaldur brotaþola eftir því hversu miklir áverkar voru og hvort lögregla hætti rannsókn eða vísaði málum áfram til ríkissaksóknara**

| Áverkar | Meðalaldur brotaþola í málum þar sem lögregla hætti rannsókn | Meðalaldur brotaþola í málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara |
|---|---|---|
| Töluverðir eða meiriháttar áverkar | (einungis eitt mál) | 26,5 ár (14 mál) |
| Minniháttar áverkar | 28 ár (10 mál) | 23 ár (14 mál) |
| Engir sjáanlegir áverkar | 28 ár (6 mál) | 17 ár (26 mál) |

Meðalaldur brotaþola í þeim málum sem vísað var til ríkissaksóknara þar sem brotaþoli var með töluverða eða meiriháttar áverka samkvæmt læknisvottorði var 26,5 ár, en rannsókn var aðeins hætt í einu þessara mála og þá var ákært af hálfu lögreglu vegna líkamsárásar. Meðalaldur brotaþola í þeim málum sem vísað var til ríkissaksóknara þar sem brotaþoli var með minniháttar áverka var aftur á móti nokkuð lægri, eða 23 ár, en hann var 28 ár í þeim málum þar sem lögregla hætti rannsókn. Meðalaldur brotaþola í þeim málum sem vísað var til ríkissaksóknara þar sem engir sjáanlegir áverkar voru var mun lægri, eða 17 ár, en meðalaldur brotaþola í þeim málum þar sem lögregla hætti rannsókn, eða 28 ár. Í málum þar sem brotaþolar voru yngri virðist sönnunarstaðan ekki endilega hafa verið talin lakari þó að brotaþoli hafi ekki hlotið líkamlega áverka. Í málum eldri brotaþola sem vísað var til ríkissaksóknara virtust verknaðaraðferðir hafa verið ofbeldisfyllri og meiri áverkar. Hér er þó einnig rétt að árétta að fá mál eru að baki töflunni.

### Mikilvægir þættir í lögreglurannsóknum

Tvö atriði í rannsóknum lögreglu reyndust marktæk. Mikill munur var á afgreiðslu mála þar sem sakborningar voru handteknir vegna rannsóknar málsins en þeim málum var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara. Almennt er litið svo á að brot sem tilkynnt eru mjög skömmu eftir að þau eru framin séu auðveldari til rannsóknar, t.d. eru framburðir greinargóðir og atvik aðilum enn í fersku minni. Þá aukast einnig möguleikar á því að unnt sé að framkvæma réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola og afla annarra nauðsynlegra sönnunargagna. Brýnir rannsóknarhagsmunir sem krefjast handtöku eru oftar fyrir hendi þegar mál eru tilkynnt mjög skömmu eftir að brot er framið. Því kann að vera að sá munur sem var á afgreislu mála eftir því hvort að sakborningar voru handteknir eða ekki stafi að hluta til af því að í þeim málum þar sem sakborningar voru handteknir höfðu brotin oftar verið tilkynnt skömmu eftir að þau voru framin. Áður hefur verið nefnt að í langflestum málum þar sem handtaka fór fram var sakborningur handtekinn samdægurs eða í 51 máli.

Einnig var marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hve mörg vitni, að undanskildum brotaþola, voru yfirheyrð af lögreglu við rannsókn málsins. Meðalfjöldi vitna í málum þar sem lögregla hætti rannsókn var 2,1 vitni á meðan meðalfjöldi vitna í málum sem vísað var til ríkissaksóknara voru 5,3. Eðlilegt er að fleiri vitni séu í þeim málum sem vísað er til ríkissaksóknara. Það gerir að verkum að ákæruvaldið hefur nokkur vitni til að byggja mál sitt á og málið þar af leiðandi talið sterkara.

### Aldursmunur sakborninga og brotaþola

Marktækur munur var á aldursmuni brotaþola og sakborninga eftir því hvort lögregla hætti rannsókn eða vísaði málinu til ríkissaksóknara. Mun meiri aldursmunur var á milli aðila í málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn eða 8,1 ár en í þeim málum þar sem rannsókn var hætt, eða 2,9 ár. Hér kunna hugmyndir um aðstöðumun að liggja til grundvallar, þ.e. að í þeim málum þar sem aldursmunur er meiri sé þroska- og aðstöðumunur fyrir hendi á milli aðila sem auðveldi sönnunarstöðu ákæruvaldsins.

## Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingum mála

Kannað var hvaða rökstuðningur lá til grundvallar niðurfellingum mála hjá ríkissaksóknara, eins og hann birtist í bréfum til brotaþola og sakbornings. Í bréfi til brotaþola eru málavextir reifaðir sem og sönnunarstaða máls. Þá er rökstutt hvers vegna málið þyki ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Sá rökstuðningur var í umræddum málum alla jafna nokkuð ýtarlegur og tekin voru saman helstu atriði sem gerðu að verkum að málið þótti ekki líklegt eða nægilegt til sakfellis, sbr. 145. gr. sakamálalaganna nr.

88/2008.[12] Þess ber að geta að yfirleitt voru nokkur atriði nefnd sem rök fyrir þeirri niðurstöðu að fella mál niður. Af rökstuðningi málanna mátti ráða að um heildarmat á sönnunarstöðu þeirra var að ræða að teknu tilliti til nokkurra atriða. Í töflunni má sjá hvaða röksemdir voru oftast nefndar.

**Tafla 15: Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu máls**

| | Tíðni (Fjöldi mála: 57) | Hlutfall |
|---|---|---|
| Sakborningur neitar sök, ber við samþykki brotaþola | 23 | 40,4 |
| Engin vitni | 22 | 38,6 |
| Ekki næg sönnunargögn sem styðja við framburð brotaþola | 21 | 36,8 |
| Orð gegn orði | 18 | 31,6 |
| Framburður vitnis/vitna styðja ekki við frásögn brotaþola | 16 | 28,1 |
| Ósannað að ástand brþ. hafi verið með þeim hætti að brþ. hafi ekki getað spornað við verknaðinum | 13 | 22,8 |
| Óljóst hvenær eða hvernig brotaþoli hlaut áverka | 12 | 21,1 |
| Ósannað að þvingun hafi verið beitt | 11 | 19,3 |
| Ósannað að sakborningur hefði mátt vita að brþ. vildi ekki stunda með honum samfarir (ásetningur ósannaður) | 10 | 17,5 |
| Ekki liggja fyrir gögn sem geta upplýst um atvik málsins | 9 | 15,8 |
| Brotaþoli man atvik óljóst | 8 | 14,0 |
| Framburði vitna ber ekki saman | 8 | 14,0 |
| Langur tími liðinn frá broti | 4 | 7,0 |
| Niðurstöður lífsýna eða DNA rannsókna styðja ekki við frásögn brotaþola | 4 | 7,0 |
| Engir áverkar voru á brotaþola | 3 | 5,3 |
| Ekkert læknisvottorð liggur fyrir í gögnunum | 3 | 5,3 |
| Sakborningur neitar að samræði hafi átt sér stað | 3 | 5,3 |
| Sakborningur ber við minnisleysi | 3 | 5,3 |
| Misræmi í frásögn brotaþola | 2 | 3,5 |
| Annað | 14 | 24,6 |

Af töflunni má ráða að röksemdir fyrir niðurfellingu voru margvíslegar. Oftast var vísað til þess í rökstuðningi fyrir niðurfellingu máls að sakborningur hefði neitað sök og/eða borið við að brotaþoli hefði samþykkt samræði. Þá var mjög oft vísað til þess að engin vitni væru að brotinu sem gætu borið um atvik máls eða ekki næg sönnunargögn að öðru leyti sem gætu stutt við framburð brotaþola. Algeng rök voru þau að um orð gegn orði væri að ræða, en einnig var nokkuð um að fram kæmi í rökstuðningi að

[12] 145. gr. Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

framburður vitna styddu ekki við frásögn brotaþola af atvikum máls, þar sem vitni höfðu borið um ákveðin atvik málsins á annan hátt en brotaþoli.

Í áfengistengdum málum var nokkuð um að ósannað teldist að ölvun brotaþola hafi verið svo mikil að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum. Í nokkrum málum var talið óljóst hvernig áverkar á brotaþola væru tilkomnir. Í sumum málum var talið að ósannað að kærði hefði beitt þvingunum til að ná fram vilja sínum og einnig var talið ósannað í sumum málum að sakborningur hefði mátt vita að brotaþoli hefði ekki viljað samfarir með honum, það er að segja að ásetningur sakbornings væri ósannaður. Þá voru nokkur mál felld niður meðal annars með vísan til þess að ekki lægju fyrir næg gögn sem upplýst gætu um atvik málsins og einnig voru mál felld niður með vísan til þess að brotaþoli mundi illa atvik máls.  Rökstuðningur ríkissaksóknara var eins og áður hefur verið nefnt oftast margþættur og um heildarmat á sönnunarstöðu að ræða.

## Samanburður á einkennum mála við málsmeðferð hjá ríkissaksóknara

Eins og fram kom í kafla um tölfræðiúrvinnslu voru notuð kí-kvaðratpróf og t-próf til að álykta um hvort tölfræðilega marktækur munur væri á milli þeirra mála sem ríkissaksóknari felldi niður eða ákærði í á rannsóknartímabilinu. Miðað var við 95% vissu ($p<0,05$). Mikill fjöldi breyta liggur til grundvallar samanburðinum en í þessari samantekt verður sjónum að mestu leyti beint að þeim breytum þar sem marktækur munur var á afgreiðslu ríkissaksóknara á málum.

Ástæða er til að árétta að taka ber þessum niðurstöðum með nokkrum fyrirvara sökum þess hve fá mál liggja til grundvallar marktektarprófunum. Einnig er rétt að árétta að mismargar breytur voru í einstökum þáttum marktektarprófsins. Þó má ætla að niðurstöðurnar gefi sterkar vísbendingar um hvaða þættir skipti máli við afgreiðslu mála.

Lögfræðingar lögreglu vísuðu 88 málum til ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Fjögur mál, þar sem játning sakbornings lá fyrir, voru ekki höfð með í prófunum þar sem ætla má að þau skekki útreikninga. Eitt mál til viðbótar var undanskilið prófunum þar sem málið var nokkuð sérstakt, en því máli hafði verið vísað til ríkissaksóknara þrátt fyrir að engin kæra lægi fyrir í málinu þar sem myndbandsupptaka var í málinu. Málið var fellt niður þar sem myndbandsupptakan var ekki talin færa sönnur á að nauðgun hefði átt sér stað. Eftir standa því 83 mál sem eru til umfjöllunar hér með tilliti til þess hver málalok þeirra urðu.

**Tafla 16: Marktækur munur á málum við afgreiðslu ríkissaksóknara**

| Einkenni málanna, sakbornings og brotaþola | Ríkissaksóknari felldi mál niður | Ríkissaksóknari gaf út ákæru | Fjöldi | Kí-kvaðrat p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| **Hvenær barst málið til lögreglu (N=83)** | | | | |
| Samdægurs | 53,3% | 46,7% | 30 | 4,278 |
| Síðar | 75,5% | 24,5% | 53 | p<0.05 |
| **Sakborningur hafði sáðfall (N=49)** | | | | |
| Já | 37,5% | 70,6% | 24 | 4,864 |
| Nei | 62,5% | 29,4% | 25 | p<0.05 |
| (Upplýsingar ekki til staðar = 34) | | | | |
| **Kærði á við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða misnotar áfengi eða önnur vímuefni (N=70)** | | | | |
| Já | 31,8% | 68,2% | 22 | 20,110 |
| Nei | 85,4% | 14,6% | 48 | p<0.001 |
| (Upplýsingar ekki til staðar = 13) | | | | |
| **Brþ. var undir áhrifum áf. eða vímuf. þegar brotið var framið (N=78)** | | | | |
| Já | 80,4% | 19,6% | 56 | 11,539 |
| Nei | 40,9% | 59,1% | 22 | p<0.005 |
| (Upplýsingar ekki til staðar, eða ítrekuð brot = 5) | | | | |
| **Gekkst brotaþoli undir réttarlæknisfræðilega skoðun (N=83)** | | | | |
| Já | 58,5% | 41,5% | 53 | 5,387 |
| Nei | 83,3% | 16,7% | 30 | p<0.05 |
| **Brotaþoli leitaði til sálfræðings/geðlæknis í kjölfar brotsins (N=83)** | | | | |
| Já | 44,7% | 55,3% | 38 | 16,503 |
| Nei | 86,7% | 13,3% | 45 | p<0.001 |
| **Handtaka (N=82)** | | | | |
| Já, kærði var handtekinn | 57,8% | 42,2% | 45 | 5,092 |
| Nei, kærði var ekki handtekinn | 81,1% | 18,9% | 37 | p<0.05 |
| (Hafði þegar verið handtekinn vegna annars brots = 1) | | | | |

**Tafla 17: Marktækur munur á málum við afgreiðslu ríkissaksóknara (t-próf)**

| | Ríkissaksóknari felldi mál niður | Ríkissaksóknari gaf út ákæru | Fjöldi | T-próf p-gildi |
|---|---|---|---|---|
| **Meðalaldur sakborninga** (Ítrekuð brot yfir langt tímabil = 1) | 25,9 ár | 32,9 ár | 82 | 3,128 p<0.005 |
| **Meðaltími sem leið á milli þess að mál var tilkynnt og skýrslutöku sakbornings*** | 34 dagar | 8 dagar | 77 | -3,314 p<0.01 |

* Öll gildi utan 6 mála: Skráning misfórst = 4. Útlagar=2, þ.e. annars vegar eitt mál þar sem tími á milli þess að mál barst og tekin var skýrsla af sakborningi var 307 dagar og hins vegar 561 dagur.

## Brot tilkynnt samdægurs

Í töflunni hér að neðan má sjá hve langur tími leið á milli þess að hið kærða brot var framið og hvenær það barst til lögreglu í þeim 88 málum sem lögregla vísaði til ríkissaksóknara. Rúmlega þriðjungur brotanna, eða 35%, bárust lögreglu innan sólarhrings og 16% til viðbótar innan 1-3 daga. Alls barst því rúmur helmingur málanna til lögreglu innan þriggja daga. Aðeins 13,6% málanna höfðu verið tilkynnt meira en mánuði eftir að þau voru framin. Elsta brotið sem kært var hafði átt sér stað um 6 árum áður.

**Tafla 18: Tímalengd frá broti til þess að mál var tilkynnt til lögreglu í málum sem vísað var til ríkissaksóknara**

| Tími | Fjöldi brota | Hlutfall |
|---|---|---|
| Innan sólarhrings | 31 | 35,2 |
| 1-3 dagar | 14 | 15,9 |
| 4-30 dagar | 21 | 23,9 |
| 1-6 mánuðir | 7 | 8,0 |
| 6-12 mánuðir | 4 | 4,5 |
| Meira en ári síðar | 1 | 1,1 |
| Óþekkt / Ítrekuð brot | 10 | 11,4 |
| Alls | 88 | 100 |

Mikill munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort mál voru tilkynnt lögreglu samdægurs eða síðar, en marktækt oftar var gefin út ákæra í þeim málum sem tilkynnt voru til lögreglu samdægurs en í þeim sem bárust síðar. Munurinn felst aðallega í því að mál sem ekki voru tilkynnt lögreglu samdægurs voru mun oftar felld niður. Þessi niðurstaða helst í hendur við það almenna sjónarmið að möguleikar lögreglu á því að afla nauðsynlegra sönnunargagna séu mestir skömmu eftir að brot er framið. Einnig reyndist marktækur munur á málalokum hjá ríkissaksóknara eftir því hve langur tími leið á milli þess að mál voru tilkynnt til lögreglu og þess að tekin var skýrsla af sakborningi. Í þeim málum þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru höfðu að meðaltali liðið átta dagar en í þeim málum sem felld voru niður höfðu liðið að meðaltali 34 dagar.

## Réttarlæknisfræðileg skoðun á brotaþola og gögn um andlegar afleiðingar brots

Marktækt oftar var gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli hafði undirgengist réttarlæknisfræðilega skoðun en ekki var mikill munur á málalokum eftir því hve mikla áverka brotaþoli hlaut samkvæmt læknisvottorði. Einnig var marktækt oftar ákært í málum þar sem gögn báru með sér að brotaþoli leitaði til sálfræðings, eða í sumum tilvikum til geðlæknis, í kjölfar hins kærða brots. Munur á afgreiðslu ríkissaksóknara fólst í því að mun meiri líkur voru á því að mál væru felld niður þar sem ekki voru fyrir

hendi gögn um réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttöku og ekki lágu fyrir gögn sálfræðinga/geðlækna um afleiðingar brotsins á brotaþola. Hin réttarlæknisfræðilega skoðun sem fram fer á Neyðarmóttöku virðist því hafa þýðingu um framgang mála. Þá virðist faglegt mat sálfræðinga og/eða geðlækna á afleiðingum brotsins fyrir brotaþola geta styrkt sönnunarstöðu máls.

## Aldur sakborninga, andleg heilsa og misnotkun áfengis/vímuefna

Þegar málin eru borin saman með tilliti til einkenna sakborninga má sjá að meðalaldur sakborninga í málum sem felld voru niður var 25,9 ár en meðalaldur sakborninga í málum sem leiddu til ákæru var 32,9 ár og er munurinn marktækur. Einnig reyndist munur afgreiðslu mála hjá ríkissaksóknara eftir því hve mikill aldursmunur var á milli brotaþola og sakbornings en meðalaldursmunur á milli aðila var 6,6 ár í málum sem felld voru niður á meðan meðalaldursmunur aðila var 11,1 ár í málum þar sem ákæra var gefin út (p=0,08). En munurinn var þó ekki marktækur. Meðalaldursmunur aðila í málum þar sem rannsókn var hætt hjá lögreglu var 2,9 ár en aftur á móti 8,1 ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara og munurinn var marktækur. Aldursmunurinn jókst því eftir því sem málin fóru lengra áleiðis innan kerfisins.

Ríkissaksóknari gaf einnig marktækt oftar út ákæru í málum þar sem kærði átti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða misnotaði áfengi eða önnur vímuefni og að sama skapi voru mál þar sem sakborningar áttu ekki við slíkan vanda að stríða mun oftar felld niður. Þegar þessir ólíku hópar eru greindir betur út frá öðrum þáttum má sjá að aldur þeirra virðist hafa sterk samverkandi áhrif á þessa breytu við afgreiðslu mála. Meðalaldur þeirra sakborninga sem eiga við vanda að stríða var hærri í þeim málum þar sem ákæra er gefin út en í þeim málum sem felld voru niður og sama máli gegnir um þá sem ekki áttu við slíkan vanda að stríða.

**Tafla 19: Meðalaldur sakborninga eftir því hvort þeir áttu við geðrænan eða félagslegan vanda að stríða eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni, og hvort ríkissaksóknari felldi málin niður eða gaf út ákæru**

| | Meðalaldur sakborninga í málum sem ríkissaksóknari felldi niður | Meðalaldur sakborninga í málum sem ríkissaksóknari gaf út ákæru í |
|---|---|---|
| Á við vanda að stríða | 25,2 ár (6 mál) | 31,5 ár (15 mál) |
| Á ekki við vanda að stríða | 25,6 ár (41 mál) | 35,9 ár (7 mál) |

Af þessum 78 sakborningum áttu sjö þeirra sakaferil að baki og höfðu hlotið dóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum áður samkvæmt sakavottorði. Fimm þeirra sem áttu sakaferil að baki áttu við geðrænan/félagslegan vanda að stríða eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni og var ákært í þeim

málum. Í hinum tveimur málunum áttu sakborningar ekki við slíkan vanda að stríða og var gefin út ákæra í máli annars þeirra en mál hins var fellt niður. Hér kemur því sakaferill til skoðunar.

Af þessum 78 sakborningum sem hér eru til umfjöllunar, breyttu átta þeirra framburði sínum á milli skýrslutaka. Fjórir sakborningar áttu við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða eða misnotuðu áfengi eða önnur vímuefni en hinir fjórir áttu ekki við slíkan vanda að stríða. Ríkissaksóknari felldi niður mál þeirra fjögurra sem áttu ekki við slíkan vanda að stríða en hin málin leiddu til ákæru.

Aðrir þættir voru kannaðir. Aðeins í tveimur málum var frelsisskerðing hluti af broti sakborninga, þannig að þeir brutu gegn brotaþola með hléum í nokkra klukkutíma og komu í veg fyrir að brotaþolar kæmust burt. Í þessum tveimur málum beittu sakborningar brotaþola einnig ofbeldi eða líkamlegri valdbeitingu. Sakborningarnar áttu í báðum þessum málum við geðræn/félagsleg vandamál að stríða og voru báðir ákærðir og sakfelldir fyrir brot sín. Alvarlegt eðli brotanna hefur því þýðingu.

## Áfengisneysla brotaþola

Marktækur munur var á afgreiðslu mála þar sem brotaþolar voru undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar brotið var framið, en þau mál voru oftar felld niður. Þegar kannaður var munur á málalokum eftir því hve miklum áhrifum brotaþoli sagðist hafa verið var ekki mikill munur á afgreiðslu málanna.

**Tafla 20: Hlutfallslegur munur á málum við afgreiðslu ríkissaksóknara eftir því hvort brotaþoli var undir áhrifum eða ekki og hve miklum**

| Áhrif | Mál fellt niður | Ákæra gefin út | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rænulaus | 80,0% | 20,0% | 10 |
| Undir mjög miklum áhrifum | 83,3% | 16,7% | 30 |
| Undir einhverjum áhrifum | 75,0% | 25,0% | 16 |
| Ekki undir neinum áhrifum | 40,90% | 59,10% | 22 |

Í rökstuðningi ríkissaksóknara fyrir því að fella niður mál mátti sjá að í 29,8% tilvika kom fram að ekki lægju fyrir gögn sem gætu upplýst um atvik málsins og/eða að brotaþoli myndi atvik óljóst, en gjarnan fóru þessar röksemdir saman. Hvorki reyndist munur á málalokum hjá ríkissaksóknara eftir því hvort sakborningar voru undir áfengis- eða vímuefnaáhrifum eða ekki þegar brotið var framið né í þeim málum þar sem þeir voru undir miklum áhrifum.

### Sáðfall sakborninga

Munur var á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall eða ekki en marktækt oftar var gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur sagðist hafa haft sáðfall. Athygli skal vakin á því að fá mál liggja að baki þessari breytu. Í skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi (2007) er rannsóknarlögreglumönnum bent á að spyrja brotaþola um hvort brot hafi verið fullframið sem mögulega kann að leiða til þess að við rannsókn sé leitað svara hjá sakborningi um fullframningu og sáðlát.

## Málsmeðferð fyrir dómstólum

Alls var ákært í 31 máli. Af þeim voru 15 þeirra dómtekin í Héraðsdómi Reykjavíkur en 16 voru dómtekin í öðrum héraðsdómum. Af því má sjá að á rannsóknartímabilinu hafði Héraðsdómur Reykjavíkur til meðferðar helming allra nauðgunarmála á landinu, en héraðsdómstólar landsins eru átta talsins.

Sakfellt var fyrir nauðgun í 20 málum, sakfellt var fyrir tilraun til nauðgunar í einu máli og sakfellt var fyrir önnur vægari kynferðisbrot í tveimur málum. Ákærðu voru sýknaðir af nauðgun, sem og öðrum kynferðisbrotum, í átta málum. Í tveimur málum voru ákærðu sakfelldir fyrir önnur brot en kynferðisbrot og í báðum tilvikum var um að ræða áfengislagabrot. Við rannsóknina var að öðru leyti ekki safnað saman upplýsingum um aðra ákæruliði en þá sem lutu að nauðgunum.

Í þeim 20 málum þar sem sakfellt var fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun (eitt mál) hlutu ákærðu allt frá 6 mánaða til 8 ára fangelsisdóms í héraðsdómi. Allir dómarnir voru óskilorðsbundnir. Í einu málanna var ákærði dæmdur til að sæta 3 ára öryggisgæslu vegna ósakhæfis. Tveir hinna ákærðu voru sakfelldir fyrir nauðgun gegn tveimur brotaþolum. Meðallengd fangelsisdóma var tæp þrjú ár (34,2 mánuðir eða 2,85 ár). í 11 dómum af 20 voru ákærðu einnig sakfelldir fyrir önnur brot, t.a.m. líkamsárás, kynferðisbrot gegn barni, vörslu á barnaklámi, frelsissviptingu, þjófnað, rán og umferðalagabrot.

Í tveimur málum var sakfellt fyrir önnur vægari kynferðisbrot. Í öðru málinu var sakfellt fyrir brot gegn 204. gr. hgl., þar sem fram kemur að hafi kynferðisbrot gegn barni skv. 201. eða 202. gr. hgl. verið framið í gáleysi um aldur barnsins skuli beita vægari refsingu fyrir brotið.[13] Dæmd refsing var 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi og dæmdar miskabætur voru 400.000 kr. Í hinu málinu var sakfellt fyrir brot gegn 197. gr. hgl., en refsivert er samkvæmt ákvæðinu fyrir starfsmenn tiltekinna stofnana að hafa samræði

[13] 204. gr. Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis.

við vistmenn.[14] Ákærði var í héraði dæmdur til að sæta 6 mánaða fangelsisvistar, en þar af voru þrír mánuðir skilorðsbundnir. Ákærði var jafnframt dæmdur til að greiða 250.000 krónur í miskabætur. Í Hæstarétti var refsingin aftur á móti þyngd í 9 mánaða fangelsi en þar af voru 6 mánuðir skilorðsbundnir en miskabætur stóðu óbreyttar.

**Tafla 21: Dæmdar miskabætur hjá héraðsdómi og Hæstarétti vegna nauðgunarbrots**

| | **héraðsdómar** | **Hæstiréttur** |
|---|---|---|
| **Miskabætur** | **Fjöldi mála** | **Fjöldi mála** |
| 400.000 kr. | 1 | 0 |
| 500.000 kr. | 0 | 1 |
| 600.000 kr. | 2 | 3 |
| 800.000 kr. | 6 | 4 |
| 1.000.000 kr. | 4 | 3 |
| 1.200.000 kr. | 3 | 2 |
| 1.500.000 kr. | 3 | 0 |
| 1.800.000 kr. | 1 | 1 |
| 3.000.000 kr. | 0 | 1 |
| 3.800.000 kr. | 1 | 0 |
| Alls | 21 | 15 |

Algengasta dæmda upphæð miskabóta var 800.000 kr. í héraðsdómi sem og í Hæstarétti. Hæsta upphæð sem dæmd var í héraðsdómi var 3.800.000 kr. í máli þar sem sakborningur hafði beitt sambýliskonu sína ítrekuðu líkamlegu og kynferðisofbeldi yfir langan tíma, en Hæstiréttur lækkaði bæturnar niður í 3.000.000 kr. Í því máli var jafnframt dæmd þyngsta refsingin, 8 ára fangelsi.

## Málsmeðferð - samantekt

Eins og hér hefur komið fram lauk tæpum fimmtungi nauðgunarmála sem tilkynnt voru til lögreglu með sakfellingu fyrir dómi og var heildarsakfellingarhlutfall á árunum 2008 og 2009 19,3%, ef frá eru tekin mál þar sem sakborningar voru ósakhæfir, mál voru fyrnd, sakborningar fundust ekki og mál sem einungis voru tilkynnt án þess að kæra væri lögð fram. Lögregla hætti rannsókn í 26% mála og vísaði því

[14] 197. gr. Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu, fangelsisyfirvalda eða barnaverndaryfirvalda, geðdeild sjúkrahúss, heimili fyrir andlega fatlað fólk eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

74% mála áfram til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari felldi niður 65% mála og ákærði í 35% mála. Fyrir dómi var sýknað í 26% mála fyrir nauðgun eða önnur vægari kynferðisbrot en sakfellt var í 74% mála.[15]

Í þeim málum þar sem efnislegar ástæður lágu að baki ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn lutu rökin oftast að því að engin vitni voru að kærðu broti, ósannað þótti að sakborningur hefði mátt vita að brotaþoli vildi ekki samfarir, þ.e. ásetningur sakbornings þótti ósannaður, sakborningur bar við að brotaþoli hefði samþykkt að hafa við hann samræði, sönnunargögn þóttu ekki nægileg, orð væri á móti orði og framburður vitna styddu ekki frásögn brotaþola.

Rannsóknir lögreglu voru greindar og þau gögn sem lágu fyrir í málunum. Algeng gögn í málunum, auk skýrslna af brotaþola og sakborningi, voru skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku, myndir af brotavettvangi, símagögn, tölvugögn, og upptökur úr öryggismyndavélum utandyra. Stundum lá fyrir skýrsla sálfræðings  þar sem ýmist var gerð grein fyrir andlegum afleiðingum brotsins á brotaþola. Niðurstöður DNA greininga lágu fyrir í 14 málum. Við leit að óþekktum gerendum notaðist lögregla við ýmsar aðferðir til að reyna að hafa uppi á þeim. Brotaþolar skoðuðu myndasafn lögreglu, upptökur úr öryggismyndavélum voru rannsakaðar, símagögn voru rannsökuð, notast var við þjóðskrá og gagnagrunn ökutækja bílnúmera, lífssýni voru send í DNA rannsókn og lýst var eftir gerendum á meðal lögreglumanna.

Þegar kannað var hvort munur væri á milli mála eftir því hvort að lögregla hætti rannsókn eða vísaði þeim til ríkissaksóknara var munurinn marktækur um nokkur einkenni málanna. Hvað varðar einkenni sjálfra málanna kom í ljós að málum sem berast til lögreglunnar á landsbyggðinni var marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara en málum sem berast til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ætla má að verklag um ákvörðun um að vísa málum til ríkissaksóknara sé annað þar sem lögreglan á landsbyggðinni vísaði nánast öllum málum sem hún hafði til rannsóknar til ríkissaksóknara. Málum þar sem hið kærða brot hafði átt sér stað á milli kl. 18.00 og 03.00 var oftar vísað til ríkissaksóknara en málum en þar sem brotið hafði átt sér stað á milli kl. 03.00 og 18.00. Þar sem flest kærðra brota áttu sér stað um helgar að næturlagi og flest þeirra eru áfengistengd má ætla að ein sennilegra skýringa sé sú að eftir því sem líður á nóttina eru brotaþolar, sakborningar og vitni oft undir meiri áfengisáhrifum, minni þeirra lakara og frásagnir því oft óskýrari og því erfiðara fyrir lögreglu að henda reiður á hvað nákvæmlega átti sér stað sem torveldar rannsókn. Þeir þættir við rannsókn mála sem virðast hafa áhrif á afgreiðslu þeirra eru annars vegar hvort sakborningar voru handteknir eða ekki og af hve mörgum vitnum skýrsla var tekin. Málum þar sem sakborningar voru handteknir var marktækt

[15] Í tveimur málum var ákært fyrir nauðgun en fyrir dómi var sakfellt fyrir annað og vægara kynferðisbrot. Annars vegar var sakfellt fyrir brot gegn 197. gr. hgl. og hinsvegar fyrir brot gegn 204. gr. hgl.

oftar vísað til ríkissaksóknara sem og málum þar sem vitnafjöldi var að meðaltali fimm en meðalfjöldi vitna í málum þar sem lögregla hætti rannsókn var tvö vitni.

Þegar kemur að þáttum sem lúta að sakborningum og brotaþolum þá vísaði lögregla marktækt oftar málum til ríkissaksóknara þar sem sakborningar voru af erlendu þjóðerni en sá munur gæti að hluta skýrst af því að oftar voru minni tengsl á milli aðila í þeim málum og lögregla vísaði öllum málum til ríkissaksóknara þar sem aðilar voru ókunnugir. Aðrir þættir sem voru frábrugðnir í málum erlendra gerenda, og gætu haft áhrif að þessu leyti, voru til dæmis verknaðaraðferðir gerenda, mótspyrna brotaþola og aðdragandi að broti. Sakborningar af erlendu þjóðerni beittu aðeins oftar líkamlegri valdbeitingu heldur en íslenskir sakborningar. Brotaþolar streittust einnig aðeins oftar á móti í málum þar sem sakborningar voru erlendir og slíkum málum var oftar vísað til ríkissaksóknara. Í þeim málum þar sem enginn undanfari var að brotinu var hlutfallslega oftar um erlenda sakborninga að ræða en íslenska en slíkum málum var einnig oftar vísað til ríkissaksóknara.

Einnig var málum marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara þar sem brotaþoli skýrði frá því að hún hefði streist á móti sakborningi eða veitt sakborningi virka líkamlega mótspyrnu. Marktækur munur var jafnframt á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur hafði veitt brotaþola sýnilega áverka samkvæmt læknisvottorði eða ekki og þá hve mikla. Var málum þar sem brotaþoli hafði hlotið töluverða eða meiriháttar áverka mun oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem brotaþoli hafði hlotið minni áverka. Í sjálfu nauðgunarlagaákvæðinu eru verknaðaraðferðir í forgrunni um það hvenær nauðgun telst framin og er þar fyrst nefnt að nauðgun sé samræði eða önnur kynferðismök náð fram með því að beita ofbeldi. Þá var málum þar sem brotaþolar voru ekki með neina sýnilega áverka einnig mun oftar vísað til ríkissaksóknara en málum þar sem minniháttar áverkar voru fyrir hendi en þar virðist sem aldur kunni að hafa áhrif. Meðalaldur í málum sem vísað var áfram þar sem engir sjáanlegir áverkar voru á brotaþola var 17 ár en var 23 ár þar sem brotaþolar voru með minniháttar áverka og 27 ár þar sem þær voru með meiriháttar áverka. Af þessu virðist sem sönnunarstaða í málum yngri brotaþola, sér í lagi þar sem aldursmunur er mikill á milli aðila, teljist ekki endilega lakari þó sakborningur hafi ekki beitt miklu líkamlegu ofbeldi þegar hann braut gegn brotaþola. Einnig hafði aldursmunur aðila áhrif en meðalaldursmunur á milli aðila var átta ár í málum sem vísað var til ríkissaksóknara en þrjú ár í málum þar sem lögregla hætti rannsókn.

Rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir niðurfellingu mála var oftast margþættur, þ.e. nokkrar röksemdir voru reifaðar sem þóttu gefa ástæðu til að ætla að mál þætti ekki líklegt eða nægilegt til sakfellis fyrir dómi, sbr. 145. gr. sakamálalaga. Þau rök sem oftast voru nefnd voru að sakborningur hafi neitað sök og borið við samþykki brotaþola fyrir kynmökum, að engin vitni voru að brotinu, að ekki voru

nægjanleg sönnunargögn fyrir hendi sem studdu við framburð brotaþola og að framburði vitna bæri ekki saman um atvik. Fleiri þættir voru nokkuð oft nefndir til að mynda að um orð á móti orði væri að ræða, að ekki lægju fyrir gögn sem gætu upplýst um atvik máls og að brotaþoli myndi atvik óljóst, að ósannað væri að brotaþoli hefði ekki getað spornað við verknaðinum sökum ölvunar og óljóst hvenær eða hvernig brotaþolar hlutu áverka. Einnig var nefnt að ósannað væri að sakborningur hefði beitt þvingun til að ná fram vilja sínum og að ósannað væri að ásetningur sakbornings hafi staðið til að fremja brot.

Þegar kannað var hvort munur væri á milli mála eftir því hvort að ríkissaksóknari felldi þau niður eða ákærði í þeim var munurinn marktækur um nokkur einkenni málanna. Munur var á málalokum eftir því hvort málin bárust lögreglu til rannsóknar sama dag og brotið átti sér stað eða síðar. Marktækt oftar var ákært í málum sem tilkynnt voru lögreglu samdægurs en í þeim málum sem tilkynnt voru síðar. Einnig kom í ljós marktækur munur á afgreiðslu mála eftir því hvort sakborningur sagðist hafa haft sáðfall við verknaðinn eða ekki. Þeir þættir við rannsókn mála sem rannsóknarniðurstöður leiða í ljós að höfðu áhrif á hvort gefin var út ákæra eða mál fellt niður voru annarsvegar hve langur tími leið á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og teknar voru skýrslur af sakborningum og hinsvegar hvort sakborningar voru handteknir eða ekki. Meðalfjöldi daga sem leið á milli þess að mál barst lögreglu og tekin var skýrsla af sakborningi var átta dagar í málum þar sem ákæra var gefin út en 34 dagar í málum sem felld voru niður, og var munurinn marktækur. Það virðist því hafa áhrif á framgang mála hversu skjótt lögregla fær þau til rannsóknar eftir að þau eru framin. Ríkissaksóknari gaf marktækt oftar út ákæru í málum þar sem sakborningur var handtekinn en þeim málum var einnig marktækt oftar vísað til ríkissaksóknara af lögreglu. Þegar kannaður var tíminn á milli þess að mál var tilkynnt til lögreglu og handtöku má sjá að í langflestum þessara mála var sakborningur handtekinn samdægurs. Þá var marktækt oftar gefin út ákæra í málum þar sem brotaþoli hafði gengist undir réttarlæknisfræðilega skoðun og í málum þar sem brotaþoli hafði leitað til sálfræðings í kjölfar brotsins.

Hvað varðar þætti sem lúta að sakborningum og brotaþolum þá hafði aldur sakborninga og aldursmunur brotaþola og sakborninga áhrif. Meðalaldur sakborninga í málum sem felld voru niður var 26 ár en var aftur á móti 33 ár í þeim málum þar sem ákæra var gefin út og var munurinn marktækur. Einnig má geta þess að meðalaldursmunur á milli brotaþola og sakborninga var 11 ár í þeim málum sem leiddi til ákæru en 7 ár í málum sem felld voru niður, þó þessi munur hafi ekki verið marktækur. Einnig var marktækt oftar gefin út ákæra í málum þar sem sakborningur átti við geðræn eða félagsleg vandamál að stríða og/eða átti við áfengis eða vímuefnavanda að stríða en aldur þeirra virðist hafa samverkandi áhrif á þann þátt. Þegar kemur að einkennum mála er varða brotaþola leiða niðurstöður í ljós að mál þar sem brotaþoli var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hið kærða brot var

framið voru marktækt oftar felld niður, sem að einhverju leyti helst í hendur við að þegar brotaþolar, sakborningar og vitni eru undir áfengisáhrifum verða framburðir óskýrari.